ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 83

30. árgangur

16.11.2023

I **EES-STOFNANIR**

1. **Sameiginlega EES-nefndin**

2023/EES/83/01 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita viðskiptaskrám um fjármögnunarviðskipti með verðbréf 1

2023/EES/83/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskrám um fjármögnunar-viðskipti með verðbréf 22

2023/EES/83/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannprófun, samantekt, samanburð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf 30

2023/EES/83/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu og framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá 45

2023/EES/83/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/360 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2365 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrám 58

2023/EES/83/06 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdar-reglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga 69

2023/EES/83/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/364 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu og framlengingu skráningar viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 109

2023/EES/83/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/365 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti um viðurlög, ráðstafanir og rannsóknir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 112

2023/EES/83/09 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2360 frá 3. ágúst 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2018/389 að því er varðar 90 daga undanþáguna fyrir aðgang að reikningum 118

2023/EES/83/10 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/119 frá 9. nóvember 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu 122

2023/EES/83/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1322 frá 25. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 að því er varðar skrár yfir afurðir úr dýraríkinu aukaafurðir úr dýrum og samsettar afurðir sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum 140

2023/EES/83/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/952 frá 12. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu (einkvæmur kóði SF-007) 180

2023/EES/83/13 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2070 frá 18. ágúst 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til að bæta Kamerún og Víetnam á lista yfir áhættusöm þriðju lönd 182

2023/EES/83/14 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/647 frá 13. janúar 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi 186

2023/EES/83/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/384 frá 4. mars 2022 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar aðlögun á skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir til Sambandsins 193

2023/EES/83/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/907 frá 3. maí 2023 um leiðréttingu á frönsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 um leyfi fyrir ilmberkjuilmkjarnaolíu úr *Cananga odorata* (Lam) Hook f. & Thomson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 213

2023/EES/83/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/255 frá 6. febrúar 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir naringíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 870/2012 215

2023/EES/83/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/256 frá 6. febrúar 2023 um leyfi fyrir blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 sem fóðuraukefni fyrir hunda og blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 sem fóðuraukefni fyrir ketti (leyfishafi er NBF Lanes s.r.l.) 219

2023/EES/83/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/257 frá 6. febrúar 2023 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 um leyfi fyrir ilmberkjuilm-kjarnaolíu úr *Cananga odorata* (Lam) Hook f. & Thomson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 223

2023/EES/83/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/263 frá 7. febrúar 2023 um leyfi fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga 225

2023/EES/83/21 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið 231

2023/EES/83/22 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1644 frá 7. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar kröfur um framkvæmd opinbers eftirlits varðandi notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim 261

2023/EES/83/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/127 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekínósýl í eða á tilteknum afurðum 276

2023/EES/83/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/128 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benalaxýl, brómoxýníl, klórsúlfúrón, epoxíkónasól og fenamífos í eða á tilteknum afurðum 290

2023/EES/83/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/129 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, prósúlfókarb, sedaxan og valífenalat í eða á tilteknum afurðum 324

2023/EES/83/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/147 frá 20. janúar 2023 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín, tópramesón og tríflúmísól í eða á tilteknum afurðum 345

2023/EES/83/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/163 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir DDT og oxaþíapíprólín í eða á tilteknum afurðum 370

2023/EES/83/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/173 frá 26. janúar 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1-metýl-3-(tríflúórómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM), sýkloxýdím, sýflúmetófen, sýflútrín, metóbrómúrón og penþíópýrað í eða á tilteknum afurðum 387

2023/EES/83/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2049 frá 24. október 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið 422

2023/EES/83/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2468 frá 15. desember 2022 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á eftirlitsaðilanum „IMOCERT Latinoamérica Ltda“ að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið 428

2023/EES/83/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/186 frá 27. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið 430

2023/EES/83/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1101 frá 6. júní 2023 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna 433

2023/EES/83/33 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1520 frá 17. júní 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum, með tilliti til verðbólgu, sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf 436

2023/EES/83/34 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2400 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 um þrávirk, lífræn mengunarefni 439

2023/EES/83/35 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1437 frá 4. maí 2023 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvar-ennslismæla við tiltekin skilyrði, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 447

2023/EES/83/36 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1434 frá 25. apríl 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, að því er varðar að bæta athugasemdum við lið 1.1.3 í 1. hluta VI. viðauka, í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum 450

2023/EES/83/37 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1435 frá 2. maí 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna að því er varðar að breyta færslum í 3. hluta VI. viðauka um 2-etýlhexansýru og sölt hennar, bórsýru, díbórtríoxíð, tetrabórdínatríum-heptaoxíðhýdrat, dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, ortóbórsýru, natríumsalt, dínatríum-tetrabóratdekahýdrat og dínatríumtetrabóratpentahýdrat 453

2023/EES/83/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/114 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekóprópP, mepíkvat, metíram, metsúlfúrón-metýl, fosfan og pýraklóstróbín 457

2023/EES/83/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/115 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið dímoxýstróbín 461

2023/EES/83/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/116 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið oxamýl 463

2023/EES/83/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/149 frá 20. janúar 2023 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu benflúralíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 465

2023/EES/83/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/223 frá 27. janúar 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 468

2023/EES/83/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/199 frá 30. janúar 2023 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AT10, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 474

2023/EES/83/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/200 frá 30. janúar 2023 um að samþykkja ekki sítrónuilmkjarnaolíu (ilmkjarnaolíu úr *Citrus limon*) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað 478

2023/EES/83/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/216 frá 1. febrúar 2023 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AGR2, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 481

2023/EES/83/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1490 frá 19. júlí 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á tilteknum efnum, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, í snyrtivörur 485

2023/EES/83/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/452 frá 24. febrúar 2023 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Grappa della Valle d'Aosta/ Grappa de la Vallée d'Aoste“) 489

2023/EES/83/48 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/607 frá 15. mars 2023 um breytingu á reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 að því er varðar umbreytingarákvæði um tiltekin lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi 491

2023/EES/83/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/3 frá 3. janúar 2023 um leiðréttingu á þýsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) 2019/1781 um kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum og snúningshraðastýringum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án ásþéttis og hringrásardælum án ásþéttis sem eru felldar inn í vörur 497

2023/EES/83/50 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/865 frá 23. febrúar 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 að því er varðar starfsréttindaskírteini og staðfestingar á faglegri menntun og hæfi í tilteknum aðildarríkjum 499

2023/EES/83/51 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 569/2008 frá 12. júní 2008 um breytingu á reglugerð nr. 11 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og -skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu 503

2023/EES/83/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/566 frá 10. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd 504

2023/EES/83/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1111 frá 6. júní 2023 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins 510

2023/EES/83/54 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/822 frá 17. apríl 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 461/2010 að því er varðar gildistíma hennar 524

2023/EES/83/55 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/838 frá 23. mars 2023 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 að því er varðar uppfærslu á skránni yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 526

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/356 **2023/EES/83/01**

frá 13. desember 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita viðskiptaskrám um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 9. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að auka skilvirkni og virkja líkindi með skýrslugjöf um afleiður og skýrslugjöf um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (SFT) ætti að laga skylduna um skýrslugjöf um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskrár, skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, að skyldunni um skýrslugjöf um afleiðuviðskipti til afleiðuviðskiptaskráa skv. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]). Skýrslugjafarskylda sem tilgreinir upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf ætti því að vera lík skýrslugjafarskyldunni sem tilgreinir upplýsingar um afleiðusamninga.

2) Til að tryggja skilvirkni og gagnsemi veittra upplýsinga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf ætti að laga hinar sérstöku upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, sem tilgreina skal, að mismunandi gerðum fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem tilgreindar eru í reglugerð (ESB) 2015/2365. Að því er varðar skýrslugjöf um verðbréfaveðlán er tilgangurinn með reglugerð (ESB) 2015/2365 að ná yfir viðskipti með sama tilgang og endurhverf viðskipti, kaup- og endursöluviðskipti eða verðbréfalánveitingar, og þýða því svipaða áhættu fyrir fjármálastöðugleika með því að leyfa aukna skuldsetningu, sveiflumögnun og samtengingu fjármálamarkaða, eða með því að leggja af mörkum hvað varðar breytingu á seljanleika eða binditíma. Veitingar verðbréfaveðlána taka því til viðskipta sem falla undir samkomulag um tryggingarfé milli fjármálastofnana og viðskiptavina þeirra, þar sem fjármálastofnanir veita viðskipavinum sínum þjónustu verðbréfamiðlara, en tekur ekki til annarra lána á borð við lán vegna endurskipulagningar fyrirtækja sem, þrátt fyrir að þau kunni að taka til verðbréfa, stuðla ekki að kerfisáhættunni sem reglugerð (ESB) 2015/2365 tekur á.

3) Miklu skiptir að skýrslugjöf um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, sem miðlægur mótaðili stöðustofnar, sé rétt og auðgreinanleg, hvort sem þau fjármögnunarviðskipti með verðbréf voru stöðustofnuð sama dag eða seinna en daginn sem fjármögnunarviðskipti með verðbréf voru gerð.

4) Til að tryggja ítarlega skýrslugjöf ef tilteknar upplýsingar um tryggingar eru ekki þekktar daginn þegar viðskiptin eiga sér stað, ættu mótaðilar að uppfæra upplýsingar um tryggingarnar um leið og mótaðilarnir fá þær upplýsingar, og ekki síðar en næsta virka dag eftir gildisdag þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12. 2015, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

5) Til að koma fleiri gagnlegum upplýsingum á framfæri við þau stjórnvöld sem meta upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í viðskiptaskrá, ættu mótaðilar að gefa skýrslu til viðskiptaskránna um alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN) um allar veðtryggingarkörfur sem þau nota til að veita fjármögnunarviðskiptum með verðbréf tryggingu, ef sú karfa hefur alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa.

6) Ef mótaðilar veita veðtryggingu á grunni hreinnar áhættuskuldbindingar, sem stafar af samjöfnun nokkurra fjármögnunarviðskipta með verðbréf milli tveggja mótaðila, er sérstök skipting veðtryggingar hvað varðar einstök fjármögnunarviðskipti með verðbréf oft ekki möguleg og því er ekki víst að skipting veðtryggingarinnar sé þekkt. Í slíkum tilvikum ættu mótaðilar að geta gefið skýrslu um veðtryggingu, óháð hinu undirliggjandi láni.

7) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem skulu koma fram í skýrslunni

1. Skýrsla sem gerð er skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal innihalda tæmandi og réttar upplýsingar sem settar eru fram í töflum 1, 2, 3 og 4 í viðaukanum sem varða viðkomandi fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

2. Þegar mótaðili gefur skýrslu um gerð fjármögnunarviðskipta með verðbréf skal hann tilgreina í skýrslunni aðgerðartegundina „nýtt“ í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð. Í öllum viðbótarskýrslum um upplýsingar um þau fjármögnunarviðskipti með verðbréf skal tiltaka, í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð, viðkomandi tegund aðgerðar sem tengist þessum fjármögnunarviðskiptum með verðbréf.

2. gr.

Fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem miðlægir mótaðilar stöðustofna

1. Ef þegar hafa verið tilkynntar upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf skv. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365 og þau síðan stöðustofnuð af miðlægum mótaðila skal, þegar stöðustofnunin hefur verið gerð, tilkynna þann samning sem svo að honum hafi verið sagt upp með því að tilgreina í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum aðgerðartegundina „uppsögn/snemmbær uppsögn“, og skal tilkynna um hin nýju fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem leiða af stöðustofnuninni.

2. Fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem gengið er frá á viðskiptavettvangi, og sem miðlægur mótaðili hefur stöðustofnað sama dag, skulu aðeins tilkynnt eftir að þau fjármögnunarviðskipti með verðbréf hafa verið stöðustofnuð.

3. Mótaðili skal, hvað varðar tryggingarfé sem lagt er fram eða móttekið fyrir stöðustofnuð fjármögnunarviðskipti með verðbréf, tilkynna upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu 3 í viðauka við þessa reglugerð, og tilgreina viðkomandi tegund aðgerðar sem mælt er fyrir um í reit 20 í þeirri töflu í viðaukanum.

3. gr.

Skýrslugjöf um veðtryggingar

1. Mótaðilar verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða verðbréfa- eða hrávörulántaka sem samþykkja að engar veðtryggingar verði veittar, skulu tilgreina það í reit 72 í töflu 2 í viðaukanum.

2. Þegar veðtrygging fjármögnunarviðskipta með verðbréf er tengd einstöku láni og mótaðila er kunnugt um upplýsingar um veðtrygginguna á eindaga gagnaskila, skal mótaðilinn tilgreina tæmandi og réttar upplýsingar um alla einstaka þætti veðtryggingar þessara fjármögnunarviðskipta með verðbréf í reiti 75–94 í töflu 2 í viðaukanum þegar skýrsla er fyrst gefin um þessi fjármögnunarviðskipti með verðbréf með aðgerðartegundinni „nýtt“ í reit 98 í töflu 2 í þessum viðauka.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. Þegar veðtrygging fjármögnunarviðskipta með verðbréf er tengd einstöku láni en mótaðila er ekki kunnugt um upplýsingar um veðtrygginguna á eindaga gagnaskila skal mótaðilinn tilgreina, og nota til þess aðgerðartegundina „uppfærsla veðtryggingar“ í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum, tæmandi og réttar upplýsingar um alla einstaka þætti veðtryggingar þessara fjármögnunarviðskipta með verðbréf í reitum 75–94 í töflu 2 í viðaukanum strax og þær liggja fyrir og eigi síðar en næsta virka dag eftir gildisdaginn sem tilgreindur er í reit 13 í töflu 2 í viðaukanum.

4. Mótaðili sem veðtryggir ein eða fleiri fjármögnunarviðskipti með verðbréf með körfu veðtrygginga sem er auðkennd með alþjóðlegu auðkennisnúmeri verðbréfa (ISIN-númeri), skal tilgreina ISIN-númerið í reit 96 í töflu 2 í viðaukanum við skýrslugjöf og nota aðgerðartegundina „nýtt“ í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum.

5. Mótaðili sem veðtryggir ein eða fleiri fjármögnunarviðskipti með verðbréf með körfu veðtrygginga sem er auðkennd með alþjóðlegu auðkennisnúmeri verðbréfa (ISIN-númeri) skal tilgreina kóðann „NTAV“ í reit 96 í töflu 2 í viðaukanum við skýrslugjöf um þau fjármögnunarviðskipti með verðbréf með aðgerðartegundinni „nýtt“ í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum.

6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. skal mótaðilinn einnig tilgreina, og nota til þess aðgerðartegundina „uppfærsla veðs“ í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum, tæmandi og réttar upplýsingar um alla einstaka þætti veðtryggingar þessara fjármögnunarviðskipta með verðbréf í reitum 75–94 í töflu 2 í viðaukanum, um leið og þessar upplýsingar liggja fyrir og ekki síðar en næsta virka dag eftir gildisdaginn sem tilgreindur er í reit 13 í töflu 2 í viðaukanum.

7. Mótaðili sem veðtryggir nokkur fjármögnunarviðskipti með verðbréf á hreinum áhættugrunni skal tilgreina gildið „rétt“ í reit 73 í töflu 2 í viðaukanum. Sá mótaðili skal tilgreina, og nota til þess aðgerðartegundina „uppfærsla veðtryggingar“ í reit 98 í töflu 2 í viðaukanum, tæmandi og réttar upplýsingar um alla einstaka þætti veðtryggingar þessara fjármögnunarviðskipta með verðbréf í reitum 75–94 í töflu 2 í viðaukanum, um leið og þessar upplýsingar liggja fyrir og ekki síðar en næsta virka dag eftir gildisdaginn sem tilgreindur er í reit 13 í töflu 2 í viðaukanum.

4. gr.

Skýrslugjöf um endurnotkun veðtrygginga

1. Mótaðili sem tekur við einum eða nokkrum fjármálagerningum sem veðtryggingu í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf skal tilgreina tæmandi og réttar upplýsingar um hverskonar endurnotkun hvers af þessum fjármálagerningum í reitum 7, 8 og 9 í töflu 4 í viðaukanum

2. Mótaðili sem tekur við reiðufé sem veðtryggingu í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf skal tilgreina tæmandi og réttar upplýsingar um alla endurfjárfestingu veðtrygginga í formi reiðufjár fyrir hvern gjaldmiðil í reit 11, 12 og 13 í töflu 4 í viðaukanum.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Tafla 1

Upplýsingar um mótaðila

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
1	Tímastimpill skýrslugjafar	Dagsetning og tími afhendingar skýrslunnar til viðskiptaskrár.	Y	Y	Y	Y
2	Aðili sem leggur fram skýrslu	Einkvæmur kóði sem auðkennir aðilann sem leggur fram skýrsluna. Ef framlagning skýrslunnar hefur verið falin þriðja aðila eða hinum mótaðilanum, einkvæmur kóði sem auðkennir þann aðila.	Y	Y	Y	Y
3	Skýrslugefandi mótaðili	Einkvæmur kóði sem auðkennir hinn skýrslugefandi mótaðila.	Y	Y	Y	Y
4	Gerð skýrslugefandi mótaðila	Tilgreining um hvort skýrslugefandi mótaðili sé fjárhagslegur eða ófjárhagslegur mótaðili.	Y	Y	Y	Y
5	Geiri skýrslugefandi mótaðila	Einn eða fleiri kóðar sem flokka gerð atvinnu-starfsemi skýrslugefandi mótaðila. Sé skýrslugefandi mótaðilinn fjárhagslegur mótaðili, allir viðeigandi kóðar sem er að finna í upplýs-ingunum um flokkun fjárhagslegra mótaðila (e. *Taxonomy for Financial Counterparties*) og gilda um þann mótaðila. Sé skýrslugefandi mótaðilinn ófjárhagslegur mótaðili, allir viðeigandi kóðar sem er að finna í upplýsingunum um flokkun ófjárhagslegra mótaðila (e. *Taxonomy for Non-Financial Counterparties*) og gilda um þann mótaðila. Sé tilkynnt um fleiri en eina starfsemi skal tilgreina kóðana í röð hlutfallslegs mikilvægis viðkomandi starfsemi.	Y	Y	Y	Y
6	Viðbótarflokkun geira	Ef skýrslugefandi mótaðili er verðbréfasjóður (UCITS) eða sérhæfður sjóður (AIF), kóði sem ákvarðar hvort um sé að ræða kauphallarsjóð (ETF) eða peningamarkaðssjóð (MMF). Ef skýrslugefandi mótaðili er sérhæfður sjóður eða ófjárhagslegur mótaðili sem stundar fjárhagslega starfsemi og vátryggingastarfsemi eða fasteigna-viðskipti, kóði sem ákvarðar hvort um sé að ræða fjárfestingarfélag um fasteignir (REIT).	Y	Y	Y	Y
7	Útibú skýrslugefandi mótaðila	Ef skýrslugefandi mótaðili gengur frá fjármögnunar-viðskiptum með verðbréf gegnum útibú, kóðinn sem auðkennir útibúið.	Y	Y	Y	Y
8	Útibú hins mótaðilans	Ef hinn mótaðilinn gengur frá fjármögnunar-viðskiptum með verðbréf gegnum útibú, kóðinn sem auðkennir útibúið.	Y	Y	Y	Y

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
9	Staða mótaðila	Tilgreining um hvort skýrslugefandi mótaðili sé veðtryggingarveitandi eða veðtryggingarhafi í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 ([1])	Y	Y	Y	Y
10	Aðili sem ber ábyrgð á skýrslunni	Ef fjárhagslegur mótaðili ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd hins mótaðilans í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2365/2015 ([2]), einkvæmur kóði sem auðkennir þann fjárhagslega mótaðila. Ef rekstrarfélag ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd verðbréfasjóðs í samræmi við 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, einkvæmi kóðinn sem auðkennir það rekstrarfélag. Ef rekstraraðili sérhæfðra sjóða (AIFM) ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd sérhæfðs sjóðs í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015, einkvæmi kóðinn sem auðkennir þann rekstraraðila sérhæfðra sjóða.	Y	Y	Y	Y
11	Annar mótaðili	Einkvæmur kóði sem auðkennir aðilann sem skýrslugefandi mótaðili gekk frá fjármögnunar-viðskiptum með verðbréf við. Sé um einstakling að ræða skal kóði viðskiptavinar tilgreindur með samræmdum hætti.	Y	Y	Y	Y
12	Land hins mótaðilans	Kóði landsins þar sem skráð skrifstofa hins mótaðilans er staðsett eða kóði búsetulands hans, sé hinn mótaðilinn einstaklingur.	Y	Y	Y	Y
13	Rétthafi	Sé rétthafi samningsins ekki mótaðili þessa samnings verður skýrslugefandi mótaðilinn að auðkenna þennan rétthafa með því að tilgreina einkvæman kóða eða, ef um einstakling er að ræða, með því að tilgreina kóða viðskiptavinar sem notaður er með samræmdum hætti og lögaðilinn, sem þessi einstaklingur notar, hefur úthlutað.	Y	Y	Y	N
14	Þríhliða umboðsaðili	Einkvæmur kóði sem tilgreinir þriðja aðilann sem skýrslugefandi mótaðili hefur útvistað til vinnslu fjármögnunarviðskipta með verðbréf eftir viðskipti (ef við á).	Y	Y	Y	N
15	Miðlari	Einkvæmur kóði aðila sem kemur fram sem milliliður fyrir skýrslugefandi mótaðila, án þess að verða sjálfur mótaðili fjármögnunarviðskipta með verðbréf. Hvað varðar verðbréfalánveitingar tekur miðlari ekki til umboðsaðila lánveitenda.	Y	Y	Y	N

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
16	Stöðustofnunaraðili	Ef viðskiptin eru stöðustofnuð, einkvæmur kóði sem tilgreinir ábyrgan stöðustofnunaraðila skýrslugefandi mótaðilans.	Y	Y	Y	N
17	Þátttakandi eða óbeinn þátttakandi í verðbréfamiðstöð (CSD)	Einkvæmur kóði þátttakanda eða óbeins þátttakanda skýrslugefandi mótaðila í verðbréfamiðstöð. Ef bæði þátttakandi og óbeinn þátttakandi í verðbréfamiðstöð taka þátt í viðskiptunum, þá kóði hins óbeina þátttakanda. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	Y	Y	Y	N
18	Umboðsaðili lánveitanda	Einkvæmur kóði umboðsaðila lánveitanda sem á aðild að verðbréfalánveitingu.	Y	N	Y	N

Tafla 2

Lána- og veðtryggingargögn

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
1	Einkvæmt viðskiptaauðkenni (UTI)	Einkvæm tilvísun sem úthlutuð er fjármögnunar-viðskiptum með verðbréf til að auðkenna viðskiptin.	Y	Y	Y	Y
2	Rakningarnúmer skýrslna	Ef um er að ræða viðskipti sem koma til vegna stöðustofnunar skal tilgreina fyrri einkvæma viðskiptaauðkennið, þ.e. einkvæmt viðskipta-auðkenni upprunalegu tvíhliða viðskiptanna. Þó er ekki farið fram á mótaðilar sem eru miðlægir mótaðilar og hafa stöðustofnað fjármögnunar-viðskiptin með verðbréf tilkynni fyrri einkvæm viðskiptaauðkenni. Ef fjármögnunarviðskipti með verðbréf hafa verið framkvæmd á viðskiptavettvangi og stöðustofnuð sama dag, númer búið til hjá viðskiptavettvangnum sem er einkvæmt fyrir þá framkvæmd.	Y	Y	Y	N
3	Dagsetning atburðarins	Dagsetningin þegar tilkynningarskyldi atburðurinn, sem tengist fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og skýrslan gerir skil, átti sér stað. Ef um er að ræða aðgerðartegundirnar „uppfærsla mats“, „uppfærsla veðtryggingar“, „uppfærsla endurnotkunar“, „uppfærsla tryggingarfjár“, dagsetningin þegar upplýsingarnar í skýrslunni voru veittar.	Y	Y	Y	Y
4	Tegund fjármögnunar-viðskipta með verðbréf	Tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf eins og hún er skilgreind í 7.–10. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015.	Y	Y	Y	Y
5	Stöðustofnað	Tilgreining á hvort miðlæg stöðustofnun hafi farið fram.	Y	Y	Y	N
6	Tímastimpill stöðustofnunar	Tími og dagsetning þegar stöðustofnun fór fram.	Y	Y	Y	N
7	Miðlægur mótaðili	Ef samningur hefur verið stöðustofnaður, einkvæmi kóðinn fyrir miðlæga mótaðilann sem hefur stöðustofnað samninginn.	Y	Y	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
8	Viðskiptavettvangur	Einkvæmur kóði sem auðkennir viðskiptastað fjármögnunarviðskipta með verðbréf. Ef gengið var frá fjármögnunarviðskiptum með verðbréf utan verðbréfamarkaðar og þau tekin til viðskipta, þá markaðsauðkenniskóðinn „XOFF“. Ef gengið var frá fjármögnunarviðskiptum með verðbréf utan viðskiptavettvangs og þau ekki tekin til viðskipta, þá markaðsauðkenniskóðinn „XXXX“.	Y	Y	Y	N
9	Tegund rammasamnings	Tilvísun til þeirrar tegundar rammasamnings sem mótaðilar notuðu til að ganga frá fjármögnunar-viðskiptum með verðbréf.	Y	Y	Y	N
10	Aðrar tegundir rammasamnings	Heiti rammasamningsins. Aðeins skal merkt í þennan reit ef „OTHR“ stendur í reit 9.	Y	Y	Y	N
11	Útgáfa rammasamnings	Tilvísun í útgáfuár rammasamningsins sem gildir um hin tilkynntu viðskipti, ef við á.	Y	Y	Y	N
12	Tímastimpill framkvæmdar	Dagsetning og tími þegar fjármögnunarviðskipti með verðbréf voru framkvæmd.	Y	Y	Y	Y
13	Gildisdagur (upphafsdagur)	Dagsetning sem er samningsbundin milli aðila fyrir skipti á reiðufé, verðbréfum eða hrávörum, gegn veðtryggingu fyrir fyrsta legg (stundarviðskiptalegg (e. *spot leg)*) fjármögnunarviðskipta með verðbréf.	Y	Y	Y	N
14	Gjalddagi (lokadagur)	Dagsetning sem er samningsbundin milli aðila fyrir skipti á reiðufé, verðbréfum eða hrávörum, gegn veðtryggingu fyrir lokalegg (framvirkum legg) fjármögnunarviðskipta með verðbréf. Þessar upplýsingar skulu ekki gefnar fyrir endurhverf verðbréfakaup með opinn samningstíma.	Y	Y	Y	N
15	Uppsagnardagur	Uppsagnardagur ef fjármögnunarviðskiptum með verðbréf er sagt upp, snemma og að fullu.	Y	Y	Y	Y
16	Lágmarksuppsagnarfrestur	Lágmarksfjöldi virkra daga sem annar mótaðilinn hefur til að upplýsa hinn mótaðilann um uppsögn viðskiptanna.	Y	N	N	N
17	Fyrsta mögulega dagsetning afturköllunar	Fyrsta mögulega dagsetningin þegar lánveitandi reiðufjár á rétt á að afturkalla hluta fjármagnsins eða segja upp viðskiptunum.	Y	N	N	N
18	Vísir um almenna veðtryggingu	Vísbending um hvort fjármögnunarviðskipti með verðbréf séu með fyrirvara um almennt veðsetn-ingarfyrirkomulag. Ef um er að ræða verðbréfalán-veitingu vísar reiturinn til verðbréfa sem veitt eru sem veðtrygging, ekki verðbréfa sem hafa verið veitt að láni.	Y	Y	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
		Kóðinn „GENE“ skal tiltekinn fyrir fjármögnunar-viðskipti með verðbréf sem eru með fyrirvara um almennt fyrirkomulag veðtryggingar. Almennt fyrirkomulag veðtryggingar tilgreinir fyrirkomulag veðtryggingar fyrir viðskipti þar sem veðtrygg-ingargjafi getur kosið að verðbréfið verði lagt fram sem veðtrygging meðal tiltölulega víðs sviðs verðbréfa sem uppfylla fyrirframskilgreind viðmið. Kóðinn „SPEC“ skal tiltekinn fyrir fjármögnunar-viðskipti með verðbréf sem falla undir sérstakt fyrirkomulag veðtryggingar. Sérstakt fyrirkomulag veðtryggingar tilgreinir fyrirkomulag veðtryggingar fyrir viðskipti þar sem veðtryggingarhafi fer fram á að veðtryggingarveitandi leggi til sérstakt ISIN-númer.				
19	DBV-mælikvarði (e. *Delivery By Value*)	Tilgreining á því hvort viðskiptin hafi verið til lykta leidd með DBV-tilhöguninni.	Y	N	Y	N
20	Aðferð til að veita veðtryggingu	Tilgreining á hvort veðtrygging fjármögnunar-viðskipta með verðbréf falli undir fyrirkomulag framsals eignarréttar yfir veðtryggingu, veðsetningu á fjárhagslegri veðtryggingu eða veðsetningu á fjárhagslegri veðtryggingu með afnotarétti. Ef fleiri en ein aðferð var notuð til að veita veðtryggingu skal tiltaka ráðandi fyrirkomulag veðtryggingar í þessum reit.	Y	N	Y	Y
21	Opinn samningstími	Tilgreining á hvort fjármögnunarviðskipti með verðbréf eru með opinn samningstíma (engan fastan gjalddaga) eða fastan samningstíma með umsamdan gjalddaga. Kóðinn „Rétt“ skal tilgreindur fyrir fjármögnunar-viðskipti með verðbréf með opinn samningstíma og kóðinn „Rangt“ fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf með fastan samningstíma.	Y	N	Y	N
22	Möguleiki á uppsögn	Tilgreining á hvort fjármögnunarviðskiptin með verðbréf eru án takmarkana eða framlengjanleg.	Y	N	Y	N

Ef um verðbréfaveðlán er að ræða skulu reitir 23 og 24 endurteknir og fylltir út fyrir hvern gjaldmiðil sem notaður er í verðbréfaveðláninu.

23	Fastir vextir	Ef um endurhverf verðbréfakaup er að ræða, hið árlega vaxtastig höfuðstóls endurhverfu viðskiptanna í samræmi við útreikning eftir dögum. Ef um veitingu verðbréfaveðláns er að ræða, hið árlega vaxtastig lánsupphæðarinnar sem lántakinn greiðir lánveitandanum.	Y	N	N	Y

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
24	Daglegir samningsvextir	Aðferð til að reikna út áfallna vexti á höfuðstólinn við tiltekið vaxtastig.	Y	N	N	Y
25	Breytilegir vextir	Tilgreining viðmiðunarvaxta sem eru notaðir og endurákvarðaðir með fyrirfram ákveðnum millibilum á grundvelli viðmiðunarvaxta á markaði, ef við á.	Y	N	N	Y
26	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu fyrir breytilegu vextina.	Y	N	N	Y
27	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta – margfaldari	Margfaldari fyrir tímabilið sem lýsir viðmiðunar-tímabilinu fyrir breytilega vexti sem tilgreint er í reit 26.	Y	N	N	Y
28	Tíðni greiðslna breytilegra vaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna sem falla undir breytilega vexti.	Y	N	N	Y
29	Tíðni greiðslna breytilegra vaxta – margfaldari	Margfaldari fyrir tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna fyrir breytilega vexti sem tilgreint er í reit 28.	Y	N	N	Y
30	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni endurákvörðunar breytilegu vaxtanna.	Y	N	N	Y
31	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta – margfaldari	Margfaldari fyrir tímabilið sem lýsir tíðni fyrir endurákvörðun breytilegra vaxta sem tilgreint er í reit 30.	Y	N	N	Y
32	Verðbil	Fjöldi grunnpunkta sem bæta á við eða draga frá breytilegu vöxtunum til að ákvarða vexti lánsins.	Y	N	N	Y
33	Gjaldmiðilsfjárhæð verðbréfaveðláns	Fjárhæð verðbréfaveðláns í tilteknum gjaldmiðli.	N	N	N	Y
34	Gjaldmiðill verðbréfaveðláns	Gjaldmiðill verðbréfaveðláns.	N	N	N	Y

Reitir 35 og 36 skulu endurteknir og fylltir út fyrir hverja leiðréttingu breytilegra vaxta.

35	Leiðréttir vextir	Vextir eins og þeir eru ákvarðaðir í vaxtaskrá.	Y	N	N	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
36	Vaxtadagur	Frá hvaða degi vextirnir taka gildi.	Y	N	N	N
37	Höfuðstóll á gildisdegi	Peningalegt verðmæti sem greiða skal á gildisdegi viðskiptanna.	Y	Y	N	N
38	Höfuðstóll á gjalddaga	Peningalegt verðmæti sem greiða skal á gjalddaga viðskiptanna.	Y	Y	N	N
39	Gjaldmiðill höfuðstóls	Gjaldmiðill höfuðstólsins.	Y	Y	N	N
40	Tegund eignar	Tilgreining á tegund eignar sem fjármögnunar-viðskipti með verðbréf taka til.	N	N	Y	N
41	Auðkenni verðbréfa	Auðkenning á verðbréfinu sem fjármögnunar-viðskipti með verðbréf taka til. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	N	N	Y	N
42	Flokkun verðbréfs	Kóði til flokkunar fjármálagerninga (CFI) fyrir verðbréfið sem fjármögnunarviðskipti með verðbréf varða. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur	N	N	Y	N
Ef hrávara hefur verið lánuð eða fengin að láni skal flokkun þeirrar hrávöru tilgreind í reitum 43, 44 og 45.						
43	Grunnvara	Grunnvara eins og hún er tilgreind í flokkun hrávara í töflu 5 í I. viðauka í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363.	N	N	Y	N
44	Undirvara	Undirvara eins og hún er tilgreind í flokkun hrávara í töflu 5 í I. viðauka í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363. Þessi reitur útheimtir að tiltekin grunnvara sé skráð í reit 43.	N	N	Y	N
45	Frekari undirvara	Frekari undirvara eins og hún er tilgreind í töflunni um flokkun hrávara. Þessi reitur útheimtir að tiltekin undirvara sé skráð í reit 44.	N	N	Y	N
46	Magn eða nafnverð	Magn eða nafnverð verðbréfa eða hrávara sem fjármögnunarviðskipti með verðbréf taka til. Ef um skuldabréf er að ræða, heildarnafnverðið sem er fjöldi skuldabréfa margfaldaður með nafnvirði þeirra. Ef um önnur verðbréf eða hrávörur er að ræða, magn þeirra.	N	N	Y	N
47	Mælieining	Mælieiningin sem magnið er gefið upp í. Reitur þessi gildir um hrávörur.	N	N	Y	N
48	Gjaldmiðill nafnverðs	Ef tilkynnt er um nafnverðið, þá gjaldmiðill nafnverðsins.	N	N	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
49	Verðbréfa- eða hrávöruverð	Ef um það er að ræða að verðbréf og hrávörur séu lánaðar eða fengnar að láni, þá verð verðbréfsins eða hrávörunnar sem notað er til að reikna út upphæð lánsins. Ef um er að ræða kaup- og endursöluviðskipti, þá verð verðbréfsins eða hrávörunnar sem notað er til að reikna út magn viðskiptanna fyrir stundar-viðskiptalegg kaup- og endursöluviðskiptanna.	N	Y	Y	N
50	Gjaldmiðill verðs	Sá gjaldmiðill sem verð verðbréfs eða hrávöru er tilgreint í.	N	N	Y	N
51	Gæði verðbréfsins	Kóði sem flokkar útlánaáhættu verðbréfsins.	N	N	Y	N
52	Líftími verðbréfsins	Líftími verðbréfsins. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	N	N	Y	N
53	Lögsaga útgefanda	Lögsaga útgefanda verðbréfsins. Ef um er að ræða verðbréf sem erlent dótturfélag hefur gefið út, þá lögsaga endanlegs móðurfélags eða, ef það er ekki þekkt, lögsaga dótturfélagsins. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	N	N	Y	N
54	Auðkenni lögaðila (LEI) útgefanda	Auðkenni lögaðila (LEI) útgefanda verðbréfsins. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	N	N	Y	N
55	Tegund verðbréfs	Kóði sem flokkar tegund verðbréfsins.	N	N	Y	N
56	Upphæð lánsins	Upphæð lánsins, þ.e. magn eða nafnverð lánsins margfaldað með verðinu í reit 49.	N	N	Y	N
57	Markaðsvirði	Markaðsvirði verðbréfanna eða hrávaranna sem lánaðar eru eða fengnar að láni.	N	N	Y	N
58	Fastur afsláttur	Fastir vextir (vextir sem lánveitandi samþykkir að greiða fyrir endurfjárfestingu veðtryggingar í formi reiðufjár að frádregnu lántökugjaldi) sem lánveitandi greiðir af verðbréfi eða hrávöru til lántaka (jákvæður afsláttur) eða sem lántaki greiðir lánveitanda (neikvæður afsláttur) til skuldajöfnunar á veitta veðtryggingu í formi reiðufjár.	N	N	Y	N
59	Breytilegir afsláttarvextir	Tilgreining stigs viðmiðunarvaxta sem beitt er til að reikna út afsláttarvexti (vexti sem lánveitandi samþykkir að greiða fyrir endurfjárfestingu veðtryggingar í formi reiðufjár að frádregnu lántökugjaldi) sem lánveitandi greiðir af verðbréfi eða hrávöru til lántaka (jákvæður afsláttur) eða sem lántaki greiðir lánveitanda (neikvæður afsláttur) til skuldajöfnunar á veitta veðtryggingu í formi reiðufjár.	N	N	Y	N
60	Viðmiðunartímabil breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu fyrir breytilegu afsláttarvextina.	N	N	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
61	Viðmiðunartímabil breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Margfaldari fyrir tímabilið sem lýsir viðmiðunar-tímabilinu fyrir breytilega afsláttarvexti sem tilgreint er í reit 60.	N	N	Y	N
62	Tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta.	N	N	Y	N
63	Tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Margfaldari fyrir tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta sem tilgreint er í reit 62.	N	N	Y	N
64	Tíðni endurákvörðunar breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni endurákvörðunar á breytilegu afsláttarvöxtunum.	N	N	Y	N
65	Tíðni endurákvörðunar breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Margfaldari fyrir tímabilið sem lýsir tíðni fyrir endurákvörðun breytilegra afsláttarvaxta sem tilgreindir eru í reit 64.	N	N	Y	N
66	Verðbil afsláttarvaxta	Verðbil fyrir breytilega afsláttarvexti, tilgreint í grunnpunktum.	N	N	Y	N
67	Lántökugjald	Gjald sem lántaki verðbréfs eða hrávöru greiðir lánveitandanum.	N	N	Y	N
68	Einkanytjafyrirkomulag	Ef um er að ræða verðbréfalántöku og -lánveitingu, þá tilgreining á því hvort lántakinn hafi einkaaðgang að lánum úr verðbréfasafni lánveitanda. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	N	N	Y	N
69	Útistandandi verðbréfaveðlán	Heildarfjárhæð verðbréfaveðlána í grunngjaldmiðli.	N	N	N	Y
70	Grunngjaldmiðill útistandandi verðbréfaveðláns	Grunngjaldmiðill útistandandi verðbréfaveðlána.	N	N	N	Y
71	Markaðsvirði skortstöðu	Markaðsvirði skortstöðu í grunngjaldmiðli.	N	N	N	Y

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
Veðtryggingargögn						
72	Flöggun óveðtryggðrar verðbréfalánveitingar (SL)	Tilgreining á því hvort viðskipti með verðbréfalán-veitingar eru óveðtryggð. Þennan reit skal ekki nota þegar mótaðilar eru sammála um að veðtryggja viðskiptin en sérstök úthlutun tryggingarinnar er enn ekki þekkt.	N	N	Y	N
73	Veðtrygging hreinnar áhættuskuldbindingar	Tilgreining á því hvort veðtrygging hafi verið veitt fyrir hreinni áhættuskuldbindingu en ekki einum viðskiptum.	Y	Y	Y	N
74	Gildisdagur veðtryggingarinnar	Ef viðskipti hafa verið veðtryggð á grunni hreinnar áhættuskuldbindingar, þá síðasti gildisdagur í jöfnunarsafni fjármögnunarviðskipta með verðbréf, að teknu tilliti til allra viðskipta sem veðtryggingin tók til.	Y	Y	Y	N
Þar sem sérstök veðtryggingu var notuð skal endurtaka reiti 75–94 og fylla hvern þeirra út fyrir hvern þátt tryggingarinnar, eftir atvikum.						
75	Tegund þáttar veðtryggingar	Tilgreining á tegund þáttar veðtryggingar.	Y	Y	Y	Y
Ef reiðufé var notað sem veðtrygging skal það tiltekið í reitum 76 og 77.						
76	Fjárhæð veðtryggingar í formi reiðufjár	Fjárhæð fjármuna sem veittir eru sem veðtrygging þegar verðbréf eða hrávörur eru fengnar að láni.	Y	Y	Y	N
77	Gjaldmiðill veðtrygginga í formi reiðufjár	Gjaldmiðill veðtryggingarinnar í formi reiðufjár.	Y	Y	Y	N
78	Auðkenning verðbréfs sem notað er sem veðtrygging	Auðkenning verðbréfsins sem notað er sem veðtrygging. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	Y	Y	Y	Y
79	Flokkun verðbréfs sem notað er sem veðtrygging	Kóði í flokkun fjármálagerninga (CFI) fyrir verðbréfið sem notað er sem veðtrygging. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	Y	Y	Y	Y
Ef hrávara var notuð sem veðtrygging skal flokkun þeirrar hrávöru tilgreind í reitum 80, 81 og 82.						
80	Grunnvara	Grunnvara eins og hún er tilgreind í flokkun hrávara í töflu 5 í I. viðauka í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363.	Y	Y	Y	N
81	Undirvara	Undirvara eins og hún er tilgreind í flokkun hrávara í töflu 5 í I. viðauka í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363. Þessi reitur útheimtir að tiltekin grunnvara sé skráð í reit 80.	Y	Y	Y	N
82	Frekari undirvara	Frekari undirvara eins og hún er tilgreind í flokkun hrávara í töflu 5 í I. viðauka í framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2019/363. Þessi reitur útheimtir að tiltekin undirvara sé skráð í reit 81.	Y	Y	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
83	Magn veðtryggingar eða nafnverð	Magn eða nafnverð verðbréfa eða hrávara sem eru notuð sem veðtrygging. Ef um skuldabréf er að ræða, heildarnafnverðið sem er fjöldi skuldabréfa margfaldaður með nafnvirði þeirra. Ef um önnur verðbréf eða hrávörur er að ræða, þá magn þeirra.	Y	Y	Y	Y
84	Mælieining veðtryggingar	Mælieiningin sem magn veðtryggingar er tiltekið í. Reitur þessi gildir um hrávörur.	Y	Y	Y	N
85	Gjaldmiðill nafnverðs veðtryggingar	Ef tilkynnt er um nafnverð veðtryggingarinnar, þá gjaldmiðill nafnverðsins.	Y	Y	Y	Y
86	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðill verðs þáttar veðtryggingarinnar.	Y	Y	Y	Y
87	Verð á einingu	Verð á einingu að því er varðar þátt veðtryggingar-innar, þ.m.t. áfallnir vextir á verðbréf sem bera vexti og notuð eru til að meta verðbréfið eða hrávöruna.	Y	Y	Y	Y
88	Markaðsvirði veðtryggingarinnar	Markaðsvirði einstaks þáttar veðtryggingarinnar, sett fram í gjaldmiðli verðsins.	Y	Y	Y	Y
89	Frádrag eða tryggingarfé	Fyrir endurhverf verðbréfakaup og kaup- og endursöluviðskipti skal tilgreina öll veðtrygginga-frádrög með tilvísun til áhættueftirlitsaðgerða sem beitt er á undirliggjandi veðtryggingu, á ISIN-stigi, en með því er virði hinnar undirliggjandi veðtrygg-ingar reiknað út sem markaðsvirði eignanna, lækkað með vissum hundraðshluta. Fyrir verðbréfalánveitingu skal tilgreina öll veð-tryggingafrádrög með tilvísun til áhættueftirlits-aðgerða sem beitt er á undirliggjandi veðtryggingu, á ISIN-stigi, en með því er virði hinnar undirliggjandi veðtryggingar reiknað út sem markaðsvirði eign-anna, lækkað með vissum hundraðshluta. Hvað varðar verðbréfaveðlán, sá hundraðshluti kröfu um tryggingafjárþekju sem beitt er á allt veðtrygg-ingasafnið á fagfjárfestareikningi viðskiptavinar. Raunverulegt virði skal tilgreint í þessum reit en ekki áætlað virði eða staðalgildi.	Y	Y	Y	Y
90	Gæði veðtryggingar	Kóði sem flokkar áhættu verðbréfsins sem notað er sem veðtrygging.	Y	Y	Y	Y
91	Lokagjalddagi verðbréfsins	Lokagjalddagi verðbréfsins sem notað er sem veðtrygging. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	Y	Y	Y	Y

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
92	Lögsaga útgefanda	Lögsaga útgefanda verðbréfsins sem notað er sem veðtrygging. Ef um er að ræða verðbréf sem erlent dótturfélag hefur gefið út, skal gefa upp lögsögu hins endanlega móðurfélags eða, ef það er óþekkt, lögsögu dótturfélagsins. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur	Y	Y	Y	Y
93	Auðkenni lögaðila (LEI) útgefanda	Auðkenni lögaðila (LEI) útgefanda verðbréfsins sem notað er sem veðtrygging. Reitur þessi gildir ekki um hrávörur.	Y	Y	Y	Y
94	Tegund veðtryggingar	Kóði sem flokkar tegund verðbréfsins sem notað er sem veðtrygging.				
95	Möguleiki á endurnotkun veðtryggingar	Tilgreining á hvort veðtryggingarhafi geti endurnotað verðbréfin sem veitt eru sem veðtrygging.	Y	Y	Y	Y

Tilgreina skal reit 96 ef veðtryggingakarfa hefur verið notuð. Ítarleg skipting veðtrygginga fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf, sem viðskipti eru með gegn safni veðtrygginga, skal tiltekin í reitum 75–94 þegar hún er tiltæk.

96	Auðkenni veðtryggingakörfu	Ef hægt er að auðkenna veðtryggingakörfu með ISIN-númeri er númerið gefið upp fyrir körfuna. Ef ekki er hægt að auðkenna veðtryggingakörfuna með ISIN-númeri er reiturinn fylltur út með kóðanum „NTAV“.	Y	Y	Y	N
97	Kóði eignasafns	Ef viðskiptin eru stöðustofnuð og eru hluti af verðbréfasafni sem skipti á tryggingarfé fara fram fyrir skal eignasafnið auðkennt með sérstökum kóða sem skýrslugefandi mótaðili ákveður. Ef verðbréfasafn inniheldur einnig afleiðusamninga, sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 skal kóði eignasafns vera hinn sami og sá sem tilkynntur er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.	Y	Y	Y	N
98	Tegund aðgerðar	Skýrslan skal innihalda eina af eftirfarandi aðgerðartegundum: a) fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem skýrsla er gefin um í fyrsta skipti skulu auðkennd sem „nýtt“ (New), b) breyting á fyrri skýrslu um fjármögnunar-viðskipti með verðbréf skal auðkennd sem „breyting“ (Modification). Þetta tekur til uppfærslu á fyrri skýrslu sem sýnir stöðu í því skyni að endurspegla ný viðskipti sem felast í þeirri stöðu, c) mat á verðbréfi eða hrávöru sem falla undir verðbréfa- eða hrávörulánveitingu skal auðkennt sem „uppfærsla mats“ (Valuation Update),	Y	Y	Y	Y

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
		d) breyting á upplýsingunum í veðtryggingar-gögnunum, þ.m.t. virðismat þeirra, skal auðkennt sem „uppfærsla veðtryggingar“ (Collateral Update), e) afturköllun á heilli skýrslu sem var ranglega lögð fram, þar sem fjármögnunarviðskipti með verðbréf fóru aldrei fram eða féllu ekki undir tilkynningarskyldu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf en var tilkynnt til viðskiptaskrár fyrir mistök, skal auðkennd sem „villa“ (Error), f) leiðrétting á gagnareitum sem voru ranglega lagðir fram í fyrri skýrslu skal auðkennd sem „leiðrétting“ (Correction), g) uppsögn fjármögnunarviðskipta með verðbréf með opinn samningstíma eða snemmbúin uppsögn fjármögnunarviðskipta með verðbréf með fastan samningstíma skal tilgreind sem „uppsögn/snemmbúin uppsögn“ (Termination/Early termination), h) fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem tilkynna skal um sem ný viðskipti og einnig greina frá í sérstakri stöðutilkynningu sam-dægurs skulu auðkennd sem „stöðuþáttur“ (Position Component).				
99	Stig	Tilgreining á því hvort skýrslan er gerð á viðskipta- eða stöðustigi. Einungis er hægt að nota skýrslugjöf á stöðustigi sem viðbæti við skýrslu á viðskiptastigi til að tilkynna atburði sem gerast að loknum viðskiptum og einungis ef staðan hefur komið í stað einstakra viðskipta með jafngengar afurðir.	Y	Y	Y	N

Tafla 3

Gögn um tryggingarfé

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
1	Tímastimpill skýrslugjafar	Dagsetning og tími afhendingar skýrslunnar til viðskiptaskrár.	Y	Y	Y	N
2	Dagsetning atburðar	Dagsetningin þegar hinn tilkynningarskyldi atburður, sem tengist fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og skýrslan gerir skil, átti sér stað. Ef um er að ræða aðgerðartegundirnar „uppfærsla mats“, „uppfærsla veðtryggingar“, „uppfærsla endurnotkunar“, „uppfærsla tryggingafjár“, er gefin upp dagsetningin þegar upplýsingarnar í skýrslunni voru veittar.	Y	Y	Y	N
3	Aðili sem leggur fram skýrslu	Einkvæmur kóði sem auðkennir aðilann sem leggur fram skýrsluna. Ef framlagning skýrslunnar var falin þriðja aðila eða hinum mótaðilanum, hinn einkvæmi kóði sem auðkennir þann aðila.	Y	Y	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
4	Skýrslugefandi mótaðili	Einkvæmur kóði sem auðkennir skýrslugefandi mótaðila.	Y	Y	Y	N
5	Aðili sem ber ábyrgð á skýrslunni	Ef fjárhagslegur mótaðili ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd hins mótaðilans í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015), einkvæmi kóðinn sem auðkennir þann fjárhagslega mótaðila. Ef rekstrarfélag ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd verðbréfasjóðs í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015, einkvæmi kóðinn sem auðkennir það rekstrarfélag. Ef rekstraraðili sérhæfðra sjóða (AIFM) ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd sérhæfðs sjóðs í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015, einkvæmi kóðinn sem auðkennir þann rekstraraðila sérhæfðra sjóða.	Y	Y	Y	Y
6	Annar mótaðili	Einkvæmur kóði sem auðkennir aðilann sem skýrslugefandi mótaðili gekk frá fjármögnunar-viðskiptunum með verðbréf við.	Y	Y	Y	N
7	Kóði eignasafns	Verðbréfasafn sem skipti á tryggingarfé fara fram fyrir skal auðkennt með sérstökum kóða sem skýrslugefandi mótaðili ákveður. Ef verðbréfasafnið inniheldur einnig afleiðu-samninga sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 skal kóði safnsins vera hinn sami og sá sem tilkynntur er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.	Y	Y	Y	N
8	Framlögð upphafstrygging	Virði upphafstryggingar sem skýrslugefandi mótaðilinn leggur fram gagnvart hinum mótaðilanum. Sé upphafstryggingin lögð fram á eignasafnsgrunni skal tilgreina í þessum reit heildarvirði upphafs-tryggingar sem lögð er fram fyrir eignasafnið.	Y	Y	Y	N
9	Gjaldmiðill framlagðrar upphafstryggingar	Gjaldmiðill framlagðrar upphafstryggingar.	Y	Y	Y	N
10	Framlögð viðbótartrygging	Virði viðbótartryggingar, þ.m.t. virðið sem gert er upp í reiðufé, sem skýrslugefandi mótaðili leggur fram fyrir hinn mótaðilann. Sé viðbótartryggingin lögð fram á eignasafnsgrunni skal tilgreina í þessum reit heildarvirði viðbótar-tryggingа sem lagðar eru fram fyrir eignasafnið.	Y	Y	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
11	Gjaldmiðill framlagðrar viðbótartryggingar	Gjaldmiðill framlagðrar viðbótartryggingar.	Y	Y	Y	N
12	Móttekin upphafstrygging	Virði upphafstryggingar sem skýrslugefandi mótaðili tekur við frá hinum mótaðilanum. Sé tekið við upphafstryggingunni á eignasafnsgrunni skal tilgreina í þessum reit heildarvirði upphafs-tryggginga sem tekið er við fyrir eignasafnið.	Y	Y	Y	N
13	Gjaldmiðill upphafstryggingar sem tekið er við	Gjaldmiðill upphafstryggingar sem tekið er við.	Y	Y	Y	N
14	Móttekin viðbótartrygging	Virði móttekinnar viðbótartryggingar, þ.m.t. virðið sem gert er upp í reiðufé, sem skýrslugefandi mótaðili leggur fram fyrir hinn mótaðilann. Sé tekið við viðbótartryggingunni á eigna-safnsgrunni skal tilgreina í þessum reit heildarvirði viðbótartrygginga sem tekið er við fyrir eignasafnið.	Y	Y	Y	N
15	Gjaldmiðill móttekinnar viðbótartryggingar	Gjaldmiðill móttekinnar viðbótartryggingar.	Y	Y	Y	N
16	Framlögð umframveðtrygging	Virði veðtryggingar sem lögð er fram umfram þá veðtryggingu sem krafist er.	Y	Y	Y	N
17	Gjaldmiðill umframveðtryggingar sem lögð er fram	Gjaldmiðill umframveðtryggingar sem lögð er fram.	Y	Y	Y	N
18	Móttekin umframveðtrygging	Virði veðtryggingar sem tekið er við umfram þá veðtryggingu sem krafist er.	Y	Y	Y	N
19	Gjaldmiðill umframveðtryggingar sem tekið er við	Gjaldmiðill umframveðtryggingar sem tekið er við.	Y	Y	Y	N
20	Tegund aðgerðar	Skýrslan skal innihalda eina af eftirfarandi tegundum aðgerðar: a) ný staða tryggingafjár skal auðkennd sem „nýtt“ (New), b) breyting á upplýsingunum um tryggingarfé skal auðkennd sem „uppfærsla viðbótar“ (Margin Update),	Y	Y	Y	N

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
		c) afturköllun heildarskýrslu sem var lögð fram fyrir mistök skal auðkennd með orðinu „villa“ (Error), d) leiðrétting á gagnareitum sem voru ranglega lagðir fram í fyrri skýrslu skal auðkennd sem „leiðrétting“ (Correction),				

Tafla 4

Gögn um endurnotkun, endurfjárfestingu reiðufjár og fjármögnunarleiðir

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
1	Tímastimpill skýrslugjafar	Dagsetning og tími afhendingar skýrslunnar til viðskiptaskrár.	Y	Y	Y	Y
2	Dagsetning atburðarins	Dagsetningin þegar tilkynningarskyldi atburðurinn, sem tengist fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og skýrslan gerir skil, átti sér stað. Ef um er að ræða aðgerðartegundirnar „uppfærsla mats“, „uppfærsla veðtryggingar“, „uppfærsla endurnotkunar“, „uppfærsla tryggingafjár“, er gefin upp dagsetningin þegar upplýsingarnar í skýrslunni voru veittar.	Y	Y	Y	Y
3	Aðili sem leggur fram skýrslu	Einkvæmur kóði sem auðkennir aðilann sem leggur fram skýrsluna. Ef framlagning skýrslunnar var falin þriðja aðila eða hinum mótaðilanum, hinn einkvæmi kóði sem auðkennir þann aðila.	Y	Y	Y	Y
4	Skýrslugefandi mótaðili	Einkvæmur kóði sem auðkennir skýrslugefandi mótaðilann.	Y	Y	Y	Y
5	Aðili sem ber ábyrgð á skýrslunni	Ef fjárhagslegur mótaðili ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd hins mótaðilans í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015), einkvæmi kóðinn sem auðkennir þann fjárhagslega mótaðila. Ef rekstrarfélag ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd verðbréfasjóðs í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015, einkvæmi kóðinn sem auðkennir það rekstrarfélag. Ef rekstraraðili sérhæfðra sjóða (AIFM) ber ábyrgð á skýrslugjöf fyrir hönd sérhæfðs sjóðs í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2365/2015, einkvæmi kóðinn sem auðkennir þann rekstraraðila sérhæfðra sjóða.	Y	Y	Y	Y
Endurtaka skal reit 6 og fylla út fyrir hvern veðtryggingarþátt.						
6	Tegund veðtryggingarþáttar	Tilgreining á tegund veðtryggingarþáttar.	Y	Y	Y	Y

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
Reitir 7, 8, 9 og 10 skulu endurteknir og fylltir út fyrir hvert verðbréf.						
7	Veðtryggingarþáttur	Auðkenning verðbréfsins sem notað er sem veðtrygging.	Y	Y	Y	Y
8	Verðmæti endurnýttrar veðtryggingar	Heildarverðmæti veðtryggingarinnar sem er endurnýtt þegar hægt er að reikna hana út á viðskiptaþrepi fjármögnunarviðskipta með verðbréf.	Y	Y	Y	Y
9	Áætluð endurnotkun veðtryggingar	Ef raunverulegt virði endurnýttrar veðtryggingar er ekki þekkt eða ekki útreiknanlegt, skal áætlað virði endurnotkunar á stigi stakra fjármálagerninga reiknað út eins og mælt er fyrir um í skýrslu ráð-gjafarnefndar um fjármálastöðugleika: „Trans-forming Shadow Banking into Resilient Market-based Finance, Non-Cash Collateral Re-Use: Measure and Metrics“ frá 25. janúar 2017.	Y	Y	Y	Y
10	Gjaldmiðill endurnýttrar veðtryggingar	Gjaldmiðill raunverulegs eða áætlaðs virðis endurnýttrar veðtryggingar.	Y	Y	Y	Y
11	Vextir endurfjárfestingar	Meðalvextir fengnir af endurfjárfestingu lánveitanda á veðtryggingu í formi peninga.	N	N	Y	N
Reitir 12, 13 og 14 skulu endurteknir og fylltir út fyrir hverja fjárfestingu þar sem veðtrygging í formi reiðufjár hefur verið endurfjárfest, og fyrir hvern gjaldmiðil.						
12	Tegund fjárfestingar með endurfjárfestu reiðufé	Tegund endurfjárfestingar.	N	N	Y	N
13	Fjárhæð endurfjárfestingar í reiðufé	Upphæð endurfjárfests reiðufjár í tilteknum gjaldmiðli.	N	N	Y	N
14	Gjaldmiðill endurfjárfestingar í reiðufé	Gjaldmiðill endurfjárfestingar í reiðufé.	N	N	Y	N
Ef um er að ræða verðbréfaveðlán skal mótaðilinn endurtaka og fylla út reiti 15, 16 og 17 fyrir hverja fjármögnunarleið og skal láta upplýsingarnar í té á einingastigi.						
15	Fjármögnunarleiðir	Fjármögnunarleiðir sem notaðar eru til að fjármagna verðbréfaveðlán.	N	N	N	Y
16	Markaðsvirði fjármögnunarleiðar	Markaðsvirði fjármögnunarleiðar sem um getur í reit 15.	N	N	N	Y
17	Gjaldmiðill fjármögnunarleiðar	Gjaldmiðill markaðsvirðis fjármögnunarleiðar.	N	N	N	Y
18	Tegund aðgerðar	Skýrslan skal innihalda eina af eftirfarandi tegundum aðgerðar: a) ný staða endurnotkunar skal auðkennd sem „nýtt“ (New),	Y	Y	Y	Y

Nr.	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Endurhverf verðbréfa-kaup	Kaup/ endursölu-viðskipti (BSB)	Verð-bréfalán-veiting (SL)	Viðbótar-lánveiting (ML)
		b) breyting á upplýsingum um endurnotkun skal auðkennd sem „uppfærsla endurnotkunar“ (Reuse Update), c) afturköllun heildarskýrslu sem var lögð fram fyrir mistök skal auðkennd sem „villa“ (Error), d) leiðrétting á gagnareitunum sem voru ranglega lagðir fram í fyrri skýrslu skal auðkennd sem „leiðrétting“ (Correction).				

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/357 **2023/EES/83/02**

frá 13. desember 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskrám um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum c- og d-lið 3. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skulu aðilarnir sem taldir eru upp í þeirri grein hafa aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til að þeir geti staðið við skyldur sínar og umboð. Því skiptir sköpum að viðskiptaskrár geti auðkennt viðeigandi mótaðila og viðskipti af nákvæmni. Aðgangurinn sem viðskiptaskrár veita ætti að taka til upplýsinga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem mótaðili hefur átt, án tillits til þess hvort sá mótaðili er móðurfélag eða dótturfélag annars fyrirtækis, eða hvort þessar upplýsingar varða viðskipti sem eiga sér stað fyrir milligöngu tiltekins útibús mótaðila, að því tilskildu að aðgangsbeiðnin viðkomi upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að viðkomandi aðili geti staðið við skyldur sínar og umboð.

2) Margir aðilanna sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) 2015/2365 hafa nokkur og ólík umboð og þarfir. Til að komast hjá því að viðskiptaskrár verði stöðugt að aðgæta samkvæmt hvaða umboði og þörfum aðili krefst aðgangs, og komast með því móti hjá ónauðsynlegri stjórnsýslubyrði hjá þessum viðskiptaskrám, þykir rétt að leyfa viðskiptaskránum að veita hverjum aðila aðgang á einum stað sem ætti að taka til umboða og sérstakra þarfa hvers aðila.

3) Mælt er fyrir um umboð og skyldur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að því er varðar viðskiptaskrár í 5.–11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og taka þær m.a. til skráningar viðskiptaskráa og eftirlits með þeim. Skilvirkt eftirlit útheimtir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi fullan aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf hjá öllum viðskiptaskrám.

4) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) eru hluti af evrópska fjármálaeftirlitskerfinu og hafa, með tilliti til fjármálastöðugleika og kerfisáhættu, umboð og skyldur sem svipar mjög til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Því er mjög mikilvægt að þessi stjórnvöld hafi, eins og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

5) Vegna hinna nánu tengsla fjármögnunarviðskipta með verðbréf og peningamálastefnu ætti aðili seðlabankakerfis Evrópu (ESCB), eins og um getur í f-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, að hafa aðgang að öllum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem tengjast gjaldmiðlinum sem sá aðili að seðlabankakerfi Evrópu gefur út og, nánar til tekið, öllum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf þar sem lán eða veðtrygging er gefin upp í þeim gjaldmiðli sem sá aðili seðlabankakerfis Evrópu gefur út.

6) Vissir aðilar, sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, bera ábyrgð á að vakta kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika. Til að viðkomandi aðilar geti annast verkefni sín sem tengjast stöðugleika fjármálakerfisins á fullnægjandi hátt skulu þeir hafa aðgang að víðfeðmu rófi markaðsaðila, viðskiptavettvöngum og yfirgripsmestu og ítarlegustu upplýsingum sem fáanlegar eru um fjármögnunarviðskipti með verðbréf á þeirra ábyrgðarsviði, sem getur verið, eftir því hver aðilinn er, aðildarríki, gildissvæði evrunnar eða Sambandið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

7) Í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 ([2]) er komið á samræmdri eftirlitsráðstöfun. Viðskiptaskrá ætti að tryggja að Seðlabanki Evrópu (ECB) hafi aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hver mótaðili gerir sem, innan hinnar samræmdu eftirlitsráðstöfunar, fellur undir eftirlit Seðlabanka Evrópu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1024/2013.

8) Umboð og sértækar þarfir verðbréfa- og markaðsyfirvalda í Sambandinu, sem um getur í i-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, útheimta að þessum yfirvöldum sé veittur aðgangur að öllum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem standa fyrir viðskipti, eða tengjast mörkuðum, verðbréfum sem eru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, viðmiðunum sem notaðar eru sem tilvísanir og mótaðilum sem falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds.

9) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([3]) á að gefa skilastjórnvöldum áhrifarík meðul til aðgerða, að því er varðar aðilana sem um getur í 1.mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, til að koma í veg fyrir smitáhrif. Hvert skilastjórnvald ætti því að hafa aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þessir aðilar greina frá.

10) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ([4]) ber sameiginleg skilastjórn ábyrgð á skilvirkri og samræmdri starfsemi hins sameiginlega skilameðferðarkerfis, m.a. með því að semja skilaáætlanir fyrir aðilana sem um getur í 2. gr. þeirrar reglugerðar. Til að gera sameiginlegri skilastjórn kleift að semja þessar skilaáætlanir ætti viðskiptaskrá að veita þeirri stjórn aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem einhver mótaðilanna, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 806/2014, hefur átt.

11) Yfirvöldin sem um getur í m-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 taka m.a. til yfirvalda sem eru lögbær hvað varðar hina samræmdu eftirlitsráðstöfun og hvað varðar varfærniseftirlit með lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum tryggingа- og endurtryggingafyrirtækjum, verðbréfasjóðum, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, starfstengdum lífeyrissjóðum, verðbréfamiðstöðvum og ófjárhagslegum mótaðilum. Til að þessi yfirvöld geti uppfyllt skyldur sínar og umboð á árangursríkan hátt þurfa þau aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem mótaðilar, sem þau bera ábyrgð á, greina frá.

12) Yfirvöldin sem um getur í m-lið 2. mgr. 12.gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 taka m.a. til þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á starfsleyfum til handa miðlægum mótaðilum og eftirliti með þeim. Til að gera þessum yfirvöldum kleift að sinna verkefnum sínum með skilvirkum hætti ættu þau að hafa aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf að því er varðar hina miðlægu mótaðila sem þau hafa eftirlit með.

13) Til að tryggja stöðlun og samræmi í aðgangi að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og til að draga úr stjórnsýsluálagi, bæði á yfirvöldin sem hafa aðgang að þessum upplýsingum og á viðskiptaskrár þar sem þessar upplýsingar er að finna, ættu viðskiptaskrárnar að fylgja sértæku verklagi til að koma á skilmálum og skilyrðum hvað varðar aðganginn sem á að veita, nánar til tekið að koma á þeim aðgangi, sem og viðvarandi vinnutilhögun.

14) Til að tryggja trúnað um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf ættu öll gagnaskipti milli viðskiptaskráa og viðkomandi yfirvalda að fara fram með öruggri tengingu milli véla og með því að nota dulkóðaðar gagnaskiptareglur.

([2]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit með lánastofnunum (Stjtíð. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB L 225, 30.7.2014, bls. 1).

15) Til að samanburður og söfnun upplýsinga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf milli viðskiptaskráa séu árangursrík og skilvirk ætti að nota XML-snið og XML-skilaboð, sem þróuð eru í samræmi við aðferðafræði ISO 20022, fyrir aðgang að þessum upplýsingum og boðskipti milli yfirvalda og viðskiptaskráa.

16) Til að gera yfirvöldunum, sem talin eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, kleift að framkvæma markvissar rannsóknir skiptir sköpum að greiða fyrir beinum og tafarlausum aðgangi að sértækum gagnasöfnum og taka saman nokkrar samtengjanlegar, sérstakar fyrirspurnir sem varða mótaðila fjármögnunarviðskipta með verðbréf, tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf, fullnustutímabilið, gjalddaga og uppsögn fjármögnunarviðskipta með verðbréf, sem og áfanga lífsferils fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

17) Til að gera mögulegan beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, og til að greiða fyrir áætlunargerð viðkomandi yfirvalda og viðskiptaskráa hvað varðar innri gagnavinnsluferla þeirra, ætti að samræma fyrir hvaða tíma viðskiptaskrár þurfa að veita yfirvöldunum aðgang að þessum upplýsingum.

18) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt tilhöguninni sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 ([5]).

19) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem gera á aðgengilegar

Viðskiptaskrá skal tryggja að upplýsingarnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem gerðar eru aðgengilegar hverjum aðila sem talinn er upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365, í samræmi við 3. gr., innihaldi eftirfarandi gögn:

a) skýrslurnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem skilað er í samræmi við töflur 1–4 í viðauka framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 ([6]), þ.m.t. síðustu viðskiptastöður fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem ekki hafa gjaldfallið eða verið viðfangsefni skýrslu með aðgerðartegundunum „villa“, „uppsögn/snemmbúin uppsögn“ eða „stöðuþáttur“ eins og um getur í 98. reit töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 ([7]),

b) upplýsingar sem máli skipta um skýrslur um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem viðskiptaskrá hefur hafnað, þ.m.t. skýrslur sem hafnað var næsta virka dag á undan, sem og ástæður höfnunarinnar eins og tilgreint er í samræmi við töflu 2 í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 ([8]),

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita viðskiptaskrám um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 1).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannprófun, samantekt, samanburð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 30).

c) afstemmingarstöðu allra tilkynntra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem viðskiptaskrá hefur framkvæmt afstemmingarferlið fyrir í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2019/358, nema þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem eru fallin úr gildi eða þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem tekið var við skýrslu um með aðgerðartegundinni „villa," „lokun/lokun fyrir uppgjörsdag" eða „stöðuþáttur" meira en mánuði áður en afstemmingarferlið átti sér stað.

2. gr.

Aðgangur á einum stað

Viðskiptaskrá skal sjá aðilum með fleiri skyldur eða umboð skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 fyrir aðgangi á einum stað að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þessar skyldur og umboð taka til.

3. gr.

Aðgangur að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í samræmi við umboð og sérstakar þarfir hvers hlutaðeigandi yfirvalds

1. Viðskiptaskrá skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf til að hún geti sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við skyldur sínar og umboð.

2. Viðskiptaskrá skal veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

3. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, sem hefur eftirlit með viðskiptavettvöngum, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem fara fram á þessum viðskiptavettvöngum.

4. Viðskiptaskrá skal veita aðila að Seðlabankakerfi Evrópu, í aðildarríki sem hefur evru sem gjaldmiðil, og Seðlabanka Evrópu aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf:

a) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, voru gefin út af eða boðin fyrir hönd aðila með staðfestu í aðildarríki sem hefur evru sem gjaldmiðil,

b) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, eru ríkisskuld aðildarríkis sem hefur evru sem gjaldmiðil,

c) ef evra er gjaldmiðillinn sem var lánaður, tekinn að láni eða veittur sem veðtrygging.

5. Viðskiptaskrá skal veita aðila að Seðlabankakerfi Evrópu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf:

a) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, voru gefin út af eða boðin fyrir hönd aðila með staðfestu í aðildarríki þess aðila að seðlabankakerfi Evrópu,

b) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, eru ríkisskuld aðildarríkis þess aðila að seðlabankakerfi Evrópu,

c) ef gjaldmiðillinn, sem var lánaður, tekinn að láni eða veittur sem veðtrygging, er gjaldmiðillinn sem sá aðili að seðlabankakerfi Evrópu gefur út.

6. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, sem talið er upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og vaktar kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika á evrusvæðinu, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem fara fram á viðskiptavettvöngum, eða eru gerð af mótaðilum sem falla undir skyldur og umboð þess yfirvalds við vöktun á kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika á evrusvæðinu. Viðskiptaskrá skal einnig veita því yfirvaldi aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf allra útibúa mótaðila með staðfestu í þriðja landi sem starfa í aðildarríki sem hefur evru sem gjaldmiðil.

7. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, sem talið er upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og vaktar kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika í aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem fara fram á viðskiptavettvöngum, eða eru gerð af mótaðilum sem falla undir skyldur og umboð þess yfirvalds við vöktun á kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika í aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil. Viðskiptaskrá skal einnig veita því yfirvaldi aðgang að upplýsingunum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf allra útibúa mótaðila með staðfestu í þriðja landi sem starfa í aðildarríki þess yfirvalds.

8. Viðskiptaskrá skal veita Seðlabanka Evrópu, við störf hans innan samræmdrar eftirlitsráðstöfunar samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hver mótaðili gerir sem, innan hinnar samræmdu eftirlitsráðstöfunar, fellur undir eftirlit Seðlabanka Evrópu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1024/2013.

9. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi í þriðja landi, sem framkvæmdargerð í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 hefur verið samþykkt um, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt umboði og skyldum yfirvalds þriðja lands, í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar framkvæmdargerðar.

10. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi sem er tilnefnt skv. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB ([9]) aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf þar sem verðbréf, sem er lánað, fengið að láni eða veitt sem veðtrygging, er gefið út af fyrirtæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

a) félagið er tekið til viðskipta á skipulegum markaði með staðfestu innan aðildarríkis þess yfirvalds og yfirtökutilboðin í verðbréf þess félags falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds,

b) félagið er með skráða skrifstofu eða aðalskrifstofu í aðildarríki þess yfirvalds og yfirtökutilboðin í verðbréf þess fyrirtækis falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds,

c) félagið er tilboðsgjafi eins og það er skilgreint í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/25/EB fyrir þau félög sem um getur í a- og b-lið, og endurgjaldið sem það býður felur í sér verðbréf.

11. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, eins og um getur í i-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem standa fyrir viðskipti, eða tengjast mörkuðum, verðbréfum sem eru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, viðmiðunum sem notaðar eru sem tilvísanir og mótaðilum sem falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds. Viðskiptaskrá skal einnig veita því yfirvaldi aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf allra útibúa mótaðila með staðfestu í þriðja landi sem starfa í aðildarríki yfirvaldsins.

12. Viðskiptaskrá skal veita Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER) aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf þar sem hrávaran, sem er lánuð, fengin að láni eða veitt sem veðtrygging, er orka.

13. Viðskiptaskrá skal veita skilastjórnvaldi, sem um getur í k-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, aðgang að upplýsingunum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem eftirfarandi aðilar hafa gert:

a) mótaðili sem fellur undir skyldur og umboð þess yfirvalds,

b) útibú mótaðila sem komið er á fót í þriðja landi sem starfar í aðildarríki þess skilastjórnvalds og fellur undir skyldur og umboð þess.

14. Viðskiptaskrá skal veita sameiginlegri skilastjórn aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hver sá mótaðili hefur gert sem fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 806/2014.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12).

15. Viðskiptaskrá skal veita lögbæru yfirvaldi sem talið er upp í m-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, aðgang að upplýsingunum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem eftirfarandi aðilar hafa gert:

a) mótaðili sem fellur undir skyldur og umboð þess yfirvalds,

b) útibú mótaðila sem komið er á fót í þriðja landi sem starfar í aðildarríki þess lögbæra yfirvalds og sem fellur undir skyldur og umboð þess.

16. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi sem hefur eftirlit með miðlægum mótaðila (CCP), og þeim aðila að seðlabankakerfi Evrópu sem hefur umsjón með þeim miðlæga mótaðila, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem sá miðlægi mótaðili hefur stöðustofnað og gert.

4. gr.

Uppsetning aðgangs að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

1. Viðskiptaskrá skal:

a) tilnefna aðila, einn eða fleiri, til að bera ábyrgð á samskiptum við aðilana sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365,

b) birta á vefsetri sínu leiðbeiningarnar sem aðilarnir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, eiga að fylgja til að fá aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

c) veita aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, eyðublað eins og um getur í 2. mgr.,

d) setja upp aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf fyrir aðilana, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, eingöngu á grunni upplýsinganna í veittu eyðublaði,

e) ganga frá nauðsynlegum tæknilegum ráðstöfunum til að aðilarnir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, fái aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í samræmi við 5. gr.,

f) veita aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf innan þrjátíu almanaksdaga eftir að sá aðili setti fram kröfu um að slíkur aðgangur yrði settur upp.

2. Viðskiptaskrá skal útbúa eyðublað sem aðilarnir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skulu nota þegar þeir leggja fram beiðni um að setja upp aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Eyðublaðið skal innihalda eftirtaldar færslur:

a) heiti aðilans,

b) tengilið aðilans,

c) lagalega ábyrgð og umboð aðilans,

d) skrá yfir heimilaða notendur umbeðinna upplýsinga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

e) skilríki fyrir örugga SSH FTP-tengingu,

f) allar aðrar tæknilegar upplýsingar sem skipta máli fyrir aðgang aðilans að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

g) hvort einingin sé lögbær gagnvart mótaðila í aðildarríki sínu, á evrusvæðinu eða í Sambandinu,

h) þær tegundir mótaðila sem aðilinn er lögbær gagnvart samkvæmt flokkuninni í töflu 1 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363,

i) þær tegundir fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem aðilinn hefur eftirlit með,

j) öll aðildarríki þar sem útgefandi verðbréfa, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, er undir eftirliti aðilans, ef um það er að ræða,

k) öll aðildarríki þar sem hrávörur, sem voru lánaðar, teknar að láni eða veittar sem veðtrygging, eru undir eftirliti aðilans, ef um það er að ræða,

l) viðskiptavettvangar sem eru undir eftirliti aðilans, ef um það er að ræða,

m) miðlægir mótaðilar sem eru undir eftirliti eða í umsjón aðilans, ef um það er að ræða,

n) gjaldmiðilinn sem aðilinn gefur út, ef um það er að ræða,

o) viðmiðanirnar sem notaðar eru í Sambandinu þar sem aðilinn er lögbær gagnvart stjórnandanum, ef um það er að ræða.

5. gr.

Vinnutilhögun fyrir aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

1. Viðskiptaskrá skal koma á og viðhalda nauðsynlegu tæknilegu fyrirkomulagi til gera aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, kleift að tengjast viðskiptaskrá með því að nota örugga tengingu milli véla.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal viðskiptaskrá nota SSH FTP-skráaflutningsreglur og stöðluð XML-skilaboð, sem þróuð hafa verið í samræmi við aðferðafræði ISO 20022, til að eiga samskipti í gegnum þá tengingu.

2. Viðskiptaskrá skal koma á og viðhalda nauðsynlegu tæknilegu fyrirkomulagi til gera aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, kleift að koma á fyrirframskilgreindum reglubundnum beiðnum um aðgang, í samræmi við 1., 2. og 3. gr., að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, sem nauðsynlegar eru fyrir þessa aðila til að uppfylla skyldur sínar og umboð.

3. Viðskiptaskrá skal að beiðni aðilanna sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2012 veita þeim aðgang að öllum fjármögnunarviðskiptum með verðbréf sem falla undir skyldur þeirra og umboð í samræmi við 3. gr., á grundvelli hvers konar samsetningar af eftirfarandi reitum, eins og um getur í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363:

a) tímastimpill tilkynningar,

b) skýrslugefandi mótaðili,

c) annar mótaðili,

d) útibú skýrslugefandi mótaðila,

e) útibú hins mótaðilans,

f) geiri skýrslugefandi mótaðila,

g) gerð skýrslugefandi mótaðilans,

h) miðlari,

i) aðili sem leggur fram skýrslu,

j) rétthafi,

k) tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf,

l) tegund veðtryggingarþáttar,

m) viðskiptavettvangur,

n) tímastimpill framkvæmdar,

o) gjalddagi,

p) uppsagnardagur,

q) miðlægur mótaðili,

r) aðgerðartegund.

4. Viðskiptaskrá skal koma á og viðhalda tæknilegri getu til að veita beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem nauðsynleg eru fyrir aðilana sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, til að uppfylla umboð sín og skyldur. Veita á aðgang að þessum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í samræmi við eftirfarandi tímafresti:

a) ef beðið er um upplýsingar um aðgang að útistandandi fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, eða að fjármögnunarviðskiptum með verðbréf sem hafa annaðhvort gjaldfallið eða skýrslur verið gerðar um með aðgerðategundunum „villa“, „lokun/lokun fyrir uppgjörsdag“ eða „stöðuþáttur“, eins og um getur í reit 98 í töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2019/363, ekki meira en einu ári áður en beiðnin var lögð fram: eigi síðar en kl. 12:00 að samræmdum heimstíma á fyrsta almanaksdegi eftir daginn sem beiðnin um aðgang er lögð fram,

b) ef beðið er um aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hafa annaðhvort gjaldfallið eða skýrslur verið gerðar um með aðgerðategundunum „villa“, „lokun/lokun fyrir uppgjörsdag“ eða „stöðuþáttur“, eins og um getur í reit 98 í töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363, meira en einu ári áður en beiðnin var lögð fram: eigi síðar en þremur virkum dögum eftir daginn sem beiðnin um aðgang var lögð fram,

c) ef beðið er um aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem bæði falla undir a- og b-lið: eigi síðar en þremur virkum dögum eftir daginn sem beiðnin um aðgang er lögð fram.

5. Viðskiptaskrá skal staðfesta viðtöku og staðfesta réttleika og heilleika allra beiðna um aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem aðilarnir sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) 2015/2365 leggja fram og tilkynna þessum aðilum um niðurstöðu þeirrar staðfestingar eigi síðar en sextíu mínútum eftir að beiðnin hefur verið lögð fram.

6. Viðskiptaskrá skal nota rafræna undirskrift og dulkóðaðar gagnaskiptareglur til að tryggja trúnað, heildstæðni og vernd gagnanna sem gerð eru aðgengileg aðilunum sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/358 **2023/EES/83/03**

frá 13. desember 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannprófun, samantekt, samanburð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum a-lið 7. mgr. 5. gr. og a- og b- lið 3. mgr. 12. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja mikil gæði fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem tilkynnt eru viðskiptaskrám, ættu viðskiptaskrárnar að staðfesta auðkenni skýrslugjafaraðilanna, rökrétt heilindi tilkynntrar raðar um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og að þessar upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf séu tæmandi og réttar.

2) Af sömu ástæðu ættu viðskiptaskrár að stemma af upplýsingar hverrar skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þær taka við. Tiltaka ætti staðlað ferli til að gera viðskiptaskrám kleift að framkvæma afstemmingu með samræmdum hætti og að draga úr þeirri áhættu að upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf séu ekki afstemmdar. Þó kann að vera að vissar upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf séu ekki eins vegna sérstakra eiginleika tæknikerfa sem aðilarnir nota þegar þeir leggja fram skýrsluna. Því þarf að beita tilteknum vikmörkum til að lítils háttar mismunur í gefnum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf komi ekki í veg fyrir að yfirvöld greini gögnin af fullnægjandi öryggi.

3) Þess er að vænta að skýrslugjafaraðilar muni, til lengri tíma litið, bæta skýrslugjöf sína, bæði með tilliti til fækkunar á skýrslum sem er hafnað og með tilliti til afstemmdra skýrslna. Þeir ættu þó að fá nægjanlegan tíma til að laga sig að kröfum um tilkynningar, einkum til að koma í veg fyrir uppsöfnun viðskipta sem ekki eru afstemmd, strax eftir að skýrslugjafarskyldan tekur gildi. Því er rétt að í fyrsta fasa verði afstemmdir færri reitir.

4) Skýrslugjafaraðilar og aðilar sem bera ábyrgð á skýrslugjöf ættu, ef við á, að geta fylgst með því hvort þeir uppfylli skýrslugjafarskyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365. Þeir ættu því að geta metið vissar upplýsingar daglega að því er varðar þessar skýrslur, þ.m.t. niðurstöðu sannprófunar þessara skýrslna, sem og framgang afstemmingar gagnanna sem skýrslur eru gefnar um. Því er nauðsynlegt að tilgreina upplýsingarnar sem viðskiptaskrá ætti að gera aðgengilegar þessum aðilum í lok hvers virks dags.

5) Til að stuðla að heilleika upplýsinganna um fjármögnunarviðskipti með verðbréf ætti að veita beina og tafarlausa aðganginn sem um getur í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 á samhæfðan og samræmdan hátt. Til að staðla skýrslugjöfina, lágmarka kostnaðinn fyrir atvinnugreinina og tryggja samanburðarhæfi og samræmda samsöfnun upplýsinga í viðskiptaskrám þykir rétt að öllum skýrslum og upplýsingum um niðurstöður sé skilað á XML-sniðmáti og séu í samræmi við aðferðafræði sem almennt er notuð í fjármálaheiminum.

6) Aðgangur að stöðugögnum um áhættuskuldbindingar milli tveggja tiltekinna mótaðila skiptir sköpum til að gera einingum, sem um getur í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, kleift að ákvarða möguleg upptök kerfisáhættu eða annarrar áhættu fyrir fjármálastöðugleika.

7) Til að veita almenningi fullnægjandi gagnsæi að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf ættu viðmiðanirnar sem notaðar eru fyrir samlagningu staðna að gera almenningi kleift að skilja hvernig markaðir fjármögnunarviðskipta

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12. 2015, bls. 1.

með verðbréf virka, án þess að grafa undan trúnaði um gögnin sem tilkynnt eru viðskiptaskrám. Tíðni og upplýsingar um birtingu afleiðuviðskiptaskrár á samanlögðum stöðum skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 ættu að vera þannig tilgreind að þau byggist á tengdum ramma sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]) um afleiðusamninga.

8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fram hjá framkvæmdastjórninni samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

9) Ákvæði þessarar reglugerðar fjalla um rekstrarstaðla viðskiptaskráa um söfnun, samantekt og samanburð gagna, sem og verklagsreglur sem viðskiptaskrár skulu beita til að sannreyna hvort upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þær fá skýrslu um séu tæmandi og réttar. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða og til að auðvelda viðskiptaskrám að fá heildstæða mynd er æskilegt að láta eina reglugerð ná yfir tengda tæknilega eftirlitsstaðla.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sannprófun viðskiptaskráa á skýrslum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

1. Viðskiptaskrá skal sannprófa allt eftirtalið í móttekinni skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf:

a) auðkenni skýrslugjafaraðilans eins og um getur í 2. reit töflu 1 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 ([4]),

b) að XML-sniðmátið, sem notað er til að gefa skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, fylgi aðferðafræði ISO 20022 í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363,

c) að skýrslugjafaraðilinn, ef hann er annar en skýrslugefandi mótaðili eins og um getur í reit 3 í töflu 1 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363, hafi fullt umboð til að gefa skýrslu fyrir hönd skýrslugefandi mótaðila, nema í því tilviki sem fjallað er um í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365,

d) að sama skýrsla um fjármögnunarviðskipti með verðbréf hafi ekki verið lögð fram áður,

e) að skýrsla um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, með aðgerðartegundina „breyting“ (e. *Modification*), varði áðurframlagða skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

f) að skýrsla um fjármögnunarviðskipti með verðbréf með aðgerðartegundina „breyting“ (e. *Modification*) varði ekki fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem tilkynnt hefur verið að felld hafi verið niður,

g) að skýrslan um fjármögnunarviðskipti með verðbréf innihaldi ekki aðgerðartegundina „nýtt“ að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hafa þegar verið tilkynnt,

h) að skýrslan um fjármögnunarviðskipti með verðbréf innihaldi ekki aðgerðartegundina „stöðuþáttur“ að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hafa þegar verið tilkynnt,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga (Stjtíð. L 81, 22.3.2019, bls. 85).

i) að skýrslan um fjármögnunarviðskipti með verðbréf feli ekki í sér breytingu á upplýsingum um skýrslugjafaraðila, skýrslugefandi mótaðila eða hinn mótaðila hvað varðar áður tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

j) að skýrslan um fjármögnunarviðskipti með verðbréf feli ekki í sér breytingu á fyrirliggjandi skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf með því að tilgreina gildisdag sem er seinna en tilkynntur gjalddagi fjármögnunarviðskipta með verðbréf,

k) að skýrslan um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sé rétt og tæmandi.

2. Viðskiptaskrá skal staðfesta hvort upplýsingar um veðtryggingu hafi verið færðar í reiti 73–96 í töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363 að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf ef reitur 72, „merki óveðtryggðrar verðbréfalánveitingar“ í sömu töflu er gefinn upp sem „rangt“. Viðskiptaskráin skal tilkynna, í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar, skýrslugjafaraðila, skýrslugefandi mótaðila og þeim aðila sem ber ábyrgð á skýrslugjöf, ef við á, um útkomu sannprófunarinnar.

3. Viðskiptaskrá skal hafna skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf ef hún fer ekki að einni af kröfunum sem settar eru fram í 1. mgr. og færa hana í eina af höfnunarflokkunum sem settir eru fram í töflu 2 í I. viðauka í þessari reglugerð.

4. Viðskiptaskrá skal koma skýrslunni á framfæri við skýrslugjafaraðila, skýrslugefandi mótaðila og aðilann sem ber ábyrgð á skýrslugjöf, ef við á, með ítarlegum upplýsingum um niðurstöður sannprófunar gagna sem um getur í 1. mgr., innan sextíu mínútna frá því hún fékk skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Viðskiptaskrá skal skila þessum niðurstöðum á XML-formi og sniðmáti sem er þróað í samræmi við aðferðafræði ISO 20022. Niðurstöðurnar skulu innihalda, eftir atvikum, sérstöku ástæðurnar fyrir höfnun skýrslunnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í samræmi við 3. mgr.

2. gr.

Afstemming viðskiptaskráa á gögnum

1. Viðskiptaskrá skal leitast við að afstemma tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf með því að grípa til þeirra ráðstafana sem eru settar fram í 2. mgr., að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptaskráin hefur lokið sannprófununum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 1. gr.,

b) báðir mótaðilar tilkynntu fjármögnunarviðskiptanna með verðbréf sæta skýrslugjafarskyldu,

c) viðskiptaskráin hefur ekki móttekið skýrslu síðar með aðgerðartegundinni „villa“ að því er varðar tilkynntu fjármögnunarviðskiptin með verðbréf.

2. Ef öll skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt skal viðskiptaskrá grípa til eftirfarandi ráðstafana og nota nýjasta skráða gildið fyrir hvern reit í töflu 1 í I. viðauka við þessa reglugerð:

a) viðskiptaskrá sem hefur tekið við skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf skal sannprófa hvort hún hafi tekið við samsvarandi skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf frá eða fyrir hönd hins mótaðilans,

b) viðskiptaskrá sem hefur ekki tekið við samsvarandi skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og um getur í a-lið skal reyna að auðkenna þá viðskiptaskrá sem hefur tekið við samsvarandi skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, með því að skýra öllum skráðum viðskiptaskrám frá gildum eftirfarandi reita að því er varðar tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf: „Einkvæmt viðskiptaauðkenni“, „skýrslugefandi mótaðili“, „annar mótaðili“ og „tegund rammasamnings“,

c) viðskiptaskrá sem ákvarðar að önnur viðskiptaskrá hafi tekið við samsvarandi skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og um getur í a-lið skal skiptast á upplýsingum við þá viðskiptaskrá um tilkynntu fjármögnunarviðskiptin með verðbréf á XML–formi og sniðmáti sem er þróað í samræmi við aðferðafræði ISO 20022,

d) með fyrirvara um e-lið skal viðskiptaskrá líta á tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem afstemmd ef upplýsingarnar um þau fjármögnunarviðskipti með verðbréf koma heim og saman við upplýsingar skýrslunnar um tilkynntu fjármögnunarviðskiptin með verðbréf eins og um getur í a-lið þessarar málsgreinar,

e) viðskiptaskrá skal reyna að para aðskilið reitina sem eiga við um lánagögn og reitina sem eiga við um veðtryggingargögn tilkynntra fjármögnunarviðskipta með verðbréf í samræmi við vikmörk og viðkomandi dagsetningar gildistöku sem mælt er fyrir um í töflu 1 í I. viðauka við þessa reglugerð,

f) viðskiptaskrá skal í framhaldinu úthluta gildum afstemmingarflokka fyrir hver tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og sett er fram í töflu 3 í I. viðauka við þessa reglugerð,

g) viðskiptaskrá skal ljúka ráðstöfununum í a- til f-lið þessarar málsgreinar við fyrsta tækifæri og skal ekki grípa til neinna slíkra ráðstafana eftir kl. 18:00 að samræmdum heimstíma á neinum virkum degi,

h) viðskiptaskrá sem getur ekki stemmt af tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf skal reyna að para upplýsingar tilkynntu fjármögnunarviðskiptanna með verðbréf næsta virkan dag. Þrjátíu almanaksdögum eftir tilkynntan gjalddaga fjármögnunarviðskipta með verðbréf eða eftir að viðskiptaskrá hefur fengið skýrslu sem hana varðar með aðgerðartegundinni „lokun“ eða „stöðuþáttur“ skal viðskiptaskrá ekki lengur reyna að afstemma tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

3. Viðskiptaskrá skal staðfesta heildarfjölda afstemmdra, tilkynntra fjármögnunarviðskipta með verðbréf við allar viðskiptaskrár sem hún hefur stemmt af tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf við í lok hvers virks dags.

4. Ekki seinna en sextíu mínútum eftir lok afstemmingarferlisins, sem sett er fram í g-lið 2. mgr., skal viðskiptaskrá veita skýrslugjafaraðila, skýrslugefandi mótaðila og þeim aðila sem ber ábyrgð á skýrslugjöf, ef við á, niðurstöður afstemmingarferlisins sem hún hefur framkvæmt hvað varðar tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Viðskiptaskrá skal veita þessar niðurstöður á XML-formi og sniðmáti sem er þróað í samræmi við aðferðafræði ISO 20022, þ.m.t. upplýsingar um reiti sem hafa ekki verið afstemmdir.

3. gr.

Viðbragðskerfi í dagslok

Í lok hvers virks dags skal viðskiptaskrá sjá til þess að skýrslugjafaraðila, skýrslugefandi mótaðila og aðilanum sem ber ábyrgð á skýrslugjöf, ef við á, séu tiltækar eftirfarandi upplýsingar um viðeigandi fjármögnunarviðskipti með verðbréf á XML-formi og sniðmáti sem er þróað í samræmi við aðferðafræði ISO 20022:

a) fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem tilkynnt hafa verið þann dag,

b) nýjustu viðskiptastöður fyrir þau fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem ekki eru komin á gjalddaga eða ekki hafa verið gerðar skýrslur um með aðgerðartegundunum „villa“, „lokun“ eða „stöðuþáttur“,

c) einkvæm viðskiptaauðkenni þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem í reit 72 í töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363 er tilkynnt „rangt“ um og upplýsingarnar um veðtrygginguna í reitum 73–96 í sömu töflu hafa ekki enn verið tilkynntar,

d) skýrslur um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hefur verið hafnað þann dag,

e) staða afstemminga allra tilkynntra fjármögnunarviðskipta með verðbréf nema þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem eru fallin úr gildi eða þeirra sem tekið var við skýrslum um með aðgerðartegundina „lokun“ eða „stöðuþáttur“ meira en mánuði fyrir þann virka dag.

4. gr.

Aðgangur að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

Viðskiptaskrá skal veita aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365, beinan og tafarlausan aðgang, þ.m.t. þegar verkefni hafa verið framseld skv. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, að upplýsingum um afleiðusamninga á rafrænu og tölvulesanlegu formi í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 ([5]).

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal viðskiptaskrá nota XML-snið og sniðmát sem er þróað í samræmi við aðferðafræði ISO 20022.

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskrám um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtíð ESB L 81, 22.3.2019, bls. 22).

5. gr.

Útreikningur á og aðgangur að stöðugögnum

1. Viðskiptaskrá skal reikna út stöðugögn á áhættuskuldbindingarnar milli mótaðila með tilliti til lána og veðtrygginga. Útreikningar á stöðugögnum skulu byggjast á eftirfarandi viðmiðunum:

a) gildi afstemmingarflokka, eins og í töflu 3 í I. viðauka við þessa reglugerð,

b) tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf,

c) sviði mótaðilanna,

d) stöðu stöðustofnunar,

e) hvort viðskiptin eru á eða utan viðskiptavettvangs,

f) tegund veðtryggingar,

g) gjaldmiðli reiðufjárhlutans,

h) líftímabili (e. *maturity bucket*),

i) tímabili frádrags,

j) viðskiptaskránum sem hinn mótaðilinn tilkynnti upplýsingarnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til.

2. Viðskiptaskrá skal tryggja að aðilarnir sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) 2015/2365 hafi aðgang að stöðugögnum í samræmi við gagnaaðgang sem tiltekinn er í framseldri reglugerð (ESB) 2019/357.

3. Stöðugögnin sem um getur í 1. mgr. skulu afhent á rafrænu, tölvulesanlegu formi, og á XML-sniði og sniðmáti sem þróað er í samræmi við aðferðafræði ISO 20022.

4. Aðgangurinn sem um getur í 2. mgr. skal veittur við fyrsta tækifæri og ekki seinna en fyrsta virka dag eftir móttöku skýrslunnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

5. Viðskiptaskrá skal veita einingunum sem um getur í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 aðgang að gögnum á samtölustigi í samræmi við þann aðgang að gögnum sem tilgreindur er í framseldri reglugerð (ESB) 2019/357 og reiknaður út í samræmi við almennt samþykkta staðla og ferla fyrir söfnun og samantekt gagna um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

6. gr.

Útreikningur gagna um samtölu staðna til útgáfu

1. Viðskiptaskrá skal taka saman stöðugögn samkvæmt viðmiðununum í 2. og 3. mgr. að því er varðar eftirfarandi gildi:

a) höfuðstól endurhverfra verðbréfakaupa, kaup- og endursöluviðskipti eða sölu- og endurkaupaviðskipti, samanlagt magn verðbréfa eða hrávara sem eru lánaðar eða fengnar að láni, sem og fjölda verðbréfaveðlána,

b) fjölda einkvæmra viðskiptaauðkenna sem eiga við um viðkomandi fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

c) markaðsvirði veðtryggingarinnar.

2. Viðskiptaskrá skal taka saman stöðugögn fyrir öll tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf með aðgerðartegundina „nýtt“ milli 00:00:00 að samræmdum heimstíma (e. UTC) á laugardegi og 23:59:59 að samræmdum heimstíma á föstudegi, á grundvelli eftirfarandi viðmiðana og tengdra gilda sem mælt er fyrir um í töflu 1 í II. viðauka við þessa reglugerð:

a) staðsetningar skýrslugefandi mótaðila eða, eftir atvikum, viðeigandi útibús,

b) staðsetningar hins mótaðilans eða, eftir atvikum, viðeigandi útibús,

c) tegundar fjármögnunarviðskipta með verðbréf,

d) afstemmingarstöðu fjármögnunarviðskipta með verðbréf eins og mælt er fyrir um í töflu 3 í I. viðauka við þessa reglugerð,

e) tegundar viðskiptavettvangs þar sem gengið hefur verið frá fjármögnunarviðskiptum með verðbréf,

f) hvort fjármögnunarviðskipti með verðbréf hafi verið stöðustofnuð eða ekki,

g) með hvaða aðferð veðtryggingin hefur verið millifærð,

h) hverrar vísitölu sem er notuð til viðmiðunar í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, sem viðskipti hafa verið með á öðrum viðskiptastað en „XXXX“, ef samanlagt nafnverð sem tilkynnt hefur verið viðskiptaskránni í vísitölunni er hærra en 5 milljarðar evra, og ef a.m.k. sex mismunandi mótaðilar hafa tilkynnt viðskiptaskrá um viðkomandi fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

3. Viðskiptaskrá skal taka saman stöðugögn fyrir öll tilkynnt fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hafa ekki gjaldfallið, eða sem ekki hafa borist skýrslur um með aðgerðartegundunum „villa“, „lokun“ og „stöðuþáttur“ í síðasta lagi kl. 23:59:59 að samræmdum heimstíma á föstudegi, á grundvelli eftirfarandi viðmiðana og tengdra gilda sem mælt er fyrir um í töflu 1 í II. viðauka við þessa reglugerð:

a) staðsetningar skýrslugefandi mótaðila eða, eftir atvikum, viðeigandi útibús,

b) staðsetningar hins mótaðilans eða, eftir atvikum, viðeigandi útibús,

c) tegundar fjármögnunarviðskipta með verðbréf,

d) afstemmingarstöðu fjármögnunarviðskipta með verðbréf eins og mælt er fyrir um í töflu 3 í I. viðauka við þessa reglugerð,

e) tegundar viðskiptavettvangs þar sem gengið hefur verið frá fjármögnunarviðskiptum með verðbréf,

f) hvort fjármögnunarviðskipti með verðbréf hafi verið stöðustofnuð eða ekki,

g) með hvaða aðferð veðtryggingin hefur verið millifærð,

h) hverrar vísitölu sem er notuð til viðmiðunar í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, sem viðskipti hafa verið með á öðrum viðskiptastað en „XXXX“, ef samanlagt nafnverð sem tilkynnt hefur verið viðskiptaskránni í vísitölunni er hærra en 5 milljarðar evra, og a.m.k. sex mismunandi mótaðilar hafa tilkynnt viðskiptaskrá um viðkomandi fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

4. Viðskiptaskrá skal hafa verklagsreglu til að auðkenna óvenjuleg gildi sem varða samantekin stöðugögn.

5. Viðskiptaskrá skal hafa verklagsreglu til að framkvæma og tilkynna leiðréttingar á samanteknum stöðugögnum, þ.m.t. þær sem leiða af skýrslum með aðgerðartegundina „villa“, og til að birta upphaflegar og leiðréttar gagnasamtölur.

7. gr.

Birting samantekinna stöðugagna

1. Viðskiptaskrá skal birta, á vefsetri sínu, samantekin stöðugögn sem reiknuð eru út í samræmi við 6. gr., vikulega, eigi síðar en á hádegi þriðjudags fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem tilkynnt eru í síðasta lagi kl. 23:59:59 að samræmdum heimstíma á næstliðnum föstudegi.

2. Viðskiptaskrá skal birta öll samantekin stöðugögn í evrum og nota gengið sem notað er á vefsetri Seðlabanka Evrópu, föstudaginn áður en þessi gögn eru birt.

3. Viðskiptaskrá skal tryggja að samantekin stöðugögn séu birt á töfluformi eins og mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð og sem gerir það kleift að niðurhala gögnin.

4. Samanteknu stöðugögnin sem viðskiptaskrá hefur birt á vefsetri sínu skulu vera á því vefsetri í 104 vikur hið minnsta.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Tafla 1

Afstemmingarreitir, vikmörk og upphafsdagur afstemmingarfasans

Tafla	Þáttur	Reitur	Vikmörk	Upphafsdagur sem nefndur er í:
Upplýsingar um mótaðila	Á ekki við	Skýrslugefandi mótaðili	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Upplýsingar um mótaðila	Á ekki við	Staða mótaðila	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Upplýsingar um mótaðila	Á ekki við	Annar mótaðili	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Einkvæmt viðskiptaauðkenni	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Stöðustofnað	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Tímastimpill stöðustofnunar	ein klst.	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Miðlægur mótaðili	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Viðskiptavettvangur	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Tegund rammasamnings	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Tímastimpill framkvæmdar	ein klst.	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Gildisdagur (upphafsdagur)	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Gjalddagi (lokadagur)	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Lokunardagur	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Lágmarksuppsagnarfrestur	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Fyrsta mögulega dagsetning afturköllunar	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Vísir um almenna veðtryggingu	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir

Tafla	Þáttur	Reitur	Vikmörk	Upphafsdagur sem nefndur er í:
Færslugögn	Lán	DBV-mælikvarði (e. *Delivery By Value*)	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Aðferð til að veita veðtryggingu	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Opinn samningstími	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Möguleiki á lokun	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Fastir vextir	Að þriðja aukastaf eftir tugastaf	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Daglegir samningsvextir	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Breytilegir vextir	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta – tímabil	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta – margfaldari	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Tíðni greiðslna breytilegra vaxta – tímabil	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Tíðni greiðslna breytilegra vaxta – margfaldari	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta – tímabil	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta – margfaldari	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Verðbil	Að þriðja aukastaf eftir tugastaf	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Gjaldmiðilsfjárhæð verðbréfaveðláns	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Gjaldmiðill verðbréfaveðláns	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365

Tafla	Þáttur	Reitur	Vikmörk	Upphafsdagur sem nefndur er í:
Færslugögn	Lán	Leiðréttir vextir	Að þriðja aukastaf eftir tugastaf	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Vaxtadagur	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Höfuðstóll á gildisdegi	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Höfuðstóll á gjalddaga	0,0005%	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Gjaldmiðill höfuðstóls	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Tegund eignar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Auðkenni verðbréfa	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Flokkun verðbréfs	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Grunnvara	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Undirvara	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Frekari undirvara	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Magn eða nafnverð	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Mælieining	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Gjaldmiðill nafnverðs	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Verðbréfa- eða hrávöruverð	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Gjaldmiðill verðs	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Gæði verðbréfsins	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Gjalddagi verðbréfsins	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365

Tafla	Þáttur	Reitur	Vikmörk	Upphafsdagur sem nefndur er í:
Færslugögn	Lán	Lögsaga útgefanda	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	auðkenni lögaðila (LEI) útgefanda	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Tegund verðbréfs	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Upphæð lánsins	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Markaðsvirði	0,0005%	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Fastur afsláttur	Að þriðja aukastaf eftir tugastaf	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Breytilegt vaxtastig	Að þriðja aukastaf eftir tugastaf	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Viðmiðunartímabil breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Viðmiðunartímabil breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Tíðni endurákvörðunar breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Tíðni endurákvörðunar breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Verðbil afsláttarvaxta	Að þriðja aukastaf eftir tugastaf	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Lántökugjald	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365

Tafla	Þáttur	Reitur	Vikmörk	Upphafsdagur sem nefndur er í:
Færslugögn	Lán	Einkanytjafyrirkomulag	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Lán	Útistandandi verðbréfaveðlán	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Grunngjaldmiðill útistandandi verðbréfaveðláns	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Markaðsvirði skortstöðu	0,0005 %	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Flöggun óveðtryggðrar verðbréfalánveitingar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Veðtrygging hreinnar áhættuskuldbindingar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Gildisdagur veðtryggingarinnar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Tegund veðtryggingarþáttar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Fjárhæð veðtryggingar í formi reiðufjár	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Gjaldmiðill veðtrygginga í formi reiðufjár	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Auðkenning verðbréfs sem notað er sem veðtrygging	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Flokkun verðbréfs sem notað er sem veðtrygging	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Grunnvara	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Veðtrygging	Undirvara	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Veðtrygging	Frekari undirvara	Engin	iv. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Veðtrygging	Magn veðtryggingar eða nafnverð	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Mælieining veðtryggingar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir

Tafla	Þáttur	Reitur	Vikmörk	Upphafsdagur sem nefndur er í:
Færslugögn	Veðtrygging	Gjaldmiðill nafnverðs veðtryggingar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Gjaldmiðill verðs	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Veðtrygging	Verð á einingu	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Veðtrygging	Markaðsvirði veðtryggingar	0,0005%	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 + 24 mánuðir
Færslugögn	Veðtrygging	Frádrag eða tryggingarfé	Að þriðja aukastaf eftir tugastaf	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Gæði veðtryggingar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Gjalddagi verðbréfsins	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Lögsaga útgefanda	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Auðkenni lögaðila (LEI) útgefandans	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Tegund veðtryggingar	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Tiltækileiki endurnotkunar veðtrygginga	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Veðtrygging	Auðkenni veðtryggingakörfu	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365
Færslugögn	Lán	Stig	Engin	i. liður a-liðar 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365

Tafla 2

Ástæður til að hafna skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

Flokkar höfnunar	Ástæða
Áætlun	— fjármögnunarviðskiptum með verðbréf hefur verið hafnað vegna þess að ekki var farið að tilskilinni áætlun
Leyfi	— fjármögnunarviðskiptum með verðbréf hefur verið hafnað vegna þess að skýrslugjafaraðili hefur ekki leyfi til að gefa skýrslu fyrir hönd skýrslugefandi mótaðila
Rökrétt	— fjármögnunarviðskiptum með verðbréf hefur verið hafnað vegna þess að aðgerðartegundin fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf er ekki rökrétt
Viðskipti	— fjármögnunarviðskiptum með verðbréf hefur verið hafnað vegna þess að þau fara ekki að einni eða fleiri fullgildingum innihaldsins

Tafla 3

Niðurstöður afstemmingarferlisins

Flokkar afstemmingar	Afstemmingargildi
Tegund skýrslugjafar	Einhliða/Tvíhliða
Skýrslugjafarskylda fyrir báða mótaðila	Já/Nei
Staða pörunar	Parað/Ekki parað
Afstemmingarstaða láns	Afstemmt/Ekki afstemmt
Afstemmingarstaða veðs	Afstemmt/Ekki afstemmt
Frekari breytingar	Já/Nei

II. VIÐAUKI

Tafla 1

Opinber gögn

Tafla A. Samantekt

Dagsetning	Viðskipta-skrá	Tegund samantektar	Tegund vettvangs	Staðsetning skýrslugefandi mótaðila	Staðsetn-ing hins mótaðilans	Afstemming	Tegund fjármögnunarvið-skipta með verðbréf	Stöðu-stofnað	Millifærslu-aðferð veðtryggingar	Vísitala notuð til viðmiðunar ([1])	Samanlögð fjárhæð sem veitt er að láni	Samanlagður fjöldi viðskipta	Samanlagt virði veðtrygginga
20161007	Við-skipta-skrá í ESB	Tilkynnt	XXXX	EES	EES	Tvíhliða, lán afstemmt, veðtrygging ekki afstemmd	Endurhverf verðbréfakaup	Já	TTCA		…		…
…	…	Úti-standandi	XOFF	Ekki EES	Ekki EES	Tvíhliða, lán afstemmt, veðtrygging afstemmd	BSB/SBB	Nei	SICA		…		…
…	…	…	Markaðsauð-kenniskóði í EES	…	…	Einhliða EES, lán afstemmt, veðtrygging afstemmd	Lántökur og lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru	…	SIUR		…		…
…	…	…	Markaðsauð-kenniskóði ekki í EES	…	…	…	Verðbréfaveðlán	…			…		…
…	…	…	…	…	…	…	…	…	…	…	…	…	…

([1]) Tilgreinið viðkomandi vísitölur sem eru færðar í reit 25 í töflu 2, „Lán og veðtryggingargögn“ í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/359 **2023/EES/83/04**

frá 13. desember 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu og framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 7. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Setja ætti reglur um hvaða upplýsingar á að láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) í té þegar sótt er um skráningu eða framlengingu á skráningu sem viðskiptaskrá.

2) Til að ná fram markmiðum reglugerðar (ESB) 2015/2365 og veita skilvirka viðskiptaskráarþjónustu er nauðsynlegt að koma á víðtækum og traustum ramma um skráningu og framlengingu skráningar viðskiptaskráa.

3) Til að lágmarka viðbótarrekstrarkostnað markaðsaðila ættu reglurnar og staðlarnir fyrir skráningu og framlengingu skráningar á viðskiptaskrám, að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 2365/2015, að byggjast á fyrirliggjandi innviðum, rekstrarferlum og sniði sem innleitt var með tilliti til skýrslugjafar um afleiðusamninga til viðskiptaskráa.

4) Reynslan af beitingu ákvæða framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 150/2013 ([2]), um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar er varða umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá, hefur sýnt fram á að ákvæðin um skráningu afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er traustur grunnur fyrir gerð rammans um skráningu viðskiptaskráa samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365. Til að efla enn frekar þann ramma ætti þessi reglugerð að endurspegla síbreytilega þróun geirans.

5) Sérhver umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá ætti að hafa að geyma upplýsingar um skipulag innra eftirlits og óhæði stjórnar þannig að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti metið hvort fyrirkomulag stjórnarhátta tryggi óhæði viðskiptaskrárinnar og hvort skipulag og skýrslugjafarvenjur hjá henni séu fullnægjandi til að tryggja að farið sé að kröfum til viðskiptaskráa sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2015/2365. Ítarlegar upplýsingar um viðkomandi innra eftirlitskerfi og skipulag, deild innri endurskoðunar og verkáætlun fyrir endurskoðun ættu að fylgja með í umsókn um skráningu til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að meta með hvaða hætti þessir þættir stuðla að skilvirkri starfsemi viðskiptaskrárinnar.

6) Þótt viðskiptaskrár sem starfa í gegnum útibú teljist ekki aðskildir lögaðilar ætti samt sem áður að veita aðskildar upplýsingar um útibúin til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að draga upp skýra mynd af stöðu útibúanna í stjórnskipulagi viðskiptaskrárinnar, meta hve hæf og viðeigandi framkvæmdastjórn útibúanna er og meta hvort eftirlitskerfin, regluvarsla og önnur starfsemi sé nægilega traust til að greina, meta og stýra áhættu útibúanna með skilvirkum hætti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 150/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar er varða umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá (Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 25).

7) Í þeim tilgangi að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að meta óflekkað mannorð, reynslu og hæfni tilvonandi stjórnarmanna og framkvæmdastjórnar viðskiptaskrár, ætti umsóknarviðskiptaskrá að veita viðeigandi upplýsingar um þessa aðila, s.s. ferilskrá, upplýsingar um sakfellingar í refsimálum, eigin yfirlýsingar um óflekkað mannorð og yfirlýsingar um mögulega hagsmunaárekstra.

8) Sérhver umsókn um skráningu ætti að innihalda upplýsingar sem sýna fram á að umsækjandinn hafi yfir nauðsynlegu fjármagni að ráða til að sinna verkefnum sínum sem viðskiptaskrá á áframhaldandi grundvelli og fullnægjandi fyrirkomulagi til rekstrarsamfellu.

9) Með 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 er þess krafist að viðskiptaskrár staðfesti að upplýsingarnar sem eru veittar skv. 4. gr. hennar séu tæmandi og réttar. Til að fá skráningu eða framlengingu á skráningu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 ættu viðskiptaskrár að sýna fram á að þær hafi komið á kerfum og verklagsreglum sem tryggja getu þeirra til að staðfesta að upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (SFT) séu tæmandi og réttar.

10) Notkun sameiginlegra tilfanga innan viðskiptaskrár fyrir skýrslugjafarþjónustu fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf annars vegar og viðbótarþjónustu eða skýrslugjafarþjónustu fyrir afleiðusamninga hins vegar getur haft í för með sér að rekstraráhætta smitist milli mismunandi þjónustu. Þrátt fyrir að sannprófun, afstemming, vinnsla og skráahald gagna geti krafist skilvirkrar aðgreiningar í rekstri til að komast hjá slíkum smitáhrifum áhættu þá er ekki endilega víst að starfsemi eins og sameiginlegt notendaviðmót kerfa, sameiginlegur aðgangsstaður að gögnum fyrir yfirvöld eða að sama starfsfólk starfi í sölu, regluvörslu eða á þjónustuborði fyrir viðskiptavini sé jafn berskjölduð fyrir smitáhrifum og kalli því ekki á aðgreiningu í rekstri. Viðskiptaskrár ættu því að koma á fullnægjandi aðgreiningu milli tilfanga, kerfa eða ferla mismunandi viðskiptasviða, þ.m.t. ef slík viðskiptasvið sinna þjónustustarfsemi sem fellur undir aðra löggjöf Sambandsins eða þriðja lands og tryggja að ítarlegar og skýrar upplýsingar um viðbótarþjónustu, eða önnur viðskiptasvið sem viðskiptaskráin starfrækir fyrir utan kjarnastarfsemi sína, sem er viðskiptaskráarþjónusta samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, séu veittar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í umsókn um skráningu eða framlengingu skráningar.

11) Traustleiki, viðnámsþróttur og verndun upplýsingatæknikerfa viðskiptaskráa eru mikilvæg til að tryggja að markmið reglugerðar (ESB) 2015/2365 séu uppfyllt. Til samræmis við það ættu viðskiptaskrár að veita Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnuninni ítarlegar og nákvæmar upplýsingar um þessi kerfi til að hún geti metið traustleika og viðnámsþrótt upplýsingatæknikerfa þeirra. Ef viðskiptaskráarþjónustu er útvistað til þriðju aðila, hvort sem er á vettvangi samstæðu eða utan samstæðu, ætti viðskiptaskráin að veita ítarlegar upplýsingar um viðkomandi útvistunarsamninga til að hægt sé að meta hvort farið sé að skilyrðum fyrir skráningu, þ.m.t. upplýsingar um alla þjónustusamninga, mælistikur og hvernig fylgst er með þessum mælistikum. Að lokum ætti viðskiptaskráin að veita upplýsingar um fyrirkomulag og eftirlit sem þær koma á til að taka á mögulegum netógnum og til að vernda gögnin sem þeir vista fyrir netárásum.

12) Mismunandi gerðir notenda geta tilkynnt, haft aðgang að eða breytt gögnum sem viðskiptaskrá geymir. Viðskiptaskráin ætti að skilgreina með skýrum hætti eiginleika, sem og réttindi og skyldur mismunandi gerða notenda og leggja það fram sem hluta af umsókn um skráningu. Upplýsingarnar sem viðskiptaskrá veitir ættu einnig að tilgreina mismunandi flokka aðgengis. Til að tryggja trúnaðarkvöð á gögnum en einnig aðgengileika þriðju aðila, ætti viðskiptaskrá að veita upplýsingar um hvernig hún tryggir að aðeins þau gögn sem viðkomandi mótaðilar hafa veitt skýrt, afturkræft og skilyrðislaust samþykki fyrir verði gerð aðgengileg þriðju aðilum. Að lokum ættu viðskiptaskrár að veita upplýsingar í umsókn sinni um leiðir og fyrirkomulag við opinbera birtingu upplýsinga um aðgengisreglur til að tryggja upplýsta ákvörðun notenda á þjónustu þeirra.

13) Upplýsingar um gjöldin, sem tengjast þjónustunni sem viðskiptaskrár veita, eru nauðsynlegar til að gera markaðsaðilum kleift að taka upplýsta ákvörðun og ættu því að vera hluti af umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá.

14) Þar eð markaðsaðilar og yfirvöld reiða sig á gögnin sem viðskiptaskrár viðhalda ætti ströngum og skilvirkum rekstrar- og skráningarkröfum að vera lýst skýrt í umsókn viðskiptaskrár um skráningu. Til að sýna fram á hvernig trúnaðarkvöð og verndun gagna sem viðskiptaskrá vistar er viðhaldið og til að gera þessi gögn rekjanleg ætti að tiltaka sérstaklega uppsetningu skráar yfir skýrslugjöf í umsókn um skráningu.

15) Til að ná fram markmiðum reglugerðar (ESB) 2015/2365, að því er varðar gagnsæi fjármögnunarviðskipta með verðbréf, ættu viðskiptaskrár að sýna fram á að þær beiti verklaginu um aðgangsskilmála og -skilyrði í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 ([3]), að heilleiki gagna sem afhent eru yfirvöldum séu tryggð og að þau séu í stöðu til að veita aðgang að gögnum í samræmi við viðeigandi kröfur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 ([4]).

16) Skilvirk greiðsla viðskiptaskráa á skráningargjöldum þegar sótt er um er mikilvæg til að standa straum af nauðsynlegum útgjöldum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í tengslum við skráningu eða framlengingu á skráningu viðskiptaskrár.

17) Koma ætti á einfölduðu umsóknarferli við framlengingu skráningar til að gera þeim viðskiptaskrám sem þegar hafa hlotið skráningu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 kleift að framlengja þá skráningu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365. Til að koma í veg fyrir tvítekningu krafna ættu upplýsingarnar sem viðskiptaskrár veita sem hluta af framlengingu skráningar að innihalda ítarlegar upplýsingar um breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að kröfunum samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365.

18) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([5]).

19) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Auðkenning, réttarstaða og tegundir fjármögnunarviðskipta með verðbréf

1. Að því er varðar a-lið 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal umsóknin um skráningu sem viðskiptaskrá innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) firmaheiti umsækjanda og lögheimili í Sambandinu,

b) útdrátt úr viðkomandi fyrirtækjaskrá eða dómabók, eða annars konar vottun á því hvar umsækjandi hefur staðfestu og á umfangi starfsemi umsækjanda, sem er í gildi á umsóknardegi,

c) upplýsingar um fyrir hvaða tegundir fjármögnunarviðskipta með verðbréf umsækjandi óskar eftir skráningu,

d) upplýsingar um það hvort umsækjandinn hafi starfsleyfi eða hafi hlotið skráningu hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu og, ef svo er, heiti á yfirvaldinu og tilvísunarnúmer í tengslum við leyfið eða skráninguna, ef til er,

e) samþykktir og, ef við á, önnur lögformleg gögn sem staðfesta að umsækjandinn muni veita viðskiptaskráarþjónustu,

f) fundargerð fundarins þar sem stjórn umsækjanda samþykkti umsóknina,

g) nafn og samskiptaupplýsingar þess einstaklings/þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á regluvörslu, eða annars starfsfólks sem kemur að mati á regluvörslu umsækjanda,

h) starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingar um staðsetningu meginstarfseminnar,

i) deili á öllum dótturfyrirtækjum og, ef við á, skipulag fyrirtækjasamstæðu,

j) alla þjónustu, aðra en á starfsemi viðskiptaskrár, sem umsækjandinn veitir eða hyggst veita,

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskrám um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 22).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannprófun, samantekt, samanburð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 30).

([5]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

k) allar upplýsingar um mál sem bíða meðferðar dóms, stjórnsýslu eða gerðardóms, eða önnur málaferli óháð tegund þeirra, sem umsækjandi kann að vera aðili að, einkum að því er varðar skatta- og gjaldþrotamál og þegar af málinu getur hlotist verulegur fjárhagslegur kostnaður eða orðsporsskaði, eða um mál sem bíða ekki dóms en geta samt sem áður haft veruleg áhrif á kostnað viðskiptaskrár.

2. Að kröfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skulu umsækjendur einnig veita viðbótarupplýsingar á meðan athugun á skráningarumsókn fer fram sé þörf á slíkum upplýsingum til mats á getu umsækjanda til að fara að kröfum sem settar eru fram í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365 og til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti á tilhlýðilegan hátt túlkað og greint gögnin sem leggja á fram eða hafa þegar verið lögð fram.

3. Telji umsækjandi að krafa samkvæmt þessari reglugerð eigi ekki við um hann skal hann tilgreina þá kröfu greinilega í umsókn sinni og gefa skýringu á því hvers vegna sú krafa eigi ekki við.

2. gr.

Stefnur og verklagsreglur

Ef upplýsingar um stefnur og verklagsreglur eru veittar sem hluti af umsókn skal umsækjandi sjá til þess að umsóknin innihaldi eftirfarandi þætti:

a) tilgreiningu á að stjórnin samþykki stefnurnar, framkvæmdastjórnin samþykki verklagsreglurnar og að framkvæmdastjórnin beri ábyrgð á að koma á og viðhalda stefnunum og verklagsreglunum,

b) lýsingu á því hvernig samskiptum um stefnur og verklagsreglur innan umsækjandans er háttað, hvernig tryggt sé að farið verið að stefnunum og með því fylgst frá degi til dags og hvaða aðili eða aðilar bera ábyrgð á því að þessu sé fylgt eftir,

c) öll skjöl sem tilgreina að launþegar og sérstakt starfsfólk viti af stefnunum og verklagsreglunum,

d) lýsing á ráðstöfunum sem gera skal ef brotið er gegn stefnum og verklagsreglum,

e) tilhögun tilkynninga til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um veruleg brot á stefnum eða verklagsreglum sem geta falið í sér brot á skilyrðum frumskráningar.

3. gr.

Eignarhald viðskiptaskrárinnar

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma:

a) skrá með nöfnum allra einstaklinga eða aðila sem með beinum eða óbeinum hætti eiga 5% eða meira af hlutafé umsækjandans eða ráða sama eða hærra hlutfalli atkvæðisréttar í umsækjandanum eða geta, í krafti eignarhlutar síns, haft veruleg áhrif á stjórnun umsækjandans,

b) skrá yfir öll fyrirtæki sem einstaklingur, sem um getur í a-lið, á 5% eða meira af hlutafé í, eða ræður yfir sama eða hærra hlutfalli atkvæðisréttar í, eða hefur veruleg áhrif á stjórnun hjá.

2. Sé fyrir að fara móðurfélagi umsækjanda skal hann:

a) veita upplýsingar um lögheimili móðurfélagsins,

b) upplýsa um hvort móðurfélagið hafi starfsleyfi eða sé skráð og lúti eftirliti, og ef svo er, tilgreina tilvísunarnúmer og nafn viðkomandi eftirlitsstofnunar.

4. gr.

Skýringarmynd yfir eignarhald

1. Í umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal vera skýringarmynd sem sýnir eignatengsl milli móðurfélagsins, dótturfélaga og annarra tengdra aðila eða útibúa.

2. Auðkenna skal fyrirtækin á skýringarmyndinni sem um getur í 1. mgr. með fullu nafni þeirra, réttarstöðu og lögheimili.

5. gr.

Skipurit

1. Í umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal vera skipurit sem sýnir stjórnskipulag umsækjanda, þ.m.t. alla viðbótarþjónustu.

2. Á skipuritinu skal tilgreina hvaða einstaklingar gegna hvaða mikilvægu stöðum, þ.m.t. sitja í framkvæmdastjórn og eru stjórnendur útibúa.

6. gr.

Stjórnarhættir

1. Í umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skulu vera upplýsingar um stefnur um innri stjórnarhætti umsækjanda auk verklagsreglna og starfslýsinga sem gilda um yfirstjórn, þ.m.t. stjórnina, utanaðkomandi stjórnarmenn og nefndir, hafi þær verið stofnaðar.

2. Slíkar upplýsingar skulu hafa að geyma lýsingu á valferlinu, skipunum í stöður, frammistöðumati og brottvikningu framkvæmdastjórnar og stjórnarmanna.

3. Fylgi umsækjandi viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja skal umsóknin um skráningu sem viðskiptaskrá tilgreina viðkomandi leiðbeiningar og útskýra öll tilvik þar sem hann víkur frá leiðbeiningunum.

7. gr.

Innra eftirlit

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um innra eftirlitskerfi umsækjanda, þ.m.t. upplýsingar um regluvörslu, áhættumat, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag innri endurskoðunar.

2. Ítarlegu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu innihalda:

a) stefnur umsækjanda að því er varðar innra eftirlit og verklagsreglur í tengslum við stöðuga og skilvirka framkvæmd þeirra,

b) allar stefnur, verklagsreglur og handbækur að því er varðar eftirlit með og mat á hæfi og skilvirkni kerfa umsækjanda,

c) allar stefnur, verklagsreglur og handbækur um stjórnun og öryggisráðstafanir í tengslum við upplýsingavinnslukerfi umsækjanda,

d) deili á innri aðilum sem sjá um mat á niðurstöðum viðkomandi innra eftirlits.

3. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um innri endurskoðun umsækjanda:

a) samsetningu allra innri endurskoðunarnefnda, valdheimildir þeirra og ábyrgð,

b) stofnskrá, aðferðafræði, staðla og verklagsreglur innra endurskoðunarsviðs hennar,

c) útskýringu á því hvernig stofnskrá, aðferðir og verklagsreglur innri endurskoðunar eru þróaðar og þeim beitt, að teknu tilliti til eðlis og umfangs starfsemi umsækjanda, flækjustigs og áhættu,

d) þriggja ára starfsáætlun frá umsóknardegi að teknu tilliti til eðlis starfsemi umsækjanda, flækjustigs og áhættu.

8. gr.

Regluvarsla

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur umsækjanda til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/2365:

a) lýsingu á hlutverki einstaklinga sem bera ábyrgð á regluvörslu og annarra starfsmanna sem koma að mati á regluvörslu, þ.m.t. hvernig tryggt sé að regluvarsla sé óháð annarri starfsemi,

b) innri stefnur og verklagsreglur sem miða að því að tryggja að umsækjandinn, þ.m.t. stjórnendur hans og starfsmenn, fari að öllum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/2365, þ.m.t. lýsing á hlutverki stjórnar og framkvæmdastjórnar,

c) sé hún fyrir hendi, nýjustu innri skýrslu sem gerð var af þeim einstaklingum sem bera ábyrgð á regluvörslu eða af öðrum starfsmönnum sem koma að mati á regluvörslu hjá umsækjanda.

9. gr.

Framkvæmdastjórn og stjórnarmenn

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um hvern aðila í framkvæmdastjórn og hvern stjórnarmann:

a) afrit af ferilskránni,

b) ítarlegar upplýsingar um þekkingu og reynslu af stjórnun, rekstri og þróun upplýsingatækni,

c) upplýsingar um allar sakfellingar í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu eða í tengslum við svik eða fjárdrátt, einkum í formi opinbers vottorðs sé það fáanlegt í viðkomandi aðildarríki,

d) eigin yfirlýsingu um óflekkað mannorð að því er varðar veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu, þar sem hver og einn aðili í framkvæmdastjórn og stjórnarmaður lýsir því yfir hvort:

   i. hann hefur verið sakfelldur í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu eða í tengslum við svik eða fjárdrátt,

   ii. hann hefur sætt ákvörðun sér í óhag í viðurlagamáli hjá eftirlitsyfirvaldi, opinberum aðila eða stofnun, eða er til umfjöllunar í slíku máli sem er ekki lokið,

   iii. hann hefur sætt úrskurði sér í óhag í einkamáli fyrir dómstóli í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu, eða vegna misferlis eða svika í atvinnurekstri,

   iv. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem eftirlitsaðili hefur afturkallað skráningu eða starfsleyfi fyrir,

   v. honum hefur verið synjað um rétt til að stunda starfsemi sem krefst skráningar eða starfsleyfis frá eftirlitsaðila,

   vi. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem varð gjaldþrota eða var tekið til slitameðferðar á meðan hann var tengdur fyrirtækinu eða innan árs frá því að hann hætti að hafa tengsl við fyrirtækið,

   vii. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem hefur sætt úrskurði því í óhag eða verið beitt viðurlögum af hálfu eftirlitsaðila,

   viii. hann hefur hlotið annars konar sektir, verið sviptur tímabundið, talist vanhæfur eða hlotið aðra refsingu af hálfu stjórnvalda, eftirlitsaðila eða fagaðila í tengslum við svik eða fjárdrátt eða í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu,

   ix. hann hefur talinn vanhæfur til að gegna stöðu framkvæmdastjóra, til að gegna hvers konar stjórnunarstöðu eða honum hefur verið sagt upp störfum eða hann leystur frá öðrum skyldum vegna misferlis eða vanrækslu í starfi,

e) yfirlýsingu um alla hugsanlega hagsmunaárekstra hjá aðilum í framkvæmdastjórn og stjórnarmönnum við að gegna skyldum sínum og hvernig þessir árekstrar eru meðhöndlaðir.

10. gr.

Starfsmannastefnur og verklagsreglur

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) starfskjarastefnu fyrir framkvæmdastjórn, stjórnarmenn og starfsfólk sem starfar á sviði áhættustýringar og eftirlits hjá umsækjanda,

b) lýsingu á þeim ráðstöfunum sem umsækjandi gerir til að draga úr áhættu af því að reiða sig um of á einstaka starfsmenn.

11. gr.

Hæfni og hæfi

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um starfsfólk umsækjanda:

a) almenna skrá yfir starfsfólk sem vinnur beint fyrir viðskiptaskrána, þ.m.t. hlutverk þeirra og þá menntun og hæfi sem tengjast hverju hlutverki,

b) sérstaka lýsingu á starfsfólki á sviði upplýsingatækni sem er ráðið beint til að veita viðskiptaskráarþjónustu ásamt hlutverki þeirra og menntun og hæfi hvers einstaklings,

c) lýsingu á hlutverki, menntun og hæfi hvers einstaklings sem ber ábyrgð á innri endurskoðun, innra eftirliti, regluvörslu og áhættumati,

d) deili á starfsmönnum sem sinna viðkomandi verkefnum eingöngu og þeim sem starfa samkvæmt útvistunarfyrirkomulagi,

e) upplýsingar um fræðslu um stefnu og verklagsreglur umsækjanda og rekstur viðskiptaskrárinnar, þ.m.t. próf eða annað formlegt mat sem starfsfólk þarf að gangast undir vegna starfrækslu viðskiptaskrárinnar.

Lýsingin sem um getur í b-lið skal innihalda skriflega staðfestingu á menntun og reynslu á sviði upplýsingatækni frá a.m.k. einum yfirmanni í hópi starfsmanna sem ber ábyrgð á upplýsingatæknimálum.

12. gr.

Reikningsskil og viðskiptaáætlanir

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um reikningsskil og starfsemi umsækjanda:

a) heildstæð reikningsskil, sem samin eru í samræmi við alþjóðlega staðla, sem samþykktir hafa verið í samræmi við 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([6]),

b) falli reikningsskil umsækjanda undir lögboðna endurskoðun í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([7]) skulu reikningsskilin innihalda endurskoðunarskýrslu um ársreikninga og samstæðureikningsskil,

c) nafn og innlent skráningarnúmer ytri endurskoðanda, sæti umsækjandi slíkri endurskoðun.

2. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma fjárhagslega rekstraráætlun með mismunandi rekstrarsviðsmyndum fyrir viðskiptaskráarþjónustu, sem nær yfir a.m.k. þriggja ára viðmiðunartímabil og inniheldur eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

a) vænt umfang skýrslugjafarstarfsemi sett fram sem fjöldi viðskipta,

b) viðeigandi fastakostnaður og breytilegur kostnaður sem varðar veitingu viðskiptaskráarþjónustu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

c) jákvæð og neikvæð frávik sem eru a.m.k. 20% frá tilgreindri grundvallarsviðsmynd fyrir starfsemina.

3. Ef sögulegar fjárhagsupplýsingar sem um getur í 1. mgr. liggja ekki fyrir skal umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um umsækjandann:

a) bráðabirgðayfirlýsingu sem sýnir fram á nægilegt fjármagn og áætlaða rekstrarstöðu sex mánuðum eftir að skráning yrði heimiluð,

b) árshlutareikningsskil ef reikningsskil umbeðins tímabils liggja ekki enn fyrir,

c) yfirlit um fjárhagsstöðu, s.s. efnahagsreikning, rekstrarreikning, breytingar á eigin fé og sjóðstreymi og skýringar með samantekt á reikningsskilaaðferðum og öðrum skýringum.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

4. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma endurskoðaðan ársreikning móðurfélags, sé um það að ræða, fyrir þrjú næstliðin fjárhagsár fyrir umsóknardaginn.

5. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal einnig hafa að geyma eftirfarandi fjárhagsupplýsingar um umsækjandann:

a) greinargerð um allar framtíðaráætlanir um að stofna dótturfélög og staðsetningu þeirra,

b) lýsingu á atvinnustarfsemi sem umsækjandi hyggst stunda þar sem tilgreind er starfsemi dótturfélaga eða útibúa, sé um þau að ræða.

13. gr.

Meðferð hagsmunaárekstra

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur umsækjanda um meðferð hagsmunaárekstra:

a) stefnur og verklagsreglur um greiningu, meðferð og upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra og lýsingu á ferlinu sem beitt er til að tryggja að viðkomandi einstaklingar séu meðvitaðir um stefnurnar og verklagsreglurnar,

b) aðrar ráðstafanir og eftirlit sem komið hefur verið á fót til að tryggja að kröfurnar sem um getur í a-lið í tengslum við meðferð hagsmunaárekstra séu uppfylltar.

14. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma upplýsingar um innri stefnur, verklagsreglur og kerfi sem koma í veg fyrir að upplýsingar sem geymdar verða hjá tilvonandi viðskiptaskrá séu notaðar:

a) í ólögmætum tilgangi,

b) til að birta trúnaðarupplýsingar,

c) ef ekki er heimilt að nota þær í viðskiptalegum tilgangi.

2. Innri stefnur, verklagsreglur og kerfi skulu hafa að geyma innri verklagsreglur um heimildir starfsfólks til notkunar aðgangsorða til að fá aðgang að gögnum, sem tilgreina tilgang starfsfólksins, umfang gagna sem skoðuð eru og allar takmarkanir á notkun gagna sem og ítarlegar upplýsingar um öll kerfi og stýringar sem eru í þeim tilgangi að stýra netöryggi og vernda gögnin sem geymd eru fyrir netárásum.

3. Umsækjendur skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um þau ferli sem beitt er til að halda skrá um hvern starfsmann sem nýtir sér aðgang að gögnunum, hvenær aðgangurinn er nýttur, eðli gagnanna sem aðgangur er nýttur að og í hvaða tilgangi það er gert.

15. gr.

Skrá yfir hagsmunaárekstra og aðferðir til að draga úr þeim

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma uppfærða skrá, þegar umsóknin er lögð fram, um fyrirliggjandi hagsmunaárekstra sem máli skipta í tengslum við viðbótarþjónustu eða aðra tengda þjónustu sem umsækjandi veitir og lýsingu á því hvernig meðferð þessara árekstra er háttað.

2. Sé umsækjandi hluti af samstæðu skal skráin tilgreina alla hagsmunaárekstra sem máli skipta og varða önnur félög innan samstæðunnar og hvernig meðferð þessara árekstra er háttað.

16. gr.

Upplýsingatækni og útvistun

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar að því er varðar tilföng til upplýsingatækni:

a) ítarlega lýsingu á upplýsingatæknikerfinu, þ.m.t. viðkomandi viðskiptakröfur, virkni- og tækniforskriftir, kerfishögun og tæknilega hönnun, gagnalíkan, gagnaflæði og rekstrar- og stjórnsýslumeðferð og handbækur,

b) notendabúnað sem umsækjandi hefur þróað til að veita viðskiptavinum þjónustu, ásamt afritum af notendahandbókum og innri verklagsreglum,

c) stefnur umsækjanda um fjárfestingar og endurnýjun á upplýsingatæknibúnaði og tengdum tilföngum,

d) útvistunarsamninga sem umsækjandi hefur gert, þ.m.t.:

i. ítarlega skilgreiningu á þjónustunni sem verður veitt, þ.m.t. mælanlegt umfang þjónustunnar, sundurgreinanleika starfseminnar sem og skilyrði sem gilda um þessa starfsemi og tímalínu þeirra,

ii. þjónustusamninga með skýrum hlutverkum og ábyrgð, mælistikum og markmiðum fyrir allar helstu kröfur við-skiptaskrár sem er útvistað, aðferðirnar sem er beitt til að hafa eftirlit með þjónustustigi útvistuðu starfseminnar og mælistikurnar eða aðgerðirnar sem skal grípa til ef markmið um þjónustustig eru ekki uppfyllt,

iii. afrit af samningum um slíkt fyrirkomulag.

17. gr.

Viðbótarþjónusta

Ef umsækjandi, félag innan samstæðu hans eða félag sem umsækjandinn hefur gert samning við um viðskipta- eða eftirviðskiptaþjónustu, býður upp á, eða hyggst bjóða upp á, viðbótarþjónustu, skal umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á viðbótarþjónustunni sem umsækjandi eða samstæða hans veitir og lýsingu á þeim samningum sem viðskiptaskráin kann að hafa gert við fyrirtæki sem veita viðskipta-, eftirviðskiptaþjónustu eða aðra tengda þjónustu, auk afrita af slíkum samningum,

b) verklagsreglur og stefnur sem tryggja nauðsynlega rekstrarlega aðgreiningu, að því er varðar tilföng, kerfi og ferla, milli viðskiptaskráarþjónustu umsækjanda samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og annarra viðskiptasviða, þ.m.t. þeirra viðskiptasviða sem sinna þjónustustarfsemi samkvæmt löggjöf Sambandsins eða þriðja lands, án tillits til þess hvort það viðskiptasvið er rekið af viðskiptaskránni, fyrirtæki sem tilheyrir eignarhaldsfélagi hennar eða öðru fyrirtæki sem hún hefur gert samning við í tengslum við viðskipta- eða eftirviðskiptakeðjuna eða viðskiptasviðið.

18. gr.

Gagnsæi aðgangsreglna

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) stefnur og verklagsreglur sem gilda um skýrslugjöf og aðgang mismunandi tegunda notenda að gögnum hjá viðskiptaskrá, þ.m.t. öll ferli sem viðkomandi notendur gætu þurft til að fá aðgang að, fletta upp í eða breyta upplýsingum sem viðskiptaskrá geymir,

b) afrit af skilmálum og skilyrðum sem gilda um réttindi og skyldur mismunandi tegunda notenda í tengslum við upplýsingar sem viðskiptaskrá geymir,

c) lýsingu á mismunandi flokkum notandaaðgangs,

d) stefnur og verklagsreglur um aðgang annarra þjónustuveitenda, á jafnræðisgrundvelli, að upplýsingum sem viðskiptaskráin viðheldur, hafi viðkomandi mótaðilar veitt skriflegt, sjálfviljugt og afturkræft samþykki sitt,

e) lýsingu á þeim boðleiðum og ferlum sem viðskiptaskrá notar til að birta opinberlega upplýsingar um aðgang að þeirri viðskiptaskrá.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. skal tilgreina fyrir eftirfarandi tegundir notenda:

a) innri notendur,

b) skýrslugefandi mótaðila,

c) aðila sem leggja fram skýrslu,

d) aðila sem bera ábyrgð á skýrslugjöf,

e) mótaðila sem eru ekki skýrslugefandi,

f) þriðju aðila sem eru ekki skýrslugefandi,

g) aðila sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2015/2365,

h) aðra notendahópa, ef við á.

19. gr.

Sannprófun á því að gögn séu tæmandi og rétt

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) verklagsreglur við sannvottun á deili á notendum sem hafa aðgang að viðskiptaskrá í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358,

b) verklagsreglur við sannprófun á að notað sé XML-sniðmát í samræmi við ISO 20022 aðferðafræðina í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358,

c) verklagsreglur við sannprófun á starfsleyfisveitingu og upplýsingatæknileyfi aðilans sem gefur skýrslu fyrir hönd skýrslugefandi mótaðila í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358,

d) verklagsreglur við sannprófun á að rökréttri röð tilkynntra upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sé ávallt haldið í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358,

e) verklagsreglur við sannprófun á því að tilkynntar upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf séu tæmandi og réttar í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358,

f) verklagsreglur við afstemmingu gagna milli viðskiptaskráa ef mótaðilar tilkynna til mismunandi viðskiptaskráa í samræmi við 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358,

g) verklagsreglur við endurgjöf til mótaðila að fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, eða þriðju aðila sem senda skýrslur fyrir þeirra hönd, um sannprófanirnar skv. a- til e-lið og niðurstöður afstemmingarferlisins skv. f-lið í samræmi við 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358.

20. gr.

Gagnsæi verðlagningarstefnu

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma lýsingu á:

a) verðlagningarstefnu umsækjanda, þ.m.t. gildandi afsláttum og endurgreiðslum og skilyrðum fyrir nýtingu slíkra lækkana,

b) gjaldafyrirkomulagi umsækjanda fyrir alla viðskiptaskráar- og viðbótarþjónustu, þ.m.t. áætluðum kostnaði við viðskiptaskráarþjónustu og viðbótarþjónustu, auk upplýsinga um þær aðferðir sem notaðar eru til að gera grein fyrir öðrum kostnaði sem umsækjandi kann að stofna til þegar hann veitir viðskiptaskráarþjónustu og þjónustu sem heyrir undir viðbótarþjónustu,

c) aðferðum sem beitt er til að gera upplýsingarnar aðgengilegar öllum notendahópum, þ.m.t. afrit af gjaldskránni þar sem viðskiptaskráarþjónusta og viðbótarþjónusta skulu aðgreindar.

21. gr.

Rekstraráhætta

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma:

a) ítarlega lýsingu á tiltækum úrræðum og verklagsreglum sem miða að því að greina og draga úr rekstraráhættu og annarri verulegri áhættu sem umsækjandi stendur frammi fyrir, þ.m.t. afrit af viðkomandi stefnum, aðferðafræði, innri verklagsreglum og handbókum,

b) lýsingu á hreinum lausafjáreignum, fjármögnuðum með eigin fé, til að standa straum af hugsanlegu almennu rekstrartapi svo unnt sé að halda áfram að veita þjónustu á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis, og mat á fjárhagslegu bolmagni til að standa straum af rekstrarkostnaði vegna slita eða endurskipulagningar á mikilvægri starfsemi og þjónustu í a.m.k. sex mánuði,

c) áætlun umsækjanda um rekstrarsamfellu og stefnu um uppfærslu hennar, þ.m.t. eftirfarandi:

i. alla rekstrarferla, tilföng, aðferðir við hækkun áhættustigs og tengd kerfi sem eru mikilvæg til að tryggja þjónustu umsækjanda, þ.m.t. alla viðkomandi útvistaða þjónustu auk stefnuáætlunar, stefnu og markmiða viðskiptaskrárinnar um samfellu þessara ferla,

ii. ráðstafanir sem hafa verið gerðar ásamt öðrum aðilum sem starfrækja innviði fjármálamarkaða, þ.m.t. öðrum viðskiptaskrám,

iii. ráðstafanir sem miða að því að tryggja lágmarksþjónustustig mikilvægrar starfsemi og hvenær áætlað er að fullri endurheimt slíkra ferla yrði lokið,

iv. hámarks ásættanlegan endurheimtartíma viðskiptaferla og kerfa, að teknu tilliti til frestsins til skýrslugjafar til viðskiptaskráa, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, og þess magns upplýsinga sem viðskiptaskráin þarf að vinna úr innan þess eins dags tímabils,

v. verklagsreglur um atvikaskráningu og endurskoðanir,

vi. prófunaráætlun og niðurstöður allra prófana,

vii. fjölda annarra tiltækra tækni- og rekstrarstöðva, staðsetningar þeirra, tilföng í samanburði við aðalstöðina og settar verklagsreglur um rekstrarsamfellu ef nota þarf aðrar stöðvar,

viii. upplýsingar um aðgang að varastarfsstöð sem gerir starfsfólki kleift að tryggja samfellu þjónustunnar ef aðalskrifstofa er ekki tiltæk,

ix. áætlanir, verklagsreglur og fyrirkomulag til að bregðast við neyðartilvikum og til að tryggja öryggi starfsfólks,

x. áætlanir, verklagsreglur og fyrirkomulag við krísustjórnun, þ.m.t. samræming heildaraðgerða til rekstrarsamfellu í viðskiptum og tímanleg og skilvirk virkjun innan tiltekins endurheimtartíma,

xi. áætlanir, verklagsreglur og fyrirkomulag til að endurreisa kerfi, hugbúnað og innviði umsækjanda innan fyrir-framákveðins markmiðs um endurreisnartíma.

d) lýsingu á fyrirkomulagi til að tryggja viðskiptaskráarstarfsemi umsækjandans komi til rekstrartruflunar, og aðkomu notenda viðskiptaskrárinnar og annarra þriðju aðila að því fyrirkomulagi.

2. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma verklagsreglur til að tryggja skipuleg útskipti á upphaflegu viðskiptaskránni ef skýrslugefandi mótaðili óskar eftir því, eða þriðji aðili sem skilar skýrslu fyrir hönd mótaðila sem er ekki skýrslugefandi, eða ef slík útskipting er afleiðing afturköllunar á skráningu, og skal innihalda verklagið við yfirfærslu gagna og framsendingu skýrslugjafar til annarrar viðskiptaskrár.

22. gr.

Stefna um skráahald

1. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma upplýsingar um móttöku og meðferð gagna, þ.m.t. allar stefnur og verklagsreglur sem umsækjandi setur til að tryggja:

a) tímanlega og rétta skráningu á tilkynntum upplýsingum,

b) skráahald yfir allar veittar upplýsingar í tengslum við gerð, breytingu eða uppsögn fjármögnunarviðskipta með verðbréf í skrá yfir skýrslugjöf,

c) að gögnunum sé viðhaldið bæði á Netinu og utan þess,

d) að gögnin séu afrituð með fullnægjandi hætti í þágu rekstrarsamfellu.

2. Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma upplýsingar um kerfi, stefnur og verklagsreglur um skráahald sem notuð eru til að tryggja að gögnum sé breytt á viðeigandi hátt og að stöður séu rétt reiknaðar út í samræmi við gildandi lög eða kröfur samkvæmt reglum.

23. gr.

Kerfi til að tryggja tiltækileika gagna

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal hafa að geyma lýsingu á tilföngum, aðferðum og leiðum sem umsækjandi notar til að veita aðgang að upplýsingum í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) verklag við útreikning á samtölu staðna í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358 ásamt lýsingu á tilföngum, aðferðum og leiðum sem viðskiptaskráin mun nota til að veita almenningi aðgang að gögnum sem hún geymir í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og lýsingu á tíðni uppfærslna, ásamt afritum af sérstökum notendahandbókum og innri stefnum þar að lútandi,

b) lýsingu á tilföngum, aðferðum og aðstöðu sem viðskiptaskráin notar til að veita viðkomandi yfirvöldum aðgang að upplýsingum sínum í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, tíðni uppfærslna og eftirlit og sannprófanir sem viðskiptaskráin kann að nota til að stýra aðgangi, ásamt afritum af sérstökum notendahandbókum og innri stefnum þar að lútandi,

c) aðferð og lýsingu á tilföngum, aðferðum og leiðum sem viðskiptaskráin notar til að auðvelda gagnasöfnun frá mótaðilum á tímanlegan, skipulegan og ítarlegan hátt, aðgang mótaðila Í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf að upplýsingum sem hún býr yfir í samræmi við 6. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og 5. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 648/2012, ásamt afriti af sérstökum notendahandbókum og innri stefnum þar að lútandi.

24. gr.

Beinn og tafarlaus aðgangur yfirvalda að gögnum

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) skilmálana og skilyrðin sem gilda þegar yfirvöldunum, sem um getur í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, er veittur beinn og tafarlaus aðgangur að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem viðskiptaskrá býr yfir í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2019/357,

b) verklagsreglurnar sem farið er eftir þegar yfirvöldunum sem um getur í a-lið er veittur beinn og tafarlaus aðgangur að upplýsingunum sem viðskiptaskráin býr yfir í samræmi við 4. og 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/358,

c) verklagsreglurnar sem farið er eftir til að tryggja heilleika gagna sem þessi yfirvöld hafa aðgang að.

25. gr.

Greiðsla þóknana

Umsókn um skráningu sem viðskiptaskrá skal innihalda sönnun á greiðslu viðkomandi skráningargjalda sem komið er á með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/360 ([8]).

26. gr.

Upplýsingar sem skal veita ef um er að ræða framlengingu skráningar

Að því er varðar b-lið 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal umsókn um framlengingu gildandi skráningar innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru í:

a) 1. gr., að undanskildum k-lið 1. mgr.,

b) 2. gr.,

c) 5. gr.,

d) 7. gr., að undanskildum d-lið 2. mgr.,

e) b-lið 8. gr.,

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/360 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrám (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 58).

f) b-lið 1. mgr. 9. gr. og e-lið 1. mgr. 9. gr.,

g) 11. gr.,

h) 2. mgr. 12. gr.,

i) 13. gr.,

j) 2. mgr. 14. gr.,

k) 15. gr.,

l) 16. gr., að undanskildum c-lið,

m) 17. gr.,

n) 18. gr.,

o) 19. gr.,

p) 20. gr.,

q) 21. gr.,

r) 22. gr.,

s) 23. gr.,

t) 24. gr.,

u) 25. gr.,

v) 27. gr.

27. gr.

Sannprófun á því að umsókn sé rétt og tæmandi

1. Öllum upplýsingum sem lagðar eru fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í skráningarferlinu skal fylgja bréf sem er undirritað af stjórnarmanni og framkvæmdastjórn viðskiptaskrárinnar til staðfestingar á því að framlagðar upplýsingar séu, samkvæmt bestu vitund þeirra, réttar og tæmandi á deginum sem þær eru lagðar fram.

2. Upplýsingunum skulu fylgja, ef við á, viðeigandi lagaleg skjöl fyrirtækisins sem staðfesta áreiðanleika gagnanna.

28. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/360 **2023/EES/83/05**

frá 13. desember 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2365 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrám (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 62. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]) kveða á um að tekjur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) samanstandi af gjöldum sem greidd eru til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í þeim tilvikum sem tilgreind eru í löggjöf Sambandsins, ásamt framlögum frá innlendum opinberum yfirvöldum og styrk frá Sambandinu.

2) Innheimta ætti skráningargjald af viðskiptaskrám með staðfestu í Sambandinu til að mæta kostnaði Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna úrvinnslu umsóknar um skráningu.

3) Kostnaður Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna úrvinnslu umsóknar um skráningu mun verða hærri ef viðskiptaskráin veitir viðbótarþjónustu. Veiting slíkrar viðbótarþjónustu er vísbending um mikla áætlaða veltu og um aukinn kostnað tengdan mati á umsókninni um skráningu. Í þeim tilgangi að innheimta skráningargjöld ætti því að flokka viðskiptaskrár í tvo flokka eftir áætlaðri heildarveltu, meiri og minni áætlaðri heildarvelta, sem mishá skráningargjöld ættu að gilda um, eftir því hvort þær hafi í hyggju að veita viðbótarþjónustu.

4) Ef viðskiptaskrá, sem þegar er skráð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([3]), sækir um framlengingu skráningar ættu útgjöldin, sem nauðsynleg eru til að meta og rannsaka umsóknina af nákvæmni, að vera lægri en vegna nýrrar skráningar þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr nú þegar yfir viðeigandi upplýsingum varðandi viðskiptaskrána sem sækir um. Viðskiptaskráin sem sækir um ætti þess vegna að greiða lægra gjald. Ef viðskiptaskrá, sem ekki er þegar skráð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, leggur samtímis fram umsóknir um skráningu samkvæmt bæði reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og reglugerð (ESB) 2015/2365, ættu útgjöldin, sem nauðsynleg eru til að meta og rannsaka umsóknina af nákvæmni, einnig að vera lægri vegna samlegðaráhrifa við að rýna samhliða sömu tegund skjala. Ef um er að ræða umsóknir á sama tíma ætti viðskiptaskráin að greiða fullt skráningargjald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og lækkað gjald fyrir framlengingu skráningar samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365.

5) Ef viðskiptaskrá tekur, eftir skráningu, að bjóða viðbótarþjónustu og fellur þar með í hærri flokk út frá áætlaðri heildarveltu, ætti hún að greiða mismuninn á upphaflega skráningargjaldinu og skráningargjaldinu sem samsvarar flokknum með hærri áætlaða veltu. Aftur á móti ef viðskiptaskrá hættir að bjóða viðbótarþjónustu eftir skráningu, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki að endurgreiða henni þar sem útgjöldunum, sem nauðsynleg eru til að meta umsókn viðskiptaskrár með mikla veltu, hefur í reynd verið ráðstafað við skráninguna.

6) Til að koma í veg fyrir ástæðulausar umsóknir ætti hvorki að endurgreiða skráningargjald ef umsækjandi dregur umsókn sína til baka á meðan skráningarferlið stendur yfir, né þegar skráningu er hafnað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

7) Til að tryggja skilvirka notkun þeirra fjármuna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur úr að spila og á sama tíma létta fjárhagslega byrði aðildarríkja og Sambandsins, er nauðsynlegt að tryggja að viðskiptaskrár greiði a.m.k. allan kostnað í tengslum við eftirlit með þeim. Eftirlitsgjöld ætti að ákvarða þannig að komið sé í veg fyrir verulegan uppsafnaðan halla eða afgang af starfsemi sem tengist viðskiptaskrám. Í tilviki halla ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki að endurheimta hallann frá viðskiptaskránni. Ef hallinn er umtalsverður ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að greina ástæðurnar og breyta væntum eftirlitskostnaði sínum fyrir næsta rekstraráætlunartímabil. Að því er varðar afgang ætti ekki að endurgreiða viðskiptaskránni umframgjöld.

8) Til að tryggja sanngjarna og skýra álagningu gjalda sem, á sama tíma, endurspeglar raunverulega vinnu stjórnsýslunnar við hvern aðila sem sætir eftirliti, ætti að reikna út eftirlitsgjaldið á grundvelli veltu sem stafar af grunnstarfsemi viðskiptaskrár og viðbótarþjónustu hennar. Að því er varðar útreikning á viðeigandi veltu er nauðsynlegt að aðgreina viðbótarþjónustu sem tengist beint grunnstarfseminni við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf (SFT) samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, s.s. umboðslánveitingu og umsjón veðtrygginga, eða þjónustu sem tengist miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf og afleiður, s.s. viðskiptapörun, viðskiptastaðfestingu, veðmati veðtrygginga og gagnaskilum þriðja aðila. Eftirlitsgjöld sem innheimt eru af viðskiptaskrá ættu að vera í réttu hlutfalli við starfsemi þeirrar einstöku viðskiptaskráar í samanburði við heildarstarfsemi allra skráðra viðskiptaskráa sem lúta eftirliti, innan tiltekins árs. Í ljósi þess að viss fastur stjórnsýslukostnaður fylgir eftirliti með viðskiptaskrám ætti þó að koma á árlegu lágmarkseftirlitsgjaldi. Greiðsla eftirlitsgjalda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hefur ekki áhrif á þessa fjárhæð.

9) Setja ætti reglur um gjöld sem innheimta á af viðskiptaskrám í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu í Sambandinu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, til að mæta stjórnsýslukostnaði vegna viðurkenningarinnar og árlegs eftirlits. Í þessu tilliti ætti viðurkenningargjaldið að innihalda tvo þætti, nauðsynleg útgjöld tengd úrvinnslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á umsókninni um viðurkenningu viðskiptaskráa í þriðju löndum skv. 4. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, og nauðsynleg útgjöld sem varða gerð samstarfssamninga við lögbæru yfirvöldin í því þriðja landi þar sem viðskiptaskrá sem sækir um er skráð skv. 20. mgr. 75. gr. þeirrar reglugerðar. Kostnaðinum sem tengist gerð samstarfssamninga ætti að deila á milli viðurkenndra viðskiptaskráa frá sama þriðja landi. Enn fremur ætti að innheimta árlegt eftirlitsgjald af viðskiptaskrám í þriðju löndum.

10) Ef viðskiptaskrá þriðja lands sem þegar er viðurkennd samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 sækir um framlengingu skráningar sinnar sem viðurkennd ætti kostnaðurinn við úrvinnslu umsóknarinnar að vera lægri en kostnaðurinn við úrvinnslu nýrrar umsóknar vegna samlegðaráhrifa milli málsmeðferðarreglna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og reglugerðar (ESB) 2015/2365. Þess vegna ætti að lækka þann þátt viðurkenningargjaldsins sem tengist úrvinnslu umsóknarinnar. Á hinn bóginn felur kostnaðurinn við að gera samstarfssamning í sér kostnað sem sérstaklega tengist reglufylgni við reglugerð (ESB) 2015/2365. Þess vegna ætti sá þáttur viðurkenningargjaldsins sem tengist samstarfssamningum að vera óháður núverandi samstarfssamningum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

11) Eftirlitshlutverkið sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur með höndum að því er varðar viðurkenndar viðskiptaskrár í þriðju löndum tengist aðallega framkvæmd samstarfssamninga, þ.m.t. skilvirkum gagnaskiptum á milli viðkomandi yfirvalda. Kostnaðurinn við að sinna þessu hlutverki ætti að falla undir árleg eftirlitsgjöld sem innheimt eru af viðurkenndum viðskiptaskrám. Þar eð þessi kostnaður verður mun lægri en sá sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ber af því að annast beint eftirlit með skráðum viðskiptaskrám í Sambandinu ættu eftirlitsgjöld fyrir viðurkenndar viðskiptaskrár að vera umtalsvert lægri en lágmarkseftirlitsgjaldið sem lagt er á skráðar viðskiptaskrár sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur beint eftirlit með.

12) Lögbær landsyfirvöld stofna til kostnaðar þegar þau inna af hendi vinnu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og sem afleiðing af sérhverjum framseldum verkefnum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til lögbærra landsyfirvalda skv. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2010 og skv. 1. mgr 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365. Gjöldin sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskrám ættu einnig að standa straum af þeim kostnaði. Til að lögbær yfirvöld beri ekki tap eða hafi hagnað af að annast verkefni sem þeim eru falin eða af að aðstoða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að endurgreiða raunverulegan kostnað sem það lögbæra landsyfirvald stofnar til.

13) Þar sem einungis takmörkuð gögn varðandi starfsemi viðskiptaskrár verða tiltæk á því ári sem hún er skráð ætti að reikna út bráðabirgðaeftirlitsgjald á grunni áætlaðra útgjalda sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með þeirri viðskiptaskrá á fyrsta ári hennar. Við nákvæman útreikning á gjaldinu ætti að taka tillit til dagsetningarinnar sem viðskiptaskráin er skráð og dagsetningarinnar þegar gagnaskilaskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 hefst, til að gefa nákvæma mynd af umfangi eftirlits sem krafist er af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Ef lögboðin gagnaskil viðskiptaskráar hefjast á árinu eftir skráningu hennar ætti bráðabirgðaeftirlitsgjaldið fyrir skráningarárið að byggjast á skráningargjaldinu. Þetta er vegna þess að útgjöldin sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins með viðskiptaskrá,

sem enn hefur ekki skilað inn gögnum, eru sambærileg við útgjöldin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á umsóknina um skráningu. Með hliðsjón af tímanum á milli skráningar og ársloka er fjárhæðin aðlöguð hlutfallslega m.t.t. þess að staðlað skráningarferli taki 150 vinnudaga. Ef lögboðin gagnaskil viðskiptaskráar hefjast á fyrstu sex mánuðum skráningarárs hennar ætti bráðabirgðaeftirlitsgjaldið að vera reiknað út á grunni viðeigandi veltu sem endurspeglar tekjur viðskiptaskrárinnar fyrsta hálfa árið. Ef lögboðin gagnaskil viðskiptaskráar hefjast á síðustu sex mánuðum skráningarársins ætti bráðabirgðaeftirlitsgjaldið að vera reiknað út á grunni skráningargjalds viðskiptaskrárinnar. Þetta er vegna þess að aðeins eru takmörkuð gögn tiltæk til að hægt sé að nota viðeigandi veltu.

14) Viðskiptaskrár sem skráðar eru á árinu 2019 munu ekki byrja að veita skýrsluþjónustu fyrir lok árs 2019 og umsvif þeirra árið 2019 líkleg til að vera næstum engin. Því ætti árlegt eftirlitsgjald þeirra fyrir árið 2020 að vera reiknað út á grundvelli viðeigandi veltu þeirra á fyrri hluta ársins 2020.

15) Þessi reglugerð ætti að mynda grunn að rétti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að innheimta gjöld af viðskiptaskrám.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Endurheimt eftirlitskostnaðar að fullu

Gjöldin sem innheimt eru af viðskiptaskrám skulu standa straum af:

a) öllum kostnaði sem tengist skráningunni og eftirliti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með viðskiptaskrám í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2365, þ.m.t. þeim kostnaði sem leiðir af viðurkenningu viðskiptaskráa sem og kostnaði sem leiðir af framlengingu skráningar eða framlengingu viðurkenningar fyrir viðskiptaskrár sem þegar hafa verið skráðar eða viðurkenndar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

b) öllum kostnaði vegna endurgreiðslunnar til lögbærra yfirvalda sem annast hafa vinnu samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, og sem afleiðing af sérhverju framsali verkefna skv. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365.

2. gr.

Viðeigandi velta

1. Viðskiptaskrár sem skráðar eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 eingöngu skulu, að því er varðar þessa reglugerð, halda endurskoðaða reikninga, þar sem greinarmunur er a.m.k. gerður á eftirfarandi:

a) tekjum sem aflað var af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

b) tekjum sem aflað var af viðbótarþjónustu sem tengist beint miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf skv. reglugerð (ESB) 2015/2365.

Viðeigandi tekjur af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar á tilteknu ári (n) skulu vera tekjurnar af þjónustunni, sem ákvörðuð er skv. b-lið.

2. Viðskiptaskrár sem skráðar eru bæði samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 skulu að því er þessa reglugerð varðar halda endurskoðaða reikninga, þar sem greinarmunur er a.m.k. gerður á eftirfarandi:

a) tekjum af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

b) tekjum af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) 648/2012,

c) tekjum af viðbótarþjónustu sem tengist beint miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

d) tekjum af viðbótarþjónustu sem tengist beint bæði miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

Viðeigandi tekjur af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar á tilteknu ári (n) skulu vera samtala

— teknanna sem um getur í c-lið og

— hluti teknanna sem um getur í d-lið.

Tekjuhlutinn sem um getur í d-lið skal vera jafn tekjunum sem um getur a-lið, deilt með samtölu

— teknanna sem um getur í a-lið og

— teknanna sem um getur í b-lið.

3. Viðeigandi velta viðskiptaskrár á tilteknu ári (n) skal vera samtala

— tekna hennar af grunnstarfseminni við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1) og

— viðeigandi tekna hennar af viðbótarþjónustu, sem ákvarðaðar eru skv. 1. og 2. mgr., eftir því sem við á, á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1)

deilt með samtölu

— heildartekna allra skráðra viðskiptaskráa af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1) og

— viðeigandi heildartekna af viðbótarþjónustu allra skráðra viðskiptaskráa, sem ákvarðaðar eru skv. 1. og 2. mgr., eftir því sem við á, á grunni endurskoðaðra reikninga fyrir undangengið ár (n – 1).

Viðeigandi velta tiltekinnar viðskiptaskráar („TRi“ í reiknireglunni hér að neðan) skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$\frac{SFT\ tekjur\ TRi}{\sum\ SFT\ tekjur\ allra\ TR}$$

þar sem SFT tekjur = tekjur af grunnstarfsemi + viðeigandi tekjur af viðbótarþjónustu.

4. Ef viðskiptaskráin starfaði ekki allt undangengið ár (n – 1) skal áætla viðeigandi veltu hennar samkvæmt reiknireglunni sem sett er fram í 3. mgr. með því að framreikna, fyrir viðskiptaskrána, virðið sem reiknað er út fyrir þann fjölda mánaða sem viðskiptaskráin starfaði árið (n – 1), í hlutfalli við allt árið (n – 1).

3. gr.

Ákvörðun gjalda

Ákveða skal gjöld sem innheimt eru fyrir starfsemi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem tengist viðskiptaskrám þannig að komið sé í veg fyrir verulegan uppsafnaðan halla eða afgang.

Sé um að ræða endurtekinn verulegan halla eða afgang skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurskoða fjárhæðir gjaldanna.

II. KAFLI

GJÖLD

4. gr.

Tegundir gjalda

1. Eftirfarandi tegundir gjalda skulu innheimt af viðskiptaskrám með staðfestu í Sambandinu sem sækja um skráningu skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365:

a) skráningargjöld og gjöld fyrir framlengingu skráningar skv. 5. gr.,

b) árleg eftirlitsgjöld skv. 6. gr.

2. Eftirfarandi tegundir gjalda skulu innheimt af viðskiptaskrám með staðfestu í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365:

a) viðurkenningargjöld og gjöld fyrir framlengingu skráningar skv. 1. og 2. mgr. 7. gr.,

b) árleg eftirlitsgjöld fyrir viðurkenndar viðskiptaskrár skv. 3. mgr. 7. gr.

5. gr.

Skráningargjald og gjald fyrir framlengingu skráningar

1. Skráningargjaldið, sem hver og ein viðskiptaskrá sem sækir um á að greiða, skal endurspegla útgjöldin sem nauðsynleg eru til að meta og rannsaka af nákvæmni umsóknina um skráningu eða framlengingu skráningar, að teknu tilliti til þjónustunnar sem viðskiptaskráin mun veita, þ.m.t. sérhverrar viðbótarþjónustu.

2. Viðskiptaskrá skal teljast bjóða viðbótarþjónustu við allar eftirfarandi aðstæður:

a) þegar hún sjálf veitir viðbótarþjónustu,

b) þegar aðili sem tilheyrir sömu samstæðu og viðskiptaskráin veitir viðbótarþjónustu,

c) þegar aðili sem viðskiptaskráin hefur gert samstarfssamning við um veitingu þjónustu, sem lið í viðskipta- eða eftirviðskiptakeðjunni eða á því viðskiptasviði, veitir viðbótarþjónustuna.

3. Ef viðskiptaskrá veitir ekki viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr. telst viðkomandi viðskiptaskrá hafa lága áætlaða heildarveltu og skal greiða skráningargjald sem nemur 65 000 evrum.

4. Ef viðskiptaskrá veitir viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr. telst viðskiptaskráin vera með mikla áætlaða heildarveltu og skal greiða skráningargjald sem nemur 100 000 evrum.

5. Ef viðskiptaskrá sækir um skráningu og hefur þegar verið skráð skv. 1. kafla, VI. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal viðskiptaskráin greiða gjald fyrir framlengingu skráningar sem nemur:

a) 50 000 evrum fyrir viðskiptaskrár sem veita viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr.,

b) 32 500 evrum fyrir viðskiptaskrár með lága áætlaða veltu sem veita ekki viðbótarþjónustu eins og um getur í 2. mgr.

6. Þegar viðskiptaskrá sem ekki er þegar skráð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, leggur samhliða fram umsóknir um skráningu samkvæmt bæði reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og reglugerð (ESB) 2015/2365, skal viðskiptaskráin greiða fullt skráningargjald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og gjaldið fyrir framlengingu skráningar skv. 5. mgr.

7. Verði verulegar breytingar á skilyrðunum fyrir skráningu eins og um getur í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, sem leiðir til þess að viðskiptaskránni ber að greiða hærra skráningargjald skv. 3., 4. og 5. mgr. en það sem greitt var í upphafi, skal innheimta af viðskiptaskránni mismuninn á upphaflega skráningargjaldinu og því hærra viðeigandi skráningargjaldi sem leiðir af þeirri verulegu breytingu.

6. gr.

Árleg eftirlitsgjöld fyrir skráðar viðskiptaskrár og viðskiptaskrár sem hafa framlengt skráningu sína

1. Árlegt eftirlitsgjald skal innheimt af skráðri viðskiptaskrá.

2. Árlegt heildareftirlitsgjald og árlegt eftirlitsgjald fyrir tiltekna viðskiptaskrá á tilteknu ári (n) skal reiknað út á eftirfarandi hátt:

a) árlegt heildareftirlitsgjald fyrir tiltekið ár (n) skal vera áætluðu útgjöldin sem varða eftirlit með starfsemi viðskiptaskráa skv. reglugerð (ESB) 2015/2365, eins og kemur fram í rekstrarfjárhagsáætlun Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar fyrir það ár,

b) árlegt eftirlitsgjald viðskiptaskráar fyrir tiltekið ár (n) skal vera árlega heildareftirlitsgjaldið sem ákvarðað er skv. a-lið, skipt á milli allra viðskiptaskráa sem skráðar eru árið n – 1, í hlutfalli við viðeigandi veltu þeirra sem reiknuð er út skv. 3. mgr. 2. gr.

3. Í engum tilvikum skal viðskiptaskrá sem sækir um skráningu eða framlengingu skráningar skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 greiða árlegt eftirlitsgjald sem er lægra en sem nemur 30 000 evrum.

7. gr.

Gjald fyrir viðskiptaskrár í þriðju löndum

1. Viðskiptaskrá sem sækir um viðurkenningu skv. a-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal greiða viðurkenningargjald sem reiknað er út sem samtalan af eftirfarandi:

a) 20 000 evrum,

b) fjárhæðinni sem fæst með því að deila 35 000 evrum með heildarfjölda viðskiptaskráa frá sama þriðja landi sem eru annaðhvort viðurkenndar af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða hafa sótt um viðurkenningu en hafa ekki enn hlotið viðurkenningu.

2. Viðskiptaskrá sem sækir um framlengingu skráningar skv. b-lið 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal greiða viðurkenningargjald sem reiknað er út sem samtalan á 10 000 evrum og fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við b-lið 1. mgr.

3. Viðskiptaskrá sem er viðurkennd skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365 skal greiða árlegt eftirlitsgjald sem nemur 5 000 evrum.

III. KAFLI

GREIÐSLU- OG ENDURGREIÐSLUSKILYRÐI

8. gr.

Almennt greiðslufyrirkomulag

1. Öll gjöld skulu greidd í evrum. Þau skulu greidd eins og tilgreint er í 9., 10. og 11. gr.

2. Greiðsludráttur skal leiða til álagningar dagsekta sem nema 0,1% af gjaldföllnu fjárhæðinni.

9. gr.

Greiðsla skráningargjalda

1. Skráningargjaldið sem um getur í 5. gr. skal greitt að fullu þegar viðskiptaskráin leggur fram umsókn sína um skráningu skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

2. Skráningargjöld skulu ekki endurgreidd ef viðskiptaskrá dregur umsókn sína um skráningu til baka áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur rökstudda ákvörðun um að skrá eða synja um skráningu, eða ef skráningu er synjað.

10. gr.

Greiðsla árlegra eftirlitsgjalda

1. Árlega eftirlitsgjaldið sem um getur í 6. gr., fyrir tiltekið ár skal greitt með tveimur afborgunum.

Fyrsta afborgunin skal koma til greiðslu 28. febrúar það ár og skal nema fimm sjöttu af áætluðu árlegu eftirlitsgjaldi. Liggi viðeigandi velta sem reiknuð er út skv. 2. gr. ekki enn fyrir á þeim tíma skal útreikningurinn á veltunni byggjast á síðustu viðeigandi veltu sem fyrir liggur skv. 2. gr.

Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. október. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal nema árlegu eftirlitsgjaldi sem reiknað er út skv. 6. gr. að frádreginni fjárhæð fyrri afborgunarinnar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda reikningana vegna afborgana til viðskiptaskránna a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.

11. gr.

Greiðsla gjalda fyrir viðskiptaskrár í þriðju löndum

1. Viðurkenningargjaldið sem um getur í 1. og 2. mgr. 7. gr. skal greitt að fullu þegar viðskiptaskráin leggur fram umsókn sína um viðurkenningu skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365. Þau skulu ekki endurgreidd.

2. Í hvert skipti sem ný umsókn um viðurkenningu viðskiptaskrár í þriðja landi er lögð fram skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurreikna fjárhæðina sem vísað er til í b-lið 1. mgr. 7. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurgreiða mismuninn á fjárhæðinni sem innheimt var skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. og fjárhæðinni sem leiðir af endurútreikningnum, jafnt á milli viðskiptaskránna sem þegar eru viðurkenndar frá sama þriðja landi. Sá mismunur skal endurgreiddur annaðhvort með beinni greiðslu eða með lækkun þeirra gjalda sem innheimt eru á næsta ári.

3. Árlegt eftirlitsgjald sem leggst á viðurkennda viðskiptaskrá skal koma til greiðslu fyrir lok febrúarmánaðar á hverju ári. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda viðurkenndri viðskiptaskrá reikning a.m.k. 30 dögum fyrir þann dag.

12. gr.

Endurgreiðsla til lögbærra yfirvalda

1. Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, samkvæmt þessari reglugerð, innheimta gjöld af viðskiptaskrám vegna skráningar þeirra, framlengingar skráningar, eftirlits og viðurkenningar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurgreiða lögbæru yfirvaldi þann raunverulega kostnað sem stofnað var til við að annast verkefni samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365 og vegna framsals verkefna skv. 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

IV. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Útreikningur á bráðabirgðaeftirlitsgjöldum

1. Ef skýrslugjafarskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, í samræmi við a-lið 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, hefst á árinu eftir skráningu viðskiptaskrár skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skal viðskiptaskráin greiða, á skráningarári sínu, bráðabirgðaeftirlitsgjald sem reiknað er út í samræmi við 1. hluta viðaukans.

2. Ef skýrslugjafarskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, í samræmi við a-lið 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, hefst á fyrstu sex mánuðum ársins sem viðskiptaskrá er skráð skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal viðskiptaskráin greiða, á skráningarári sínu, bráðabirgðaeftirlitsgjald sem reiknað er út í samræmi við 2. hluta viðaukans.

3. Ef skýrslugjafarskyldan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, í samræmi við a-lið 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, hefst á síðustu sex mánuðum ársins sem viðskiptaskrá er skráð skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skal viðskiptaskráin greiða, á skráningarári sínu, bráðabirgðaeftirlitsgjald sem reiknað er út í samræmi við 3. hluta viðaukans.

14. gr.

Greiðsla skráningargjalda og gjalda fyrir viðskiptaskrár í þriðju löndum árið 2019

1. Viðskiptaskrár sem sækja um skráningu skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 árið 2019 skulu greiða skráningargjaldið sem um getur í 6. gr. að fullu, 30 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða daginn sem umsóknin um skráningu er lögð fram, hvort heldur kemur síðar.

2. Viðskiptaskrár í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 árið 2019 skulu greiða viðurkenningargjaldið sem um getur 1. eða 2. mgr. 7. gr., eftir því sem við á, að fullu, 30 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða daginn sem umsóknin er lögð fram, hvort heldur kemur síðar.

3. Viðskiptaskrár í þriðju löndum sem viðurkenndar eru árið 2019 skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skulu greiða árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2019 skv. 3. mgr. 7. gr. að fullu 60 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða 30 dögum eftir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skýrir viðskiptaskránni frá ákvörðuninni um viðurkenningu sem um getur í 7. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, hvort heldur kemur síðar.

15. gr.

Árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2020 fyrir viðskiptaskrár sem skráðar eru eða hafa framlengt skráningu sína árið 2019

1. Eftirlitsgjald viðskiptaskrár fyrir árið 2020 skal vera árlega eftirlitsgjaldið alls sem ákvarðað er skv. a-lið 2. mgr. 6. gr., skipt á milli allra viðskiptaskráa sem skráðar eru árið 2019, í hlutfalli við viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 2. mgr.

2. Að því er varðar útreikning á árlegu eftirlitsgjaldi fyrir árið 2020 skv. 6. gr., fyrir viðskiptaskrá sem skráð var árið 2019 skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skal viðeigandi velta viðskiptaskrárinnar vera samtala

— teknanna af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skrár yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 og

— viðeigandi tekna af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020

deilt með samtölu

— heildartekna allra skráðra viðskiptaskráa af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 og

— viðeigandi tekna allra skráðra viðskiptaskráa af viðbótarþjónustu í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020.

3. Árlegt eftirlitsgjald vegna ársins 2020 fyrir viðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2019 skal greitt með tveimur afborgunum.

Fyrsta afborgunin skal koma til greiðslu 28. febrúar 2020 og samsvara skráningargjaldinu sem viðskiptaskráin greiddi árið 2019 skv. 5. gr.

Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. október 2020. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal nema árlegu eftirlitsgjaldi sem reiknað er út skv. 1. mgr. að frádreginni fjárhæð fyrri afborgunarinnar.

Ef fjárhæðin sem viðskiptaskrá greiddi með fyrstu afborgun er hærri en árlega eftirlitsgjaldið sem reiknað er út skv. 1. mgr., skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurgreiða viðskiptaskránni mismuninn á fjárhæðinni sem greidd var með fyrstu afborguninni og árlega eftirlitsgjaldinu sem reiknað er út skv. 1. mgr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda reikningana vegna afborgana á árlega eftirlitsgjaldinu vegna ársins 2020 til viðskiptaskráa sem skráðar eru árið 2019 a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.

5. Þegar endurskoðaðir reikningar fyrir árið 2020 verða tiltækir skulu viðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2019 tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um sérhverja breytingu á viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 2. mgr., sem stafar af mismuninum á milli lokagagnanna fyrir tímabilið frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 og bráðabrigðagagnanna sem notuð voru fyrir útreikninginn skv. 2. mgr.

Mismunurinn á árlega eftirlitsgjaldinu vegna ársins 2020 sem raunverulega var greitt skv. 1. mgr. og árlega eftirlitsgjaldinu vegna ársins 2020 sem greiða ber í framhaldi af sérhverri breytingu á viðeigandi veltu, sem um getur í fyrstu undirgrein, verður innheimtur af viðskiptaskrám.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda reikninginn vegna sérhverrar viðbótargreiðslu sem um getur í undirgreininni að ofan a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

BRÁÐABIRGÐAGJÖLD FYRSTA ÁRS

1. HLUTI

Bráðabirgðaeftirlitsgjald fyrir skráningarár viðskiptaskrár ef skýrslugjafarskyldan hefst árið á eftir

1. Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrárinnar skal vera það lægra af eftirfarandi:

   a) skráningargjaldi viðskiptaskrárinnar sem greiða ber skv. 5. gr. þessarar reglugerðar,

   b) skráningargjaldi viðskiptaskrárinnar sem greiða ber skv. 5. gr. þessarar reglugerðar, margfaldað með hlutfallinu milli fjölda virkra daga frá skráningardegi hennar til ársloka og 150 virkra daga.

   Þetta skal reiknað út á eftirfarandi hátt:

   *Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrár = Min (Skráningargjald, Skráningargjald * Reiknistuðull)*

$$Reiknistuðull = \frac{Virkir\ dagar\ með\ eftirliti\ á\ ári\ 1}{150}$$

2. Bráðabirgðaeftirlitsgjaldið skal greitt að fullu 60 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða 30 dögum eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, hvort heldur kemur síðar.

2. HLUTI

Bráðabirgðaeftirlitsgjald fyrir skráningarár viðskiptaskrár ef skýrslugjafarskyldan hefst á fyrstu sex mánuðum sama árs

1. Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrárinnar skal vera árlega heildareftirlitsgjaldið sem ákvarðað er skv. a-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar skipt á milli allra viðskiptaskráa sem skráðar eru það ár í hlutfalli við viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 2. mgr.

2. Að því er varðar útreikning á bráðabirgðaeftirlitsgjaldinu skal viðeigandi velta viðskiptaskrár vera samtala

   — teknanna af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní á árinu sem viðskiptaskráin var skráð og

   — viðeigandi tekna af viðbótarþjónustu viðskiptaskrárinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á, á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní á árinu sem viðskiptaskráin var skráð

   deilt með heildartekjum af grunnstarfsemi við miðlæga söfnun og viðhald skráa yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf og viðeigandi tekjum af viðbótarþjónustu allra skráðra viðskiptaskráa í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á, á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní þess árs.

3. Bráðabirgðaeftirlitsgjaldið skal greitt með tveimur afborgunum.

   Fyrri afborgunin skal koma til greiðslu 30 dögum eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og skal samsvara skráningargjaldi viðskiptaskrárinnar skv. 5. gr. þessarar reglugerðar.

   Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. október. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal vera bráðabirgðaeftirlitsgjaldið sem reiknað er út skv. 1. mgr. að frádreginni fjárhæð fyrri afborgunarinnar.

   Ef fjárhæðin sem viðskiptaskrá greiddi með fyrstu afborgun er hærri en bráðabirgðaeftirlitsgjaldið sem reiknað er út skv. 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurgreiða viðskiptaskránni mismuninn á fjárhæðinni sem greidd er með fyrstu afborguninni og bráðabirgðaeftirlitsgjaldinu sem reiknað er út skv. 1. mgr.

4. Þegar endurskoðaðir reikningar fyrir skráningarárið verða aðgengilegir skulu viðskiptaskrár tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um sérhverja breytingu á viðeigandi veltu sem reiknuð er út skv. 1. mgr., sem stafar af mismuninum á milli lokagagnanna fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og bráðabrigðagagnanna sem notuð voru fyrir útreikninginn skv. 1. mgr.

   Mismunurinn á árlega eftirlitsgjaldinu vegna skráningarársins sem raunverulega var greitt skv. 3. mgr. og árlega eftirlitsgjaldinu vegna skráningarársins sem greiða ber í framhaldi af sérhverri breytingu á viðeigandi veltu, sem um getur í fyrstu undirgreininni, verður innheimtur af viðskiptaskrám.

5. Án þess að hafa áhrif á 1. og 4. mgr. skal bráðabirgðaeftirlitsgjaldið ekki vera lægra en 15 000 evrur.

3. HLUTI

Bráðabirgðaeftirlitsgjald fyrir skráningarár viðskiptaskrár ef skýrslugjafarskyldan hefst á síðustu sex mánuðum sama árs

1. Bráðabirgðaeftirlitsgjald viðskiptaskrárinnar skal vera heildareftirlitsgjaldið sem ákvarðað er skv. a-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, skipt á milli allra viðskiptaskráa, hlutfallslega út frá hlutfalli skráningargjalds viðskiptaskrárinnar sem greitt er til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og samtölu allra skráningargjalda sem viðskiptaskrár greiða til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar það ár.
2. Gjaldið sem ákvarðað er skv. 1. mgr. skal koma til greiðslu 30 dögum eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/363 **2023/EES/83/06**

frá 13. desember 2018

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 10. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 6. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Afhenda ætti upplýsingarnar, sem mótaðilar fjármögnunarviðskipta með verðbréf („SFT“) greina viðskiptaskrám eða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni („ESMA“) frá, í samræmdu sniði til að auðvelda gagnaöflun, söfnun og samanburð á milli viðskiptaskráa. Skýrslusnið fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf ætti að vera í samræmi, að því marki sem er gerlegt, við það sem mælt er fyrir um í tengslum við skýrslugjöf um afleiðusamninga skv. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 til að lágmarka kostnað fyrir skýrslugefandi mótaðila. Reglugerð þessi mælir því fyrir um snið fyrir hvern reit sem greina skal frá og staðlar skýrslu með tilvísun í ISO-staðal sem er almennt notaður í fjármálageiranum.

2) Kerfi fyrir alþjóðlegt auðkenni lögaðila („LEI“) hefur nú verið innleitt að fullu og hver mótaðili fjármögnunarviðskipta með verðbréf ætti því einungis að nota það kerfi til að auðkenna lögaðila í skýrslu. Til að notkun mótaðila á kerfi fyrir auðkenni lögaðila sé skilvirk ætti viðkomandi mótaðili að tryggja að viðmiðunargögnin sem varða eigið auðkenni hans séu endurnýjuð í samræmi við skilmála viðurkennds útgefanda auðkennis lögaðila (staðbundinnar rekstrareiningar). Verið er að þróa útvíkkun á kerfi alþjóðlegs auðkennis lögaðila til að auðkenna útibú lögaðila. Þar til þessari útvíkkun er lokið og hún talin henta til að greina frá fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, og þessari reglugerð hefur verið breytt til samræmis við það, ætti að nota ISO-kóða landsins þar sem útibúið er staðsett til að auðkenna það útibú þegar fjármögnunarviðskipti með verðbréf eru gerð fyrir milligöngu útibússkrifstofu mótaðila.

3) Einnig er verið að þróa kerfi fyrir alþjóðlegt einkvæmt viðskiptaauðkenni (e. *unique trade identifier (UTI)*) til að auðkenna fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Þar til þetta alþjóðlega kerfi fyrir einkvæm viðskiptaauðkenni er tilbúið og það talið henta til að greina frá fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, og þessari reglugerð hefur verið breytt til samræmis við það, ætti að nota einkvæmt viðskiptaauðkenni sem mótaðilarnir hafa komið sér saman um til að auðkenna fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

4) Í ákvæðum 4. gr. a framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 ([3]) felst verklag til að ákvarða aðilann sem ber ábyrgð á að búa til einkvæmt viðskiptaauðkenni að því er varðar afleiðusamninga nái mótaðilar ekki samkomulagi um aðilann sem á að búa til einkvæma viðskiptaauðkennið. Koma ætti upp svipuðu verklagi fyrir mótaðila sem greina frá fjármögnunarviðskiptum með verðbréf til að tryggja samkvæmni milli skýrslugjafar um afleiðusamninga og fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB. L 352, 21.12.2012, bls. 20).

5) Nú eru engar venjur á sameiginlegum markaði til að ákvarða hlið mótaðilans í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf. Því ætti að koma á sértækum reglum til að tryggja nákvæm og samræmd auðkenni veðtryggingarveitandans og veðtryggingarhafans í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf.

6) Leggja má fram fjölda skýrslna fyrir ein fjármögnunarviðskipti með verðbréf, til dæmis ef breytingar eru gerðar hver á eftir annarri á þessum fjármögnunarviðskiptum með verðbréf. Til að tryggja að hver skýrsla sem varðar tiltekin fjármögnunarviðskipti með verðbréf, og hver fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem slík, séu skilin á tilhlýðilegan hátt ætti að leggja fram skýrslur í þeirri tímaröð sem atburðirnir sem tilkynnt er um gerðust.

7) Til að minnka byrði skýrslugjafar um breytingar á tilteknum gildum og einkum upplýsingar um virði veðtryggingar, tryggingarfé sem er lagt fram eða tekið við og endurnýtingu veðtrygginga ætti einungis að greina frá þessum upplýsingum eins og þær standa við lok hvers dags ef þær eru frábrugðnar áður tilkynntum upplýsingum.

8) Greina ætti frá upplýsingum um útistandandi verðbréfaveðlán eins og þau standa við lok hvers dags ef um er að ræða hreina skuldfærslu fjár í grunngjaldmiðli eða markaðsvirði skortstaðna mótaðila er jákvætt.

9) Greina ætti frá markaðsvirði verðbréfa sem voru lánuð eða fengin að láni eins og það stendur við lok hvers dags. Að sama skapi, þegar mótaðilar greina frá markaðsvirði veðtryggingar ættu þeir að miða við stöðuna eins og hún er við lok hvers dags.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([4]).

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

12) Tiltekin auðkenni og kóðar, til notkunar við skýrslugjöf um afleiðusamninga, eru enn í þróun eins og raunin er varðandi skýrslugjöf um fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Fram að þeim tíma þegar þessi auðkenni eða kóðar verða tiltækir og álitnir hentugir að því er varðar skýrslugjöf og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 hefur verið breytt til samræmis við það kveður sú reglugerð á um að nota eigi ISO 10692 CFI-kóða til að flokka afleiður sem ISO 6166 ISIN-númer eða AII-kóði eru ekki tiltæk fyrir og að nota eigi einkvæmt viðskiptaauðkenni sem mótaðilar hafa komið sér saman um til að auðkenna afleiðuskýrslu. Til að tryggja réttarvissu að því er varðar viðeigandi málsmeðferð til að breyta gildandi kröfum sem varða skýrslugjöf um afleiðusamninga og það samræmi sem krafist er milli skýrslugjafar um afleiður og fjármögnunarviðskipti með verðbréf ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 einungis að vísa til krafna sem gilda nú um þá skýrslugjöf.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gagnastaðlar og gagnasnið fyrir skýrslur um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

Afhenda skal upplýsingarnar, sem koma eiga fram í skýrslum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, í samræmi við staðlana og sniðin sem eru tilgreind í töflum 1 til 5 í I. viðauka. Leggja skal þessa skýrslu fram í sameiginlegu rafrænu og tölvulesanlegu formi og í sameiginlegu XML-sniðmáti í samræmi við ISO 20022 aðferðafræðina.

([4]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

2. gr.

Auðkenni mótaðila og annarra aðila

1. Í skýrslunni sem um getur í 1. gr. skal nota ISO 17442 auðkenniskóða lögaðila (LEI) til að auðkenna eftirfarandi:

a) rétthafa sem er lögaðili,

b) miðlunarfyrirtæki,

c) miðlægan mótaðila (CCP) sem hefur starfsleyfi í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

d) stöðustofnunaraðila,

e) umboðsaðila lánveitanda,

f) þátttakanda í verðbréfamiðstöð (CSD),

g) mótaðila sem er lögaðili,

h) þríhliða umboðsaðili,

i) aðila sem leggur fram skýrslu,

j) útgefanda verðbréfs sem var lánað, tekið að láni eða lagt að veði í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf.

2. Mótaðili fjármögnunarviðskipta með verðbréf skal tryggja að tilvísunargögnin er varða ISO 17442 auðkenniskóða lögaðila þess sé endurnýjaður í samræmi við skilmála löggiltu, staðbundnu rekstrareiningarinnar í alþjóðlega kerfinu yfir auðkenni lögaðila.

3. Þegar fjármögnunarviðskiptum með verðbréf eru gerð fyrir milligöngu útibús mótaðila skal í skýrslunni, sem um getur í 1. gr., nota kóðann sem tilgreindur er í reitum 7 og 8 í töflu 1 í I. viðauka til að auðkenna það útibú mótaðila.

3. gr.

Einkvæmt viðskiptaauðkenni

1. Skýrsla skal auðkennd með einkvæmu viðskiptaauðkenni sem mótaðilarnir hafa komið sér saman um í samræmi við sniðið sem er tilgreint í reit 1 í töflu 2 í I. viðauka.

2. Þegar mótaðilarnir ná ekki samkomulagi um aðilann, sem á að búa til einkvæma viðskiptaauðkennið til úthlutunar fyrir skýrsluna, skulu mótaðilarnir ákveða hvaða aðili á að búa til einkvæmt viðskiptaauðkenni í samræmi við eftirfarandi:

a) sé um að ræða miðlægt framkvæmd og stöðustofnuð fjármögnunarviðskipti með verðbréf skal miðlægi mótaðilinn búa til einkvæma viðskiptaauðkennið við stöðustofnun fyrir stöðustofnunaraðilann. Stöðustofnunaraðilinn skal búa til annað einkvæmt viðskiptaauðkenni fyrir mótaðila sinn,

b) sé um að ræða miðlægt framkvæmd og en ekki miðlægt stöðustofnuð fjármögnunarviðskipti með verðbréf skal viðskiptavettvangurinn þar sem þau eru framkvæmd búa til einkvæmt viðskiptaauðkenni fyrir aðila sinn,

c) sé um að ræða miðlægt framkvæmd og stöðustofnuð fjármögnunarviðskipti með verðbréf, skal miðlægi mótaðilinn búa til einkvæma viðskiptaauðkennið við stöðustofnun fyrir stöðustofnunaraðilann. Stöðustofnunaraðilinn skal búa til annað einkvæmt viðskiptaauðkenni fyrir mótaðila sinn,

d) sé um að ræða fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem voru staðfest miðlægt á rafrænan hátt en ekki stöðustofnuð miðlægt skal einkvæma viðskiptaauðkennið búið til af staðfestingarvettvangi viðskiptanna við staðfestingu,

e) eftirfarandi gildir um öll önnur fjármögnunarviðskipti með verðbréf en þau sem um getur í a- til d-lið:

   i. ef fjárhagslegir mótaðilar eiga fjármögnunarviðskipti með verðbréf við ófjárhagslega mótaðila skulu þeir búa einkvæma viðskiptaauðkennið til,

   ii. fyrir allar verðbréfalánveitingar eða lánsviðskipti önnur en þau sem um getur í i-lið, skal veðtryggingarveitandinn, sem um getur í 4. gr., búa til einkvæma viðskiptaauðkennið,

iii. fyrir öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf önnur en þau sem um getur í i- og ii-lið, skal veðtryggingarhafinn, sem um getur í 4. gr., búa til einkvæma viðskiptaauðkennið.

3. Mótaðilinn sem býr til einkvæma viðskiptaauðkennið skal miðla því til hins mótaðilans tímanlega svo að hinn síðarnefndi geti uppfyllt skýrslugjafarskyldu sína.

4. gr.

Staða mótaðila

1. Ákvarða skal stöðu mótaðila í fjármögnunarviðskiptunum með verðbréf sem vísað er til í reit 9 í töflu 1 í I. viðauka í samræmi við 2.–4. mgr.

2. Þegar um ræðir endurhverf viðskipti, kaup- og endursöluviðskipti og sölu- og endurkaupaviðskipti skal auðkenna mótaðilann sem kaupir verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi í tengslum við eignarrétt á verðbréfum eða hrávörum á fyrsta legg eða á stundarviðskiptalegg (e. *spot leg*) og samþykkir að selja þær á tilteknu verði á ákveðnum degi á lokalegg eða framvirkum legg viðskipta, sem veðtryggingarhafa í reit 9 í töflu 1 í I. viðauka. Auðkenna skal mótaðilann er selur þessi verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi sem veðtryggingarveitanda í reit 9 í töflu 1 í I. viðauka.

3. Þegar um ræðir lántökuviðskipti eða lánveitingaviðskipti með verðbréf eða hrávörur skal auðkenna mótaðilann er lánar verðbréf eða hrávöru, með þeim skilmálum að lántakinn muni skila jafngildum verðbréfum eða hrávörum á framtíðardagsetningu eða þegar framseljandinn fer þess á leit, sem veðtryggingarhafa í reit 9 í töflu 1 í I. viðauka. Auðkenna skal mótaðilann er fær þessi verðbréf eða þessar hrávörur lánaðar sem veðtryggingarveitanda í 9. reit í töflu 1 í I. viðauka.

4. Þegar um ræðir verðbréfaveðlán skal auðkenna lántakann, þ.e. mótaðilann sem fær aukið lán gegn veðtryggingu, sem veðtryggingarveitanda í reit 9 í töflu 1 í I. viðauka. Auðkenna skal lánveitandann, þ.e. mótaðilann sem lætur í té lán í skiptum fyrir veðtryggingu, sem veðtryggingarhafa í reit 9 í töflu 1 í I. viðauka.

5. gr.

Tíðni skýrslna um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

1. Afhenda á allar skýrslur um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem tilgreindar eru skv. 2. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 ([5]) í sömu tímaröð og viðkomandi atburðir gerðust.

2. Mótaðili í verðbréfaveðlánsviðskiptum skal greina frá upplýsingum um útistandandi verðbréfaveðlán eins og þau koma fyrir við lok hvers dags þegar um er að ræða hreina skuldfærslu í grunngjaldmiðli eða markaðsvirði skortstaðna er jákvætt.

3. Mótaðili í útistandandi fjármögnunarviðskiptum með verðbréf skal tilkynna allar breytingar á upplýsingum sem varða veðtryggingagögn í reitum 75–94 í töflu 2 í I. viðauka með aðgerðartegund „uppfærsla veðtryggingar“. Mótaðilinn skal greina frá þessum breyttu upplýsingum eins og staða þeirra er við lok hvers dags uns hann greinir frá lokun fjármögnunarviðskipta með verðbréf eða gefur skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf með aðgerðartegundinni „villa“ eða þar til fjármögnunarviðskipti með verðbréf falla á gjalddaga, hvað af þessu sem verður fyrst.

4. Mótaðili í útistandandi fjármögnunarviðskiptum með verðbréf skal greina frá breytingum á dagslokavirði verðbréfa, sem voru lánuð eða fengin að láni, í reit 57 í töflu 2 í I. viðauka með aðgerðartegundinni „uppfærsla á virði“. Mótaðilinn skal greina frá þessu breytta markaðsvirði eins og staðan er við lok hvers dags uns hann greinir frá lokun fjármögnunarviðskipta með verðbréf eða gefur skýrslu um fjármögnunarviðskipti með verðbréf með aðgerðartegundinni „villa“ eða þar til fjármögnunarviðskipti með verðbréf falla á gjalddaga.

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita viðskiptaskrám um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 1).

5. Mótaðili skal greina frá breytingum á heildarfjárhæð tryggingafjár sem lagt var fram eða tekið við fyrir öll stöðustofnuð fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og þau standa við lok dags, í reitum 8–19 í töflu 3 í I. viðauka með aðgerðartegundinni „uppfærsla tryggingafjár“ eftir að hann hefur fyrst greint frá heildarfjárhæð tryggingarfjár sem lagt var fram eða tekið við með aðgerðartegundinni „nýtt“.

6. Mótaðili skal greina frá breytingum á virði endurnýttrar veðtryggingar, endurfjárfests reiðufjár og fjármögnunarleiða með aðgerðartegundinni „endurnýting uppfærsla“ eins og staðan er við lok dags í reitum 8–14 í töflu 4 í I. viðauka eftir að hann hefur greint frá viðkomandi gildum með aðgerðartegundinni „nýtt“.

6. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

      „Flokka skal afleiðuna í reit 4 í töflu 2 í viðaukanum með ISO 10692 kóða til flokkunar fjármálagerninga (CFI-kóða).“

   b) Ákvæði 8. og 9. mgr. falla brott.

2) Í stað 1. mgr. í 4. gr. a kemur eftirfarandi:

   „1. Auðkenna skal skýrslu með einkvæmu viðskiptaauðkenni sem mótaðilar hafa komið sér saman um.“

3) Í stað viðaukans kemur textinn sem er settur fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Snið sem nota skal til að greina frá upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, eins og um getur í 1. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365

Tafla 1

Upplýsingar um mótaðila

Nr.	Reitur	Snið
1	Tímastimpill skýrslugjafar	ISO 8601 dagsetning og samræmdur heimstími (UTC) á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ
2	Aðili sem leggur fram skýrslu	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
3	Skýrslugefandi mótaðili	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
4	Gerð skýrslugefandi mótaðila	„F“ – Fjárhagslegur mótaðili „N“ – Ófjárhagslegur mótaðili
5	Geiri skýrslugefandi mótaðila	Flokkunarkerfi fyrir fjárhagslega mótaðila: „CDTI“ – Lánastofnun sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]) eða reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 ([2]) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „INVF“ – Verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([3]) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „INUN“ – Lánastofnun sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([4]) (Gjaldþolsáætlun II) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „AIFD“ – Sérhæfður sjóður sem hefur starfsleyfi eða er skráður í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([5]) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „ORPI“ – Stofnun um starfstengdan lífeyri sem hefur starfsleyfi eða er skráð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB ([6]) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „CCPS“ – Miðlægur mótaðili sem hefur starfsleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([7]) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „REIN“ – Endurtryggingafélag sem hefur starfsleyfi í samræmi við Gjaldþolsáætlun II eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „CSDS“ – Verðbréfamiðstöð sem hefur starfsleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 ([8]) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð „UCIT“ – Verðbréfasjóður og rekstrarfélag þess sem hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([9]) eða aðili í þriðja landi sem myndi þurfa starfsleyfi eða skráningu í samræmi við þá lagagerð

Nr.	Reitur	Snið
		Flokkunarkerfi fyrir ófjárhagslega mótaðila. Flokkarnir hér að neðan samsvara meginbálkum atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE) eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([10]) „A“ – Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar „B“ – Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu „C“ – Framleiðsla „D“ – Rafmagns-, gas- og gufuveitur og loftræstikerfi „E“ - Vatnsveita, fráveitukerfi, úrgangsstjórnun og hreinsunarstarfsemi „F“ – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð „G“ - Heildverslun og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum „H“ – Flutningar og geymsla „I“ – Starfsemi tengd gistiaðstöðu og veitingarekstri „J“ – Upplýsingar og samskipti „K“ – Fjármála- og vátryggingastarfsemi „L“ – Fasteignaviðskipti „M“ – Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi „N“ – Stjórnunar- og stuðningsþjónusta „O“ – Opinber stjórnsýsla og varnarmál, lögboðnar almannatryggingar „P“ – Menntun „Q“ – Heilbrigðis- og félagsþjónusta „R“ – Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi „S“ – Önnur þjónustustarfsemi „T“ – Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmiss konar vöru á heimilum til eigin nota „U“ – Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt
6	Viðbótarflokkun geira	„ETFT“ – kauphallarsjóður (ETF) „MMFT“ – peningamarkaðssjóður (MMF) „REIT“ – fjárfestingarfélag um fasteignir (REIT) „OTHR“ – Annað
7	Útibú skýrslugefandi mótaðila	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði 2 alstafir
8	Útibú hins mótaðilans	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði 2 alstafir
9	Staða mótaðila	„TAKE“ – Veðtryggingarhafi „GIVE“ – Veðtryggingarveitandi
10	Aðili sem ber ábyrgð á skýrslunni	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
11	Annar mótaðili	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði. Kóði viðskiptavinar (allt að 50 alstafir)
12	Land hins mótaðilans	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði 2 alstafir

Nr.	Reitur	Snið
13	Rétthafi	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði. Kóði viðskiptavinar (allt að 50 alstafir)
14	Þríhliða umboðsaðili	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
15	Miðlari	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
16	Stöðustofnunaraðili	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
17	Þátttakandi eða óbeinn þátttakandi í verðbréfamiðstöð (CSD)	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
18	Umboðsaðili lánveitanda	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).
([2]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit lánastofnana (Stjtíð. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).
([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).
([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. Nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfða sjóða (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).
([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).
([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).
([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls 1).
([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).
([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

Tafla 2

Lána- og veðtryggingargögn

Nr.	Reitur	Snið
1	Einkvæmt viðskiptaauðkenni (UTI)	Allt að 52 alstafa kóði, þ.m.t. fjögur sérstök rittákn: Einungis hástafirnir A–Z og tölustafirnir 0–9, altækir í báðum tilvikum, eru leyfðir.
2	Rakningarnúmer skýrslna	Allt að 52 alstafa kóði, þ.m.t. fjögur sérstök rittákn: Einungis hástafirnir A–Z og tölustafirnir 0–9, altækir í báðum tilvikum, eru leyfðir.
3	Dagsetning atburðarins	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
4	Tegund fjármögnunar-viðskipta með verðbréf	„SLEB“ – verðbréfa- eða hrávörulánveiting eða verðbréfa- eða hrávörulántaka „SBSC“ – kaup- og endursöluviðskipti eða sölu- og endurkaupaviðskipti „REPO“ – endurhverf viðskipti „MGLD“ – verðbréfaveðlán

Nr.	Reitur	Snið
5	Stöðustofnað	„rétt“ „rangt“
6	Tímastimpill stöðustofnunar	ISO 8601 dagsetning og samræmdur heimstími (UTC) á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ
7	Miðlægur mótaðili	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
8	Viðskiptavettvangur	ISO 10383 markaðsauðkenniskóði (MIC), 4 alstafir. Ef til er markaðsauðkenniskóði markaðshluta fyrir viðskiptavettvang skal nota hann.
9	Tegund rammasamnings	„MRAA“ – Rammasamningur um endurhverf verðbréfakaup (MRA) „GMRA“ – Alþjóðlegur rammasamningur um endurhverf verðbréfakaup (GMRA) „MSLA“ – Rammasamningur um verðbréfalán (MSLA) „GMSL“ – Alþjóðlegur rammasamningur um verðbréfalánveitingu (GMSLA) „ISDA“ – Rammasamningur alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður (ISDA) „DERP“ – Deutscher Rahmenvertrag für Wertpapierpensionsgeschäfte „CNBR“ – China Bond Repurchase Master Agreement, „KRRA“ – Korea Financial Investment Association (KOFIA) Standard Repurchase Agreement „CARA“ – Investment Industry Regulatory Organization of Canada (IIROC) Repurchase/ Reverse Repurchase Transaction Agreement „FRFB“ – Convention-Cadre Relative aux Operations de Pensions Livrees, „CHRA“ – Swiss Master Repurchase Agreement „DEMA“ – German Master Agreement „JPBR“ – Japanese Master Agreement on the Transaction with Repurchase Agreement of the Bonds „ESRA“ – Contrato Marco de compraventa y Reporto de valores „OSLA“ – Overseas Securities Lending Agreement (OSLA) „MEFI“ – Master Equity and Fixed Interest Stock Lending Agreement (MEFISLA) „GESL“ – Gilt Edged Stock Lending Agreement (GESLA) „KRSL“ – Korean Securities Lending Agreement (KOSLA) „DERD“ – Deutscher Rahmenvertrag für Wertpapierdarlehen „AUSL“ – Australian Masters Securities Lending Agreement (AMSLA) „JPBL“ – Japanese Master Agreement on Lending Transaction of Bonds „JPSL“ – Japanese Master Agreement on the Borrowing and Lending Transactions of Share Certificates „BIAG“ – tvíhliða samningur (bilateral agreement) „CSDA“ – tvíhliða samningur verðbréfamiðstöðva Eða ‘OTHR’ ef rammasamningurinn er ekki innifalinn í skránni að ofan
10	Aðrar tegundir rammasamnings	Allt að 50 alstafir.
11	Útgáfa rammasamnings	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ
12	Tímastimpill framkvæmdar	ISO 8601 dagsetning og samræmdur heimstími (UTC) á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ
13	Gildisdagur (upphafsdagur)	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD

Nr.	Reitur	Snið
14	Gjalddagi (lokadagur)	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
15	Lokunardagur	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
16	Lágmarkstilkynningarfrestur	Heiltölureitur með allt að 3 tölustöfum.
17	Fyrsta mögulega dagsetning afturköllunar	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
18	Vísir um almenna veðtryggingu	„SPEC“ – sértæk veðtrygging „GENE“ – almenn veðtrygging
19	DBV-mælikvarði (e. *Delivery By Value*)	„rétt“ „rangt“
20	Aðferð til að veita veðtryggingu	„TCCA“ – samningur um framsal eignarréttar yfir veðtryggingu „SICA“ – fjárhagsleg veðtryggingarráðstöfun fyrir verðbréf „SIUR“ – fjárhagsleg veðtryggingarráðstöfun fyrir verðbréf með afnotarétt
21	Opinn samningstími	„rétt“ „rangt“
22	Möguleiki á lokun	„EGRN“ – án takmarkana „ETSB“ – framlengjanleg „NOAP“ – á ekki við

Sé um verðbréfaveðlán að ræða skal endurtaka atriðin sem talin eru upp í reitum 23–34 og fylla þá út fyrir hvern gjaldmiðil sem notaður er í verðbréfaveðláninu.

23	Föst ávöxtun	Allt að 11 tölustafir, þ.m.t. allt að tíu tugastafir sem gefnir eru upp sem hundraðshluti þegar 100% er táknað sem „100“. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
24	Daglegir samningsvextir	Kóðinn táknar aðferð til að reikna út daga: „A001“ – IC30360ISDAor30360AmericanBasicRule „A002“ – IC30365 „A003“ – IC30Actual „A004“ – Actual360 „A005“ – Actual365Fixed „A006“ – ActualActualICMA „A007“ – IC30E360orEuroBondBasismodel1 „A008“ – ActualActualISDA „A009“ – Actual365LorActuActubasisRule „A010“ – ActualActualAFB „A011“ – IC30360ICMAor30360basicrule „A012“ – IC30E2360orEurobondbasismodel2 „A013“ – IC30E3360orEurobondbasismodel3 „A014“ – Actual365NL Eða allt að 35 alstafir sé viðmiðunarvísitalan ekki í aðferðinni til að reikna út daga hér að ofan.

Nr.	Reitur	Snið
25	Breytilegir vextir	Kóðinn sem táknar breytilega vexti „EONA“ – EONIA „EONS“ – EONIA SWAP „EURI“ – EURIBOR „EUUS“ – EURODOLLAR „EUCH“ – EuroSwiss „GCFR“ – GCF REPO „ISDA“ – ISDAFIX „LIBI“ – LIBID „LIBO“ – LIBOR „MAAA“ – Muni AAA „PFAN“ – Pfandbriefe „TIBO“ – TIBOR „STBO“ – STIBOR „BBSW“ – BBSW „JIBA“ – JIBAR „BUBO“ – BUBOR „CDOR“ – CDOR „CIBO“– CIBOR „MOSP“ – MOSPRIM „NIBO“ – NIBOR „PRBO“ – PRIBOR „TLBO“ – TELBOR „WIBO“ – WIBOR „TREA“ – Ríkisbréf „SWAP“ – Skiptasamningur „FUSW“ – Framvirkur skiptasamningur Eða allt að 25 alstafir sé viðmiðunarvísitalan ekki í upptalningunni hér að ofan.
26	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: „YEAR“ – Ár „MNTH“ – Mánuður „WEEK“ - Vika „DAYS“ – Dagar
27	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir viðmiðunartímabili breytilegra vaxta. Allt að 3 tölustafir.
28	Tíðni greiðslna breytilegra vaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: „YEAR“ – Ár „MNTH“ – Mánuður „WEEK“ - Vika „DAYS“ – Dagar
29	Tíðni greiðslna breytilegra vaxta – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum. Allt að 3 tölustafir.

Nr.	Reitur	Snið
30	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar endurákvarða breytilega vexti endurhverfra verðbréfakaupa, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: „YEAR“ – Ár „MNTH“ – Mánuður „WEEK“ - Vika „DAYS“ – Dagar
31	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar endurákvarða breytilega vexti endurhverfra verðbréfakaupa. Allt að 3 tölustafir.
32	Verðbil	Allt að 5 tölustafir.
33	Gjaldmiðilsfjárhæð verðbréfaveðláns	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
34	Gjaldmiðill verðbréfaveðláns	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.

Endurtaka skal 35. og 36. reit og fylla þá út fyrir hverja leiðréttingu breytilegra vaxta.

35	Leiðréttir vextir	Allt að 11 tölustafir, þ.m.t. allt að tíu tugastafir sem gefnir eru upp sem hundraðshluti þegar 100% er táknað sem „100“. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
36	Vaxtadagur	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
37	Höfuðstóll á gildisdegi	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
38	Höfuðstóll á gjalddaga	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
39	Gjaldmiðill höfuðstóls	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.
40	Tegund eignar	„SECU“ – Verðbréf „COMM“ – Hrávörur
41	Auðkenni verðbréfa	ISO 6166 ISIN 12 alstafa kóði.
42	Flokkun verðbréfs	ISO 10692 flokkun fjármálagerninga (CFI), 6 bókstafa kóði

Hafi hrávara verið lánuð eða fengin að láni skal tilgreina flokkun þeirrar hrávöru í reitum 43, 44 og 45.

43	Grunnvara	Aðeins er leyfilegt að skrá gildi í dálkinn fyrir „grunnvöru“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna.

Nr.	Reitur	Snið
44	Undirvara	Aðeins er leyfilegt að skrá gildi í dálkinn fyrir „undirvöru“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna.
45	Frekari undirvara	Aðeins er leyfilegt að skrá gildi í dálkinn fyrir „frekari undirvöru“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna.
46	Magn eða nafnverð	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
47	Mælieining	„KILO“ – Kíló, „PIEC“ – Stykki, „TONS“ – Tonn, „METR“ – Metri, „INCH“ – Þumlungur, „YARD“ – Enskt fet, „GBGA“ – Enskt gallon, „GRAM“ – Gramm, „CMET“ – Sentimetri, „SMET“ - Fermetri, „FOOT“ – Fet, „MILE“ – Míla, „SQIN“ – Ferþumlungur, „SQFO“ – Ferfet, „SQMI“ – Fermíla, „GBOU“ – Ensk únsa, „USOU“ – Bandarísk únsa, „GBPI“ – Enskur hálfpottur, „USPI“ – Bandarískur hálfpottur, „GBQA“ – Enskur lítri, „USQA“ – Bandarískur lítri, „USGA“ – Bandaríska gallon, „MMET“ – Millimetri, „KMET“ – Kílómetri, „SQYA“ – Enskt ferfet, „ACRE“ – Ekra, „ARES“ – Arar, „SMIL“ – Fermillimetri, „SCMT“ – Fersentimetri, „HECT“ – Hektari, „SQKI“ – Ferkílómetri, „MILI“ – millilítri, „CELI“ – sentilítri, „LITR“ - Lítri, „PUND“ – Pund, „ALOW“ – Kvótar, „ACCY“ – Fjárhæð gjaldeyris, „BARL“ – Tunnur, „BCUF“ – Milljarður rúmfeta, „BDFT“ – Plankafet, „BUSL“ – Skeppa, „CEER“ – Vottaðar losunarskerðingar, „CLRT“ – ClimateReserveTonnes, „CBME“– Rúmmetrar, „DAYS“ – Dagar, „DMET“ – Þurr smálest, „ENVC“ – EnvironmentalCredit, „ENVO“ – EnvironmentalOffset, „HUWG“ – vætt, „KWDC“ – „KWDC“ – Kílóvattgeta á dag, „KWHO“ – Kílóvattstund, „KWHC“ – Kílóvattgeta á klukkustund, „KMOC“ – Kílóvattgeta á mínútu, „KWMC“ – Kílóvattgeta á mánuði, „KWYC“ – Kílóvattgeta á ári, „MWDC“ - Megavattgeta á dag, „MWHO“ – Megavattstund, „MWHC“ – Megavattsgeta á mínútu, „MWMC“ – Megavattgeta á mínútu, „MMOC“ – Megavattgeta á mánuði, „MWYC“ – Megavattgeta á ári, „TONE“ – Rúmlestar, „MIBA“ – Milljón tunnur, „MBTU“ - Þúsund breskar varmaeiningar, „OZTR“ – Troyesúnsa, „UCWT“ – Bandarísk vætt, „IPNT“ – Málpunktur, „PWRD“ – Höfuðstóll að því er varðar skuldagerninga,“DGEU“ – Jafngildi gallons af dísel, „GGEU“ – Jafngildi gallons af bensíni, „TOCD“ -Tonn af koltvísýringi.
48	Gjaldmiðill nafnverðs	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.
49	Verðbréfa- eða hrávöruverð	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir sé um að ræða að verðið sé gefið upp í einingum. Allt að 11 tölustafir, þ.m.t. allt að 10 tugastafir sé um að ræða að verðið sé gefið upp í hlutfallstölum eða hagnaði. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
50	Gjaldmiðill verðs	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.

Nr.	Reitur	Snið
51	Gæði verðbréfsins	„INVG“ – Fjárfestingarflokkur „NIVG“ – Annað en fjárfestingarflokkur „NOTR“ – Ekki flokkað „NOAP“ – Á ekki við
52	Líftími verðbréfsins	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
53	Lögsaga útgefanda	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði 2 alstafir
54	Auðkenni lögaðila (LEI) útgefanda	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði.
55	Tegund verðbréfs	„GOVS“ – Ríkisverðbréf „SUNS“ – Verðbréf yfirþjóðlegra stofnana og fyrirtækja „FIDE“ – Skuldabréf (þ.m.t. sértryggð skuldabréf) sem bankar og aðrar fjármálastofnanir gáfu út „NFID“ – Skuldabréf fyrirtækja (þar með talinn sértryggð skuldabréf) sem aðrar stofnanir en fjármálastofnanir gáfu út „SEPR“ – Verðbréfaðar afurðir (þ.m.t. skuldavafningar, verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði, eignatryggð skammtímaskuldabréf) „MEQU“ – Hlutabréf í aðalvísitölu (þ.m.t. breytanleg skuldabréf) „OEQU“ – Önnur hlutabréf (þ.m.t. breytanleg skuldabréf) „OTHR“ – Aðrar eignir (þ.m.t. hlutabréf í gagnkvæmum tryggingarsjóðum)
56	Lánsvirði	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
57	Markaðsvirði	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
58	Fastur afsláttur	Allt að 11 tölustafir, þ.m.t. allt að tíu tugastafir sem gefnir eru upp sem hundraðshluti þegar 100% er táknað sem „100“. Sé mínusmerkið notað skal það ekki teljast vera tölustafur.
59	Breytilegir afsláttarvextir	Kóðinn sem táknar breytilega vexti „EONA“ – EONIA „EONS“ – EONIA skiptasamningur „EURI“ – EURIBOR „EUUS“ – EURODOLLAR „EUCH“ – EuroSwiss „GCFR“ – GCF REPO „ISDA“ – ISDAFIX „LIBI“ – LIBID „LIBO“ – LIBOR „MAAA“ – Muni AAA „PFAN“ – Pfandbriefe „TIBO“ – TIBOR „STBO“ – STIBOR „BBSW“ – BBSW

Nr.	Reitur	Snið
		„JIBA“ – JIBAR „BUBO“ – BUBOR „CDOR“ – CDOR „CIBO“– CIBOR „MOSP“ – MOSPRIM „NIBO“ – NIBOR „PRBO“ – PRIBOR „TLBO“ – TELBOR „WIBO“ – WIBOR „TREA“ – Ríkisbréf „SWAP“ – Skiptasamningur „FUSW“ – Framvirkir Skiptasamningur Eða allt að 25 alstafir sé viðmiðunarvísitalan ekki í upptalningunni hér að ofan.
60	Viðmiðunartímabil breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: „YEAR“ – Ár „MNTH“ – Mánuður „WEEK“ - Vika „DAYS“ – Dagar
61	Viðmiðunartímabil breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir endurákvörðuðu viðmiðunartímabili breytilegra vaxta. Allt að 3 tölustafir.
62	Tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: „YEAR“ – Ár „MNTH“ – Mánuður „WEEK“ - Vika „DAYS“ – Dagar
63	Tíðni greiðslna breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum. Allt að 3 tölustafir.
64	Tíðni endurákvörðunar breytilegra afsláttarvaxta – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar endurstilla breytilegu afsláttarvextina, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: „YEAR“ – Ár „MNTH“ – Mánuður „WEEK“ - Vika „DAYS“ – Dagar
65	Tíðni endurákvörðunar breytilegra afsláttarvaxta – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar endurákvarða breytilega afsláttarvexti. Allt að 3 tölustafir.
66	Verðbil afsláttarvaxta	Allt að 5 tölustafir.
67	Lántökugjald	Allt að 11 tölustafir, þ.m.t. allt að tíu tugastafir sem gefnir eru upp sem hundraðshluti þegar 100% er táknað sem „100“.

Nr.	Reitur	Snið
68	Einkanytjafyrirkomulag	„rétt“ „rangt“
69	Útistandandi verðbréfaveðlán	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
70	Grunngjaldmiðill útistandandi verðbréfaveðláns	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.
71	Markaðsvirði skortstöðu	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.

Veðtryggingargögn

72	Flöggun óveðtryggðrar verðbréfalánveitingar (Securities Lending (SL))	„rétt“ „rangt“
73	Veðtrygging hreinnar áhættuskuldbindingar	„rétt“ „rangt“
74	Gildisdagur veðtryggingarinnar	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD

Þar sem tiltekinni veðtryggingu var beitt skal endurtaka reitum 75–94 og fylla hvern þeirra út fyrir hvern þátt tryggingarinnar, eftir atvikum.

75	Tegund veðtryggingarþáttar	„SECU“ – Verðbréf „COMM“ – Hrávörur (aðeins fyrir endurhverf verðbréfakaup, verðbréf og lántökur og lánveitingar á hrávörur og kaup- og endursöluviðskipti) „CASH“ — Reiðufé

Þegar reiðufé var lagt að veði skal tiltaka það í reitum 76 og 77.

76	Fjárhæð veðtryggingar í formi reiðufjár	Allt að 18 tölustafir, þ.m.t. allt að 5 tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki vera tölustafur. Sé það notað skal tákna það með punkti.
77	Gjaldmiðill veðtrygginga í formi reiðufjár	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.
78	Auðkenning verðbréfs sem lagt er að veði	ISO 6166 ISIN 12 alstafa kóði.
79	Auðkenning verðbréfs sem lagt er að veði	ISO 10692 flokkun fjármálagerninga (CFI), 6 bókstafa kóði

Nr.	Reitur	Snið
Þegar hrávara var lögð að veði skal tilgreina flokkun þeirrar hrávöru í reitum 80–82.		
80	Grunnvara	Aðeins er leyfilegt að skrá gildi í dálkinn fyrir „grunnvöru“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna.
81	Undirvara	Aðeins er leyfilegt að skrá gildi í dálkinn fyrir „undirvöru“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna.
82	Frekari undirvara	Aðeins er leyfilegt að skrá gildi í dálkinn fyrir „frekari undirvöru“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna.
Samanteknar og nákvæmar upplýsingar um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem [*heiti lögbærs yfirvalds*] beitti árið [*ár*] skv. ...gr. ...

FRÁ:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Skýrslutímabil:

Ágæti/a [*Færa skal inn viðkomandi nafn*]

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 veiti ég Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni hér með samanteknar og nákvæmar upplýsingar um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem [*nafn lögbæra yfirvaldsins*] beitti árið [*ár*].

Hinar samanteknu upplýsingar eru settar fram í eftirfarandi töflu:

Ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/2365 sem stjórnsýsluviðurlögum/ráðstöfunum var beitt samkvæmt	**Fjöldi tilvika þar sem viðurlögum/ráðstöfunum var beitt á skýrslutímabilinu**	**Fjárhæð fjárhagslegra viðurlaga sem beitt var á skýrslutímabilinu**
[númer greinarinnar, málsgreinarinnar, undirgreinarinnar]	[fjöldi viðurlaga/ráðstafana]	[fjárhæð fjárhagslegra viðurlaga (1)]
Viðurlög/ráðstafanir í heild (2)	**[heildarfjöldi tilvika þar sem viðurlögum/ráðstöfunum var beitt]**	**[heildarfjárhæð fjárhagslegra viðurlaga]**

Nákvæmar upplýsingar, að því er varðar hverja ráðstöfun og viðurlög í töflunni að framan, eru veittar sem hér segir.

Í fyrsta lagi hefur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þegar verið tilkynnt um eftirfarandi ráðstafanir og viðurlög sem beitt var árið [*ár*] í samræmi við 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365:

[Listi yfir allar ráðstafanir og viðurlög sem tilkynnt voru á viðkomandi tímabili]

Í öðru lagi er afrit ákvörðunarinnar/ákvarðananna hvað varðar eftirfarandi ráðstafanir og viðurlög sem beitt var árið [FÆRA SKAL INN ÁR] veitt í aðskildum fylgiskjölum í tölvupósti sem fylgja þessu eyðublaði:

[Listi yfir allar ráðstafanir og viðurlög sem veitt er ákvörðun um]

Í þriðja lagi eru hér á eftir gefnar samantektir um eftirfarandi ráðstafanir og viðurlög:

[*Telja skal upp í númeraröð (1., 2., 3. og áfram) hverja ráðstöfun og viðurlög sem samantekt er síðan gefin um hér á eftir.*]

1. [Tilvísun í fyrstu ráðstöfunina/viðurlögin sem talin var/voru upp hér að framan]

[Samantekt ráðstafana/viðurlaga]

2. [Tilvísun í aðra ráðstöfunina/önnur viðurlögin sem talin var/voru upp hér að framan]

[Samantekt ráðstafana/viðurlaga]

[Halda skal áfram að gefa þriðju samantektina og þær samantektir sem á eftir koma í númeraröð á sama hátt og í sniðinu hér að framan.]

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

———

(1) Tilgreina skal fjárhæðir í evrum eða gjaldmiðli ríkis. Ef viðkomandi viðurlög vísa ekki eingöngu til brota á viðkomandi grein reglugerðar (ESB) 2015/2365 heldur einnig öðrum ákvæðum skal skrifa „SAMANLÖGÐ TALA“ við hverja fjárhæð.

(2) Vegna þess að viðurlög/ráðstafanir sem beitt er geta grundvallast á fleiri en einu lagaákvæði er mögulegt að samtala hinna mismunandi lína (fjöldi viðurlaga eða ráðstafana/fjárhæða fjárhagslegra viðurlaga) samsvari ekki heildarfjölda viðurlaga/ráðstafana sem beitt er eða heildarfjárhæð viðurlaga sem beitt var.

II. VIÐAUKI

Eyðublað til að leggja fram nafnlaus og samantekin gögn um allar rannsóknir sakamála sem ráðist var í og refsiviðurlög sem beitt var

Nafnlaus og samantekin gögn um allar rannsóknir sakamála sem ráðist var í og refsiviðurlög sem beitt var árið [ár] skv. ...gr. ...

FRÁ:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Skýrslutímabil:

Ágæti/a [*Færa skal inn viðkomandi nafn*]

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 veiti ég Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni hér með nafnlausar og samanteknar upplýsingar um allar rannsóknir sakamála sem ráðist var í og refsiviðurlög sem beitt var í [aðildarríki] árið [ár].

Hinar samanteknu upplýsingar eru settar fram í eftirfarandi töflum:

Rannsóknir sakamála:

Ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/2365 sem ráðist var í rannsóknir sakamála samkvæmt.	**Fjöldi sakamála sem rannsökuð voru á skýrslutímabilinu**
[númer greinarinnar, málsgreinarinnar, undirgreinarinnar]	[fjöldi sakamálarannsókna]
Heildarfjöldi sakamálarannsókna	**[heildarfjöldi sakamálarannsókna** (1)**]**

Refsiviðurlög sem beitt var:

Ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/2365 sem refsiviðurlögum var beitt samkvæmt.	**Fjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt á skýrslutímabilinu**	**Upphæð álagðra fésekta á skýrslutímabilinu**
[númer greinarinnar, málsgreinarinnar, undirgreinarinnar]	[fjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt]	[upphæð fésekta (2)]
Heildartala fyrir refsiviðurlög (3)	**[heildarfjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt]**	**[heildarfjárhæð sekta]**

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

(1) Vegna þess að rannsóknir sakamála geta grundvallast á fleiri en einu lagaákvæði er mögulegt að samtala hinna mismunandi lína samsvari ekki heildarfjölda sakamálarannsókna.

(2) Tilgreina skal fjárhæðir í evrum eða gjaldmiðli ríkis. Ef viðkomandi viðurlög vísa ekki eingöngu til brota á viðkomandi grein reglugerðar (ESB) 2015/2365 heldur einnig öðrum ákvæðum skal skrifa „SAMANLÖGÐ TALA“ við hverja fjárhæð.

(3) Vegna þess að refsiviðurlög sem beitt er geta grundvallast á fleiri en einu lagaákvæði er mögulegt að samtala hinna mismunandi lína (fjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt/fjárhæð) samsvari ekki heildarfjölda tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt eða heildarfjárhæð fésekta.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2360 **2023/EES/83/09**

frá 3. ágúst 2022

um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2018/389 að því er varðar 90 daga undanþáguna fyrir aðgang að reikningum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingar á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 98. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 10. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 ([2]) er kveðið á um undanþágu frá kröfunni sem mælt er fyrir um í 97. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 um að beita sterkri sannvottun viðskiptavina þar sem notandi greiðsluþjónustu er að nálgast stöðu og nýlegar hreyfingar á greiðslureikningi án þess að gefnar séu upp viðkvæmar greiðsluupplýsingar. Í því tilviki er greiðsluþjónustuveitendum heimilt að beita ekki sterkri sannvottun viðskiptavina þegar þeir fá aðgang að reikningsupplýsingum, að því tilskildu að sterkri sannvottun viðskiptavina hafi verið beitt þegar aðgangur að reikningsupplýsingunum var veittur í fyrsta skipti og a.m.k. á 90 daga fresti eftir það.

2) Notkun þessarar undanþágu hefur leitt til afar mismunandi beitingar á framseldri reglugerð (ESB) 2018/389, þar sem sumir greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu krefjast sterkrar sannvottunar viðskiptavina á 90 daga fresti, aðrir með styttra millibili og sumir nota undanþáguna ekki og krefjast sterkrar sannvottunar í hvert skipti sem aðgangur er veittur að reikningnum. Þessi munur hefur valdið óæskilegum hnökrum í upplifun viðskiptavinar þegar hann notar reikningsupplýsingaþjónustu og haft neikvæð áhrif á þjónustu reikningsupplýsingaþjónustuveitenda.

3) Til að tryggja tilhlýðilegt jafnvægi milli markmiða tilskipunar (ESB) 2015/2366 um aukið öryggi, eflingu nýsköpunar og aukna samkeppni á innri markaðnum er nauðsynlegt að skýra nánar beitingu undanþágunnar sem sett er fram í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/389 í þeim tilfellum þar sem aðgangur að reikningsupplýsingum er veittur í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda. Þar af leiðandi ætti greiðsluþjónustuveitendum í slíkum tilvikum ekki að vera heimilt að velja hvort þeir beiti sterkri sannvottun viðskiptavinar eða ekki og undanþágan ætti að vera gerð skyldubundin, að því tilskildu að skilyrði sem miða að því að tryggja að öryggi og vernd gagna greiðsluþjónustunotenda séu uppfyllt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 312, 5.12.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 frá 27. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir sterka sannvottun og sameiginlega og örugga opna staðla vegna samskipta (Stjtíð. L 69, 13.3.2018, bls. 23).

4) Undanþágan ætti að takmarkast við aðgang að stöðu og nýlegum hreyfingum á greiðslureikningi án þess að gefnar séu upp viðkvæmar upplýsingar. Undanþágan ætti aðeins að gilda ef greiðsluþjónustuveitandi hefur þegar beitt sterkri sannvottun viðskiptavinar í fyrsta skipti sem aðgangur var veittur í gegnum viðkomandi reikningsupplýsinga-þjónustuveitanda og ætti að endurnýjast með reglulegu millibili.

5) Til að tryggja öryggi og vernd gagna greiðsluþjónustunotenda ætti greiðsluþjónustuveitendum hvenær sem er að vera heimilt að beita sterkri sannvottun viðskiptavinar ef það er af ástæðum sem eru rökstuddar á hlutlægan og viðeigandi hátt í tengslum við óheimilaðan eða sviksamlegan aðgang. Það gæti komið fyrir ef greiðsluvöktunarkerfi greiðslu-þjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu greinir aukna hættu á óheimiluðum eða sviksamlegum aðgangi. Til að tryggja samræmda beitingu undanþágunnar ættu greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu í slíkum tilvikum að skjalfesta og rökstyðja með tilhlýðilegum hætti fyrir lögbæru landsyfirvaldi, að beiðni þess, ástæðurnar fyrir því að beita sterkri sannvottun viðskiptavinar.

6) Þegar greiðsluþjónustunotandi nálgast reikningsupplýsingar með beinum hætti ætti greiðsluþjónustuveitandanum áfram að vera heimilt að velja hvort hann beitir sterkri sannvottun viðskiptavinar. Það er vegna þess að engin sérstök vandamál hafa greinst í slíkum tilfellum sem krefjast breytinga á undanþágunni sem mælt er fyrir um í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/389 andstætt því þegar aðgangur fer í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda.

7) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði allra greiðsluþjónustuveitenda, og í samræmi við markmið tilskipunar (ESB) 2015/2366 um að stuðla að þróun á notendavænni og nýstárlegri þjónustu, þykir hóflegt að taka upp sama 180 daga tímabilið fyrir bæði endurnýjun sterkrar sannvottunar viðskiptavina til að nálgast reikningsupplýsingar beint gegnum greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningsþjónustu og gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitenda. Endurnýjun sterkrar sannvottununar viðskiptavina með núverandi millibili gæti valdið óæskilegum hnökrum í upplifun viðskiptavina og komið í veg fyrir að reikningsupplýsingaþjónustuveitendur bjóði þjónustu sína og að notendur nýti sér þá þjónustu.

8) Greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu, bjóða sérhæfðan skilflöt og hafa komið á viðbragðsaðgerðum eins og kveðið er á um í 4. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/389 ættu ekki að þurfa að innleiða nýju skyldubundnu undanþáguna í beinum skilflötum viðskiptavina vegna viðbragðsaðgerða, að því tilskildu að þeir beiti ekki undanþágunni sem mælt er fyrir um í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/389 í beinum skilflötum viðskiptavina sinna. Það væri óhóflegt að krefjast þess að greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu og bjóða sérhæfðan skilflöt þar sem þeir þyrftu að innleiða hina nýju skyldubundnu undanþágu, þurfi einnig að innleiða undanþáguna í beinum skilfleti viðskiptavina vegna viðbragðsaðgerða.

9) Til að tryggja að greiðsluþjónustuveitendur hafi nægan tíma til að gera nauðsynlegar breytingar á kerfum sínum ættu greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu að veita greiðsluþjónustuveitendunum aðgang að þeim breytingum á tækniforskriftum skilflata sinna sem gerðar eru til að hlíta þessari reglugerð eigi síðar en tveimur mánuðum áður en þær breytingar koma til framkvæmda.

10) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2018/389 til samræmis við það.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

13) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún formlegum athugasemdum sínum 7. júní 2022.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

14) Til að umbreytingin yfir í nýju kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð geti gengið snurðulaust fyrir sig ætti greiðsluþjónustuveitendum sem hafa beitt undanþágunni sem mælt er fyrir um í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/389 áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda að vera heimilt að halda áfram að beita þeirri undanþágu í allt að 90 daga frá því að sterkri sannvottun viðskiptavinar var síðast beitt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2018/389

Framseldri reglugerð (ESB) 2018/389 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Beinn aðgangur að upplýsingum um greiðslureikninga í gegnum greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu

1. Greiðsluþjónustuveitendur þurfa ekki að nota sterka sannvottun viðskiptavina, með fyrirvara um að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 2. gr., ef notandi greiðsluþjónustu nálgast upplýsingar um greiðslureikning sinn beint á Netinu, að því tilskildu að aðgangurinn sé takmarkaður við einn af eftirfarandi þáttum á Netinu án þess að gefa upp viðkvæmar greiðsluupplýsingar:

a) stöðu á einum eða fleiri tilteknum greiðslureikningum,

b) greiðslur sem framkvæmdar voru á undanförnum 90 dögum í gegnum einn eða fleiri tiltekna greiðslureikninga.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu greiðsluþjónustuveitendur ekki vera undanþegnir því að nota sterka sannvottun viðskiptavina þegar annaðhvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) notandi greiðsluþjónustu er að nálgast upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. í fyrsta sinn á Netinu,

b) meira en 180 dagar eru liðnir frá því greiðsluþjónustunotandinn nálgaðist síðast upplýsingarnar sem tilgreindar er í 1. mgr. á Netinu og sterkri sannvottun viðskiptavina var beitt.“

2) Eftirfarandi 10. gr. a bætist við:

„10. gr. a

Aðgangur að upplýsingum um greiðslureikninga í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda

1. Reikningsupplýsingaþjónustuveitendur skulu ekki beita sterkri sannvottun viðskiptavina ef greiðsluþjónustunotandi nálgast greiðslureikning sinn á Netinu í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, að því tilskildu að aðgangurinn sé takmarkaður við einn af eftirfarandi þáttum á Netinu án þess að gefa upp viðkvæmar greiðsluupplýsingar:

a) stöðu á einum eða fleiri tilteknum greiðslureikningum,

b) greiðslur sem framkvæmdar voru á undanförnum 90 dögum í gegnum einn eða fleiri tiltekinn greiðslureikning.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu greiðsluþjónustuveitendur nota sterka sannvottun viðskiptavina þegar annaðhvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) notandi greiðsluþjónustu er að nálgast upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr., í fyrsta sinn á Netinu í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitandann,

b) meira en 180 dagar eru liðnir frá því notandi greiðsluþjónustunnar nálgaðist síðast upplýsingarnar sem tilgreindar er í 1. mgr. á Netinu í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitandann og sterk sannvottun viðskiptavina var notuð.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er greiðsluþjónustuveitendum heimilt að beita sterkri sannvottun viðskiptavina ef greiðsluþjónustunotandi er að nálgast greiðslureikning sinn á Netinu í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda og greiðsluþjónustuveitandinn hefur ástæður, sem eru rökstuddar á hlutlægan og viðeigandi hátt, varðandi óheimilaðan eða sviksamlegan aðgang að þeim greiðslureikningi. Í slíku tilviki skal greiðsluþjónustuveitandinn skjalfesta og rökstyðja með tilhlýðilegum hætti fyrir lögbæru landsyfirvaldi sínu, að beiðni þess, ástæðurnar fyrir því að beita sterkri sannvottun viðskiptavinar.

4. Greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu og bjóða sérhæfðan skilflöt eins og um getur í 31. gr. skulu ekki þurfa að innleiða undanþáguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar vegna viðbragðsaðgerða sem um getur í 4. mgr. 33. gr. ef þeir beita ekki undanþágunni sem mælt er fyrir um í 10. gr. á beina skilfletinum sem notaður er til sannvottunar og samskipta við greiðsluþjónustunotendur sína.“

3) Eftirfarandi 4. mgr. a bætist við í 30. gr.:

„4a. Þrátt fyrir 4. mgr. skulu greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningsþjónustu veita þeim greiðsluþjónustuveitendum sem um getur í þessari grein aðgang að þeim breytingum á tækniforskriftum skilflata sinna sem gerðar hafa verið til að hlíta 10. gr. a eigi síðar en tveimur mánuðum áður en slíkar breytingar koma til framkvæmda.“

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Greiðsluþjónustuveitendum sem beittu undanþágunni í 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/389 fyrir 25. júlí 2023 skal heimilt að halda áfram að beita þeirri undanþágu vegna aðgangsbeiðna sem þeim berast í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda þar til undanþágutímabilið er liðið.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal 10. gr. a, sem innleidd var með þessari reglugerð, alltaf gilda þegar nýrri sterkri sannvottun viðskiptavinar er beitt vegna aðgangsbeiðni í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda áður en undanþágutímabilið í 1. mgr. er liðið.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. ágúst 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/119 **2023/EES/83/10**

frá 9. nóvember 2022

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 3. gr. (5. mgr.), 234. gr. (2. mgr.), 237. gr. (4. mgr.) og 239. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ([2]) bætir við dýraheilbrigðisreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu.

2) Beiting reglnanna sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 varðandi lagardýr og afurðir þeirra hefur sýnt að þörf er á nánari útlistun varðandi það hvaða vörur eru undanskildar gildissviði þessarar framseldu reglugerðar. Einkum ætti að skýra nánar að villt lagardýr og afurðir úr þessum villtu lagardýrum, sem er landað úr fiskiskipum og sem koma inn í fæðukeðjuna og eru ætluð til beinnar neyslu, eru undanskilin gildissviði þeirrar reglugerðar. Að auki ætti að skýra nánar að afurðir úr lagardýrum, öðrum en lifandi lagardýrum, sem eru ekki ætlaðar til frekari vinnslu í Sambandinu eru undanskildar gildissviði framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692. Breyta ætti 6. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

3) Nokkur aðildarríki og hagsmunaaðilar hafa bent á að í kjölfar nýlegrar þróunar og sérhæfingar í kímefnageiranum ætti skilgreiningin „hópar sem annast söfnun á fósturvísum“ í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 einnig að ná yfir þá hópa sem einungis safna ófrjóvguðum eggfrumum og meðhöndla þær. Því ætti að breyta þessari skilgreiningu þannig að hún nái yfir slíka hópa.

4) Að því er varðar sértækar kröfur vegna dýra af hestaætt, að því er varðar afríkuhrossapest og venesúelaheilabólgu, sem settar eru fram í liðum 2.1 og 2.2 í XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er að auki nauðsynlegt að mæla fyrir um skilgreiningu á „smitferjuvarinni stöð“ í 2. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Skilgreining á „smitferjuvarinni stöð“ er þegar til í 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([3]) í tengslum við sýkingu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 16, 18.1.2023, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1-24). Því ætti skilgreiningin á „smitferjuvarinni stöð“ í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 að því er varðar afríkuhrossapest og venesúelaheilabólgu að vera í samræmi við skilgreininguna á „smitferjuvarinni stöð“ í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689. Því ætti að breyta 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

5) Í 5. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að tilflutningar á gæludýrum, aðrir en þeir sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, skulu vera í samræmi við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. og V. hluta hennar. Í 5. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að mæla fyrir um reglur er varða breytingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja að IV. og V. hluta hennar sé beitt á réttan hátt gagnvart gæludýrum, einkum með það í huga að umsjónarmenn gæludýra halda þau á heimilum. Til samræmis við það er nauðsynlegt að aðlaga almennar kröfur sem varða flutningatæki til að flytja landdýr, sem mælt er fyrir um í 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, og kröfur um tilflutninga og meðhöndlun landdýra eftir komu þeirra inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í 19. gr. þeirrar framseldu reglugerða, að gæludýrum sem eru haldin á heimilum. Því ætti að breyta 17. og 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

6) Í b-lið 1. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis skuli heimila komu sendinga af hóf- og klaufdýrum, öðrum en dýrum af hestaætt, inn í Sambandið ef dýrin í sendingunni voru auðkennd hvert fyrir sig, áður en þau voru send frá upprunastarfsstöðinni, með auðkennismerki þar sem birtist, sýnilega, læsilega og er óafmáanlegt, m.a. kóði útflutningslandsins, í samræmi við ISO-staðalinn 3166, sem er tveggja bókstafa kóði. Nauðsynlegt er að kveða á um undanþágu frá þeirri kröfu til þess að aðildarríkin geti heimilað komu slíkra hóf- og klaufdýra, sem eru auðkennd með auðkennismerki sem sýnir kóða útflutningslandsins sem er annar en kóðinn sem samræmist ISO-staðlinum 3166, inn í Sambandið. Slíka undanþágu ætti einungis framkvæmdastjórnin að veita og að fenginni beiðni hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis.

7) Í 2. mgr. 38. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um að í kjölfar uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem áður taldist laust við þann sjúkdóm skuli viðkomandi þriðja land eða yfirráðasvæði eða svæði þess aftur teljast laust við alvarlega fuglainflúensu þegar, eftir að niðurskurðarstefnu hefur verið hrint í framkvæmd og fullnægjandi hreinsun og sótthreinsun framkvæmd á öllum áður sýktum starfsstöðvum, lögbært yfirvald þriðja landsins eða yfirráðasvæðisins hefur verið með eftirlitsáætlun í framkvæmd í a.m.k. þrjá mánuði eftir að framkvæmd niðurskurðarstefnu lauk og eftir hreinsun og sótthreinsun. Sá tímarammi er þó ekki í samræmi við þann sem gildir í kjölfar uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu í aðildarríki. Því ætti að breyta 2. gr. 38. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

8) Í a-lið 53. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis skuli heimila komu sendinga af fuglum sem eru í haldi inn í Sambandið ef dýrin í sendingunni eru auðkennd með einstaklingsbundnu auðkennisnúmeri sem inniheldur m.a. kóða þriðja upprunalandsins eða -yfirráðasvæðisins, sem samræmist ISO-staðlinum 3166 sem er tveggja bókstafa kóði. Þar eð sumir fuglar eru auðkenndir á fullgildan hátt í þriðju löndum eða á yfirráðasvæðum sem eru ekki þriðju löndin eða yfirráðasvæðin þaðan sem fuglarnir koma inn í Sambandið eða með einstaklingsbundnu auðkennisnúmeri sem inniheldur kóða þriðja upprunalandsins eða -yfirráðasvæðisins, sem er þriggja bókstafa kóði sem samræmist ISO-staðlinum 3166, ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

9) Í 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um kröfur um sendingu hunda, katta og fretta til Sambandsins. Í henni er ekki kveðið á um kröfur um samþykki fyrir athvörfum þaðan sem sendingar af hundum, köttum og frettum eru sendar til Sambandsins en í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688 ([4]) er kveðið

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á landdýrum og útungunareggjum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 140).

á um slíkar kröfur um samþykki fyrir tilflutningum innan Sambandsins. Því ætti að samræma framselda reglugerð (ESB) 2020/692, að því er þetta varðar, við framselda reglugerð (ESB) 2020/688 og 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

10) Í 79. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis skuli heimila komu sendinga af sæði, eggfrumum og fósturvísum úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt inn í Sambandið ef þeim var safnað úr dýrum sem koma frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum sem uppfylla dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 22. gr. þeirrar reglugerðar. Í 22. gr. þeirrar framseldu reglugerðar er kveðið á um að einungis skuli heimila komu slíkra sendinga inn í Sambandið ef þær eru í samræmi við m.a. bann við bólusetningu nautgripa, svína, sauðfjár og geita, sem eru gjafadýr, gegn m.a. gin- og klaufaveiki. Samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 ([5]), sem og viðeigandi alþjóðlegum stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, er þó heimilað að bólusetja nautgripi, svín, sauðfé og geitur gegn gin- og klaufaveiki við tiltekin skilyrði. Því ætti að breyta 79. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að kveða á um undanþágu vegna slíkrar bólusetningar og til að samræma þá grein við sambærilegar reglur sem gilda innan Sambandsins, sem og við alþjóðlega staðla.

11) Í 117. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af kímefnum úr tilteknum dýrum inn í Sambandið sem eru ætlaðar fyrir lokaðar starfsstöðvar. Eftir að framseld reglugerð (ESB) 2020/692 tók gildi hafa nokkur aðildarríki og hagsmunaaðilar sett spurningarmerki við meðalhóf þessara krafna í ljósi sértækis þessara sendinga og mismunarins á tengdri áhættu fyrir heilbrigði dýra. Því þykir rétt að breyta þessari grein til að veita aðildarríkjum meiri sveigjanleika til að stjórna áhættum við tilteknar aðstæður hjá sér og með hliðsjón af hlutaðeigandi dýrategundum, um leið og tekið er tillit til skráa Sambandsins yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra með tilskilin leyfi sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ([6]).

12) Í i. lið c-liðar 124. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis skuli heimila komu sendinga af nýju kjöti af dýrum í haldi, að undanskildum þeim sem var haldið sem öldum veiðidýrum og voru aflífuð á staðnum, inn í Sambandið ef nýja kjötið í sendingunni er fengið af dýrum í haldi sem, í flutningi til sláturhússins, fóru ekki gegnum þriðja land eða yfirráðasvæði eða svæði þess sem er ekki skráð vegna innflutnings á þessari tilteknu tegund og þessum tiltekna flokki nýs kjöts inn í Sambandið. Að því er varðar sendingar af alifuglum mun þó fylgni við þessa kröfu í vissum tilvikum útheimta notkun krókaleiða sem hefur óhófleg áhrif á eðlilegt viðskiptamynstur og lengir jafnframt ferðatímann. Til að leysa þetta mál og tryggja um leið beitingu ráðstafana til að draga úr áhættu í því skyni að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma ætti að innleiða undanþágu frá þeirri kröfu, með fyrirvara um tiltekin skilyrði, í framselda reglugerð (ESB) 2020/692.

13) Í 150. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um kröfur varðandi komu sendinga af kjötafurðum inn í Sambandið að því er varðar upprunastarfsstöð dýranna sem nýja kjötið, sem er notað til framleiðslu á þeim, er fengið af. Breyta ætti þessu ákvæði þannig að vísað sé til dagsetningar slátrunar eða aflífunar dýranna í staðinn fyrir sendingu sendingarinnar til Sambandsins til að tengja betur hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði dýra við tilteknar afurðir í sendingunni.

14) Í 156. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um kröfur vegna komu sendinga af mjólkurafurðum, sem falla ekki undir meðhöndlun til að draga úr áhættu og eru einungis framleiddar úr hrámjólk, inn í Sambandið. Breyta ætti þessu ákvæði til að heimila komu mjólkurafurða, sem eru framleiddar úr mjólkurafurðum sem falla ekki undir meðhöndlun til að draga úr áhættu, inn í Sambandið, með fyrirvara um samræmi við tiltekin skilyrði, þar eð áhættan er svipuð.

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1).

15) Í 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er veitt undanþága frá i. lið a-liðar og i. lið c-liðar 3. gr. og mælt fyrir um sértækar kröfur vegna samsettra afurða sem halda stöðugleika við geymslu. Breyta ætti þessu ákvæði til að heimila að mjólkurafurðir séu upprunnar frá aðildarríkjum og meðhöndlaðar mjólkurafurðir frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum eða svæðum þeirra sem hafa leyfi til að flytja hrámjólk inn í Sambandið til framleiðslu á samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu. Enn fremur ætti að skýra nánar kröfurnar sem varða samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu sem um getur í 3. mgr. 163. gr.

16) Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmenn lagardýra megi annast þau verkefni sem er úthlutað til dýralækna samkvæmt þeirri reglugerð, að því tilskildu að þeir hafi heimild til þess frá viðkomandi aðildarríki samkvæmt landslögum. Í tilteknum þriðju löndum og á yfirráðasvæðum framkvæmdu heilbrigðisstarfsmenn lagardýra, auk dýralækna, áður fyrr klíníska skoðanir á lagardýrum fyrir útflutning til Sambandsins. Því er rétt að breyta 166. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að heimila heilbrigðisstarfsmönnum lagardýra að framkvæma klíníska skoðanir fyrir útflutning til Sambandsins, að því tilskildu að þeir hafi heimild til slíks samkvæmt lögum þriðja útflutningslandsins eða -yfirráðasvæðisins.

17) Tilteknum lagardýrum er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([7]) áður en þau koma inn í Sambandið. Slík lagardýr skapa minni áhættu á útbreiðslu sjúkdóms en önnur lagardýr sem koma inn í Sambandið og sem er ekki pakkað og þau merkt á sama hátt. Því er rétt að breyta a-lið 167. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að lifandi lagardýr, sem um getur í d-, e- og f-lið 172. gr. sömu reglugerðar, séu undanþegin þeirri kröfu að vera send beint frá upprunastað til Sambandsins. Þessi breyting myndi gera það kleift að geyma slíkar vörur t.d. í samþykktri kæligeymslu á leiðinni frá upprunastað þeirra í þriðja landi eða á yfirráðasvæði til viðtökustaðar þeirra í Sambandinu. Svipuð undanþága ætti einnig að gilda um a-lið 1. mgr. 174. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 varðandi meðhöndlun tiltekinna afurða úr lagardýrum, öðrum en lifandi lagardýrum, eftir komu inn í Sambandið. Því ætti að breyta þessum greinum til samræmis við það.

18) Ennfremur, vegna minni áhættu á útbreiðslu sjúkdóms í tengslum við þessar vörur, ættu sendingar af lagardýrum, sem um getur í d-, e- og f-lið 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, að vera undanþegnar þeirri kröfu að þeim fylgi yfirlýsing, sem er undirrituð af skipstjóra skipsins sem slíkar sendingar voru fluttar með, þegar þær koma inn í Sambandið. Því ætti að breyta 168. gr. þeirrar reglugerðar til samræmis við það.

19) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er kveðið á um að aðildarríki geti gert landsráðstafanir varðandi annan sjúkdóm en skráðan sjúkdóm, sem um getur í d-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Ef slíkar ráðstafanir varða tilflutninga á lagardýrum og afurðum úr lagardýrum milli aðildarríkja verða þau að vera samþykkt í samræmi við 3. mgr. 226. gr. þeirrar reglugerðar. Slíkar ráðstafanir geta gilt um skráða sjúkdóma, sem eru sjúkdómar í E-flokki eins og þeir eru skilgreindir í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ([8]), og um óskráða sjúkdóma. Því ætti að breyta 2. bálki V. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að skýra nánar að landsráðstafanir, sem hafa verið samþykktar í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, gilda ekki einungis um óskráða sjúkdóma heldur einnig um sjúkdóma í E-flokki.

20) Í iv. lið a-liðar 1. mgr. 170. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 kom í ljós villa í millivísun. Því ætti að leiðrétta þá grein með því að fjarlægja tilvísun í 176. gr. og setja í staðinn tilvísun í 175. gr. þeirrar reglugerðar.

21) Í 178. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um sértækar kröfur vegna komu hóf- og klaufdýra, alifugla og lagardýra, sem eru upprunnin í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land eða yfirráðasvæði hefur synjað um innflutning, inn í Sambandið. Í 179. gr. þeirrar reglugerðar er mælt fyrir um sértækar kröfur vegna komu annarra dýra en hóf- og klaufdýra, alifugla og lagardýra, sem eru upprunnin í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

þriðja land eða yfirráðasvæði hefur synjað um innflutning, inn í Sambandið. Áhættan á að dýrasjúkdómar berist til Sambandsins með fuglum sem eru í haldi er þó svipuð og áhættan varðandi alifugla. Því ættu sértæku kröfurnar sem mælt er fyrir um í 178. gr. einnig að gilda um fugla sem eru í haldi. Því ætti að breyta 178. og 179. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

22) Í 4. lið VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um lágmarkstímabil án þess að tilkynnt sé um tilvik eða uppkomu tiltekinna sjúkdóma í upprunastarfsstöð dýra af hestaætt. Í þeim lið er ekki gefinn sá valkostur að lögbært yfirvald geti aflétt takmörkunum á tilflutningi ef 30 dagar eru liðnir frá því að síðasta dýrið af skráðri tegund á starfsstöðinni var annaðhvort aflífað og því eytt eða því slátrað og athafnasvæðið á starfsstöðinni var þrifið og sótthreinsað. Sá möguleiki er fyrir hendi ef um er að ræða tilflutninga á dýrum af hestaætt milli aðildarríkja, í samræmi við 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/688, fyrir starfsstöðvar þar sem tilkynnt hefur verið um súrru, dúrín eða smitandi blóðleysi í hestum. Á sama tíma innihalda fyrirmyndirnar að dýraheilbrigðisvottorðum, sem mælt er fyrir um í 12. til 18. kafla II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 ([9]), nú þegar þennan valkost um 30 daga án tilkynnts tilviks súrru, dúríns eða smitandi blóðleysis í hestum á upprunastarfsstöð fyrir dýr af hestaætt. Því er nauðsynlegt að samræma 4. lið VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692. Aðlaga ætti VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

23) Í 1. lið X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um sértækar kröfur vegna komu sauðfjár inn í Sambandið að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella* eins og um getur í 5. mgr. 24. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Aðlaga ætti kröfurnar sem varða dvalartíma á upprunastarfsstöð að kröfunum sem um getur í iii. lið b-liðar 11. gr. þeirrar framseldu reglugerðar og viðeigandi færslu að því er varðar sauðfé í töflunni í III. viðauka við þá framseldu reglugerð. Því ætti að breyta X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

24) Í lið 2.1 í XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um sértækar kröfur vegna afríkuhrossapestar sem dýr af hestaætt, sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum eða svæðum þeirra sem eru sett í heilbrigðishópa E eða F, verða að uppfylla. Þess er krafist að dýrunum hafi verið haldið í einangrun í smitferjuvörðum stöðvum í tiltekinn tíma. Nauðsynlegt er að samræma hugtakið „smitferjuvarin stöð“ sem er frátekin fyrir lokaða stöð eins og um getur í 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 við hugtakið „smitferjuvarin stöð“ eins og það er skilgreint í 2. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Því ætti að breyta XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

25) Í lið 2.2 í XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um sértækar kröfur vegna venesúelaheilabólgu sem dýr af hestaætt, sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum eða svæðum þeirra sem eru sett í heilbrigðishóp C eða D, verða að uppfylla. Þess er krafist að dýrunum hafi verið haldið í smitferjuvarinni sóttkví í tiltekinn tíma. Nauðsynlegt er að samræma hugtakið „smitferjuvarin sóttkví“ við hugtakið „smitferjuvarin stöð“ sem er skilgreind í 2. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Því ætti að breyta XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

26) Að auki ætti að tilgreina lágmarksviðmiðanir fyrir því að lögbært yfirvald geti veitt þá stöðu að vera smitferjuvarin stöð. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um þessar viðmiðanir í XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692. Þessar viðmiðanir ættu að vera í samræmi við viðmiðanirnar sem kveðið er á um í 3. kafla II. hluta V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 og í 1. lið í grein 12.1.10 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr. Breyta ætti XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af tilteknum flokkum landdýra og kímefnum þeirra, opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og niðurfellingu á ákvörðun 2010/470/ESB (Stjtíð. ESB L 113, 31.3.2021, bls. 1).

27) Í b-lið 2. liðar í XXI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er tilgreindur tímarammi fyrir veitingu meðferðar gegn smitun af völdum *Echinoccocus multilocularis*. Það hefur reynst erfitt að fara að þessum tímaramma. Heimilt er að veita ákveðinn sveigjanleika án þess að auka áhættuna fyrir heilbrigði manna eða dýra. Því ætti að breyta XXI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Í V. hluta er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu inn í Sambandið sem og um tilflutning og meðhöndlun eftir komu og undanþágur frá þessum kröfum er varða eftirtaldar tegundir lagardýra á öllum lífsstigum sem og afurðir þeirra, önnur en villt lagardýr og afurðir úr þessum villtu lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum til beinnar neyslu, að undanskildum öðrum afurðum úr dýraríkinu en lifandi lagardýrum sem eru ekki ætluð til frekari vinnslu í Sambandinu og villtum lagardýrum og afurðum úr þessum villtu lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum og ætluð til beinnar neyslu:

a) fiskur af skráðum tegundum sem tilheyrir yfirflokknum *Agnatha* og flokkunum *Chondrichthyes, Sarcopterygii* og *Actinopterygii*,

b) lagarlindýr af skráðum tegundum sem tilheyra fylkingunni *Mollusca*,

c) krabbadýr af skráðum tegundum sem tilheyra undirfylkingunni *Crustacea*,

d) lagardýr af tegundum sem eru tilgreindar í XXIX. viðauka við þessa reglugerð, sem eru smitnæm fyrir lagardýra-sjúkdómum sem tiltekin aðildarríki hafa gert landsráðstafanir gegn sem hafa verið samþykktar í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260 (*).

(*) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260 frá 11. febrúar 2021 um samþykkt landsráðstafana sem gerðar eru til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB (Stjtíð. ESB L 59, 19.2.2021, bls. 1).“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 36. liðar kemur eftirfarandi:

„36) „hópur sem annast söfnun á fósturvísum“ kímefnamiðstöð sem samanstendur af hópi fagfólks eða skipulagseiningu sem lögbært yfirvald hefur samþykkt til söfnunar, vinnslu, geymslu og flutnings á eggfrumum eða fósturvísum, sem eiga uppruna sinn í lífi, sem eru ætluð til innflutnings inn í Sambandið,“

b) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„50) „dýraathvarf„: starfsstöð þar sem landdýr, sem eru fyrrum flækingsdýr, villt dýr, týnd, yfirgefin eða handsömuð dýr, eru í haldi og heilbrigðisástand þeirra allra er e.t.v. ekki þekkt þegar þau koma inn í starfsstöðina,

51) „smitferjuvarin stöð“: hluti af aðstöðu eða öll aðstaða stöðvar, sem er varin gegn ágangi skordýra af ættkvíslinni *Culicoides* eða Culicidae, eins og við á, með viðeigandi efnislegum og stjórnunarlegum hætti, sem lögbært yfirvald hefur veitt þá stöðu að vera smitferjuvarin stöð og sem uppfyllir viðmiðanir sem mælt er fyrir um í 3. lið XI. viðauka,“.

3) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við í 17. gr.:

„3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tilflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum sem er haldið sem gæludýrum á heimilum inn í aðildarríki frá þriðja landi eða yfirráðasvæði ef ekki er unnt að framkvæma slíka tilflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 245. gr. eða 1. og 2. mgr. 246. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.“

4) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við í 19. gr.:

„4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um tilflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum sem er haldið sem gæludýrum á heimilum inn í aðildarríki frá þriðja landi eða yfirráðasvæði ef ekki er unnt að framkvæma slíka tilflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 245. gr. eða 1. og 2. mgr. 246. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429“.

5) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við í 21. gr.:

„5. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. er heimilt, á grundvelli beiðni frá þriðja upprunalandi eða -yfirráðasvæði til framkvæmdastjórnarinnar og með fyrirvara um samþykki hennar, að skipta út kóða útflutningslandsins, sem um getur í b-lið 1. liðar, fyrir annan kóða sem er tveggja bókstafa kóði.“

6) Í stað c-liðar 2. mgr. 38. gr. kemur eftirfarandi:

„c) í a.m.k. 30 daga eftir að framkvæmd niðurskurðarstefnu lauk og eftir hreinsun og sótthreinsun, sem um getur í a- og b-lið, var lögbært yfirvald þriðja landsins eða yfirráðasvæðisins með eftirlitsáætlun í framkvæmd sem veitti a.m.k. það öryggi með dæmigerðri slembisýnatöku, með neikvæðum niðurstöðum, úr þeim stofnum sem voru í hættu til að sýna fram á að sýking væri ekki til staðar, að teknu tilliti til sértækra faraldsfræðilegra aðstæðna í tengslum við viðkomandi uppkomu(r).“

7) Í stað inngangsorðanna og a-liðar 53. gr. kemur eftirfarandi:

„Einungis skal heimila komu sendinga af fuglum sem eru í haldi inn í Sambandið ef dýrin í sendingunni eru auðkennd með einstaklingsbundnu auðkennisnúmeri með lokuðu fótmerki með einstakri merkingu, sem er a.m.k. fest um annan fótinn á dýrinu þar sem alstafakóði birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegur, eða stunguörmerki, þar sem alstafakóði birtist læsilega og er óafmáanlegur, sem inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) kóða þriðja upprunalandsins eða -yfirráðasvæðisins þar sem þau voru upphaflega auðkennd, sem samræmist ISO-staðlinum 3166, sem er tveggja eða þriggja bókstafa kóði,“.

8) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við í 73. gr.:

„3. Einungis skal heimila komu sendinga af hundum, köttum og frettum, sem koma frá dýraathvarfi, inn í Sambandið ef slík sending var send frá dýraathvarfi:

a) sem lögbært yfirvald þriðja landsins eða yfirráðasvæðisins hefur samþykkt í samræmi við kröfur sem eru a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 og

b) sem er með einkvæmt samþykkisnúmer sem lögbært yfirvald þriðja landsins eða yfirráðasvæðisins úthlutaði,

c) sem lögbært yfirvald þriðja landsins eða yfirráðasvæðisins sem sendir hefur skráð í þessum tilgangi, þ.m.t. upplýsingarnar sem kveðið er á um í 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035.“

9) Í stað 79. gr. kemur eftirfarandi:

„79. gr.

Þriðja upprunaland eða -yfirráðasvæði eða svæði þess

1. Einungis skal heimila komu sendinga af sæði, eggfrumum og fósturvísum úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt inn í Sambandið ef þeim var safnað úr eða koma frá dýrum í þriðju löndum eða á yfirráðasvæðum eða svæðum þeirra sem uppfylla dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 22. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er heimilt, í tengslum við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í a-lið 4. mgr. 22. gr., að leyfa að sendingar af sæði, eggfrumum og fósturvísum úr nautgripum, svínum, sauðfé og geitum komi inn í Sambandið ef þeim var safnað eða þau framleidd í þriðju löndum eða á yfirráðasvæðum þar sem bólusetning gegn gin- og klaufaveiki hefur farið fram, að því tilskildu að þeim hafi verið safnað úr dýrum í samræmi við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. eða 4. lið I. kafla 5. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686.“

10) Í stað fyrirsagnar 3. bálks III. hluta kemur eftirfarandi:

„3. BÁLKUR

DÝRAHEILBRIGÐISKRÖFUR VEGNA KÍMEFNA ÚR DÝRUM, ANNARRA EN ÞEIRRA SEM UM GETUR Í A- OG B-LIÐ 4. MGR. 1. GR., SEM ERU ÆTLUÐ FYRIR LOKAÐAR STARFSSTÖÐVAR

11) Í stað 117. gr. kemur eftirfarandi:

„117. gr.

Kröfur vegna komu sendinga af kímefnum úr dýrum, annarra en þeirra sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 1. gr., inn í Sambandið sem eru ætluð fyrir lokaðar starfsstöðvar

Heimilt er að leyfa komu sendinga af sæði, eggfrumum og fósturvísum úr öðrum dýrum en þeim sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 1. gr., sem eru ætlaðar fyrir lokaða starfsstöð sem er staðsett í Sambandinu, inn í Sambandið að því tilskildu að:

a) lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins hafi gert mat á þeirri áhættu sem koma þessara kímefna gæti haft í för með sér fyrir Sambandið,

b) gjafadýr þessara kímefna eru upprunnin í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess þaðan sem viðtökuaðildarríkið heimilar flutning á þessum tilteknu tegundum og flokkum dýra inn í Sambandið, annaðhvort með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 (*), eða skv. 2. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eftir því hvaða tegund er um að ræða,

c) gjafadýr þessara kímefna eru upprunnin í starfsstöð í þriðja upprunalandi, á upprunayfirráðasvæði eða upprunasvæði þess, sem er á skrá sem lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins kom á fót, þaðan sem heimilt er að flytja dýr af tilteknum tegundum inn í Sambandið,

d) kímefnin eru ætluð fyrir lokaða starfsstöð í Sambandinu sem er samþykkt í samræmi við 95. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

e) kímefnin eru flutt beint á lokuðu starfsstöðina sem um getur í d-lið.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1)“.

12) Eftirfarandi e-lið er bætt við í 124. gr.:

„e) Þrátt fyrir i. lið c-liðar er heimilt að sendingar af alifuglum fari, meðan á flutningi þeirra til sláturhúss stendur, gegnum svæði þriðja lands eða yfirráðasvæði sem ekki er skráð vegna innflutnings á nýju kjöti af alifuglum, öðrum en strútfuglum, inn í Sambandið að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

i. upprunastarfsstöð alifuglanna, svæði þriðja landsins eða yfirráðasvæði sem ekki er skráð vegna innflutnings inn í Sambandið og sláturhúsið eru staðsett í sama þriðja landi eða á yfirráðasvæði,

ii. farið er í gegnum þetta svæði þriðja landsins eða yfirráðasvæði án þess að stöðva eða afferma á því svæði,

iii. farið er í gegnum þetta svæði þriðja landsins eða yfirráðasvæði þannig að aðalvegir eða aðaljárnbrautir séu í forgangi,

iv. farið er í gegnum þetta svæði þriðja landsins eða yfirráðasvæði þannig að komist sé hjá því að koma nálægt starfsstöðvum sem eru með dýr í haldi af tegundum sem eru skráðar fyrir viðkomandi alifuglasjúkdómum,

v. farið er í gegnum þetta svæði þriðja landsins eða yfirráðasvæði eftir niðurskurð og hreinsun og sótthreinsun starfsstöðvar sem varð/starfsstöðva sem urðu fyrir áhrifum af uppkomu(m) alvarlegrar fuglainflúensu eða sýkingar af völdum Newcastle-veikiveiru,

vi. eftir að farið var í gegnum þetta svæði þriðja landsins eða yfirráðasvæði skal fara með alifuglana beint í sláturhús og slátra þeim innan 6 klukkustunda frá komu þeirra í sláturhúsið.

Ef engir heppilegir staðgöngukostir eru til og að því tilskildu að öll skilyrðin sem eru tilgreind í i. til vi. lið í þessum lið séu uppfyllt er heimilt að alifuglar, sem eru fluttir í sláturhús, fari gegnum fleiri en eitt svæði sem um getur í þessum lið.“

13) Í stað 150. gr. kemur eftirfarandi:

„150. gr.

Upprunastarfsstöð dýra sem nýtt kjöt er fengið af

Einungis skal heimila komu sendinga af kjötafurðum inn í Sambandið ef þær eru unnar úr nýju kjöti af dýrum sem koma frá starfsstöð eða, ef um er að ræða villt dýr, frá stað þar sem ekki hefur verið tilkynnt um neina af skráðu sjúkdómunum sem hafa áhrif á dýrategundirnar sem kjötafurðirnar koma af, í samræmi við skrána sem sett er fram í I. viðauka, á staðnum eða innan svæðis með 10 km radíus umhverfis hann sem, eftir atvikum, nær til yfirráðasvæðis nágrannalands, á næstliðnum 30 dögum fyrir slátrun eða aflífun dýranna.“

14) Í stað 156. gr. kemur eftirfarandi:

„156. gr.

Mjólkurafurðir sem falla ekki undir meðhöndlun til að draga úr áhættu

Það skal heimilt að flytja sendingar af mjólkurafurðum inn í Sambandið, sem eru upprunnar í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings á hrámjólk inn í Sambandið, án þess að þær hafi fengið sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu, sem kveðið er á um í XXVII. viðauka, ef mjólkurafurðirnar í sendingunni uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær eru unnar úr hrámjólk eða mjólkurafurðum úr hrámjólk sem er fengin úr dýrum af tegundunum *Bos taurus, Ovis aries, Capra hircus, Bubalus bubalis* og *Camelus dromedarius*,

b) hrámjólkin eða mjólkurafurðirnar úr hrámjólk, sem var notuð til vinnslu á mjólkurafurðunum, uppfylltu viðeigandi almennar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í 3. til 10. gr., og sértækar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu hrámjólkur inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í 153. og 154. gr., og var þess vegna tæk til komu inn í Sambandið og hún er upprunnin frá einu af eftirfarandi:

i. skráðu þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess þar sem mjólkurafurðirnar voru unnar,

ii. þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess, öðru en skráðu þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess þar sem mjólkurafurðirnar voru unnar og þaðan sem heimilt er að flytja hrámjólk inn í Sambandið eða

iii. aðildarríki.“

15) Í stað 163. gr. kemur eftirfarandi:

„163. gr.

Sértækar kröfur vegna samsettra afurða sem halda stöðugleika við geymslu

1. Þrátt fyrir i. lið c-liðar 3. gr. skal heimilt að flytja inn í Sambandið sendingar af samsettum afurðum sem innihalda ekki kjötafurðir, að undanskildu gelatíni og kollageni, eða afurðir, að stofni til úr broddi, og sem hafa verið meðhöndlaðar til að halda stöðugleika við geymslu við stofuhita með meðfylgjandi yfirlýsingu, eins og kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, ef þær innihalda:

a) mjólkurafurðir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

i. þær hafa ekki fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu sem kveðið er á um í XXVII. viðauka, að því tilskildu að mjólkurafurðirnar séu fengnar annaðhvort í Sambandinu eða í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings á mjólkurafurðum inn í Sambandið án þess að þær fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu, í samræmi við 156. gr., og þriðja landið eða yfirráðasvæðið eða svæði þess þar sem samsetta afurðin er framleidd, ef það er annað, er einnig skráð vegna innflutnings á þessum afurðum inn í Sambandið án kröfu um að beita sérstakri meðhöndlun til að draga úr áhættu,

ii. þær hafa fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu, sem kveðið er á um í A- eða B-dálki XXVII. viðauka, sem hefur áhrif á dýrategundina sem mjólkin er úr, að því tilskildu að þær séu fengnar annaðhvort í Sambandinu eða í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings á mjólkurafurðum inn í Sambandið án þess að þær fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu, í samræmi við 156. gr., eða mjólkurafurðum sem hafa fengið sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu, í samræmi við 157. gr., og þriðja landið eða yfirráðasvæðið eða svæði þess þar sem samsetta afurðin er framleidd, ef það er annað, er einnig skráð vegna innflutnings á þessum afurðum inn í Sambandið ef þær hafa fengið sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu,

iii. þær hafa fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu sem er a.m.k. jafngild þeirri sem um getur í B-dálki XXVII. viðauka, óháð dýrategundinni sem mjólkin er úr, ef mjólkurafurðirnar uppfylla ekki allar kröfurnar sem kveðið er á um í i. eða ii. lið þessa liðar eða ef þær eru fengnar annaðhvort í Sambandinu eða í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem hefur ekki heimild til að flytja mjólkurafurðir inn í Sambandið en hefur heimild til að flytja aðrar afurðir úr dýraríkinu inn í Sambandið í samræmi við þessa reglugerð,

b) eggjaafurðir sem hafa fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu sem er jafngild þeirri sem er sett fram í XXVIII. viðauka.

2. Yfirlýsingin, sem um getur í 1. mgr., skal:

a) einungis fylgja sendingum af samsettum afurðum þegar Sambandið er lokaviðtökustaður samsettu afurðanna,

b) gefin út af rekstraraðila, sem ber ábyrgð á komu sendinga af samsettum afurðum inn í Sambandið, þar sem staðfest er að samsettu afurðirnar í sendingunni uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Þrátt fyrir i. lið a-liðar 3. gr. skal heimilt að flytja samsettar afurðir sem innihalda mjólkurafurðir, sem um getur í iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, og samsettar afurðir sem innihalda eggjaafurðir, sem hafa verið meðhöndlaðar til að halda stöðugleika við geymslu við stofuhita, inn í Sambandið ef þær koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess sem er ekki sérstaklega skráð vegna innflutnings á þessum afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið en er skráð vegna innflutnings inn í Sambandið á:

a) kjötafurðum, mjólkurafurðum eða eggjaafurðum eða

b) lagarafurðum í samræmi við 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.“.

16) Í 166. gr. er eftirfarandi málsgrein er bætt á eftir inngangsorðunum:

„Þó má heilbrigðisstarfsmaður lagardýra framkvæma klínísku skoðunina sem um getur í fyrstu málsgrein, að því tilskildu að þessi heilbrigðisstarfsmaður lagardýra hafi leyfi frá þriðja landinu eða hlutaðeigandi yfirráðasvæði til að sinna þeirri starfsemi samkvæmt landslögum þess.“

17) Í stað a-liðar 167. gr. kemur eftirfarandi:

„a) þau voru send beint frá upprunastaðnum til Sambandsins, nema um sé að ræða lagardýrin sem um getur í d-, e- og f-lið 172. gr.,“.

18) Í stað inngangsorðanna í 168. gr. kemur eftirfarandi:

Ef sending sendinga af lagardýrum til Sambandsins felur í sér flutning með skipi eða brunnbáti, þó ekki sé nema hluta leiðarinnar, nema um sé að ræða lagardýrin sem um getur í d-, e- og f-lið 172. gr., skal einungis heimila komu þessara sendinga af lagardýrum, sem eru fluttar í samræmi við 167. gr., inn í Sambandið ef lagardýrunum í sendingunni fylgir yfirlýsing, sem er fest við dýraheilbrigðisvottorðið og undirrituð af skipstjóra skipsins þann dag sem skipið kom í viðtökuhöfnina, þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:“.

19) Í stað 3. mgr. 169. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Afurðir úr lagardýrum, að undanskildum lifandi lagardýrum sem koma inn í Sambandið, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær verða að vera auðkenndar með læsilegum merkimiða utan á gámnum þar sem vísað er í vottorðið sem var gefið út fyrir sendinguna,

b) læsilegi merkimiðinn, sem um getur í a-lið, verður einnig að innihalda eftirfarandi yfirlýsingar, eftir því sem við á:

i. „afurðir úr fiski, að undanskildum lifandi fiski, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í Evrópusambandinu“,

ii. „afurðir úr lindýrum, að undanskildum lifandi lindýrum, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í Evrópusambandinu“,

iii. „afurðir úr krabbadýrum, að undanskildum lifandi krabbadýrum, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í Evrópusambandinu“.“

20) Í stað 1. mgr. 174. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Eftir komu inn í Sambandið skulu sendingar af:

a) lagardýrum, öðrum en þeim sem um getur í d-, e- og f-lið 172. gr., fluttar beint á viðtökustað þeirra í Sambandinu,

b) lagardýrum og afurðum úr lagardýrum meðhöndlaðar á viðeigandi hátt til að tryggja að náttúrulegt vatn mengist ekki.“

21) Í stað fyrirsagnar 2. bálks V. hluta kemur eftirfarandi:

„2. BÁLKUR

DÝRAHEILBRIGÐISKRÖFUR TIL AÐ TAKMARKA ÁHRIF TILTEKINNA SJÚKDÓMA, ANNARRA EN ÞEIRRA SEM UM GETUR Í D-LIÐ 1. MGR. 9. GR. REGLUGERÐAR (ESB) 2016/429“

22) Í stað fyrirsagnarinnar og inngangsorðanna í 1. mgr. 178. gr. kemur eftirfarandi:

„178. gr.

Sértækar kröfur vegna komu hóf- og klaufdýra, alifugla, fugla sem eru í haldi og lagardýra, sem eru upprunnin í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land eða yfirráðasvæði hefur synjað um innflutning, inn í Sambandið

1. Einungis skal heimila að sendingar af hóf- og klaufdýrum, alifuglum, fuglum sem eru í haldi og lagardýrum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að lögbært yfirvald þriðja lands eða yfirráðasvæðis hefur synjað um innflutning, komi aftur inn í Sambandið ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:“.

23) Í stað fyrirsagnarinnar og inngangsorðanna í 1. mgr. 179. gr. kemur eftirfarandi:

„179. gr.

Sértækar kröfur vegna komu annarra dýra en hóf- og klaufdýra, alifugla, fugla sem eru í haldi og lagardýra, sem eru upprunnin í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land eða yfirráðasvæði hefur synjað um innflutning, inn í Sambandið

1. Einungis skal heimila að sendingar af öðrum dýrum en hóf- og klaufdýrum, alifuglum, fuglum sem eru í haldi og lagardýrum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að lögbært yfirvald þriðja lands eða yfirráðasvæðis hefur synjað um innflutning, komi aftur inn í Sambandið ef eftirfarandi skjöl fylgja með dýrunum í sendingunni:“.

24) Ákvæðum VIII., X., XI. og XXI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692

Framseld reglugerð (ESB) 2020/692 er leiðrétt sem hér segir:

Í stað iv. liðar a-liðar 1. mgr. 170. gr. kemur eftirfarandi:

„iv. sjúkdóma sem tiltekin aðildarríki hafa gert landsráðstafanir gegn, sem um getur í 175. gr. þessarar reglugerðar, ef sending inniheldur viðkomandi tegundir sem eru skráðar í XXIX. viðauka við hana og er ætluð til aðildarríkis, svæðis eða hólfs sem er skráð í I. eða II. viðauka við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260 (*)

(*) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260 frá 11. febrúar 2021 um samþykkt landsráðstafana sem gerðar eru til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB (Stjtíð. ESB L 59, 19.2.2021, bls. 1)“.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum VIII., X., XI. og XXI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. liðar VIII. viðauka kemur eftirfarandi:

„4. Lágmarkstímabil án þess að tilkynnt sé um tilvik eða uppkomu tiltekinna skráðra sjúkdóma í upprunastarfsstöð dýra af hestaætt, eins og um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 23. gr.:

	Tímabil	Kröfur sem skal uppfylla ef áður hefur verið tilkynnt um fyrra tilvik eða uppkomu sjúkdóms í starfsstöðinni
Sýking af völdum *Burkholderia mallei* (sníf)	6 mánuðir	Ef tilkynnt var um sýkingu í starfsstöðinni á undanförnum 3 árum fyrir sendingu til Sambandsins sætti starfsstöðin takmörkunum á tilflutningi af hálfu lögbærs yfirvalds eftir síðustu uppkomu þangað til: — sýktu dýrin höfðu verið aflífuð og þeim eytt og — gerð var prófun á dýrunum sem voru eftir, með neikvæðum niðurstöðum, sem var framkvæmd eins og lýst er í lið 3.1 í kafla 3.6.11 í handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr (útgáfa samþykkt 2018), á sýnum sem voru tekin a.m.k. 6 mánuðum eftir þann dag sem sýktu dýrin voru aflífuð og þeim eytt og starfsstöðin hreinsuð og sótthreinsuð.
Venesúelaheilabólga	6 mánuðir	Ef þau koma frá starfsstöð sem er staðsett í þriðja landi, á yfirráðasvæði eða svæði þess þar sem tilkynnt var um venesúelaheilabólgu á undanförnum 2 árum fyrir sendingu til Sambandsins uppfylla þau skilyrðin í eftirfarandi i. lið og skilyrðin í annaðhvort eftirfarandi ii. lið eða iii. lið: i. þau voru klínískt heilbrigð a.m.k. 21 næstliðinn dag fyrir sendingu til Sambandsins og sérhvert dýr, sem um getur í ii. eða iii. lið, sem líkamshitinn, sem var mældur daglega, hækkaði hjá var sett í greiningarprófun fyrir venesúelaheilabólgu, með neikvæðum niðurstöðum, með greiningaraðferðinni sem kveðið er á um í a-lið 1. liðar í 10. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688 og ii. dýrunum var haldið í einangrun í smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 21 dag þar sem þau voru varin gegn ágangi smitferjuskordýra og annaðhvort: — voru þau bólusett gegn venesúelaheilabólgu með heilu frumbólusetningarferli (e. *complete primary course*) og endurbólusett samkvæmt ráðleggingum framleiðandans a.m.k. 60 dögum en í mesta lagi 12 mánuðum fyrir sendingu til Sambandsins eða — voru sett í prófun fyrir venesúelaheilabólgu með greiningaraðferðinni sem kveðið er á um í b-lið 1. liðar í 10. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688 sem gerð var, með neikvæðum niðurstöðum, á sýni sem var tekið í fyrsta lagi 14 dögum eftir komu í smitferjuvörðu stöðina,

		iii. dýrin voru sett í: — prófun fyrir venesúelaheilabólgu með greiningaraðferðinni sem kveðið er á um í b-lið 1. liðar í 10. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688, án aukningar á mótefnatítrun, sem gerð var á pöruðum sýnum sem voru tekin tvisvar með 21 dags millibili og seinna sýnið var tekið á næstliðnum 10 dögum fyrir sendingu til Sambandsins og — prófun til að greina genamengi venesúelaheilabólguveirunnar með greiningaraðferðinni sem kveðið er á um í 2. lið 10. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688, með neikvæðum niðurstöðum, sem gerð var á sýni sem var tekið innan 48 klukkustunda fyrir sendingu til Sambandsins og dýrin voru varin gegn ágangi smitferjuskordýra eftir sýnatöku fram að slíkri sendingu.
Dúrín	6 mánuðir	1. Ef tilkynnt var um sýkingu í starfsstöðinni á undanförnum 2 árum fyrir sendingu til Sambandsins sætti starfsstöðin takmörkunum á tilflutningi af hálfu lögbærs yfirvalds eftir síðustu uppkomu þangað til: — sýktu dýrin höfðu verið aflífuð og þeim eytt, eða slátrað, eða sýkt ógelt karldýr af hestaætt höfðu verið gelt og — gerðar höfðu verið prófanir á sýnum úr dýrum af hestaætt sem voru eftir í starfsstöðinni, að undanskildum geltum karldýrum af hestaætt sem um getur í fyrsta undirlið þessa liðar og var haldið frá hryssum af hestaætt, fyrir dúríni með greiningaraðferðinni sem kveðið er á um í 8. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688, með neikvæðum niðurstöðum, sem voru tekin a.m.k. 6 mánuðum eftir að þeim ráðstöfunum, sem lýst er í fyrsta undirlið þessa liðar, var lokið. 2. Þrátt fyrir 1. lið, ef tilkynnt var um sýkingu í starfsstöðinni á undanförnum 2 árum fyrir sendingu til Sambandsins sætti starfsstöðin áfram takmörkunum á tilflutningi af hálfu lögbærs yfirvalds eftir síðustu uppkomu í a.m.k. 30 daga eftir að síðasta dýrið af skráðri tegund á starfsstöðinni var annaðhvort aflífað og því eytt eða því slátrað og athafnasvæðið á starfsstöðinni var hreinsað og sótthreinsað.
Súrra (*Trypanosoma evansi*)	6 mánuðir	1. Ef tilkynnt var um sýkingu í starfsstöðinni á undanförnum 2 árum fyrir sendingu til Sambandsins sætti starfsstöðin takmörkunum á tilflutningi af hálfu lögbærs yfirvalds þangað til: — sýktu dýrin höfðu verið fjarlægð úr starfsstöðinni og — gerðar höfðu verið prófanir á sýnum úr dýrunum, sem voru eftir, fyrir súrru (*Trypanosoma evansi*) með einni af greiningaraðferðunum sem kveðið er á um í 3. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688, með neikvæðum niðurstöðum, sem voru tekin a.m.k. 6 mánuðum eftir að síðasta sýkta dýrið var fjarlægt úr starfsstöðinni.

		2. Þrátt fyrir 1. lið, ef tilkynnt var um sýkingu í starfsstöðinni á undanförnum 2 árum fyrir sendingu til Sambandsins sætti starfsstöðin áfram takmörkunum á tilflutningi af hálfu lögbærs yfirvalds í a.m.k. 30 daga eftir að síðasta dýrið af skráðri tegund á starfsstöðinni var annaðhvort aflífað og því eytt eða því slátrað og athafnasvæðið á starfsstöðinni var hreinsað og sótthreinsað.
Smitandi blóðleysi í hestum	90 dagar	1. Ef tilkynnt var um sýkingu í starfsstöðinni á undanförnum 12 mánuðum fyrir sendingu til Sambandsins sætti starfsstöðin takmörkunum á tilflutningi af hálfu lögbærs yfirvalds eftir síðustu uppkomu þangað til: — sýktu dýrin höfðu verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað og — gerðar voru prófanir á sýnum úr dýrunum, sem voru eftir í starfsstöðinni, fyrir smitandi blóðleysi í hestum með greiningaraðferðinni sem kveðið er á um í 9. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688, með neikvæðum niðurstöðum, á sýnum sem voru tekin tvisvar með a.m.k. 3 mánaða millibili eftir að þeim ráðstöfunum sem lýst er í fyrsta undirlið þessa liðar var lokið og starfsstöðin var hreinsuð og sótthreinsuð. 2. Þrátt fyrir 1. lið, ef tilkynnt var um sýkingu í starfsstöðinni á undanförnum 12 mánuðum fyrir sendingu til Sambandsins sætti starfsstöðin áfram takmörkunum á tilflutningi af hálfu lögbærs yfirvalds eftir síðustu uppkomu í a.m.k. 30 daga eftir að síðasta dýrið af skráðri tegund á starfsstöðinni var annaðhvort aflífað og því eytt eða því slátrað og athafnasvæðið á starfsstöðinni var hreinsað og sótthreinsað.
Hundaæði	30 dagar	—
Miltisbrandur	15 dagar	—“

2) Í stað 1. liðar X. viðauka kemur eftirfarandi:

„1. **SAUÐFÉ**

Ógeltir hrútar, aðrir en þeir sem eru ætlaðir til slátrunar í Sambandinu, verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þeir voru samfellt í a.m.k. 30 daga í starfsstöð þar sem ekki var tilkynnt um lyppudrep (*Brucella ovis*) á undanförnum 12 mánuðum fyrir sendingu til Sambandsins,

b) þeir voru settir í sermiprófun fyrir lyppudrepi (*Brucella ovis*), með neikvæðum niðurstöðum, á næstliðnum 30 dögum fram að sendingu til Sambandsins.“

3) Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.1 kemur eftirfarandi:

„2,1. **Sértækar kröfur vegna afríkuhrossapestar**

Dýr af hestaætt verða að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í einum af eftirfarandi liðum:

a) dýrunum var haldið í einangrun í smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 30 daga fyrir sendingu til Sambandsins og gerð var sermifræðileg prófun og efnasanngreiningaprófun fyrir afríkuhrossapest, með neikvæðum niðurstöðum í öllum tilvikum, á blóðsýni sem var tekið í fyrsta lagi 28 dögum eftir komu í smitferjuvörðu stöðina og innan 10 daga fyrir sendingu til Sambandsins,

b) dýrunum var haldið í einangrun í smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 40 daga fyrir sendingu til Sambandsins og gerðar voru sermifræðilegar prófanir til að greina mótefni gegn afríkuhrossapestarveirunni, án marktækrar aukningar á mótefnatítrun, á blóðsýnum sem voru tekin tvisvar með a.m.k. 21 dags millibili og fyrra sýnið var tekið a.m.k. 7 dögum eftir komu í smitferjuvörðu stöðina,

c) dýrunum var haldið í einangrun í smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 14 daga fyrir sendingu til Sambandsins og gerð var efnasanngreiningarprófun fyrir afríkuhrossapestarveirunni, með neikvæðum niðurstöðum, á blóðsýni sem var tekið í fyrsta lagi 14 dögum eftir komu í smitferjuvörðu stöðina og innan 72 klst. fyrir sendingu til Sambandsins og stöðug vöktun á smitferjuvörninni sýndi fram á að smitferjuskordýr voru ekki fyrir hendi innan smitferjuvörðu stöðvarinnar,

d) til eru skriflegar sannanir fyrir því að dýrin hafi verið bólusett gegn afríkuhrossapest með heilu frumbólusetningarferli og endurbólusett samkvæmt ráðleggingum framleiðandans með leyfðu bóluefni gegn öllum sermigerðum afríkuhrossapestarveirunnar, sem er til staðar í upprunastofninum, a.m.k. 40 dögum fyrir komu inn í smitferjuvarða stöð og dýrunum var haldið í einangrun í smitferjuvörðu stöðinni í a.m.k. 40 daga fyrir sendingu til Sambandsins,

e) dýrunum var haldið í einangrun í smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 30 daga fyrir sendingu til Sambandsins og voru sett í sermiprófun til að greina mótefni gegn afríkuhrossapestarveirunni, sem gerð var á sömu rannsóknarstofunni á sama degi, á blóðsýnum sem voru tekin tvisvar meðan einangrunin í smitferjuvörðu stöðinni stóð yfir með 21 til 30 daga millibili. Það seinna verður að hafa verið tekið innan 10 daga fyrir sendingu til Sambandsins, með neikvæðum niðurstöðum í bæði skiptin eða með neikvæðum niðurstöðum úr efnasanngreiningaprófun á seinna sýninu til að greina afríkuhrossapestarveiruna.“

b) Í stað liðar 2.2 kemur eftirfarandi:

„2,2. **Sértækar kröfur vegna venesúelaheilabólgu**

Dýr af hestaætt verða að uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi kröfum:

a) dýrin voru bólusett gegn venesúelaheilabólgu með heilu frumbólusetningarferli og endurbólusett samkvæmt ráðleggingum framleiðandans ekki minna en 60 dögum og ekki meira en 12 mánuðum fyrir sendingu til Sambandsins og þeim var haldið í einangrun í smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 21 dag fram að sendingu til Sambandsins og þau voru klínískt heilbrigð á tímabilinu og líkamshiti þeirra, sem var mældur daglega, hélst innan eðlilegra lífeðlisfræðilegra marka.

Úr öllum öðrum dýrum af hestaætt á sömu starfsstöð sem líkamshitinn, sem var mældur daglega, hækkaði hjá var tekin blóðprufa til veirueinangrunar vegna venesúelaheilabólgu, með neikvæðum niðurstöðum,

b) dýrin voru ekki bólusett gegn venesúelaheilabólgu og þeim var haldið í einangrun í smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 21 dag fyrir sendingu til Sambandsins og þau voru klínískt heilbrigð á tímabilinu og líkamshiti þeirra, sem var mældur daglega, hélst innan eðlilegra lífeðlisfræðilegra marka. Meðan einangrunartímabilið stóð yfir voru dýrin sett í greiningarprófun fyrir venesúelaheilabólgu, með neikvæðum niðurstöðum, sem var gerð

á sýni sem var tekið í fyrsta lagi 14 dögum eftir þann dag sem einangrun dýranna hófst í smitferjuvarinni stöð; dýrin voru varin fyrir smitberandi skordýrum fram að sendingu til Sambandsins.

Úr öllum öðrum dýrum af hestaætt á sömu starfsstöð sem líkamshitinn, sem var mældur daglega, hækkaði hjá var tekin blóðprufa til veirueinangrunar vegna venesúelaheilabólgu, með neikvæðum niðurstöðum,

c) dýrin voru sett í hömluprófun með rauðkornakekkjun fyrir venesúelaheilabólgu sem gerð var á sömu rannsóknarstofunni á sama degi á sýnum sem voru tekin tvisvar með 21 dags millibili, það seinna var tekið á næstliðnum 10 dögum fyrir sendingu til Sambandsins, án aukningar á mótefnatítrun og í víxlrita-kjarnsýrumögnunarpróf (RT-PCR) til að greina genamengi venesúelaheilabólguveirunnar, með neikvæðum niðurstöðum, sem gerð var á sýni sem var tekið innan 48 klukkustunda fyrir sendingu til Sambandsins og þau voru varin gegn ágangi smitferja frá því að sýnið var tekið fyrir víxlritakjarnsýrumögnunarprófið og fram að fermingu til sendingar með samsettri notkun samþykktra skordýrafæliefna og skordýraeiturs á dýrin ásamt skordýraeyðingu í hesthúsinu og flutningatækinu sem þau eru flutt í.“

c) Eftirfarandi 3. lið er bætt við:

„3. **SMITFERJUVARIN STÖÐ**

Lágmarksviðmiðanir fyrir því að fá þá stöðu að vera smitferjuvarin stöð:

a) þar eru viðeigandi áþreifanlegir tálmar til staðar við aðkomu- og brottfararstaði, t.d. kerfi með aðkomu og brottför gegnum tvöfaldar dyr,

b) op á smitferjuvarinni stöð verða að vera varin gegn smitferjum með skermum með möskvum af viðeigandi þéttleika sem eru gegndreyptir reglulega með viðurkenndu skordýraeitri samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

c) smitferjueftirlit og -varnir verða að fara fram innan og umhverfis smitferjuvörðu stöðina,

d) gera verður ráðstafanir til að takmarka eða eyða uppeldisstöðum smitferja í nágrenni við smitferjuvörðu stöðina,

e) staðlaðar verklagsreglur verða að vera til staðar, þ.m.t. lýsingar á vara- og viðvörunarkerfum, vegna starfrækslu smitferjuvörðu stöðvarinnar og flutnings á dýrum frá þessari stöð á fermingarstað til sendingar til Sambandsins.“

4) Í stað b-liðar 2. liðar í XXI. viðauka kemur eftirfarandi:

„b) dýralæknir verður að gefa lyfið á tímabili sem hefst í mesta lagi 48 klst. og lýkur eigi síðar en 24 klst. fyrir sendingu til Sambandsins,“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1322 **2023/EES/83/11**

frá 25. júlí 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 að því er varðar skrár yfir afurðir úr dýraríkinu aukaafurðir úr dýrum og samsettar afurðir sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632 ([2]) er komið á fót skrám yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, samsettar afurðir og hey og hálm sem skal framvísa til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum ásamt upplýsingum um viðeigandi númer þeirra í sameinuðu nafnaskránni (SN-númer) sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([3]).

2) Í 3., 5. og 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ([4]) er kveðið á um kröfur vegna innflutnings á vörusendingum sem vísað er til með tilteknum SN-númerum og númerum í samræmdu tollskránni (ST-númerum) í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87. Þessum ákvæðum var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/887 ([5]). Í framseldri reglugerð (ESB) 2022/887 eru viðkomandi númer skýrð nánar með því að bæta við númerum sem vantar og fjarlægja númer sem eiga ekki lengur við. Því er viðeigandi að bæta við vöruliðunum og SN-númerunum 0901, 1902 19, 1904 10 30, 1904 10 90, 1904 20, 1904 90 80, 2008 99, 2906, 2936 og 3002 49 00 í skrárnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 til að komast hjá allri tvíræðni að því er varðar hvaða vörusendingar séu háðar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2022, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 201/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632 frá 13. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, samsettar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB (Stjtíð. ESB L 132, 19.4.2021, bls. 24).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/887 frá 28. mars 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/625 að því er varðar númer í sameinuðu nafnaskránni og samræmdri tollskrá og innflutningsskilyrði vegna tiltekinna samsettra afurða, um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2122 að því er varðar tilteknar vörur og búfugla sem eru undanþegin opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/630 að því er varðar kröfur vegna samsettra afurða sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtíð. ESB L 154, 7.6.2022, bls. 23).

3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1832 ([6]) voru innleiddar breytingar á SN-númerum og lýsingum á vörum, þ.m.t. aukaafurðum úr dýrum. Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 ætti að endurspegla þær breytingar.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1832 frá 12. október 2021 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. ESB L 385, 29.10.2021, bls. 1).

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

SKRÁR YFIR DÝR, AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU, KÍMEFNI, AUKAAFURÐIR ÚR DÝRUM OG AFLEIDDAR AFURÐIR, SAMSETTAR AFURÐIR OG HEY OG HÁLM SEM FALLA UNDIR OPINBERT EFTIRLIT Á LANDAMÆRAEFTIRLITSSTÖÐVUM EINS OG UM GETUR Í 3. GR.

Athugasemdir:

1. **Almennar athugasemdir**

Almennum athugasemdum er bætt við tiltekna kafla til að skýra nánar hvaða dýr eða vörur falla undir viðkomandi kafla. Ef nauðsyn krefur er þar að auki vísað til sértækra krafna sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1]).

Mælt er fyrir um skrá yfir samsettar afurðir, sem uppfylla sérstök skilyrði og eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630 ([2]).

2. **Athugasemd við kafla**

Skránum í þessum viðauka er skipað niður í kafla sem samsvara viðkomandi köflum í sameinuðu nafnaskránni (SN) eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([3]).

Athugasemdirnar við kaflana eru skýringar sem eru teknar, ef nauðsyn krefur, úr athugasemdum við einstaka kafla í sameinuðu nafnaskránni.

3. **Útdráttur úr skýringum og álit varðandi flokkun í samræmdu tollskránni**

Viðbótarupplýsingar um mismunandi kafla hafa verið dregnar út, ef nauðsyn krefur, úr skýringum og álitum varðandi flokkun í samræmda tollskrá Alþjóðatollastofnunarinnar.

Töflur:

4. **1. dálkur — SN-númer**

Í þessum dálki kemur fram SN-númerið. Sameinaða nafnaskráin (SN), sem komið var á fót með reglugerð (EBE) nr. 2658/87, byggist á alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá sem var gerður í Brussel 14. júní 1983 og samþykktur með ákvörðun ráðsins 87/369/EBE ([4]). Í sameinuðu nafnaskránni eru notaðir sex tölustafa vöruliðir og undirliðir ST-skrárinnar og sjöunda og áttunda tölustafnum einungis bætt við til að búa til frekari undirliði sem eru einstakir fyrir hana.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630 frá 16. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tiltekna flokka vara sem eru undanþegnir opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB (Stjtíð. ESB L 132, 19.4.2021, bls. 17).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

([4]) Ákvörðun ráðsins 87/369/EBE frá 7. apríl 1987 um niðurstöður alþjóðlegs samnings um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá og bókun um breytingu við hann (Stjtíð. EB L 198, 20.7.1987, bls. 1).

Ef notað er fjögurra tölustafa númer: Ef annað er ekki tekið fram skal framvísa öllum dýrum og vörum, sem hafa þennan fjögurra tölustafa kóða sem forskeyti eða sem falla undir þessa fjóra tölustafi, til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum. Í flestum þessara tilvika eru viðeigandi SN-númer, sem er að finna í Traces-kerfinu sem um getur í 4. mgr. 133. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([5]), sundurliðuð í sex eða átta tölustafa númer.

Ef einungis er farið fram á að tilteknum dýrum og vörum, sem falla undir fjögurra, sex eða átta tölustafa númer, sé framvísað til opinbers eftirlits og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til í sameinuðu nafnaskránni er númerið merkt með „úr“. Í því tilviki eru dýr og vörur, sem falla undir þessa reglugerð, ákvörðuð samkvæmt gildissviði SN-númersins og samsvarandi lýsingu í 2. dálki og flokkun og skýringu í 3. dálki.

5. **2. dálkur — Lýsing**

Lýsingin á dýrunum og vörunum er eins og mælt er fyrir um í dálknum með lýsingum í sameinuðu nafnaskránni.

Með fyrirvara um reglurnar um túlkun sameinuðu nafnaskrárinnar er litið svo á að þau orð sem eru notuð til að lýsa dýrum og vörum í 2. dálki hafi einungis leiðbeinandi gildi þar eð dýrin og vörurnar, sem falla undir þessa reglugerð, eru ákvörðuð samkvæmt SN-númerum.

6. **3. dálkur — Flokkun og skýring**

Í þessum dálki eru nánari upplýsingar um dýr eða vörur sem falla undir hann. Frekari upplýsingar um dýr eða vörur, sem falla undir mismunandi kafla í sameinuðu nafnaskránni, er að finna í skýringum við sameinaða nafnaskrá Evrópusambandsins ([6]).

Vörur sem eru fengnar úr aukaafurðum úr dýrum, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([7]) og reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eru ekki sérstaklega auðkenndar í lögum Sambandsins. Opinbert eftirlit skal fara fram með afurðum sem eru unnar að hluta til en eru áfram óunnar vörur sem á að vinna enn frekar í samþykktri eða skráðri starfsstöð á ákvörðunarstað. Opinberir skoðunarmenn á landamæraeftirlitsstöðvum skulu meta og tilgreina, þegar þörf krefur, hvort afleidd afurð er nægilega unnin til að ekki þurfi frekara opinbert eftirlit sem kveðið er á um í lögum Sambandsins.

1. KAFLI

LIFANDI DÝR

Athugasemd við 1. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla teljast öll lifandi dýr nema:

a) Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar í nr. 0301, 0306, 0307 eða 0308.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

([6]) Stjtíð. ESB C 119, 29.3.2019, bls. 1.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

b) Ræktaðar örverur og aðrar vörur í nr. 3002.

c) Dýr í nr. 9508.“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 0106 teljast m.a. eftirfarandi húsdýr eða villt dýr:

A) Spendýr

1) Prímatar.

2) Hvalir, höfrungar og hnísur (spendýr af ættbálknum Cetacea); sækýr (manati og dugong) (spendýr af ættbálknum Sirenia); selir, sæljón og rostungar (spendýr af undirættbálknum Pinnipedia).

3) Önnur dýr (s.s. hreindýr, kettir, hundar, ljón, tígrisdýr, bjarndýr, fílar, úlfaldar (þ.m.t. drómedari), sebradýr, kanínur, hérar, hjartardýr, antilópur (aðrar en af undirættinni *Bovinae*), gemsur, refir, minkar og önnur dýr úr loðdýrarækt).

B) Skriðdýr (þar með talið snákar og skjaldbökur)

C) Fuglar

1) Ránfuglar.

2) Af páfagaukaætt (þar með taldir páfagaukar, skaftpáfar, arnpáfar og kakadúar).

3) Aðrir fuglar (s.s. akurhænur, fasanar, kornhænur, skógarsnípur, hrossagaukar, dúfur, skógarhænsni, dultittlingar, villtar endur, villtar gæsir, þrestir, svartþrestir, lævirkjar, finkur, meisur, kólibrífuglar, páfuglar, svanir og aðrir fuglar sem eru ótaldir í nr. 0105).

D) Skordýr s.s. býflugur (hvort sem þær eru fluttar í kössum, búrum eða býkúpum).

E) Önnur dýr, t.d. froskar.

Í þessu nr. eru undanskilin dýr sem tilheyra hringleikahúsum, dýrasöfnum eða öðrum áþekkum faranddýrasýningum (nr. 9508).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
0101	Lifandi hestar, asnar, múlasnar og múldýr	Allt
0102	Lifandi dýr af nautgripaætt	Allt
0103	Lifandi svín	Allt
0104	Lifandi sauðfé og geitfé	Allt
0105	Lifandi alifuglar, þ.e. hænsni af tegundinni *Gallus domesticus*, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni	Allt

0106	Önnur lifandi dýr	Allt, nær yfir öll dýr í eftirfarandi undirliðum: 0106 11 00 (prímatar) 0106 12 00 (hvalir, höfrungar og hnísur (spendýr af ættbálknum Cetacea); sækýr (manati og dugong) (spendýr af ættbálknum Sirenia); selir, sæljón og rostungar (spendýr af undirættbálknum Pinnipedia) 0106 13 00 (úlfaldar og önnur kameldýr (spendýr af ættinni *Camelidae*)) 0106 14 (kanínur og hérar) 0106 19 00 (önnur): spendýr önnur en í nr. 0101, 0102, 0103, 0104, 0106 11, 0106 12, 0106 13 og 0106 14; þessi undirliður nær yfir hunda og ketti 0106 20 00 (skriðdýr, þar með talið snákar og skjaldbökur) 0106 31 00 (fuglar: ránfuglar) 0106 32 00 (fuglar: af páfagaukaætt (þar með taldir páfagaukar, skaftpáfar, arnpáfar og kakadúar) 0106 33 00 (strútar; emúar (Dromaius novaehollandiae) 0106 39 (aðrir): nær yfir fugla, aðra en í nr. 0105, 0106 31, 0106 32 og 0106 33, þessi undirliður nær til dúfna 0106 41 00 (býflugur) 0106 49 00 (önnur skordýr en býflugur) 0106 90 00 (önnur): öll önnur lifandi dýr, ótalin annars staðar, önnur en spendýr, skriðdýr, fuglar og skordýr. Lifandi froskar, hvort sem þeir eru haldnir lifandi í safnhúsum (*vivaria*) eða til aflífunar til manneldis, teljast til þessa SN-númers.

2. KAFLI

KJÖT OG ÆTIR HLUTAR AF DÝRUM

Athugasemd við 2. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Vörur sem lýst er í nr. 0201–0208 eða nr. 0210, óhæfar eða henta ekki til manneldis.

b) Æt skordýr, ekki lifandi (nr. 0410).

c) Þarmar, blöðrur eða magar úr dýrum (nr. 0504) eða dýrablóð (nr. 0511 eða 3002).

d) Dýrafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 (15. kafli).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	Allt. Hráefni sem hentar ekki til manneldis fellur þó ekki undir þetta númer, heldur númer 0511.

0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511.
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511.
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511.
0205 00	Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511.
0206	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511.
0207	Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511.
0208	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511. Þetta númer nær yfir annað hráefni til framleiðslu gelatíns eða kollagens til manneldis. Það nær einnig yfir allt kjöt og æta hluta af dýrum í eftirfarandi undirliðum: 0208 10 (af kanínum eða hérum) 0208 30 00 (af prímötum) 0208 40 (af hvölum, höfrungum og hnísum (spendýrum af ættbálknum Cetacea); af sækúm (manati og dugong) (spendýrum af ættbálknum Sirenia); af selum, sæljónum og rostungum (spendýrum af ættbálknum Pinnipedia)) 0208 50 00 (af skriðdýrum, þar með talið snákar og skjaldbökur) 0208 60 00 (af úlföldum og öðrum kameldýrum (*Camelidae*)) 0208 90 (annað: af alidúfum, af veiðidýrum öðrum en kanínum eða hérum o.s.frv.): nær yfir kjöt af kornhænum, hreindýrum og öllum öðrum spendýrum. Þessi undirliður nær einnig yfir froskalappir með SN-númerið 0208 90 70.
0209	Svínafita, án magurs kjöts, og alifuglafita, ekki brædd eða úrdregin á annan hátt, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt	Öll, nær yfir bæði fitu og unna fitu eins og lýst er í 2. dálki, jafnvel þótt hún henti einungis til notkunar í iðnaði (óhæf til manneldis).

0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum	Allt, nær yfir kjöt, kjötafurðir og aðrar afurðir úr dýraríkinu. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer heldur númer 0511. Nær yfir unnið dýraprótín og þurrkuð svínseyru til manneldis. Jafnvel þótt slík þurrkuð svínseyru séu notuð sem fóður kemur skýrt fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1125/2006 (*) að þau mega falla undir 0210 99 49. Þurrkaðir hlutar af dýrum og svínseyru sem eru ekki hæf til manneldis flokkast þó undir SN-númer 0511 99 85. Pylsur falla undir nr. 1601. Kjarnar og safar úr kjöti falla undir nr. 1603. Hamsar falla undir nr. 2301.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1125/2006 frá 21. júlí 2006 um flokkun á tilteknum vörum í sameinuðu nafnaskránni (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 3).

3. KAFLI

FISKUR OG KRABBADÝR, LINDÝR OG AÐRIR VATNA- OG SJÁVARHRYGGLEYSINGJAR

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir bæði lifandi fiska til undaneldis og ræktunar, lifandi skrautfiska og lifandi fiska eða lifandi krabbadýr sem eru flutt lifandi en flutt inn til manneldis.

Allar afurðir í þessum hluta skulu falla undir opinbert eftirlit.

Athugasemdir við 3. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Spendýr í nr. 0106.

b) Kjöt af spendýrum í nr. 0106 (nr. 0208 eða 0210).

c) Fiskur (þar með talið lifur, hrogn og svil), krabbadýr, lindýr eða aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar, dautt og óhæft eða hentar ekki til manneldis vegna tegundar eða ástands (5. kafli); mjöl, einnig fínmalað, eða kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- eða sjávarhryggleysingjum, óhæft til manneldis (nr. 2301).

d) Kavíar eða kavíarlíki unnið úr hrognum (nr. 1604).

2. Sem kögglar í þessum kafla teljast vörur sem mótaðar hafa verið annað hvort beint með þjöppun eða með lítils háttar íblöndun bindiefna.

3. Númer 0305–0308 ná ekki yfir hveiti, mjöl og köggla sem eru hæf til manneldis (nr. 0309).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
0301	Lifandi fiskur	Allt: nær yfir urriða, ál, vatnakarfa og allar aðrar tegundir eða allan fisk sem er fluttur inn til undaneldis eða ræktunar. Lifandi fisk, sem er fluttur inn til beinnar neyslu, skal meðhöndla, að því er varðar opinbert eftirlit, eins og um afurðir væri að ræða. Nær yfir skrautfiska í SN-númerum 0301 11 00 og 0301 19 00.

0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304	Allt, nær yfir lifur, svil og hrogn, ný eða kæld, í SN-númeri 0302 91 00.
0303	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304	Allt, nær yfir lifur, svil og hrogn, frosin, í undirlið 0303 91.
0304	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst	Allt.
0305	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu	Allt, nær yfir fiskhausa, sporða og maga og aðrar æta hluta fiska
0306	Krabbadýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; reykt krabbadýr, í skel eða skelflett, hvort sem þau eru soðin fyrir eða við reykingu; krabbadýr, í skel, soðin í gufu eða vatni, einnig kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi	Allt. Að því er varðar opinbert eftirlit skal líta á og meðhöndla lifandi krabbadýr, sem eru flutt inn til beinnar neyslu, eins og um afurðir væri að ræða. Nær yfir skrautsæapa (e. *ornamental sea monkey*) og hjúpa (e. *cyst*) þeirra til notkunar sem gæludýr og öll lifandi skrautkrabbadýr.
0307	Lindýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; reykt lindýr, einnig í skel eða skelflett hvort sem þau eru soðin fyrir eða við reykingu	Þetta númer nær einnig yfir reykt lindýr sem áður hafa verið soðin. Önnur soðin lindýr falla undir nr. 1605. Nær yfir lifandi skrautlindýr. Lifandi lindýr sem eru flutt inn til beinnar neyslu skal líta á og meðhöndla, að því er varðar opinbert eftirlit, eins og um afurðir væri að ræða. Nær yfir allt í undirliðum 0307 11 til 0307 99; dæmi um slíkt eru: 0307 60 (sniglar, þó ekki sæsniglar): nær yfir landsnigla af tegundunum *Helix pomatia*, *Helix aspersa* og *Helix lucorum* og tegundir af ættinni *Achatinidae*. Nær yfir lifandi snigla (þar með taldir lifandi ferskvatnssniglar) til beinnar neyslu og einnig sniglakjöt til manneldis. Nær yfir snöggsoðna eða forunna snigla. Vörur sem eru unnar enn frekar falla undir nr. 1605. 0307 91 00 (önnur lindýr, lifandi, ný eða kæld, þ.e. önnur en ostrur, diskar, kræklingur (*Mytilus* spp., *Perna* spp.), tíarma smokkfiskur, tígulsmokkur, kraki, sniglar, samlokur, báruskeljar, birður, sæeyru (*Haliotis* spp.) og *Strombus* spp.: nær yfir kjöt af sjávarsniglategundum, einnig í skel. 0307 99 (önnur lindýr, önnur en lifandi, ný, kæld eða fryst, þ.e. önnur en ostrur, diskar, kræklingur (*Mytilus* spp., *Perna* spp.), tíarma smokkfiskur, tígulsmokkur, kraki, sæsniglar, samlokur, báruskeljar, birður, sæeyru (*Haliotis* spp.) og *Strombus* spp.

0308	Vatna- og sjávarhryggleysingjar aðrir en krabbadýr og lindýr, lifandi, nýir, kældir, frystir, þurrkaðir, saltaðir eða í saltlegi; reyktir vatna- og sjávarhryggleysingjar aðrir en krabbadýr og lindýr hvort sem þeir eru soðnir fyrir eða við reykingu	Allt.
0309	Mjöl, fín- og grófmalað, og kögglar, úr fiski, krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatna-hryggleysingjum, hæft til manneldis	Allt.

4. KAFLI

MJÓLKURAFURÐIR; FUGLAEGG; NÁTTÚRLEGT HUNANG; ÆTAR VÖRUR ÚR DÝRARÍKINU, ÓT.A.

Athugasemdir við 4. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Sem mjólk telst nýmjólk eða fleytt mjólk að hluta eða öllu leyti.

2. Að því er varðar nr. 0403 getur jógúrt verið kjörnuð eða bragðbætt og innihaldið viðbættan sykur eða önnur sætiefni, ávexti, hnetur, kakaó, súkkulaði, krydd, kaffi eða kaffikjarna, plöntur, plöntuhluta, kornvörur eða brauðvörur, að því tilskildu að ekkert viðbætt efni sé notað í þeim tilgangi að koma í staðinn fyrir, að öllu leyti eða hluta til, einhver innihaldsefni mjólkur og að varan haldi eðlislægum sérkennum jógúrtar.

3. Í nr. 0405 er með:

   a) Smjöri átt við náttúrlegt smjör, mysusmjör eða samsett smjör (nýtt, saltað eða þræsið, þar með talið smjör í dósum) sem unnið er eingöngu úr mjólk, sem inniheldur mjólkurfitu sem er meira en 80% en ekki meira en 95% miðað við þyngd, föst mjólkurefni án fitu að hámarki 2% miðað við þyngd og vatn að hámarki 16% miðað við þyngd. Smjör inniheldur ekki viðbætt bindiefni, en getur innihaldið natríumklóríð, matarlit, hlutleysandi sölt og ræktaða skaðlausa gerla sem gefa af sér mjólkursýru.

   b) Mjólkurviðbiti átt við smyrjanlega þeytu af gerðinni “vatn í olíu”, sem inniheldur mjólkurfitu sem einu fitu í vörunni, með mjólkurfituinnihaldi sem er 39% eða meira en minna en 80% miðað við þyngd.

4. Vörur sem fengnar eru með þykkingu mysu og með íblöndun mjólkur eða mjólkurfitu skulu flokkaðar sem ostur í nr. 0406 enda sé eftirfarandi þrennt einkennandi fyrir þær:

   a) Fituinnihald sem er 5% eða meira miðað við þyngd þurrefnisins.

   b) Þurrefnisinnihald sem er miðað við þyngd að minnsta kosti 70% en ekki meira en 85%.

   c) Þær séu mótaðar eða mótanlegar.

5. Til þessa kafla telst ekki:

   a) Skordýr, ekki lifandi, sem eru óhæf til manneldis (nr. 0511).

   b) Vörur fengnar úr mysu sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 95% af laktósa og nefndar eru vatnsfrír laktósi (nr. 1702).

   c) Vörur fengnar úr mjólk með því að skipta út einum eða fleiri náttúrulegum þáttum hennar (t.d. mjólkurfitu) fyrir aðra þætti (t.d. jurtafitu) (nr. 1901 eða 2106).

   d) Albúmín (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysupróteína sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysupróteínum) (nr. 3502) eða glóbúlín (nr. 3504).

6. Sem skordýr í nr. 0410 teljast æt skordýr, ekki lifandi, heil eða í stykkjum, ný, kæld, fryst, þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi, sem og mjöl, einnig fínmalað, úr skordýrum, hæft til manneldis. Til þessa teljast þó ekki æt skordýr, ekki lifandi, sem eru á annan hátt unnin eða varin skemmdum (vanalega í IV. þætti).“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 0408 teljast heil, skurnlaus egg og eggjarauða allra fugla. Vörur, sem teljast til þessa númers, geta verið nýjar, þurrkaðar, soðnar í gufu eða vatni, mótaðar (t.d. sívöl „löng egg“), frystar eða varðar skemmdum á annan hátt. Þær teljast allar til númersins, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni og notaðar sem matvæli eða í iðnaði (t.d. við sútun).

Til þessa númers telst ekki:

a) Olía úr eggjarauðu (nr. 1506).

b) Unnin egg sem innihalda kryddblöndu, krydd eða önnur aukefni (nr. 2106).

c) Lesitín (nr. 2923).

d) Aðskildar eggjahvítur (eggjaalbúmín) (nr. 3502).

(…)

Til nr. 0409 telst hunang býflugna (*Apis mellifera*) eða annarra skordýra, skilið í skilvindu eða í vaxkökunni eða með vaxkökubitum, að því tilskildu að hvorki sykri né öðrum efnum hafi verið bætt við. Slíkt hunang má merkja eftir þeim blómum, sem það er upprunnið úr, uppruna eða lit.

Til nr. 0409 telst ekki tilbúið hunang eða blöndur af náttúrulegu og tilbúnu hunangi (nr. 1702).

(…)

Til nr. 0410 teljast skordýr (eins og er skilgreint í 6. athugasemd við þennan kafla) og aðrar afurðir úr dýraríkinu sem henta til manneldis, ót.a. í sameinuðu nafnaskránni. Þó flokkast skordýr, ekki lifandi, óhæf til manneldis (þ.m.t. mjöl úr þeim, einnig fínmalað) í nr. 0511. Þetta tekur til eftirfarandi:

a) Skjaldbökueggja. Þetta eru egg vatna- eða sæskjaldbaka; þau geta verið ný, þurrkuð eða rotvarin á annan hátt.

Skjaldbökueggjaolía er undanskilin (nr. 1506).

b) Svöluhreiðra. Þau eru úr efni, sem fuglinn gefur frá sér, sem storknar hratt þegar það kemst í snertingu við andrúmsloft.

Hreiðrin geta verið ómeðhöndluð eða geta verið hreinsuð til að fjarlægja fjaðrir, dún, ryk og önnur óhreinindi til að gera þau hæf til neyslu. Form þeirra er yfirleitt hvítleitar ræmur eða þræðir.

Svöluhreiður innihalda mikið prótín og eru nær eingöngu notuð til að gera súpur eða önnur tilreidd matvæli.

Til nr. 0410 telst ekki dýrablóð, ætt eða ekki, fljótandi eða þurrkað (nr. 0511 eða 3002).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
0401	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Allt. Mjólk í fóður fellur undir þetta númer en fóður sem inniheldur mjólk fellur undir nr. 2309. Mjólk til lækninga/sjúkdómsvarna fellur undir nr. 3001.
0402	Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Allt.

0403	Jógúrt, áfir, hleypt mjólk og rjómi, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói	Allt. Nær yfir rjóma, bragðbættan eða með ávöxtum, frysta og gerjaða mjólk, til manneldis. Rjómaís fellur undir nr. 2105. Drykkjarvörur sem innihalda mjólk sem er bragðbætt með kakaói eða öðrum efnum fellur undir nr. 2202.
0404	Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; afurðir úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.	Allt. Nær yfir mjólkurafurðir fyrir ungbörn. Undir SN-númer 0404 10 48 fellur nautgripabroddur, í fljótandi formi, fitusneyddur og án kaseínata, til manneldis. Undir SN-númer 0404 90 21 fellur úðaþurrkaður, fituskertur broddur í duftformi, með kaseínati, til manneldis.
0405	Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk; mjólkurviðbit	Allt.
0406	Ostur og ystingur	Allt.
0407	Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin	Allt. Nær yfir útungunaregg og egg sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, frjóvguð egg til ræktunar (0407 11 og 0407 19). Nær yfir ný egg (0407 21 til 0407 29) og önnur egg (0407 90), óhæf eða hæf til manneldis. Nær yfir „100 ára gömul egg“. Eggjaalbúmín, sem er óhæft eða hæft til manneldis, fellur undir nr. 3502.
0408	Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Allt. Til þessa númers teljast eggjaafurðir, einnig hitameðhöndlaðar, og afurðir sem eru óhæfar til manneldis.
0409 00 00	Náttúrlegt hunang	Allt.
0410 10	Skordýr	Allt. Undir þetta númer falla skordýr eða skordýraegg til manneldis. Skordýr, ekki lifandi, óhæf til manneldis (þ.m.t. mjöl, einnig fínmalað) eru undanskilin (nr. 0511) sem og æt skordýr, ekki lifandi, sem eru á annan hátt unnin eða varin skemmdum (vanalega í IV. þætti).
0410 90 00	Aðrar ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.	Allt. Til þessa SN-númers teljast drottningarhunang og býþétti (notað við framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum) og annað efni úr dýrum til manneldis. Til þessa SN-númers teljast æt bein og beinaafurðir til beinnar neyslu (t.d. beinamjöl, beinaduft, súpubein) ef þau eru fengin úr skrokkum sem hefur verið slátrað til manneldis.

5. KAFLI

VÖRUR ÚR DÝRARÍKINU, ÓT.A.

Almennar athugasemdir

Mælt er fyrir um sértækar kröfur er varða tilteknar afurðir í þessum kafla í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

7. lína: svínsburstir

8. lína: ómeðhöndluð ull og hár sem koma af öðrum dýrum en svínum

9. lína: meðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahlutar og dúnn.

Athugasemdir við 5. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Ætar vörur (þó ekki þarmar, blöðrur og magar úr dýrum, heilt og í stykkjum, og dýrablóð, fljótandi eða þurrkað).

b) Húðir eða skinn (þar með talin loðskinn), þó ekki vörur sem teljast til nr. 0505 og afklippur og áþekkur úrgangur úr óunnum húðum eða skinnum sem telst til nr. 0511 (41. eða 43. kafli).

c) Spunaefni úr dýraríkinu, þó ekki hrosshár og hrosshársúrgangur (flokkur XI).

d) Tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum (nr. 9603).

(…)

3. Hvarvetna í tollskránni er með fílabeini átt við vígtennur úr fílum, flóðhestum, rostungum, náhvelum og villisvínum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.

4. Hvarvetna í tollskránni er með hrosshári átt við hár af makka eða svíra og tagli eða hala dýra sem teljast til hrossa- eða nautgripaætta. Til nr. 0511 telst m.a. hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig í lögum með eða án burðarefnis.“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 0505 teljast:

1) Hamir og aðrir hlutar af fuglum (t.d. hausar, vængir) með fjöðrum eða dún.

2) Fjaðrir og hlutar af fjöðrum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og dúnn, að því tilskildu að þau séu annaðhvort óunnin eða einungis hreinsuð, sótthreinsuð eða varin skemmdum en ekki unnin á annan hátt eða sett upp.

Til nr. 0505 teljast einnig duft, mjöl og úrgangur af fjöðrum eða fjaðrahlutum.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
0502 10 00	Burstir eða hár af grísum, alisvínum eða villisvínum og úrgangur þess	Allt, meðhöndlað og ómeðhöndlað.
0504 00 00	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum, nýtt, kælt, fryst, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt	Allt. Nær yfir maga, blöðrur og garnir sem hafa verið verkuð, söltuð, þurrkuð eða hituð, úr dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitfé eða alifuglum.

úr 0505	Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sótthreinsað eða varið skemmdum; duft og úrgangur af fjöðrum eða fjaðrahlutum	Allt, þar með taldar veiðiminjar af fuglum, þó ekki skrautfjaðrir sem hafa verið meðhöndlaðar sérstaklega, meðhöndlaðar fjaðrir sem ferðamenn taka með sér til eigin nota eða sendingar með meðhöndluðum fjöðrum til einstaklinga sem ekki tengjast iðnaði, eins og um getur í a-lið 6. þáttar II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Með b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er innflutningur og umflutningur um Sambandið á ómeðhöndluðum fjöðrum og fjaðrahlutum og dúni bannaður. Opinbert eftirlit gildir um fjaðrir, óháð meðhöndlun þeirra, eins og um getur í C-lið VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Í 5. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er mælt fyrir um frekari sértækar kröfur varðandi veiðiminjagripi. Ákvæði 6. þáttar II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ná yfir fiður notað sem tróð, dún, óhreinsaðar fjaðrir eða aðrar fjaðrir.
0506	Bein og hornsló, óunnið, fitusneytt, lauslega forunnið (en ekki tilskorið), sýrumeðfarið eða gelatínsneytt; duft og úrgangur úr þessum vörum	Nær yfir bein sem eru notuð sem nagbein og bein til að framleiða gelatín. Æt bein og beinamjöl til manneldis falla undir SN-númer 0410 90 00. Mælt er fyrir um sértækar kröfur fyrir slíkar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis í 6. línu (veiðiminjagripir), 11. línu (bein og beinaafurðir (að undanskildu beinamjöli), horn og horna-afurðir (að undanskildu hornamjöli) og hófar og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum) sem eru ætluð til annarrar notkunar en sem fóðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætir og í 12. línu (nagbein) í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
0507	Fílabein, skjaldbökuskeljar, hvalskíði og skíðishár, horn, hreindýrahorn, hófar og klaufir, neglur, klær og nef, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið; duft og úrgangur úr þessum vörum	Nær yfir meðhöndlaða veiðiminjagripi af fuglum og hóf- og klaufdýrum, sem eru eingöngu úr beini, hornum, hófum eða klaufum, klóm, hjartarhornum og tönnum. Mælt er fyrir um sértækar kröfur er varða veiðiminjagripi í 6. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 0508 00	Kórallar og áþekk efni, óunnið eða lauslega forunnið en ekki frekar unnið; skeljar lindýra, krabbadýra eða skrápdýra og kolkrabbabein, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið, duft og úrgangur úr þessum vörum	Nær yfir tómar skeljar til notkunar í matvæli og sem hráefni í glúkósamín. Undir þetta númer falla að auki skeljar, þ.m.t. kolkrabbabein, sem innihalda mjúkvefi og kjöt, eins og um getur í i. lið k-liðar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.
úr 0510 00 00	Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; kirtlar og aðrar vörur úr dýraríkinu sem notaðar eru við framleiðslu á vörum til lækninga, nýjar, kældar, frystar eða á annan hátt varðar til bráðabirgða gegn skemmdum	Ambra og spanskflugur eru undanskilin. Kirtlar, aðrar dýraafurðir og gall falla undir þetta SN-númer. Þurrkaðir kirtlar og vörur teljast til nr. 3001. Heimilt er að mæla fyrir um sértækar kröfur í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er varða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri, öðru en hráu gæludýrafóðri, og á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlisins (í lyf og aðrar tæknilegar afurðir).

úr 0511	Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. eða 3. kafla, óhæf til manneldis	Allt. Nær yfir erfðaefni (sæði og fósturvísar úr nautgripum, sauðfé, geitfé, hrossum og svínum) og aukaafurðir úr dýrum úr efni í 1. og 2. flokki eins og um getur í 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Eftirfarandi eru dæmi um dýraafurðir sem falla undir undirliði 0511 10 til 0511 99: 0511 10 00 (nautgripasæði). 0511 91 (vörur úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum; dauð dýr úr 3. kafla): allt. Nær yfir frjóvguð hrogn, dauð dýr, aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri og í lyf og aðrar tæknilegar afurðir. Nær einnig yfir dýr sem eru óæt eða flokkuð sem óhæf til manneldis, t.d. halaflær eða vatnaflær og aðra skelkrabba eða spaðfætlur, þurrkað, til fóðrunar búrfiska. Nær einnig yfir beitu fyrir fiska. Úr 0511 99 10 (sinar; afklippur og áþekkur úrgangur úr óunnum húðum og skinnum). Opinbert eftirlit er nauðsynlegt fyrir húðir og skinn sem eru ekki meðhöndluð eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 1. lið B-liðar eða 1. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011. Úr 0511 99 31 (óunnir svampar úr dýraríkinu): allir ef þeir eru ætlaðir til manneldis, ef ekki til manneldis þá einungis þeir sem eru ætlaðir í gæludýrafóður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna annarrar neyslu en til manneldis í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Úr 0511 99 39 (svampar úr dýraríkinu, aðrir en óunnir): allir ef þeir eru ætlaðir til manneldis, ef ekki til manneldis þá einungis þeir sem eru ætlaðir í gæludýrafóður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna annarrar neyslu en til manneldis í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Úr 0511 99 85 (aðrar vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. kafla, óhæf til manneldis): Nær yfir fósturvísa, egg, sæði og erfðaefni sem fellur ekki undir undirlið 0511 10. Nær yfir fósturvísa, egg, sæði og erfðaefni úr öðrum tegundum en nautgripum. Nær yfir aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri eða á öðrum tæknilegum vörum. Nær yfir ómeðhöndlað hrosshár, býræktarafurðir, að undanskildu vaxi til notkunar í býrækt eða til tæknilegra nota, hvalaraf til tæknilegra nota, dauð dýr sem um getur í 1. kafla sem eru óæt eða ekki ætluð til manneldis (t.d. hundar, kettir, skordýr), efni úr dýrum þar sem mikilvægum eiginleikum hefur ekki verið breytt, og ætt dýrablóð þó ekki úr fiski, til manneldis. Nær yfir mjöl, fín- eða grófmalað, og köggla úr skordýrum, óhæft til manneldis.

6. KAFLI

LIFANDI TRÉ OG AÐRAR PLÖNTUR; BLÓMLAUKAR, RÆTUR OG ÞESS HÁTTAR; AFSKORIN BLÓM OG LAUF TIL SKRAUTS

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir sveppaþræði í myltu úr dauðhreinsuðum húsdýraáburði.

Útdráttur úr skýringunum við sameinuðu nafnaskrána

„0602 90 10 Sveppaþræðir:

Sveppaþræðir er heiti yfir net af fíngerðum þráðum (*Thallus* eða *Mycelium*), sem finnast oft undir yfirborði jarðar, sem lifa og vaxa á yfirborði dýra- eða plöntuefnis sem er að brotna niður og þróast í vefjunum sjálfum og framleiða sveppi.

Þessi undirliður nær einnig yfir afurð sem samanstendur af sveppaþráðum, ekki fullþroskuðum, sem eru settir í smásæjum skömmtum á lag af korni í myltu úr dauðhreinsuðu hrossataði (blanda af hálmi og hrossataði).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 0602 90 10	Sveppaþræðir	Einungis ef þeir innihalda unninn húsdýraáburð. Mælt er fyrir um sértækar kröfur í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

9. KAFLI

KAFFI, TE, MATÉ OG KRYDD

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 0901	Kaffi, einnig brennt eða koffeínsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki sem inniheldur eitthvað af kaffi	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

12. KAFLI

OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN; ÝMISS KONAR SÁÐKORN, FRÆ OG ALDIN; PLÖNTUR TIL NOTKUNAR Í IÐNAÐI OG TIL LYFJA; HÁLMUR OG FÓÐUR

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 1212 99 95	Aðrar vörur úr jurtaríkinu af tegund sem aðallega er notuð til manneldis, ót.a.	Býflugnafrjókorn falla undir þetta SN-númer.
úr 1213 00 00	Strá og hýði af korni, óunnið, einnig saxað, mulið, pressað eða í kögglum	Einungis hálmur.

úr 1214 90	Fóðurnæpur, beðjur, fóðurrófur, hey, refasmári (alfalfa), smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og áþekkar fóðurvörur, einnig í kögglum: annað en refasmáramjöl og -kögglar	Einungis hey.

15. KAFLI

FEITI OG OLÍUR ÚR DÝRA- EÐA JURTARÍKINU EÐA ÚR ÖRVERUM OG KLOFNINGSEFNI ÞEIRRA; UNNIN MATARFEITI; VAX ÚR DÝRA- EÐA JURTARÍKINU

Almennar athugasemdir

Öll feiti og olíur sem eru unnin úr dýrum. Sértækar kröfur er varða eftirfarandi afurðir eru settar fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

1. Brædd fita og fisklýsi í 3. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla.

2. Brædd fita úr efni í 2. flokki til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr (t.d. í tengslum við líffituefni) í 17. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla.

3. Fituafleiður í 18. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla.

Til fituafleiðna teljast hreinar afurðir úr fitu og olíum eftir fyrstu vinnslu, framleiddar með aðferð sem sett er fram í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Afleiður sem eru blandaðar með öðrum efnum falla undir opinbert eftirlit.

Athugasemdir við 15. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Svínafita eða alifuglafita í nr. 0209.

b) Kakaósmjör, feiti eða olía (nr. 1804).

c) Ætar blöndur sem innihalda miðað við þyngd meira en 15% af vörum í nr. 0405 (venjulega 21. kafli).

d) Hamsar (nr. 2301) eða leifar í nr. 2304–2306.

(…)

3. Til nr. 1518 teljast ekki feiti eða olíur eða þættir þeirra, sem aðeins hefur verið mengað, og flokka skal í sama vörulið og samsvarandi ómenguð feiti og olíur og þættir þeirra.

4. Sápufótur, olíufótur og -dreggjar, sterínbik, glyserólbik og ullarfeitibik telst til nr. 1522.“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 1516 teljast feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu eða úr örverum sem hefur verið breytt í sérstöku efnafræðilegu ummyndunarferli á þann hátt sem getið er hér á eftir en ekki unnar frekar.

Til númersins teljast einnig þættir úr feiti eða olíu úr jurta- eða dýraríkinu eða úr örverum sem hafa verið meðhöndlaðir á svipaðan hátt.

Herðing, sem fæst með því að láta vörurnar komast í snertingu við hreint vetni við hæfilegt hitastig og þrýsting og með hvata (yfirleitt fíngert nikkel), hækkar bræðslumark feiti og eykur þykkt olíu vegna þess að þá umbreytast ómettuð glýseríð (t.d. olíusýrur, línólsýrur o.s.frv.) í mettuð glýseríð sem hafa hærra bræðslumark (t.d. palmitínsýrur, sterínsýrur o.s.frv.).

Til nr. 1518 teljast einnig blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis, úr feiti eða olíum úr dýra- eða jurtaríkinu eða úr örverum, eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þess kafla, ót. a.

Númerið nær einnig m.a. yfir notaða djúpsteikingarolíu sem inniheldur t.d. repjuolíu, sojabaunaolíu og lítið magn dýrafitu, til notkunar við framleiðslu á fóðri.

Til númersins teljast einnig hertar, víxlesteraðar, enduresteraðar eða elaídíneraðar fitur og olíur eða þættir þeirra ef breytingin felur í sér fleiri en eina fitu eða olíu.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
1501	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (*lard*)) og alifuglafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 eða 1503	Allt.
1502	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, þó ekki vörur í nr. 1503	Allt.
1503 00	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt	Allt.
1504	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð en ekki efnafræðilega umbreytt	Allt. Nær yfir fisklýsi og olíur úr sjávarafurðum og sjávarspendýrum. Ýmsar ætar blöndur falla undir nr. 1517 eða 21. kafla.
1505 00	Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (þar með talið lanólín)	Allt. Ullarfeiti sem er flutt inn sem brædd fita, eins og sett er fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eða lanólín sem er flutt inn sem millistigsafurð.
1506 00 00	Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Allt. Nær yfir óþættaða fitu eða olíu og einnig upphaflega þætti þeirra sem eru framleiddir með aðferð sem sett er fram í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
1516 10	Dýrafita og -olíur og þættir þeirra	Allar: dýrafita og olíur. Að því er varðar opinbert eftirlit teljast hreinar afurðir úr dýrafitu og olíum eftir fyrstu vinnslu til fituafleiðna, framleiddar með aðferð sem sett er fram í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr feiti eða olíum úr dýra- eða jurtaríkinu eða örverum eða þáttum mismunandi feiti eða olíu í þessum kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

úr 1518 00 91	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu eða örverum og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516	Einungis ef þau innihalda dýrafitur og -olíur. Fituafleiður sem eru framleiddar með aðferð sem lýst er í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Sértækar kröfur eru settar fram í 17. línu (brædd fita) og 18. línu (fituafleiður) í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 1518 00 95	Blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis, úr feiti eða olíum úr dýraríkinu eða úr feiti eða olíum úr dýra- eða jurtaríkinu eða örverum og þáttum þeirra	Einungis blöndur úr fitu og olíu, brædd fita og afleiður úr dýrum. Nær yfir notaða olíu til matargerðar, sem ætluð er til notkunar undir gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Nær yfir fituafleiður sem eru framleiddar með aðferð sem lýst er í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 1518 00 99	Önnur feiti eða olíur úr jurtaríkinu eða úr örverum og þættir þeirra, ót. a., en feiti og olíur og þættir þeirra úr dýra- eða jurtaríkinu eða örverum, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða efnafræðilega umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516 og annað en óætar blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis, úr feiti eða olíum úr dýraríkinu, úr jurtaríkinu eða örverum og þáttum þeirra.	Einungis ef það inniheldur fitu úr dýraríkinu.
úr 1520 00 00	Glýseról, hrátt; glýserólvatn og glýserollútur	Einungis ef þau innihalda dýraafurðir.
1521 90 91	Óunnið býflugnavax og annað skordýravax, einnig hreinsað eða litað	Allt. Nær yfir vax í náttúrulegum vaxkökum og óunnið býflugnavax fyrir býrækt eða í tæknilegum tilgangi. Með c-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er innflutningur og umflutningur um Sambandið á býflugnavaxi í formi vaxkaka bannaður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna aukaafurða úr býrækt í 10. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 1521 90 99	Býflugnavax og annað skordýravax, einnig hreinsað eða litað, annað en óunnið.	Allt. Nær yfir vax, unnið eða hreinsað, einnig bleikt eða litað, fyrir býrækt eða í tæknilegum tilgangi. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna aukaafurða úr býrækt í 10. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Aukaafurðir úr býrækt, aðrar en býflugnavax, skulu lagðar fram til opinbers eftirlits samkvæmt SN-númeri 0511 99 85 „Annað“.

úr 1522 00	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi	Einungis ef þau innihalda dýraafurðir. Mælt er fyrir um sértækar kröfur í 18. línu (fituafleiður) í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

16. KAFLI

FRAMLEIÐSLA ÚR KJÖTI, FISKI, KRABBADÝRUM, LINDÝRUM EÐA ÖÐRUM VATNAHRYGGLEYSINGJUM EÐA ÚR SKORDÝRUM

Athugasemdir við 16. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki kjöt, hlutar af dýrum, fiskar, krabbadýr, lindýr eða aðrir vatnahryggleysingjar, sem og skordýr, sem hafa verið unnin eða varin skemmdum á þann hátt er um getur í 2. eða 3. kafla, 6. athugasemd við 4. kafla eða í nr. 0504.

2. Matvæli teljast til þessa kafla ef þau innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, skordýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða hvers konar samsetningu þeirra. Þegar í lögun eru tvær eða fleiri framangreindra vara skal flokka hana í þann vörulið 16. kafla sem svarar til þess efnisþáttar eða efnisþátta sem mest er af miðað við þyngd. Þessar reglur gilda ekki um fylltar vörur í nr. 1902 eða framleiðslu í nr. 2103 eða 2104.

Að því er varðar unnar vörur sem innihalda lifur; ákvæði annars málsliðar gilda ekki við að ákvarða undirliði í nr. 1601 eða 1602.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
1601 00	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum, blóði eða skordýrum; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum	Allt. Nær yfir kjöt, varið skemmdum, í mismunandi formum.
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum	Allt. Nær yfir kjöt, varið skemmdum, í mismunandi formum.
1603 00	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum	Allt. Nær yfir kjötkraft og kjötþykkni, prótínhlaup úr fiski, einnig kælt eða fryst, og einnig hákarlabrjósk.
1604	Fiskur, unninn eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra	Allt. Nær yfir soðna eða forsoðna tilbúna rétti sem innihalda eða eru blandaðir með fiski eða fiskafurðum. Nær yfir tilreitt súrímí undir SN-númeri 1604 20 05. Nær yfir niðursoðinn fisk og niðursoðinn kavíar í loftþéttum ílátum og einnig yfir sushí (að því tilskildu að það eigi ekki að flokkast undir SN-númer sem um getur í 19. kafla). Svokallaðir fiskpinnar (þ.e. hrár fiskur eða hráar rækjur með grænmeti, þrætt upp á trépinna) flokkast undir SN-númer 1604 19 97.

1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, unnin eða varin skemmdum	Allt, þar með taldir sniglar, fullunnir eða unnir að hluta, niðursoðin krabbadýr eða aðrir vatnahryggleysingjar sem og duft úr kræklingum.

17. KAFLI

SYKUR OG SÆTINDI

Athugasemdir við 17. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Sætindi sem innihalda kakaó (nr. 1806).

b) Kemískt hreinn sykur (þó ekki súkrósi, laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi) eða aðrar vörur í nr. 2940.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu. Nær yfir sykur og gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi.
úr 1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

18. KAFLI

KAKAÓ OG FRAMLEIÐSLA ÚR KAKAÓI

Athugasemdir við 18. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Unnin matvæli sem innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, skordýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða hvers konar samsetningu þeirra (16. kafli).

b) Framleiðsla í nr. 0403, 1901, 1902, 1904, 1905, 2105, 2202, 2208, 3003 eða 3004.

2. Til nr. 1806 teljast sætindi sem innihalda kakaó svo og önnur matvæli sem innihalda kakaó, leiði ekki annað af 1. athugasemd við þennan kafla.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 1806	Súkkulaði og önnur matvæli sem innihalda kakaó	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

19. KAFLI

FRAMLEIÐSLA ÚR KORNI, FÍNMÖLUÐU MJÖLI, STERKJU EÐA MJÓLK; SÆTABRAUÐ

Athugasemdir við 19. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Matvæli sem innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, skordýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum eða hvers konar samsetning þeirra (16. kafli), að undanskildum vörum með fyllingu í nr. 1902.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, klíðislausu korni, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu. Nær yfir óelduð matvæli (t.d. flatbökur) sem innihalda afurðir úr dýraríkinu. Tilbúnir réttir teljast til 16. og 21. kafla.
úr 1902 11 00	Ósoðið pasta, ekki fyllt eða unnið á annan hátt, með eggjainnihaldi	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 19	Ósoðið pasta, ekki fyllt eða unnið á annan hátt, þó ekki sem inniheldur egg	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 20 10	Fyllt pasta, einnig soðið eða unnið á annan hátt, með fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 20 30	Fyllt pasta, einnig soðið eða unnið á annan hátt, sem inniheldur meira en 20% miðað við þyngd af pylsum o.þ.h., af kjöti og ætum hlutum úr dýrum, þ.m.t. feiti af hvaða tegund eða uppruna sem er	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 20 91	Soðið fyllt pasta	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 20 99	Fyllt pasta, þó ekki soðið	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 30	Annað pasta en pasta í undirliðum 1902 11, 1902 19 og 1902 20	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 40	Couscous	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1904 10 10	Tilreidd matvæli úr belgdum eða steiktum maís	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1904 10 30	Tilreidd matvæli úr belgdum eða steiktum hrísgrjónum	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

úr 1904 10 90	Tilreidd matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum, þó ekki maís eða hrísgrjónum	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1904 20	Tilreidd matvæli úr ósteiktum kornflögum eða úr blöndum ósteiktra og steiktra kornflaga eða belgdu korni	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1904 90 10	Hrísgrjón sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað og klíðislaust korn og mjöl), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu. Nær yfir til dæmis sushí (að því tilskildu að það eigi ekki að flokka viðkomandi afurðir í 16. kafla).
úr 1904 90 80	Kornvörur (þó ekki maís) sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað, og klíðislaust korn og mjöl), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a., þó ekki brotið hveiti (*bulgur*) og ekki sem er fengið úr hrísgrjónum	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

20. KAFLI

FRAMLEIÐSLA ÚR MATJURTUM, ÁVÖXTUM, HNETUM EÐA ÖÐRUM PLÖNTUHLUTUM

Athugasemdir við 20. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

(…)

c) Unnin matvæli sem innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, skordýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða hvers konar samsetningu þeirra (16. kafli).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í nr. 2006	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

úr 2008 99	Aðrir unnir ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

21. KAFLI

ÝMIS MATVÆLAFRAMLEIÐSLA

Athugasemdir við 21. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

(…)

e) Matvæli, önnur en vörur sem lýst er í nr. 2103 eða 2104, sem innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, skordýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða hvers konar samsetningu þeirra (16. kafli).

(…)

3. Sem jafnblönduð samsett matvæli í nr. 2104 telst framleiðsla úr fínlegri jafnblöndu tveggja eða fleiri undirstöðuefnisþátta, t.d. kjöts, fisks, matjurta, ávaxta eða hneta, í smásöluumbúðum til nota sem [fæða fyrir hvítvoðunga eða ung] börn eða sjúkrafæða, í umbúðum að nettóinnihaldi 250 g eða minna. Þegar skýrgreiningu þessari er beitt skal ekkert tillit tekið til efnisþátta sem settir eru í litlu magni í blönduna til bragðbætis, varnar skemmdum eða í öðrum tilgangi. Í slíkri framleiðslu mega vera sýnilegar agnir efnisþátta í litlu magni.

Viðbótarathugasemdir

(…)

5. Önnur tilreidd matvæli sem koma í afmældum skömmtum, s.s. hylki, töflur, brjóstsykur og pillur, og sem eru ætluð til notkunar sem fæðubótarefni skulu flokkast undir nr. 2106, nema þau séu talin annars staðar.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2103	Sósur og framleiðsla í þær, blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni, mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett tilreidd matvæli	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2105 00	Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2106 10	Próteinseyði og textúruð próteínefni	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

úr 2106 90 51	Laktósasíróp	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2106 90 92	Önnur matvæli ót.a., sem innihalda enga mjólkurfitu, súkrósa, ísóglúkósa, glúkósa eða sterkju eða innihalda minna en 1,5% mjólkurfitu, 5% súkrósa eða ísóglúkósa, 5% glúkósa eða sterkju, miðað við þyngd	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.
úr 2106 90 98	Önnur tilreidd matvæli, ót.a.	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

22. KAFLI

DRYKKJARVÖRUR, ÁFENGIR VÖKVAR OG EDIK

Athugasemdir við 22. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„3. Sem óáfengar drykkjarvörur í nr. 2202 teljast drykkjarvörur með 0,5% alkóhólstyrkleika eða minna miðað við rúmmál. Áfengar drykkjarvörur flokkast í nr. 2203–2206 eða nr. 2208 eftir því sem við á.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 2202 99 91	Óáfengar drykkjarvörur, þó ekki vatn með viðbættu sætiefni eða bragðbætt, þó ekki ávaxtasafar, hnetusafar eða matjurtasafar í nr. 2009 og innihalda minna en 0,2% fitu, miðað við þyngd, sem fengin er úr afurðum í nr. 0401–0404	Allt.
úr 2202 99 95	Óáfengar drykkjarvörur, þó ekki vatn með viðbættu sætiefni eða bragðbætt, þó ekki ávaxtasafar, hnetusafar eða matjurtasafar í nr. 2009 og innihalda 0,2% eða meira af fitu en minna en 2%, miðað við þyngd, sem fengin er úr afurðum í nr. 0401–0404	Allt.
úr 2202 99 99	Óáfengar drykkjarvörur, þó ekki vatn með viðbættu sætuefni eða bragðbætt, þó ekki ávaxtasafar, hnetusafar eða matjurtasafar í nr. 2009 og innihalda 2% eða meira af fitu, miðað við þyngd, sem fengin er úr afurðum í nr. 0401–0404	Allt.
úr 2208 70	Líkjörar og áfengisblöndur (*cordials*)	Einungis ef það inniheldur afurðir úr dýraríkinu.

23. KAFLI

LEIFAR OG ÚRGANGUR FRÁ MATVÆLAFRAMLEIÐSLU; UNNIÐ SKEPNUFÓÐUR

Athugasemd við 23. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til nr. 2309 teljast vörur notaðar til dýraeldis, ót.a., sem fengnar eru með vinnslu efna úr jurta- eða dýraríkinu að því marki að þær hafa glatað megineinkennum hins upprunalega efnis, þó ekki jurtaúrgangur, jurtaleifar og aukaafurðir slíkrar vinnslu.“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Hamsar, himnukenndir vefir sem verða eftir þegar svínafita eða önnur dýrafita hefur verið brædd. Þeir eru aðallega notaðir við tilreiðslu á dýrafóðri (t.d. hundakexi) en eru áfram í nr. 2301 þó að þeir henti til manneldis.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
2301	Fínmalað mjöl, grófmalað mjöl og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum, úr fiski eða krabbadýrum, úr lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar	Allt. Nær yfir unnið dýraprótín, ekki til manneldis, kjötmjöl, ekki til manneldis, og hamsa, einnig til manneldis. Mjöl, fín- og grófmalað, og kögglar úr skordýrum, óhæft til manneldis, er undanskilið þessu númeri. Það fellur undir nr. 0511. Fiðurmjöl fellur undir nr. 0505. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna unnins dýraprótíns í 1. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 2309	Framleiðsla til dýraeldis	Öll, ef hún inniheldur afurðir úr dýraríkinu, þó ekki SN-númer 2309 90 20 og 2309 90 91. Nær m.a. yfir hunda- og kattafóður í smásöluumbúðum (undirliður 2309 10) sem inniheldur dýraafurðir og leysanleg efni úr fiski eða sjávarspendýrum (SN-númer 2309 90 10). Nær einnig yfir vörur til notkunar í dýrafóður, þ.m.t. mjölblöndur (s.s. úr hófum og klaufum og hornum). Til þessa númers telst mjólk í fljótandi formi, broddur og afurðir sem innihalda mjólkurafurðir, brodd með kaseínati, eða kolvetni, ekkert af því hæft til manneldis heldur til fóðrunar dýra (broddur án kaseíns, hæfur til fóðrunar dýra, fellur undir nr. 3001). Þetta númer nær einnig yfir gæludýrafóður, nagbein og blöndur af mjöli (blöndur geta innihaldið dauð skordýr). Sértækar kröfur er varða gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein, eru settar fram í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Þetta númer nær yfir unnar eggjaafurðir, ekki til manneldis, og aðrar unnar afurðir úr dýraríkinu, ekki til manneldis. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna eggjaafurða í 9. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

28. KAFLI

ÓLÍFRÆN EFNI; LÍFRÆN EÐA ÓLÍFRÆN SAMBÖND GÓÐMÁLMA, SJALDGÆFRA JARÐMÁLMA, GEISLAVIRKRA FRUMEFNA EÐA SAMSÆTNA

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 2835 25 00	Kalsíumvetnisortófosfat (díkalsíumfosfat)	Einungis úr dýraríkinu. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna díkalsíumfosfats í 6. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 2835 26 00	Kalsíumfosföt, þó ekki kalsíumvetnisortófosfat (díkalsíumfosfat)	Einungis þríkalsíumfosfat, eingöngu úr dýraríkinu. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna þríkalsíumfosfats í 7. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

29. KAFLI

LÍFRÆN EFNI

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 2906	Hringliða alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra.	Einungis kólesteról úr dýraríkinu.
úr 2922 41	Lýsín og esterar þess, sölt þeirra	Einungis úr dýraríkinu.
úr 2922 42	Glútamínsýra og sölt hennar	Einungis úr dýraríkinu.
úr 2922 43	Antranílsýra og sölt hennar	Einungis úr dýraríkinu.
úr 2922 49	Aðrar amínósýrur, þó ekki nema með einni súrefnisvirkni, og esterar þeirra; sölt þeirra (þó ekki lýsín og esterar þess, sölt þess, glútamínsýra og sölt hennar, antranílsýra og sölt hennar, tilidín (INN) og sölt þess)	Einungis úr dýraríkinu.
úr 2925 29 00	Önnur imín og afleiður þeirra, þó ekki klórdímeform (ISO); sölt þeirra (þó ekki klórdímeform (ISO))	Nær yfir kreatín úr dýraríkinu.
úr 2930	Lífræn brennisteinssambönd	Nær yfir amínósýrur úr dýraríkinu, s.s.: úr 2930 90 13 systeín og systín, úr 2930 90 16 afleiður systeíns eða systíns.

úr 2932 99 00	Heterohringliða sambönd einungis með súrefn-isheterofrumeindum, þó ekki sambönd með ósamrunninn furanhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan) þó ekki ísófrasól, 1-(1,3-Bensódíoxól-5-yl)própan-2-on, píperónal, safról, tetra-hýdrókannabínól (öll myndbrigði) og karbófúran (ISO))	Einungis úr dýraríkinu, t.d. glúkósamín, glúkósamín-6-fosfat og súlföt þeirra.
úr 2936	Próvítamín og vítamín, náttúrleg eða efnasmíðuð (þ.m.t. náttúrlegir kjarnar), afleiður af þeim sem aðallega eru notaðar sem vítamín, og innbyrðis blöndur þessara efna, einnig í hvers konar lausn.	Einungis vítamín D3 og forefni þess úr dýraríkinu.
úr 2942 00 00	Önnur lífræn sambönd	Einungis úr dýraríkinu.

30. KAFLI

VÖRUR TIL LÆKNINGA

Almennar athugasemdir

Fullunnar vörur (snyrtivörur, virk ígræðanleg lækningatæki, lækningatæki, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, dýralyf, lyf) eins og skilgreint er í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eru undanskilin frá skránni.

Millistigsafurðir falla þar undir.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 3001 20 90	Kjarnar úr kirtlum eða öðrum líffærum eða seyti þeirra, þó ekki úr mönnum.	Eingöngu afurðir úr dýrum. Nær yfir afurð sem kemur í stað móðurmjólkur og er notuð til að fóðra kálfa.
úr 3001 90 91	Efni úr dýrum, unnin til nota við lækningar eða til varnar sjúkdómum: heparín og sölt þess	Einungis dýraafurðir, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í samræmi við 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í a- til f-lið 33. gr. þeirrar reglugerðar.
úr 3001 90 98	Önnur efni úr dýrum en heparín og sölt þess, unnin til nota við lækningar eða til varnar sjúkdómum, ót.a.	Eingöngu afurðir úr dýrum. Auk kirtla og annarra líffæra sem getið er í skýringum fyrir nr. 3001 í samræmdu tollskránni nær þetta SN-númer yfir heiladingul, nýrnahettuhylki og skjaldkirtil.

úr 3002 12 00	Mótsermi og aðrir blóðþættir	Eingöngu afurðir úr dýrum. Að undanskildum mótefnum og DNA. Undir nr. 3002 eru settar fram sértækar kröfur fyrir aukaafurðir úr dýrum sem falla undir töflu 2 í 1. þætti í II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og tilgreindar í eftirfarandi línum: í 2. línu: blóðafurðir aðrar en úr dýrum af hestaætt, í 3. línu: blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt.
úr 3002 49 00	Toxín, ræktaðar örverur (þó ekki ger) og áþekkar vörur	Einungis sýklar og ræktir með sýklum fyrir dýr.
úr 3002 51 00	Frumulyf	Einungis sýklar og ræktir með sýklum fyrir dýr.
úr 3002 59 00	Frumuræktir, einnig umbreyttar, aðrar en frumulyf	Einungis sýklar og ræktir með sýklum fyrir dýr.
3002 90 30	Dýrablóð, framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða greiningar	Allt.
úr 3002 90 90	Annað	Einungis sýklar og ræktir með sýklum fyrir dýr.
úr 3006 92 00	Úrgangur lækningavara	Eingöngu afurðir úr dýrum. Nær yfir lyfjaúrgang og lyf sem eru óhæf til upphaflegs ætlaðs tilgangs.

31. KAFLI

ÁBURÐUR

Athugasemdir við 31. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Dýrablóð í nr. 0511.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 3101 00 00	Áburður úr dýra- eða jurtaríkinu, einnig blandaður saman eða kemískt unninn; áburður framleiddur með blöndun eða kemískri vinnslu afurða úr dýra- eða jurtaríkinu	Einungis afurðir úr dýrum í óblönduðu formi. Nær yfir gúanó, að undanskildu steingerðu gúanó. Nær yfir húsdýraáburð sem er blandaður unnu dýraprótíni, ef hann er notaður sem áburður; en blöndur af húsdýraáburði og efnablöndum sem eru nýttar sem áburður eru undanskildar (sjá nr. 3105 sem nær einungis yfir áburð, úr steinaríkinu eða kemískan). Sértækar kröfur er varða unninn húsdýraáburð, afleiddar afurðir úr húsdýraáburði og leðurblökugúanó eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

úr 3105 10 00	Vörur sem teljast til þessa kafla í töflum eða áþekku formi eða í 10 kg umbúðum eða minni brúttó	Einungis áburður sem inniheldur afurðir sem eru unnar úr dýrum. Sértækar kröfur er varða unninn húsdýraáburð, afleiddar afurðir úr húsdýraáburði og leðurblökugúanó eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

32. KAFLI

SÚTUNAR- EÐA LITAKJARNAR; TANNÍN OG AFLEIÐUR ÞEIRRA; LEYSILITIR (DYES), DREIFULITIR (PIGMENT) OG ÖNNUR LITAREFNI; MÁLNING OG LÖKK; KÍTTI OG ÖNNUR ÞÉTTIEFNI; BLEK

Athugasemdir við 32. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„3. Til nr. 3203, 3204, 3205 og 3206 telst einnig framleiðsla að meginstofni gerð úr litunarefni (þar með talið, að því er varðar nr. 3206, dreifulitir í nr. 2530 eða 28. kafla, málmflögur og málmduft), til nota við litun hvers konar efnis eða sem efnisþættir við framleiðslu litunarefna. Þessir vöruliðir taka þó ekki til dreifulita sem eru í föstu efni, upplausn eða deigi og notaðir eru til framleiðslu á málningu, þar með talið smeltlakk (nr. 3212), eða önnur framleiðsla í nr. 3207, 3208, 3209, 3210, 3212, 3213 eða 3215.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 3203 00	Litunarefni úr dýraríkinu (þar með taldir litunarkjarnar, þó ekki dýrasverta), einnig kemískt skýrgreind; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr litunarefni úr dýraríkinu	Einungis litunardreifilausnir að stofni til úr mjólkurfitu, notaðar við matvæla- eða fóður-framleiðslu.
úr 3204	Syntetísk lífræn litunarefni, einnig kemískt skýrgreind; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr syntetísku lífrænu litunarefni; syntetísk lífræn efni til nota sem flúrbirtugjafi eða ljóm, einnig kemískt skýrgreind	Einungis litunardreifilausnir að stofni til úr mjólkurfitu, notaðar við matvæla- eða fóður-framleiðslu.

33. KAFLI

ROKGJARNAR OLÍUR OG RESINÓÍÐ; ILMVÖRUR, SNYRTIVÖRUR EÐA HREINLÆTISVÖRUR

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 3302	Blöndur af ilmandi efnum og blöndum (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginstofni úr einu eða fleiri þessara efna, til nota sem hráefni til iðnaðar; önnur framleiðsla að stofni til úr ilmandi efnum, til nota við framleiðslu á drykkjarvörum	Einungis bragðefni að stofni til úr mjólkurfitu, notuð til matvæla- eða fóðurframleiðslu.

35. KAFLI

ALBÚMÍNKENND EFNI; UMBREYTT STERKJA; LÍM; ENSÍM

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 3501	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím	Nær yfir kaseín til manneldis, til fóðrunar dýra eða í tæknilegum tilgangi. Sértækar kröfur er varða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og brodd, ekki til manneldis, eru settar fram í 4. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 3502	Albúmín, (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysupróteína, sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysupróteínum), albúmínöt og aðrar albúmínafleiður	Nær yfir afurðir úr eggjum og úr mjólk, einnig til manneldis (þ.m.t. í dýrafóður). Albúmín til framleiðslu á lyfjum og lækningavörum fellur undir nr. 3002. Sértækar kröfur er varða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, brodd og afurðir úr broddi, ekki til manneldis, eru settar fram í 4. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og er varða eggjaafurðir, ekki til manneldis, í 9. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
3503 00	Gelatín (þar með talið gelatín í rétthyrndum (þar með talið ferningslaga) þynnum, einnig yfirborðsunnið eða litað) og gelatínafleiður, fiskilím; annað lím úr dýraríkinu, þó ekki kaseínlím í nr. 3501	Nær yfir gelatín til manneldis, í fóður og til tæknilegra nota. Gelatín í nr. 3913 (hert prótín) og gelatín í nr. 9602 (unnin, óhert gelatín og vörur úr óhertu gelatíni) (t.d. tómir belgir, ef það er ekki ætlað í matvæli eða dýrafóður), er undanskilið opinberu eftirliti. Sértækar kröfur er varða gelatín og vatnsrofið prótín, ekki til manneldis, eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og fyrir ljósmyndunargelatín í 11. þætti II. kafla XIV. viðauka við sömu reglugerð.

úr 3504 00	Peptón og afleiður þeirra; önnur próteínefni og afleiður þeirra, ót.a.; duft úr húðum, einnig krómunnið	Nær yfir kollagen og vatnsrofin prótín til manneldis, í fóður og til tæknilegra nota. Nær yfir kollagenafurðir, að stofni til úr prótíni, sem eru unnar úr húðum, skinnum, beinum og sinum dýra. Nær yfir vatnsrofin prótín sem samanstanda af fjölpeptíðum, peptíðum eða amínósýrum og blöndum úr þeim sem falla til við vatnsrof aukaafurða úr dýrum. Afurðirnar í þessu númeri eru undanskildar opinberu eftirliti þegar þær eru notaðar sem aukefni í tilreidd matvæli (nr. 2106). Nær yfir allar aukaafurðir mjólkur til manneldis ef þær falla ekki undir nr. 0404. Sértækar kröfur er varða kollagen eru settar fram í 8. línu og er varða gelatín og vatnsrofin prótín í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 3507 10 00	Rennet og kirni þess	Rennet og kirni þess, til manneldis, einungis úr dýraafurðum.
úr 3507 90 90	Önnur ensím og tilreidd ensím, ót. a., en rennet og kirni þess og fitukljúfur fituprótína eða basískur prótínkljúfur úr Aspergillus	Einungis úr dýraríkinu.

38. KAFLI

ÝMSAR KEMÍSKAR VÖRUR

Athugasemdir við 38. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„4. Hvarvetna í tollskránni er með „sorpi bæjar- og sveitarfélaga“ átt við sorp sem safnað er frá heimilum, hótelum, veitingastofum, spítölum, verslunum, skrifstofum, o.þ.h., uppsóp frá götum og gangstéttum, og einnig úrgang frá byggingarstarfsemi og niðurbroti. Í sorpi bæjar- og sveitarfélaga er venjulega fjölbreytt efni svo sem plast, gúmmí, timbur, pappír, spunavörur, gler, málmar, fæðuefni, skemmd húsgögn og aðrir skemmdir eða yfirgefnir hlutir.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 3822	Prófefni á grunni til greininga eða fyrir rannsóknastofur og unnin prófefni til greininga eða fyrir rannsóknastofur, einnig á grunni, einnig þau sem eru í settum, önnur en þau sem eru í nr. 3006; staðfest viðmiðunarefni	Einungis afurðir úr dýrum, að undanskildum lækningatækjum eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 (*) og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 (**).

úr 3825 10 00	Sorp bæjar- og sveitarfélaga	Einungis eldhússúrgangur sem inniheldur dýraafurðir, ef hann fellur undir gildissvið g-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, að undanskildum eldhússúrgangi sem kemur beint frá flutningatækjum, sem eru starfrækt alþjóðlega, og er fargað í samræmi við d-lið 12. gr. þeirrar reglugerðar. Notuð olía til matargerðar sem ætluð er til notkunar innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, (t.d. fyrir lífrænan áburð, lífgas, lífdísilolíu eða eldsneyti) getur fallið undir þetta SN-númer.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

39. KAFLI

PLAST OG VÖRUR ÚR ÞVÍ; GÚMMÍ OG VÖRUR ÚR ÞVÍ

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 3913 90 00	Náttúrlegar fjölliður og umbreyttar náttúrlegar fjölliður, ót.a., í frumgerðum, að algínsýru, söltum hennar og esterum undanteknum	Einungis afurðir úr dýrum (t.d. kondróitínsúlfat, kítósan, hert gelatín).
úr 3917 10	Gervigarnir (pylsuhólkar) úr hertu próteíni eða sellulósaefnum	Eingöngu afurðir úr dýrum.
úr 3926 90 97	Aðrar vörur úr plasti og vörur úr öðrum efnum í nr. 3901–3914, þó ekki í undirliðum/númerum 3926 10 00, 3926 20 00, 3926 30 00, 3926 40 00, 3926 90, 3926 90 50 og 3926 90 60	Nær yfir tóm hylki úr hertu gelatíni, ætlað í matvæli og dýrafóður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna gelatíns í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

41. KAFLI

ÓUNNAR HÚÐIR OG SKINN (ÞÓ EKKI LOÐSKINN) OG LEÐUR

Almennar athugasemdir

Einungis húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum í nr. 4101, 4102 og 4103 eiga að falla undir opinbert eftirlit.

Mælt er fyrir um sértækar kröfur er varða húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum í 4. og 5. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Athugasemdir við 41. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Afklippur eða áþekkur úrgangur úr óunnum húðum eða skinnum (nr. 0511).

b) Fuglshamir eða hlutar af fuglshömum með tilheyrandi fjöðrum eða dún í nr. 0505 eða 6701; eða

c) Húðir eða skinn, með hárum eða ull, óunnið, sútað eða verkað (43. kafli). Til 41. kafla teljast þó óunnar húðir og skinn, með hárum eða ull, af nautgripum (þar með taldir vísundar), af dýrum af hrossaætt, af sauðfé (þó ekki astrakan, breiðdindla, karakúl, persían og áþekk lambaskinn, indversk, kínversk, mongólsk eða tíbesk lambaskinn), af geitum og kiðlingum (þó ekki yemensk, mongólsk, og tíbesk geita- og kiðlingaskinn), af svínum (þar með talin moskussvín), gemsum, gasellum, úlföldum (þar með taldir drómedarar) hreindýrum, elgum, dádýrum, krónhjörtum og hundum.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 4101	Óunnar húðir og skinn af dýrum nautgripa- (þar með taldir vísundar) eða hrossaættar (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, pæklað eða varið skemmdum á annan hátt til geymslu, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig afhárað eða klofið	Einungis nýjar, kældar eða verkaðar húðir og skinn, þar með talið þurrkuð, þurrsöltuð eða blautsöltuð eða varin skemmdum á annan hátt en með sútun eða samsvarandi aðferð. Innflutningur án takmarkana kann að vera mögulegur fyrir meðhöndlaðar húðir og skinn eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum SN-númer úr 4101 20 80 og úr 4101 50 90.
úr 4102	Óunnin skinn af sauðfé (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, pæklað eða varið skemmdum á annan hátt, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig með ull eða klofið, þó ekki það sem undan er skilið samkvæmt c-lið 1. athugasemdar við þennan kafla	Einungis nýjar, kældar eða verkaðar húðir og skinn, þar með talið þurrkuð, þurrsöltuð eða blautsöltuð eða varin skemmdum á annan hátt en með sútun eða samsvarandi aðferð. Innflutningur án takmarkana kann að vera mögulegur fyrir meðhöndlaðar húðir og skinn eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum fyrir SN-númer úr 4102 21 00 og úr 4102 29 00.
úr 4103	Aðrar óunnar húðir og skinn (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, pæklað eða varið skemmdum á annan hátt, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig afhárað eða klofið, þó ekki það sem undan er skilið samkvæmt b- eða c-lið 1. athugasemdar við þennan kafla	Einungis nýjar, kældar eða verkaðar húðir og skinn, þar með talið þurrkuð, þurrsöltuð eða blautsöltuð eða varin skemmdum á annan hátt en með sútun eða samsvarandi aðferð. Innflutningur án takmarkana kann að vera mögulegur fyrir meðhöndlaðar húðir og skinn eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum SN-númer úr 4103 90 00.

42. KAFLI

VÖRUR ÚR LEÐRI; REIÐTYGI OG AKTYGI, FERÐABÚNAÐUR, HANDTÖSKUR OG ÁÞEKKAR HIRSLUR; VÖRUR ÚR DÝRAÞÖRMUM (ÞÓ EKKI SILKIORMAÞÖRMUM)

Athugasemdir við 42. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„2. Til þessa kafla telst ekki:

a) Dauðhreinsað girni til læknisaðgerða eða áþekkt dauðhreinsað seymi (nr. 3006).

(…)

ij) Strengir, skinn fyrir trumbur eða þess háttar eða aðrir hljóðfærahlutar (nr. 9209).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 4205 00 90	Aðrar vörur úr leðri eða samsettu leðri, þó ekki til notkunar í vélum eða vélrænum tækjum eða til annarra tækninota	Einungis nagbein og hráefni til framleiðslu á nagbeinum.
úr 4206 00 00	Vörur úr þörmum (þó ekki silkiormaþörmum), gullsláttar-himnum, blöðrum eða sinum	Einungis gæludýrafóður og hráefni til framleiðslu unnu gæludýrafóðri.

43. KAFLI

LOÐSKINN OG LOÐSKINNSGERVI; FRAMLEIÐSLA ÚR ÞEIM

Athugasemdir við 43. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Hvarvetna í tollskránni er með loðskinnum, þó ekki óunnum loðskinnum í nr. 4301, átt við hvers konar dýrahúðir og dýraskinn sem hafa verið sútuð eða verkuð með hárum eða ull á.

2. Til þessa kafla telst ekki:

a) Fuglshamir eða hlutar af fuglshömum með tilheyrandi fjöðrum eða dún (nr. 0505 eða 6701).

b) Óunnar húðir eða skinn, með hárum eða ull á, í 41. kafla (sbr. c-lið 1. athugasemdar við þann kafla).

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Nr. 4301: Með loðskinn er átt við óunnin skinn sem falla undir þetta nr., ekki einungis í náttúrulegu ástandi heldur einnig hreinsuð og varin skemmdum, t.d. með þurrkun eða söltun (blaut- eða þurr-). Loðskinnið má einnig vera „reytt“ eða „klippt“, þ.e. grófu hárin eru toguð út eða klippt niður, eða yfirborð skinnsins „skrapað“ eða skafið.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 4301	Óunnin loðskinn (þar með talið hausar, skott, skæklar og aðrir hlutar eða afskurður, nothæft til feldskurðar), þó ekki óunnar húðir eða skinn í nr. 4101, 4102 eða 4103	Öll, að undanskildum loðskinnum sem eru meðhöndluð í samræmi við VIII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Nær yfir eftirfarandi undirliði: úr 4301 10 00 (minkaskinn, heil, einnig með haus, skotti eða skæklum): sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. úr 4301 30 00 (lambaskinn, eftirtalin: astrakan, breiðdindil, karakúl, persían og áþekk lambaskinn, skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum eða tíbeskum lömbum, heil, einnig með haus, dindli eða skæklum): sértækar kröfur er varða húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum eru settar fram í 5. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. úr 4301 60 00 (refaskinn, heil, einnig með haus, skotti eða skæklum): sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. úr 4301 80 00 (önnur loðskinn, heil, einnig með haus, skotti eða skæklum): af öðru en hóf- og klaufdýrum, t.d. múrmeldýrum, villtum dýrum af kattaætt, selum, bjórrottum. Sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. úr 4301 90 00 (hausar, skott, skæklar og aðrir hlutar eða afskurður, nothæft til feldskurðar): sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

51. KAFLI

ULL, FÍNGERT EÐA GRÓFGERT DÝRAHÁR; HROSSHÁRSGARN OG OFINN DÚKUR

Almennar athugasemdir

Að því er varðar nr. 5101–5103 eru sértækar kröfur er varða ómeðhöndlaða ull og hár settar fram í 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Athugasemd við 51. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Hvarvetna í tollskránni er með:

a) Ull átt við náttúrlegar trefjar sem vaxa á sauðfé.

b) Fíngerðu dýrahári átt við hár af alpaka, lama, vikuna, úlfalda, þar með taldir drómedarar, yakuxa, angórageit, tíbetgeit, kashmírgeit eða áþekkum geitum (þó ekki hinni venjulegu geit), kanínu (þ.m.t. angórakanínu), héra, bifur, bifurrottu og bísamrottu.

c) Grófgerðu dýrahári átt við hár af dýrum sem ekki er getið um hér að ofan, þó ekki hár og burstir til burstagerðar (nr. 0502) og hrosshár (nr. 0511).“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Hvarvetna í tollskránni er með grófgerðu dýrahári átt við allt dýrahár annað en fíngert dýrahár, þó ekki ull (nr. 5101), hár af makka eða tagli eða hala dýra af hestaætt eða nautgripaætt (flokkað sem „hrosshár“ nr. 0511), burstir eða hár af grísum, alisvínum eða villisvínum og greifingjahár eða annað hár sem er notað við burstagerð (nr. 0502) sbr. c-lið 1. athugasemdar við kaflann).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 5101	Ull, hvorki kembd né greidd	Nær yfir ómeðhöndlaða ull.
úr 5102	Fíngert eða grófgert dýrahár, hvorki kembt né greitt	Nær yfir ómeðhöndlað fíngert eða gróft dýrahár, þar með talið grófgert hár af huppum dýra af nautgripaætt eða hestaætt.
úr 5103	Úrgangur úr ull eða fíngerðu eða grófgerðu dýrahári, þ.m.t. garnúrgangur, þó ekki tætt hráefni	Nær yfir ómeðhöndlaða ull eða fíngert eða grófgert dýrahár.

67. KAFLI

UNNAR FJAÐRIR OG DÚNN OG VÖRUR ÚR FJÖÐRUM EÐA DÚN; GERVIBLÓM; VÖRUR ÚR MANNSHÁRI

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 6701 teljast:

A) Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og dúnn og fjaðrahlutar sem, þó að þau teljist ekki enn vera tilbúnar vörur, hafa farið í gegnum annað ferli en einfalda meðhöndlun til hreinsunar eða sótthreinsunar eða til varnar skemmdum (sjá skýringar við nr. 0505); vörur í þessu númeri geta t.d. verið bleiktar, litaðar eða liðaðar.

B) Vörur úr hömum eða öðrum hlutum af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, vörur úr fjöðrum, úr dún eða úr fjaðrahlutum, einnig þótt fjaðrirnar eða dúnninn o.s.frv. séu óunnin eða einungis hreinsuð, en þó ekki hlutir úr fjöðurhryggjum eða fjöðurstöfum. Þess vegna fellur eftirfarandi undir númerið:

1) Stakar fjaðrir þar sem fjöðurstafirnir hafa verið víraðir saman eða bundnir saman til notkunar t.d. á hatta og einnig stakar samsettar fjaðrir sem eru settar saman úr mismunandi hlutum.

2) Fjaðrir sem eru settar saman í knippi og fjaðrir eða dúnn sem er settur saman með því að líma eða festa hann á textílefni eða annan grunn.

3) Leggingar úr fuglum, hlutum af fuglum, úr fjöðrum eða dún, á hatta, langa hálskraga, kraga, herðaslár eða annan fatnað eða fylgihluti.

4) Blævængir úr skrautfjöðrum með grind úr hvaða efni sem er. Blævængir með grind úr góðmálmum eru þó flokkaðir í nr. 7113.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 6701 00 00	Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir, fjaðrahlutar, dúnn og vörur úr þeim (þó ekki vörur í nr. 0505 og unnir fjöðurstafir og fjöðurhryggir)	Einungis hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og dúnn og fjaðrahlutar. Nær yfir vörur úr óunnum eða einungis hreinsuðum hömum, fjöðrum eða dún og fjaðrahlutum. Þó ekki skrautfjaðrir sem hafa verið meðhöndlaðar sérstaklega, meðhöndlaðar fjaðrir sem ferðamenn taka með sér til eigin nota eða sendingar með meðhöndluðum fjöðrum til einstaklinga sem ekki tengjast iðnaði, eins og um getur í a-lið 6. þáttar II. viðauka XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna fjaðra í 9. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

71. KAFLI

NÁTTÚRLEGAR EÐA RÆKTAÐAR PERLUR, EÐALSTEINAR EÐA HÁLFEÐALSTEINAR, GÓÐMÁLMAR, MÁLMAR KLÆDDIR GÓÐMÁLMI, OG VÖRUR ÚR ÞESSUM EFNUM; GLYSVARNINGUR; MYNT

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 7101 21 00	Óunnar ræktaðar perlur	Þar með talið ostrur sem eru óhæfar til manneldis, innihalda eina eða fleiri ræktaðar perlur, eru rotvarðar í saltlegi eða með öðrum aðferðum, pakkað í loftþéttar málmumbúðir. Nær yfir óunnar ræktaðar perlur, sem um getur í 2. þætti IV. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, nema þær falli ekki undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og kveðið er á um í f-lið 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

95. KAFLI

LEIKFÖNG, LEIKSPIL OG ÍÞRÓTTABÚNAÐUR; HLUTAR OG FYLGIHLUTIR TIL ÞESSARA VARA

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Búnaður fyrir skemmtigarða, farandhringleikahús og faranddýrasöfn og farandleikhús telst til nr. 9508 að því tilskildu að hann samanstandi af öllum nauðsynlegum einingum sem þarf fyrir venjulega starfrækslu þeirra. Til númersins teljast einnig hlutar af aukabúnaði að því tilskildu að þeir séu lagðir fram með þessum mismunandi skemmtibúnaði og sem íhlutir hans þrátt fyrir að þegar slíkir hlutar eru lagðir fram hver um sig (t.d. tjöld, dýr, hljóðfæri, rafstöðvar, hreyflar, ljósabúnaður, sæti, vopn og skotfæri) falla þeir undir önnur númer í tollskránni.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 9508 10 00	Farandhringleikahús og faranddýrasöfn	Einungis lifandi dýr.
úr 9508 30	Búnaður fyrir skemmtigarða	Einungis lifandi dýr.
úr 9508 40	Farandleikhús	Einungis lifandi dýr.

96. KAFLI

ÝMSAR FRAMLEIDDAR VÖRUR

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Að því er varðar númer 9601 vísar „unnin“ til efna sem hafa farið í gegnum meiri vinnslu en einfalda tilreiðslu sem er heimiluð í númerinu fyrir umrætt hráefni (sjá skýringar við nr. 0505–0508). Númer 9601 nær því yfir hluta úr fílabeini, stangir o.s.frv., tilskornir (þar með talið ferningslaga eða rétthyrnt) eða fægðir eða unnir á annan hátt með því að mala, bora, fræsa, renna o.s.frv. Þó eru stykki, sem ljóst er að eru hlutar af vörum, undanskilin nr. 9601 ef slíkir hlutar falla undir annað númer í tollskránni. Þess vegna teljast pían ónótnaborðsplötur og plötur til að setja inn í skefti á skotvopnum til nr. 9209 og 9305, eftir því sem við á. Unnin efni, sem ekki er ljóst að eru hlutar af vörum, eru þó áfram flokkuð undir nr. 9601 (t.d. einfaldar skífur, plötur eða ræmur til innlagningar o.s.frv. eða til síðari notkunar við framleiðslu á pían ónótnaborðum).

Til nr. 9602 teljast þynnur úr óhörðnuðu gelatíni sem eru tilskornar á annan hátt en ferningslaga eða rétthyrnt. Þynnur sem eru tilskornar rétthyrnt (þ.m.t. ferningslaga), einnig yfirborðsunnar, teljast til nr. 3503 eða 49. kafla (t.d. póstkort) (sjá skýringar við nr. 3503). Vörur úr óhertu gelatíni eru meðal annars t.d.:

i. Litlar skífur til að festa enda á billjarðskjuða.

ii. Hylki fyrir lyf og fyrir eldsneyti á vélræna kveikjara.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 9602 00 00	Unnin úrskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu og vörur úr þessum efnum, mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, náttúrulegri gúmkvoðu eða náttúrlegu resíni eða úr mótunarleir eða aðrar mótaðar eða útskornar vörur ót. a., unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín í nr. 3503) og vörur úr óhertu gelatíni	Nær yfir tóm hylki úr óhertu gelatíni í matvæli eða dýrafóður; sértækar kröfur eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 varðandi dýrafóður.

97. KAFLI

LISTAVERK, SAFNMUNIR OG FORNGRIPIR

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„(A) **Til þessa númers teljast dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffærafræðileg söfn og safnmunir, s.s.:**

1) Dauð dýr af hvaða tegund sem er, þurrkuð eða varin skemmdum í vökva; uppstoppuð dýr fyrir söfn.

2) Blásin eða útsogin egg; skordýr í kössum, römmum o.s.frv. (annað en uppsettar vörur sem tengjast gerviskartgripum eða glingri) tómar skeljar, aðrar en þær sem henta til notkunar í iðnaði.

3) Fræ eða plöntur, þurrkaðar eða varðar skemmdum í vökva; grasasöfn.

4) Sýnishorn af jarðefnum (ekki eðalsteinar eða hálfeðalsteinar sem falla undir 71. kafla); sýnishorn af steingervingum.

5) Beinafræðileg sýnishorn (beinagrindur, hauskúpur, bein).

6) Líffærafræðileg og meinafræðileg sýnishorn.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 9705	Fornfræðileg, þjóðfræðileg, söguleg, dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg, líffærafræðileg, steingervingafræðileg eða myntfræðileg söfn og safnmunir	Eingöngu afurðir úr dýrum. Að undanskildum veiðiminjagripum og öðrum uppsettum dýrategundum sem hafa verið uppstoppaðar til fulls þannig að tryggt sé að þær varðveitist við stofuhita. Að undanskildum veiðiminjagripum og öðrum uppsettum tegundum en hóf- og klaufdýrum og fuglum (einnig meðhöndlaðir). Mælt er fyrir um sértækar kröfur er varða veiðiminjagripi í 6. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

99. KAFLI

SÉRSTÖK NÚMER Í SAMEINAÐRI NAFNASKRÁ

UNDIRKAFLI II

Tölfræðileg númer fyrir tiltekna tilgreinda vöruflutninga

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum og afhentar á skip og loftför innan Sambandsins samkvæmt tollumflutningsferli (T1).

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
(1)	(2)	(3)
úr 9930 24 00	Vörur úr 1.–24. kafla í sameinuðu nafnaskránni sem eru afhentar til skipa og loftfara	Nær yfir afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir sem eru ætlaðar sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í 21. og 29. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 (*).
úr 9930 99 00	Vörur, sem flokkaðar eru annars staðar, afhentar í sjó- og loftför	Nær yfir afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir sem eru ætlaðar sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í 21. og 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2124.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB (Stjtíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/952 **2023/EES/83/12**

frá 12. maí 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu (einkvæmur kóði SF-007) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ([1]), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 17. mars 2022 var umsókn lögð fram fyrir hönd Nactis (hér á eftir nefnt umsækjandinn) í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2065/2003 með beiðni um að breyta nafni leyfishafans fyrir reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu sem er skráð í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 ([2]).

2) Í umsókninni lýsti umsækjandinn því yfir að framselja ætti leyfið fyrir reykbragðefninu „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu til JRS, J. Rettenmaier & Söhne GmbH & Co. KG. Til stuðnings þeirri yfirlýsingu lagði umsækjandinn fram sönnunargögn um samþykki aðila fyrir framsalinu að því er varðar reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu.

3) Tillögð breyting á leyfishafa er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur því ekki í sér nýtt mat á viðkomandi vöru.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 til samræmis við það.

5) Til að tryggja snurðulaus umskipti er viðeigandi að kveða á um að halda megi áfram að setja á markað og nota reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu, reykbragðefni unnin úr því og matvæli sem innihalda reykbragðefnið á forstigi framleiðslu eða reykbragðefni unnin úr því, sem uppfylla reglurnar sem gilda fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, þar til fyrirliggjandi birgðir eru uppurnar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013

Í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 er færslunni um reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu (einkvæmur kóði SF-007) breytt sem hér segir:

1) Í þriðju línu, „nafn leyfishafa“ koma orðin „JRS, J. Rettenmaier & Söhne GmbH & Co. KG“ í stað orðsins „Nactis“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 224/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 frá 10. desember 2013 um skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, til notkunar sem slík í eða á matvæli og/eða til framleiðslu á afleiddum reykbragðefnum (Stjtíð. ESB L 333, 12.12.2013, bls. 54.).

2) Í fjórðu línu, „heimilisfang leyfishafa“ koma orðin „Holzmühle 1, 73494 Rosenberg, ÞÝSKALAND“ í stað orðanna „36, rue Gutenberg – ZI La Marinière, 91070 Bondoufle, FRAKKLAND“.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Halda má áfram að setja á markað og nota reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu, sem er skráð í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013, reykbragðefni unnin úr því og matvæli sem innihalda reykbragðefnið á forstigi framleiðslu eða reykbragðefni sem eru unnin úr því, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. júní 2023 í samræmi við reglurnar sem gilda fyrir 4. júní 2023, þar til fyrirliggjandi birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2070 **2023/EES/83/13**

frá 18. ágúst 2023

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til að bæta Kamerún og Víetnam á lista yfir áhættusöm þriðju lönd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið verður að tryggja öfluga vernd fyrir heilindi og eðlilega starfsemi fjármálakerfisins og innri markaðarins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Því er mælt fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849 að framkvæmdastjórnin auðkenni lögsagnarumdæmi þriðju landa með verulega annmarka hvað varðar varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af („áhættusöm þriðju lönd“).

2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 ([2]) eru áhættusöm þriðju lönd með verulega annmarka á vörnum sínum tilgreind.

3) Að teknu tilliti til víðtækrar samþættingar alþjóðlega fjármálakerfisins, náinna tengsla markaðsaðila, mikils umfangs viðskipta yfir landamæri til og frá Sambandinu sem og aðgengis að mörkuðum, er talið að öll ógn sem hinu alþjóðlega fjármálakerfi stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé einnig ógn við fjármálakerfi Sambandsins.

4) Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 verður framkvæmdastjórnin, við greiningu á áhættusömum þriðju löndum, að taka tillit til viðeigandi úttekta, mats eða skýrslna sem alþjóðastofnanir og þeir sem setja staðla og bærir eru á sviði forvarna gegn peningaþvætti og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka taka saman. Slíkar upplýsingar fela í sér opinberar yfirlýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum (FATF), skrá FATF um „Ríki undir auknu eftirliti“ og skýrslur rýnihóps FATF um alþjóðlega samvinnu í tengslum við áhættu sem stafar af einstökum þriðju löndum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 28.9.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2023 frá 13. Október 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu (Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1).

5) Frá síðustu breytingum á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 hefur FATF uppfært lista sinn yfir „Ríki undir auknu eftirliti“. Á allsherjarfundi sínum 21.–23. júní 2023 uppfærði FATF lista sinn yfir „Ríki undir auknu eftirliti“ með því að bæta Kamerún og Víetnam á listann. Í ljósi þessara breytinga hefur framkvæmdastjórnin framkvæmt mat til að auðkenna áhættusöm þriðju lönd í samræmi við 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

6) Í júní 2023 setti Kamerún fram pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila um að vinna með FATF og peningaþvættishópi Mið-Afríku (f. *Groupe d'Action Contre le Blanchiment d'Argent en Afrique Centrale (GABAC)*), sem er svæðisbundin stofnun í anda FATF, til að efla skilvirkni í baráttu sinni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Síðan úttektarskýrsla Kamerún var samþykkt í október 2021 hefur landið náð árangri með nokkrar aðgerðir sem mælt er með í skýrslunni með því að auka fjármagn til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og byggja upp bolmagn rannsóknaryfirvalda og dómsvalds til að meðhöndla mál sem tengjast peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka með skilvirkum hætti. Kamerún mun vinna að því að framkvæma aðgerðaáætlun FATF: 1) með því að laga innlendar áætlanir og stefnur um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að niðurstöðum úr landsbundnu áhættumati, fylgjast með framkvæmd þeirra og sýna fram á samstarf og samræmingu á milli lögbærra yfirvalda varðandi peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka; 2) með því að tryggja áhættumiðaða forgangsröðun á þeim beiðnum sem berast um alþjóðlega samvinnu í samræmi við áhættu og bregðast við með skilvirkum hætti; 3) með því að efla áhættumiðað eftirlit með bönkum og innleiða skilvirkt áhættumiðað eftirlit með fjármálastofnunum sem eru ekki bankar og tilnefndum fyrirtækjum og starfsstéttum sem eru ekki fjármálastofnanir og sinna viðeigandi ráðstöfunum til að ná til áhættusamra fjármálastofnana og tilnefndra fyrirtækja og starfsstétta sem ekki eru fjármálastofnanir; 4) með því að viðhalda og tryggja tímanlegan aðgang lögbærra yfirvalda að nákvæmum og uppfærðum upplýsingum um raunverulegt eignarhald lögaðila og taka upp viðurlagakerfi vegna brota á skyldum um gagnsæi sem gilda um lögaðila; 5) með því að efla örugg upplýsingaskipti á milli skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, skýrslugefandi aðila og lögbærra yfirvalda og sýna fram á aukningu á miðlun upplýsingaskýrslna til að styðja við rekstrarlegar þarfir lögbærra yfirvalda; 6) með því að sýna fram á að yfirvöld hafi getu til að halda úti margvíslegum rannsóknum á peningaþvætti og ákæra fyrir peningaþvætti í samræmi við áhættu; 7) með því að innleiða stefnur og verklagsreglur við að haldleggja og gera upptækan ávinning og tæki til afbrota, hafa umsjón með frystum, haldlögðum og upptækum eignum og hafa í forgangi haldlagningu og upptöku eigna á landamærum; 8) með því að sýna fram á að rannsóknum og ákærum vegna fjármögnunar á hryðjuverkum sé fylgt eftir í samræmi við áhættu; og 9) með því að sýna fram á skilvirka framkvæmd á markvissum fjárhagslegum viðurlögum vegna fjármögnunar hryðjuverka og gereyðingarvopna og innleiða áhættumiðaða nálgun gagnvart stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, án þess að trufla lögmæta starfsemi þeirra. Þrátt fyrir þá skuldbindingu og framgang til úrbóta hefur Kamerún ekki enn brugðist að fullu við þeim áhyggjum sem leiddu til þess að FATF setti landið á listann yfir „Ríki undir auknu eftirliti“. Því ætti að líta á Kamerún sem þriðja land með annmarka á stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af, eins og um getur í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

7) Víetnam setti í júní 2023 fram pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila um að vinna með FATF og peningaþvættishópi Asíu/Eyjaálfu (APG), sem er svæðisbundin stofnun í anda FATF, til að auka skilvirkni regluverks síns í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Síðan úttektarskýrsla Víetnam var samþykkt í nóvember 2021 hefur landið náð árangri með nokkrar aðgerðir sem mælt er með í skýrslunni með því að ganga í samstarfsnet stofnana í Asíu/Eyjaálfu um endurheimt eigna og innleiða innlenda aðgerðaáætlun um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna. Víetnam mun vinna að því að framkvæma aðgerðaáætlun FATF: 1) með því að auka skilning á áhættu, samræmingu og samvinnu innanlands til að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka; 2) með því að efla alþjóðlega samvinnu; 3) með því að innleiða skilvirkt áhættumiðað eftirlit með fjármálastofnunum og tilnefndum fyrirtækjum og starfsstéttum sem eru ekki fjármálastofnanir; 4) með því að grípa til aðgerða til að setja reglur um sýndareignir og þjónustuveitendur sýndareigna; 5) með því að taka á annmörkum er kemur að því að fara að tæknilegum kröfum, þ.m.t. að því er varðar peningaþvættisbrot, markvissar fjárhagslegar aðgerðir, könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og tilkynningu um grunsamleg viðskipti; 6) með því að fara í aðgerðir til að ná til einkageirans; 7) með því að koma á kerfi sem veitir lögbærum yfirvöldum nægjanlegar, réttar og uppfærðar upplýsingar um raunverulegt eignarhald; 8) með því að tryggja sjálfstæði skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og efla gæði og magn greininga og miðlunar á fjármálaupplýsingum; 9) með því að forgangsraða samhliða fjármálarannsóknum og sýna fram á aukningu í fjölda þeirra rannsókna og ákæra vegna peningaþvættis sem fara fram; og 10) með því að sýna fram á að til staðar sé eftirlit með því að fjármálastofnanir og tilnefnd fyrirtæki og starfsstéttir sem eru ekki

fjármálastofnanir hlíti markvissum fjárhagslegum viðurlögum við fjármögnun gereyðingarvopna og samstarf og samræming sé á milli yfirvalda til að hindra að komist sé hjá markvissum fjárhagslegum viðurlögum við fjármögnun gereyðingarvopna. Þrátt fyrir þá skuldbindingu og framgang til úrbóta hefur Víetnam ekki enn brugðist að fullu við þeim áhyggjum sem leiddu til þess að FATF setti landið á listann um „Ríki undir auknu eftirliti“. Því ætti að líta á Víetnam sem þriðja land með annmarka á stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af, eins og um getur í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

8) Framkvæmdastjórnin ályktar því að Kamerún og Víetnam ættu að teljast þriðju lönd með annmarka á stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þeirra í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af. Þar af leiðandi ætti að bæta Kamerún og Víetnam í töfluna í I. lið í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675.

9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. ágúst 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað töflunnar í I. lið viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675 kemur eftirfarandi:

„Nr.	Áhættusamt þriðja land (1)
1	Afganistan
2	Barbados
3	Búrkína Fasó
4	Kamerún
5	Cayman-eyjar
6	Lýðveldið Kongó
7	Gíbraltar
8	Haítí
9	Jamaíka
10	Jórdanía
11	Malí
12	Mósambík
13	Myanmar (Mjanmar)
14	Nígería
15	Panama
16	Filippseyjar
17	Senegal
18	Suður-Afríka
19	Suður-Súdan
20	Sýrland
21	Tansanía
22	Trínidad og Tóbagó
23	Úganda
24	Sameinuðu arabísku furstadæmin
25	Vanúatú
26	Víetnam
27	Jemen

(1) Hefur ekki áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar að því er varðar yfirráðarétt og lögsögu í tengslum við landsvæði Gíbraltar.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/647 **2023/EES/83/14**

frá 13. janúar 2023

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 160. gr. (1. og 2. mgr.), 162. gr. (4. mgr.) og 164. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn, þ.m.t. reglur um skráningu og samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum, og um kröfur um rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga á sendingum af kímefnum innan Sambandsins. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja reglur til að bæta við tiltekna veigalitla þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum.

2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 ([2]) er mælt fyrir um viðbótarreglur um samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum, skráahald og rekjanleika kímefna sem og um kröfur varðandi dýraheilbrigði og vottun vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi.

3) Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eiga að bæta við þær sem mælt er fyrir um í 5. kafla I. bálks IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 að því er varðar kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði og kröfur um dýraheilbrigðisvottun vegna tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi til að koma í veg fyrir að smitandi dýrasjúkdómar berist út innan Sambandsins með þessum afurðum.

4) Reglur þessar tengjast að verulegu leyti og ætlast er til að mörgum þeirra sé beitt samhliða. Fyrir sakir einföldunar og gagnsæis og eins til að greiða fyrir beitingu þeirra og komast hjá margföldun reglna ætti því að mæla fyrir um þær í einni gerð frekar en í mörgum aðskildum gerðum með mörgum millivísunum og hættu á tvítekningum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1).

5) Meðan framkvæmd framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 stóð yfir bentu nokkur aðildarríki og hagsmunaaðilar á að í kjölfar nýlegrar þróunar og sérhæfingar í kímefnageiranum ætti skilgreiningin á hópi sem annast söfnun á fósturvísum einnig að ná yfir hópa sem einungis safna ófrjóvguðum eggfrumum og meðhöndla þær. Því ætti að breyta þessari skilgreiningu og tengdum kröfum þannig að þær nái yfir slíkan hóp.

6) Kímefnavinnslumiðstöðvar mega nota annars konar vinnslu en að flokka sæði eftir kyni. Í þágu rekjanleika unninna afurða ætti að rýmka viðbótarkröfurnar um rekjanleika, sem áður giltu einungis um sæði sem er flokkað eftir kyni, þannig að þær nái yfir allar unnar afurðir.

7) Í 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um undanþágu frá dýraheilbrigðiskröfum vegna nautgripa, svína, sauðfjár, geita og dýra af hestaætt, sem eru gjafadýr, sem eru tilflutt milli sæðissöfnunarstöðva. Reynsla aðildarríkja og hagsmunaaðila af framkvæmd þeirrar greinar hefur leitt í ljós réttaróvissu að því er varðar hversu stór þáttur opinberra dýralækna er. Því ætti að skýra þessa grein nánar.

8) Í 36. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á kímefnum úr hundum og köttum innan Sambandsins, einkum til að draga úr hundaæði og stuðla að samræmi við fyrirbyggjandi dýraheilbrigðisráðstafanir gegn *Echinococcus multilocularis*. Aðildarríki og hagsmunaaðilar hafa dregið í efa mikilvægi og meðalhóf þessara krafna. Þar eð viðeigandi alþjóðlegir staðlar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar innihalda ekki sambærilegar kröfur ætti að fella brott 36. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 og tengt orðalag í kröfum sem varða opinbera vottun og tilkynningu um tilflutninga á kímefnum úr hundum og köttum milli aðildarríkja.

9) Í 2. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um viðbótarkröfur um dýraheilbrigði vegna gjafadýra af svínakyni. Í samræmi við iv. lið c-liðar 1. í lið I. kafla 2. hluta þess viðauka ætti þegar í stað að fjarlægja dýr sem eru jákvæð fyrir sýkingu af völdum PRRS-veikiveiru úr sóttkvíunaraðstöðunni. Aðildarríki og hagsmunaaðilar hafa dregið í efa meðalhóf þessarar kröfu í ljósi hagnýtra og vísindalegra sannaðra erfiðleika í tengslum við núverandi greiningaraðferðir. Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 til að gefa möguleika á mismunandi möguleikum til eftirfylgni þegar mismunandi gerðir greiningaraðferða eru notaðar til að staðfesta eða útiloka tilvik þar sem grunur leikur á um smit í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([3]).

10) Í 2. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um viðbótarkröfur um dýraheilbrigði, þ.m.t. prófanir fyrir svínapest í svínum sem eru í haldi á sæðissöfnunarstöðvum. Í viðeigandi alþjóðlegum stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar er þó ekki gerð krafa um prófanir á slíkum dýrum í löndum þar sem ekki hefur verið tilkynnt um uppkomu svínapestar og þar sem ekki hefur verið bólusett gegn þessum sjúkdómi undanfarna 12 mánuði. Því ætti að hætta að prófa fyrir þessum sjúkdómi hjá svínum, sem eru í haldi á sæðissöfnunarstöðvum, í þeim löndum sem hafa hvorki tilkynnt um svínapest né látið bólusetja gegn henni undanfarna 12 mánuði.

11) Breyta ætti tilvísunum í EDH-sjúkdómsveiruna til að samræma þær við tilvísanir í þá veiru í öðrum gerðum Sambandsins og til að skýra nánar að allar sermigerðir þeirrar veiru falli undir reglurnar. Að auki ættu kröfur í tengslum við sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar að fylgja betur alþjóðlegum stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðis-stofnunarinnar til að gefa möguleikann á tímabili sem er laust við smitferjur sem valkvæðum og viðbótarráðstöfunum til að draga úr áhættu í tengslum við þá sýkingu til að tryggja örugg viðskipti með kímefni úr nautgripum, sauðfé og geitum.

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

12) Í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um viðbótarkröfur um dýraheilbrigði að því er varðar að bæta sýklalyfjum við sæði, þ.m.t. að skylt sé að bæta þeim við sæði úr nautgripum og svínum. Þó að þessar kröfur séu í samræmi við alþjóðlega staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar er verið að breyta þessum alþjóðlegu stöðlum í áttina að valfrjálsri, sveigjanlegri og skynsamlegri notkun sýklalyfja. Þar að auki benda upplýsingar úr birtum vísindaskrifum, frá aðildarríkjum og hagsmunaaðilum til svipaðra þarfa. Því ætti að einfalda viðkomandi kröfur og gera þær valkvæðar.

13) Eftir birtingu framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* komu í ljós nokkrar verulegar villur. Einkum skapaði orðalag í tengslum við að koma í veg fyrir aðgang einstaklinga án viðeigandi umboðs að sæðissöfnunarstöðvum og kímefnavinnslustöðvum réttaróvissu. Auk þess breytti röng tilvísun í textanum, sem gildir um tiltekin dýr af hestaætt sem koma inn á sæðissöfnunarstöðvar fyrir dýr af hestaætt, óvart kröfunum sem dýralæknar stöðvarinnar eiga að tryggja að séu uppfylltar. Af ástæðum sem varða réttarvissu og skýrleika ætti að leiðrétta þessar villur.

14) Því ætti að breyta og leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2020/686 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 er breytt sem hér segir:

1) Í 7. mgr. 1. gr. fellur a-liður brott.

2) Í stað 12. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„12. „hópur sem annast söfnun á fósturvísum“ kímefnamiðstöð sem samanstendur af hópi fagfólks eða skipulagseiningu sem lögbært yfirvald hefur samþykkt til söfnunar, vinnslu, geymslu og flutnings á eggfrumum eða fósturvísum, sem eiga uppruna sinn í lífi, úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt sem eru ætlaðir til tilflutnings til annars aðildarríkis eins og um getur í 4. gr.,“.

3) Í stað b-liðar 3. gr. kemur eftirfarandi:

„b) hópur fagfólks eða skipulagseining sem er undir eftirliti dýralæknis hópsins með hæfi til að annast söfnun, vinnslu og geymslu eggfrumna eða fósturvísa úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt: um samþykki sem hópur sem annast söfnun á fósturvísum,“.

4) Í stað ii. liðar b-liðar í 1. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. 2. lið 2. hluta I. viðauka að því er varðar söfnun, vinnslu, geymslu og flutning á eggfrumum eða fósturvísum úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt,“.

5) Í stað 2. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef um er að ræða kímefni sem er unnið í annarri kímefnamiðstöð en kímefnamiðstöðinni sem safnaði skal rekstraraðili kímefnavinnslumiðstöðvarinnar bæta upplýsingum við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. sem gera það kleift að sanngreina einkvæmt samþykkisnúmer stöðvarinnar þar sem þetta kímefni var unnið.“

6) Í stað 2. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Rekstraraðilar skulu einungis tilflytja gjafadýr, eins og um getur í inngangsorðum 1. mgr., með fyrirframsamþykki stöðvardýralæknis sæðissöfnunarstöðvarinnar sem er viðtökustaðurinn.“

7) Ákvæði 36. gr. falla brott,

8) Ákvæðum 39. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 1. mgr. falla brott.

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Opinber dýralæknir skal inna af hendi athuganir og rannsóknir, eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr., og gefa út dýraheilbrigðisvottorð innan 72 klukkustunda fyrir sendingu kímefnasendingarinnar.“

9) Í stað 40. gr. kemur eftirfarandi:

„40. gr.

Kröfur um dýraheilbrigðisvottun fyrir tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af kímefnum úr landdýrum í haldi, öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt

Dýraheilbrigðisvottorð fyrir tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af kímefnum úr landdýrum, öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt sem eru í haldi á lokuðum starfsstöðvum, og dýrum af úlfaldaætt (*Camelidae*) eða hjartardýraætt (*Cervidae*) skal a.m.k. innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. lið IV. viðauka.“

10) Í stað 41. gr. kemur eftirfarandi:

„41. gr.

Kröfur um fyrirframtilkynningu rekstraraðila um tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af kímefnum úr landdýrum í haldi, öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt

Ef sendingar af kímefnum úr landdýrum, öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt sem eru í haldi á lokuðum starfsstöðvum, eða dýrum af úlfaldaætt (*Camelidae*) eða hjartardýraætt (*Cervidae*) eru tilfluttar til annars aðildarríkis skal rekstraraðilinn tilkynna lögbæru yfirvaldi í upprunaaðildarríki sendingarinnar fyrir fram um fyrirhugaðan tilflutning á þessum sendingum af kímefnum.“

2. gr.

Ákvæðum I. til IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er breytt í samræmi við A-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

3. gr.

Ákvæði I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 eru leiðrétt í samræmi við B-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Ákvæðum I. til IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 2. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað v-liðar a-liðar í 1. lið kemur eftirfarandi:

„v. merkingar á stráum og öðrum pakkningum sem eggfrumur eða fósturvísar, sem eiga uppruna sinn í lífi, eru settir í, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 1. og 5. mgr. 10. gr.,“

ii. Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Aðstaða, búnaður og verklagsreglur fyrir hóp sem annast söfnun á fósturvísum, eins og um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr., skulu vera í samræmi við eftirfarandi a- og b-lið:

a) hópurinn sem annast söfnun á fósturvísum verður að hafa yfir að ráða rannsóknarstofu þar sem hægt er að rannsaka eggfrumur eða fósturvísa, sem eiga uppruna sinn í lífi, vinna þau og pakka þeim með fullnægjandi búnaði og sú rannsóknarstofa verður að vera annaðhvort:

i. varanlega staðsett rannsóknarstofa sem verður að vera með eftirfarandi:

— rými, þar sem hægt er að vinna eggfrumur eða fósturvísa, sem eiga uppruna sinn í lífi, sem er algerlega aðskilið frá svæðinu þar sem meðhöndlun á gjafadýrum fer fram við söfnun,

— rými eða svæði til hreinsunar og dauðhreinsunar á áhöldum, sem eru notuð til söfnunar og vinnslu á eggfrumum eða fósturvísum, sem eiga uppruna sinn í lífi, nema ef notaður er nýr, einnota búnaður,

— rými til að geyma eggfrumur eða fósturvísa, sem eiga uppruna sinn í lífi,

eða

ii. færanleg rannsóknarstofa sem verður:

— að vera með sérstaklega útbúinn hluta af farartækinu sem samanstendur af tveimur aðskildum rýmum: annar hlutinn er fyrir rannsókn á eggfrumum eða fósturvísum, sem eiga uppruna sinn í lífi, og vinnslu þeirra, sem verður að vera hreinn hluti, og hinn hlutinn er til að geyma búnað og efni sem komast í snertingu við gjafadýrin,

— að nota einungis nýjan, einnota búnað nema dauðhreinsun á búnaði hennar og aðdráttur á vökvum og öðrum vörum, sem eru nauðsynlegar vegna söfnunar og vinnslu á eggfrumum eða fósturvísum, sem eiga uppruna sinn í lífi, fari fram í varanlega staðsettri rannsóknarstofu.

Rannsóknarstofurnar, sem um getur í i. og ii. lið, verða að vera þannig hannaðar og innréttaðar að komið sé í veg fyrir víxlmengun eggfrumna eða fósturvísa, sem eiga uppruna sinn í lífi, og starfsemi hópsins skal fara fram þannig að komið sé í veg fyrir slíka víxlmengun,

b) hópurinn sem annast söfnun á fósturvísum verður að hafa geymsluaðstöðu til umráða sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

i. hún samanstendur af a.m.k. einu læsanlegu herbergi til að geyma eggfrumur eða fósturvísa, sem eiga uppruna sinn í lífi,

ii. það verður að vera auðvelt að þrífa hana og sótthreinsa,

iii. þar verða að vera varanlegar skrár yfir allar eggfrumur eða fósturvísa, sem eiga uppruna sinn í lífi, sem koma þangað og fara þaðan,

iv. þar verða að vera geymsluílát fyrir eggfrumur eða fósturvísa, sem eiga uppruna sinn í lífi.“

b) Í 5. hluta fellur d-liður 2. liðar brott.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í 2. hluta fellur iii. liður c-liðar í 1. lið I. kafla brott.

b) Í stað iv. liðar c-liðar í 1. lið I. kafla 2. hluta kemur eftirfarandi:

„iv. að því er varðar sýkingu af völdum PRRS-veikiveiru: sermiprófun (einlagsónæmisgreining með peroxídasa (IPMA), mótefnatengd flúrljómunargreining (IFA) eða ELISA-prófun) eða prófun fyrir genamengi veirunnar (víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR)), stigskipt víxlritakjarnsýrumögnun, kjarnsýrumögnun í rauntíma).

Ef eitthvert dýranna reynist vera með jákvæða niðurstöðu í sermiprófunum fyrir sýkingu af völdum PRRS-veikiveiru skal lögbært yfirvald flokka öll dýrin í sóttkvíunaraðstöðunni sem tilvik sem grunur leikur á um í samræmi við b-lið 1. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689. Rekstraraðilinn skal einangra jákvæðu dýrin þegar í stað frá öðrum dýrum í sóttkvíunaraðstöðunni. Lögbært yfirvald skal framkvæma rannsókn til að staðfesta eða útiloka sýkingu af völdum PRRS-veikiveiru í samræmi við 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689.

Ef eitthvert dýranna reynist vera með jákvæða niðurstöðu í prófunum fyrir genamengi veiru PRRS-veikiveirunnar skal lögbært yfirvald flokka öll dýrin í sóttkvíunaraðstöðunni sem staðfest tilvik í samræmi við b-lið 2. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689. Rekstraraðilinn skal þegar í stað fjarlægja þessi dýr úr sóttkvíunaraðstöðunni og fylgja fyrirmælum lögbærs yfirvalds.“

c) Í stað iii. liðar a-liðar í 2. lið I. kafla 2. hluta kemur eftirfarandi:

„iii. að því er varðar svínapest: mótefna-ELISA-prófun eða hlutleysandi sermisprófun ef um er að ræða dýr í aðildarríki eða á svæði þess þar sem verið hefur tilkynnt um svínapest eða bólusett gegn þessum sjúkdómi undanfarna 12 mánuði,“.

d) Í stað III. kafla 5. hluta kemur eftirfarandi:

„III. KAFLI

Kröfur varðandi nautgripi, sauðfé og geitur að því er varðar sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar

1. Nautgripir, sauðfé og geitur, sem eru sæðisgjafar, verða að uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) þau voru í haldi í a.m.k. 60 daga áður en sæðinu var safnað og við söfnun í aðildarríki eða á svæði þess þar sem ekki hefur verið tilkynnt um sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar innan 150 km radíuss umhverfis stöðina a.m.k. undanfarin 2 ár,

b) þau voru í haldi í a.m.k. 60 daga áður en sæðinu var safnað og við söfnun í aðildarríki eða á svæði þess sem er árstíðabundið laust við sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar,

c) þau voru í haldi á smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 60 daga áður en sæðinu var safnað og við söfnun,

d) þau voru sett í sermiprófun til að greina mótefni gegn sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar, með neikvæðum niðurstöðum, á a.m.k. 60 daga fresti meðan á söfnunartímabilinu stóð og á bilinu 28 til 60 dögum eftir síðustu söfnun á sæði,

e) gerð var efnasanngreiningaprófun fyrir sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar, með neikvæðum niðurstöðum, á blóðsýnum úr þeim sem voru tekin við upphaf og síðustu söfnun sæðisins og meðan söfnun á sæði stóð yfir með eftirfarandi millibili:

i. a.m.k. á sjö daga fresti ef um er að ræða veirueinangrunarpróf, eða

ii. a.m.k. á 28 daga fresti ef um er að ræða kjarnsýrumögnun.

2. Nautgripir, sauðfé og geitur sem eru gjafar eggfrumna til framleiðslu á fósturvísum sem eiga uppruna sinn í glasi og gjafar fósturvísa sem eiga uppruna sinn í lífi verða að uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

   a) þau voru í haldi í a.m.k. 60 daga áður en eggfrumunum eða fósturvísunum var safnað og við söfnun í aðildarríki eða á svæði þess þar sem ekki hefur verið tilkynnt um sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar innan 150 km radíuss umhverfis stöðina a.m.k. undanfarin 2 ár,

   b) þau voru í haldi í a.m.k. 60 daga áður en eggfrumunum eða fósturvísunum var safnað og við söfnun í aðildarríki eða á svæði þess sem er árstíðabundið laust við sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar,

   c) þau voru í haldi á smitferjuvarinni stöð í a.m.k. 60 daga áður en eggfrumum eða fósturvísum var safnað og við söfnun,

   d) gerð var sermiprófun til að greina mótefni gegn sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar, með neikvæðum niðurstöðum, á blóðsýnum úr þeim sem voru tekin á bilinu frá 28 til 60 dögum frá söfnun eggfrumnanna eða fósturvísanna,

   e) gerð var efnasanngreiningaprófun fyrir sýkingu af völdum EDH-sjúkdómsveirunnar, með neikvæðum niðurstöðum, á blóðsýnum úr þeim sem voru tekin þann dag sem eggfrumunum eða fósturvísunum var safnað.

3. Safna verður sæðinu, sem er notað til að frjóvga eggfrumurnar, úr dýrum sem eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 1. lið.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 3. liðar 1. hluta kemur eftirfarandi:

      „3. Ef nauðsyn krefur má bæta sýklalyfjum eða sýklalyfjablöndum með bakteríueyðandi virkni við sæðið eða bæta þeim í sæðisþynningarefnið.“

   b) Í 1. hluta falla 4. og 5. liður brott.

4) Í stað inngangsorðanna í 2. lið IV. viðauka kemur eftirfarandi:

   „Dýraheilbrigðisvottorð fyrir kímefni úr landdýrum, öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum eða dýrum af hestaætt sem eru í haldi á lokuðum starfsstöðvum og úr dýrum af úlfaldaætt (*Camelidae*) eða hjartardýraætt (*Cervidae*), tilflutt milli aðildarríkja, sem um getur í 40. gr., skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:“.

B-HLUTI

Ákvæði I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað iii. liðar a-liðar í 1. lið 1. hluta kemur eftirfarandi:

   „iii. komið er á skilvirkan hátt í veg fyrir aðgang einstaklinga án viðeigandi umboðs,“.

2) Í stað e-liðar 1. liðar í 1. hluta kemur eftirfarandi:

   „e) dýralæknir stöðvarinnar fyrir sæðissöfnunarstöð fyrir dýr af hestaætt, sem er staðsett innan marka skráðrar stöðvar sem hýsir einnig sæðingarþjónustustöð eða stöð fyrir náttúrulega pörun, skal tryggja að dýr af hestaætt, sem koma inn í stöðina, uppfylli kröfurnar í a-lið 1. mgr. 23. gr. og honum er heimilt að ákveða að ef ekki er hægt að útiloka beina snertingu gjafakarldýra af hestaætt við kvendýr af hestaætt eða við gelt karldýr af hestaætt til örvunar eða við ógelt karldýr af hestaætt sem eru notuð til náttúrulegrar pörunar á stöð utan sæðissöfnunarstöðvarinnar verði þessi kven- og karldýr af hestaætt að vera í samræmi við allar kröfurnar í 1. mgr. 23. gr.“

3) Í stað ii. liðar a-liðar í 1. lið 4. hluta kemur eftirfarandi:

   „ii. komið er á skilvirkan hátt í veg fyrir aðgang einstaklinga án viðeigandi umboðs,“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/384 **2023/EES/83/15**

frá 4. mars 2022

um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar aðlögun á skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir til Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([1]), einkum fyrstu og þriðju undirgrein 3. mgr. 41. gr. og inngangsorðum, a- og b-lið fyrstu undirgreinar og annarri undirgrein 2. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna reglna um heilbrigði dýra og manna að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. skrár yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum er leyfður.

2) Nánar tiltekið er í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 vísað í skrár yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum er leyfður, einkum með millivísunum í skrárnar yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á afurðum úr dýraríkinu til manneldis, sem mælt er fyrir um í öðrum gerðum framkvæmdastjórnarinnar, er leyfður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 8.3.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

3) Eftir umfangsmikla endurskoðun á löggjöf Sambandsins um dýraheilbrigði með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ([3]) og opinberu eftirliti með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([4]) var fjöldi gerða framkvæmdastjórnarinnar, þar sem mælt var fyrir um skrár yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á afurðum úr dýraríkinu til manneldis, sem um getur í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, var leyfður, felldur úr gildi og þeim skipt út, einkum með gerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerðum (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625.

4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ([5]) var samþykkt samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 og í henni er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra, eða hólf þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr, þaðan sem heimilt er að flytja inn sendingar af tilteknum tegundum og flokkum dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu til Sambandsins. Að auki var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 ([6]) samþykkt samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/625 og í henni er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, til Sambandsins. Þó falla aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir ekki innan gildissviðs þessara tveggja reglugerða.

5) Til samræmis við það ætti að uppfæra skrárnar yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á afurðum úr dýraríkinu og afleiddum afurðum, sem settar eru fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, er leyfður, þ.e.a.s. með því að skipta tilvísununum í skrár yfir þriðju lönd, sem mælt er fyrir um í niðurfelldum gerðum framkvæmdastjórnarinnar, út fyrir viðeigandi tilvísanir í framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2021/404 og (ESB) 2021/405.

6) Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflu 1 í 1. þætti I. kafla kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
1	Unnið dýraprótín, þ.m.t. blöndur og afurðir aðrar en gæludýrafóður, sem innihalda slík prótín, og fóðurblöndur, eins og þær eru skilgreindar í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem innihalda slík prótín.	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, h-, i-, j-, k-, l- og m-lið 10. gr.	a) Unna dýraprótínið skal hafa verið framleitt í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka og b) unna dýraprótínið skal uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 2. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða unnið dýraprótín, að undanskildu fiskimjöli: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 (*) og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador. b) Ef um er að ræða fiskimjöl: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 (**).	a) Ef um er að ræða unnið dýraprótín, annað en prótín úr öldum skordýrum: 1. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða unnið dýraprótín úr öldum skordýrum: 1. kafli a í XV. viðauka.
2	Blóðafurðir fyrir fóðurefni	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og i. lið b-liðar 10. gr.	Blóðafurðirnar skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 2. þátt II. kafla X. viðauka og 5. þátt I. kafla XIV. viðauka	a) Ef um er að ræða blóðafurðir úr hóf- og klaufdýrum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem innflutningur á öllum flokkum nýs kjöts af viðkomandi dýrategund er leyfður. b) Ef um er að ræða blóðafurðir úr öðrum tegundum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404.	B-liður 4. kafla XV. Viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
3	Brædd fita og fisklýsi	a) Ef um er að ræða brædda fitu aðra en fisklýsi: Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i-, j- og k-lið 10. gr. b) Ef um er að ræða fisklýsi: Efni í 3. flokki sem um getur í e-, f-, i- og j-lið 10. gr.	a) Brædda fitan og fisklýsið skulu hafa verið framleidd í samræmi við 3. þátt II. kafla X. viðauka og b) Brædda fitan skal uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 3. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða brædda fitu aðra en fisklýsi: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador b) Ef um er að ræða fisklýsi: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	a) Ef um er að ræða brædda fitu aðra en fisklýsi: A-liður 10. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða fisklýsi: 9. kafli XV. viðauka.
4	Mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk, broddur, afurðir úr broddi	a) Mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk: Efni í 3. flokki sem um getur í e-, f- og h-lið 10. gr. b) Broddur, afurðir úr broddi: Efni í 3. flokki úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem berast í menn eða dýr með broddi.	Mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi skulu uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 4. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XVII. viðauka eða 1. hluta XVIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 vegna innflutnings á mjólk úr hóf- og klaufdýrum eða í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 vegna innflutnings á mjólk úr staktæðum hófdýrum. b) Ef um er að ræða brodd og afurðir úr broddi: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind sem lönd sem hafa fengið leyfi í 1. hluta XVII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 vegna innflutnings á mjólk úr hóf- og klaufdýrum eða í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 vegna innflutnings á mjólk úr staktæðum hófdýrum.	a) Ef um er að ræða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk: A-liður 2. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða brodd og afurðir úr broddi: B-liður 2. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
5	Gelatín og vatnsrofin prótín	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, e-, f-, g-, i- og j-lið 10. gr. og, ef um er að ræða vatnsrofið prótín: Efni í 3. flokki sem um getur í d-, h- og k-lið 10. gr.	Gelatínið og vatnsrofna prótínið skulu hafa verið framleidd í samræmi við 5. þátt II. kafla X. viðauka.	a) Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í XII. eða XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 og eftirfarandi þriðju lönd: (EG) Egyptaland b) Ef um er að ræða gelatín og vatnsrofið prótín úr fiski: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	a) Ef um er að ræða gelatín: 11. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða vatnsrofið prótín: 12. kafli XV. viðauka.
6	Tvíkalsíumfosfat	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i-, j- og k-lið 10. gr.	Tvíkalsíumfosfatið skal hafa verið framleitt í samræmi við 6. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í XII. eða XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	12. kafli XV. viðauka.
7	Þríkalsíumfosfat	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i-, og k-lið 10. gr.	Þríkalsíumfosfatið skal hafa verið framleitt í samræmi við 7. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í XII. eða XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	12. kafli XV. viðauka.
8	Kollagen	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, e-, f-, g-, i- og j-lið 10. gr.	Kollagenið skal hafa verið framleitt í samræmi við 8. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í XII. eða XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	11. kafli XV. viðauka.
9	Eggjaafurðir	Efni í 3. flokki sem um getur í e- og f-lið og ii. lið k-liðar 10. gr.	Eggjaafurðirnar skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 9. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka, þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta XIV. viðauka eða þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404.	15. kafli XV. viðauka.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118).“

2) Í stað töflu 2 í 1. þætti II. kafla kemur eftirfarandi:

„Tafla 2

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
1	Unninn húsdýraáburður, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði, skordýrasaur og leðurblökugúanó	Efni í 2. flokki sem um getur í a-lið 9. gr.	Unninn húsdýraáburður, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði og leðurblökugúanó skulu hafa verið framleidd í samræmi við 2. þátt I. kafla XI. viðauka.	Þriðju lönd tilgreind í: a) 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 fyrir unninn húsdýraáburð úr hóf- og klaufdýrum, skordýrasaur eða leðurblökugúanó og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador, b) 1. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 fyrir unninn húsdýraáburð úr staktæðum hófdýrum eða c) 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 fyrir unninn húsdýraáburð úr alifuglum.	17. kafli XV. viðauka.
2	Blóðafurðir, aðrar en úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra	Efni í 1. flokki sem um getur í c- og d-lið 8. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d- og h-lið 10. gr.	Blóðafurðir skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 2. þátt.	Eftirfarandi þriðju lönd: a) ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir úr hóf- eða klaufdýrum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 þaðan sem innflutningur á nýju kjöti af öllum tegundum hóf- og klaufdýra, sem eru húsdýr, er leyfður og einungis fyrir það tímabil sem tilgreint er í 7. og 8. dálki þess hluta. b) ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir úr alifuglum og öðrum fuglategundum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa sem eru tilgreindir í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404.	a) Ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir: C-liður 4. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða meðhöndlaðar blóðafurðir: D-liður 4. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				c) ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir úr öðrum dýrum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka, í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í V. viðauka eða VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405. d) ef um er að ræða meðhöndlaðar blóðafurðir úr hvaða tegund sem er: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador.	
3	Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d- og h-lið 10. gr.	Blóð og blóðafurðir skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 3. þætti.	Eftirfarandi þriðju lönd: a) ef um er að ræða blóð sem hefur verið safnað í samræmi við 1. lið IV. kafla XIII. viðauka eða ef blóðafurðir hafa verið framleiddar í samræmi við i. lið b-liðar 2. liðar þess kafla: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í 1. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, þaðan sem innflutningur á skráðum hestum eða skráðum dýrum af hestaætt er leyfður, eða í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	A-liður 4. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				b) ef um er að ræða blóðafurðir sem hafa verið meðhöndlaðar í samræmi við ii. lið b-liðar 2. liðar IV. kafla XIII. viðauka: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, þaðan sem innflutningur á skráðum hestum eða skráðum dýrum af hestaætt er leyfður, eða í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	
4	Nýjar eða kældar húðir og skinn af hóf- eða klaufdýrum	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og iii.-lið b-liðar 10. gr.	Húðirnar og skinnin skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1. og 4. lið 4. þáttar.	Húðirnar og skinnin komi frá þriðja landi eða, ef um er að ræða svæðaskiptingu í samræmi við löggjöf Sambandsins, hluta þriðja lands sem tilgreindur er í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu tegundum.	A-liður 5. kafla XV. viðauka.
5	Verkaðar húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið, i. og iii. lið b-liðar og n-lið 10. gr.	Húðirnar og skinnin skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2., 3. og 4. lið 4. þáttar.	a) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta IV. viðauka, 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador.	a) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum, aðrar en þær sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið 4. þáttar: B-liður 5. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				b) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af jórturdýrum sem senda á til Sambandsins og hefur verið haldið aðskildum í 21 dag eða sem verða í flutningi í 21 dag samfleytt fyrir innflutning til Sambandsins: Öll þriðju lönd.	b) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af jórturdýrum og dýrum af hestaætt sem senda á til Sambandsins og þeim hefur verið haldið aðskildum í 21 dag eða sem verða í flutningi í 21 dag samfleytt fyrir innflutning til Sambandsins: Opinbera yfirlýsingin sem sett er fram í C-lið 5. kafla XV. viðauka. c) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið 4. þáttar: Ekki er þörf fyrir vottorð.
6	Veiðiminjagripir og annað sem búið er til úr dýrum	Efni í 2. flokki, sem um getur í f-lið 9 gr., sem kemur úr villtum dýrum sem ekki leikur grunur á að séu smituð af sjúkdómi sem getur smitast í menn eða dýr og efni í 3. flokki sem um getur í a-lið, i., iii. og v. lið b-liðar og n-lið 10. gr.	Veiðiminjagripir og annað sem búið er til úr dýrum skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. þætti.	a) Ef um er að ræða veiðiminjagripi og annað sem búið er til úr dýrum sem um getur í 2. lið 5. þáttar: Öll þriðju lönd. b) Ef um er að ræða veiðiminjagripi og annað sem búið er til úr dýrum sem um getur í 3. lið 5. þáttar: i. Veiðiminjagripir úr fuglum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti, og eftirtalin lönd og yfirráðasvæði: (GL) Grænland (TN) Túnis.	a) Ef um er að ræða veiðiminjagripi sem um getur í 2. lið 5. þáttar: A-liður 6. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða veiðiminjagripi sem um getur í 3. lið 5. þáttar: B-liður 6. kafla XV. viðauka. c) Ef um er að ræða veiðiminjagripi sem um getur í 1. lið 5. þáttar: Ekki er þörf fyrir vottorð.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				ii. Veiðiminjagripir úr hóf- og klaufdýrum: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í viðeigandi dálkum fyrir nýtt kjöt af hóf- og klaufdýrum í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, þ.m.t. allar takmarkanir sem mælt er fyrir um í dálkinum fyrir sérstakar athugasemdir um nýtt kjöt, eða í í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 ef um er að ræða staktæð hófdýr.	
7	Svínsburstir	Efni í 3. flokki sem um getur í iv. lið b-liðar 10. gr.	Svínsburstirnar skulu vera af dýrum sem var slátrað í sláturhúsi í þriðja landinu sem er upprunaland.	a) Ef um er að ræða óméðhöndlaðar svínsburstir: Þau þriðju lönd eða, ef um er að ræða svæðaskiptingu, svæði þeirra sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd sem hafa verið laus við afríkusvínapest undanfarna 12 mánuði fram að innflutningi til Sambandsins: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador b) Ef um er að ræða meðhöndlaðar svínsburstir: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd sem hafa hugsanlega ekki verið laus við afríkusvínapest undanfarna 12 mánuði fram að innflutningi til Sambandsins: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador	a) Ef engin tilvik afríkusvínapestar hafa komið upp undanfarna 12 mánuði fram að innflutningi til Sambandsins: A-liður 7. kafla XV. viðauka. b) Ef eitt eða fleiri tilvik afríkusvínapestar hafa komið upp undanfarna 12 mánuði fram að innflutningi til Sambandsins: B-liður 7. kafla XV. viðauka.	

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
8	Ómeðhöndluð ull og hár sem koma af öðrum dýrum en svínum	Efni í 3. flokki sem um getur í h- og n-lið 10. gr.	1) Þurra, ómeðhöndlaða ullin og hárið skulu vera: a) í tryggilega lokuðum umbúðum og b) send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda. 2) Ullin og hárið eru ull og hár sem um getur í e-lið 2. mgr. 25. gr.	1) Öll þriðju lönd. 2) Þriðja land eða svæði þess a) sem er skráð í 1. hluta XIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/404 og hefur heimild til að flytja ferskt kjöt af jórturdýrum, sem falla ekki undir sérstök viðbótarskilyrði, inn í Sambandið og b) sem er laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull og hár af sauðfé og geitum, laust við fjárbólusótt og geitabólusótt í samræmi við A-hluta IV. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 (*).	1) Ekki er gerð krafa um vottorð vegna innflutnings á ómeðhöndlaðri ull og hári. 2) Gerð er krafa um yfirlýsingu innflytjanda í samræmi við 21. kafla XV. viðauka.
9	Meðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahlutar og dúnn	Efni í 3. flokki sem um getur í v. lið b-liðar og h- og n-lið 10. gr.	Meðhöndluðu fjaðrirnar eða fjaðrahlutarnir skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 6. þætti.	Öll þriðju lönd.	Ekki er gerð krafa um vottorð vegna innflutnings á meðhöndluðum fjöðrum, fjaðrahlutum og dúni.
10	Aukaafurðir úr býrækt	Efni í 3. flokki sem um getur í e-lið 10. gr.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr býrækt sem ætlaðar eru til notkunar í býrækt, aðrar en bývax í formi vaxkakna: i. Aukaafurðirnar úr býrækt hafa verið hafðar við -12 °C eða lægra hitastig í a.m.k. 24 klst. eða	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr býrækt ætlaðar til notkunar í býrækt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (CM) Kamerún (DZ) Alsír (SV) El Salvador. b) Ef um er að ræða bývax ætlað til annars en fóðrunar alidýra: Öll þriðju lönd.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr býrækt ætlaðar til notkunar í býrækt: 13. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða bývax ætlað til annars en fóðrunar alidýra: Viðskiptaskjal þar sem vottað er að hreinsun eða vinnsla hafi átt sér stað.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
			ii. Ef um er að ræða bývax skal efnið hafa verið unnið í samræmi við einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, og hreinsað fyrir innflutning til Sambandsins. b) Ef um er að ræða bývax, annað en bývax í formi vaxkakna, sem ætlað er til annars en fóðrunar alidýra, skal bývaxið hafa verið hreinsað eða unnið í samræmi við einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, fyrir innflutning til Sambandsins.		
11	Bein og beinaafurðir (að undanskildu beinamjöli), horn og hornafurðir (að undanskildu hornamjöli) og hófar og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum) sem eru ætluð til annarrar notkunar en sem fóðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætir	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið, i. og iii. lið b-liðar, e- og h-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 7. þætti.	Öll þriðju lönd.	Afurðunum skal fylgja: a) viðskiptaskjal eins og sett er fram í 2. lið 7. þáttar og b) yfirlýsing innflytjandans í samræmi við 16. kafla XV. viðauka, sem skal a.m.k. vera á einu opinberu tungumáli aðildarríkis þar sem afurðirnar koma fyrst inn í Sambandið og a.m.k. á einu opinberu tungumáli viðtökuaðildarríkisins.
12	Gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein	a) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður og nagbein: efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 35. gr.	Gæludýrafóðrið og nagbeinin skulu hafa verið framleidd í samræmi við II. kafla XIII. viðauka.	a) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður:	a) Ef um er að ræða gæludýrafóður í dósum: A-liður 3. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum: B-liður 3. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
		b) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: efni sem um getur í iii. lið a-liðar 35. gr.		Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka, í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem heimild er fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405. b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka, 1. hluta XIV. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (EC) Ekvador (DZ) Alsír (GE) Georgía (eingöngu unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum) (LK) Srí Lanka (SA) Sádi-Arabía (eingöngu unnið gæludýrafóður úr alifuglum) (SV) El Salvador (TW) Taívan Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður úr efnum úr fiski: þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	c) Ef um er að ræða nagbein: C-liður 3. kafla XV. viðauka. d) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: D-liður 3. kafla XV. viðauka.
13	Bragðbætandi innyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri	Efni sem um getur í a-lið 35. gr.	Bragðbætandi innyflaafurðir skulu hafa verið framleiddar í samræmi við III. kafla XIII. viðauka.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem heimild er fyrir kjöti með beini.	E-liður 3. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr alifuglum, þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr tilteknum villtum landspendýrum og dýrum af héraætt, þriðju lönd sem eru tilgreind í V. viðauka eða í VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum.	
14	Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri, öðru en hráu, og á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlisins	a) Efni í 3. flokki sem um getur í a- til m-lið 10. gr. b) Ef um er að ræða efni til framleiðslu á gæludýrafóðri, efni í 1. flokki sem um getur í c-lið 8. gr. c) Ef um er að ræða loðskinn til framleiðslu á afleiddum afurðum, efni í 3. flokki sem um getur í n-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri: i. Ef um er að ræða aukaafurðir úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og dýrum af hestaætt, þ.m.t. alin og villt dýr: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem innflutningur á nýju kjöti til manneldis er leyfður. ii. Ef um er að ræða hráefni úr alifuglum, þ.m.t. strútfuglum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem aðildarríkin heimila innflutning frá á nýju alifuglakjöti, sem eru tilgreindir í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á unnu gæludýrafóðri: F-liður 3. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra: 8. kafli XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				iii. Ef um er að ræða hráefni úr fiski: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405. iv. Ef um er að ræða hráefni úr öðrum villtum landspendýrum og dýrum af héraætt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í V. eða VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405. b) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á lyfjum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka, 1. hluta XIV. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í I. viðauka, V. viðauka eða VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (DZ) Alsír (PH) Filippseyjar (SV) El Salvador (TW) Taívan. c) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, öðrum en lyfjum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, í I. viðauka, V. viðauka eða VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405.	

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405. d) Ef um er að ræða loðskinn til framleiðslu á afleiddum afurðum: Þriðju lönd sem eru á skrá í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum er leyfður.	
15	Aukaafurðir úr dýrum til notkunar sem hrátt gæludýrafóður	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og i. og ii. lið b-liðar 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem heimild er fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2021/405.	D-liður 3. kafla XV. viðauka.
16	Aukaafurðir úr dýrum til notkunar í fóður fyrir loðdýr	Efni í 3. flokki sem um getur í a- til m-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eða í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem heimild er fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2021/405.	D-liður 3. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
17	Brædd fita til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr	a) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífdísilolíu, vörum úr líffituefni eða endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í L-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: Efni í 1., 2. og 3. flokki sem um getur í 8., 9. og 10. gr. b) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: Efni í 2. og 3. flokki sem um getur í 9. og 10. gr. c) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum: Efni í 2. flokki sem um getur í c- og d-lið og i. lið f-liðar 9. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið.	Brædda fitan skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 9. þætti.	Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd: (AL) Albanía (DZ) Alsír (SV) El Salvador. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.	B-liður 10. kafla í XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
		d) Ef um er að ræða efni ætluð til annars: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-liður), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið.			
18	Fituafleiður	a) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar utan fóðurferlis alidýra: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-lið), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-lið og i. lið f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr. b) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar sem fóður: Efni í 3. flokki, annað en efni sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr.	Fituafleiðurnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 10. þætti.	Öll þriðju lönd.	a) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar utan fóðurferlis alidýra: A-liður 14. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar sem fóður: B-liður 14. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
19	Ljósmyndunargelatín	Efni í 1. flokki sem um getur í b-lið 8. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr.	Innflutt ljósmyndunargelatín skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 11. þætti.	Einungis má flytja inn ljósmyndunargelatín frá fyrirtækjum, þar sem það er upprunnið, í Bandaríkjunum og Japan sem eru samþykkt í samræmi við 11. þátt.	19. kafli XV. viðauka.
20	Horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófar og klaufir og afurðir úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, h- og n-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 12. þætti.	Öll þriðju lönd.	18. kafli XV. viðauka.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/907 **2023/EES/83/16**

frá 3. maí 2023

um leiðréttingu á frönsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 um leyfi fyrir ilmberkjuilmkjarnaolíu úr *Cananga odorata* (Lam) Hook f. & Thomson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í frönsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1412 ([2]) er villa í 3. mgr. 2. gr. sem breytir merkingu ákvæðisins.

2) Því ætti að leiðrétta frönsku tungumálaútgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Þar eð villan var til staðar frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 öðlaðist gildi og rekstraraðilar munu njóta góðs af leiðréttingu á villunni, sem hafði valdið réttaróvissu, ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 frá gildistökudegi hennar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 15. desember 2022.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. september 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2023, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1412 frá 19. ágúst 2022 um leyfi fyrir ilmberkjuilmkjarnaolíu úr *Cananga odorata* (Lam) Hook f. & Thomson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 217, 22.8.2022, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/255 **2023/EES/83/17**

frá 6. febrúar 2023

um endurnýjun á leyfi fyrir naringíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 870/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Naringín var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 870/2012 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir naringíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og í virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. mars 2022 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram sönnunargögn um að aukefnið sé áfram öruggt fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru leyfð sem stendur. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að naringín valdi ekki alvarlegri augnertingu eða -ætingu, sé ekki ertandi fyrir húð og sé ekki flokkað sem húðnæmir en gat vegna skorts á gögnum ekki komist að niðurstöðu um hugsanlega næmingu öndunarfæra af völdum aukefnisins.

5) Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) taldi tilvísunarrannsóknarstofan, sem var komið á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, að niðurstöður og tilmæli úr fyrra mati giltu um núverandi notkun.

6) Mat á naringíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu.

7) Framkvæmdastjórnin telur að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu að vera í samræmi við löggjöf Sambandsins um öryggiskröfur fyrir starfsfólk.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 7.2.2023, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 870/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir naringíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 10).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(4), 7267.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

8) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt hámarksinnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

9) Af endurnýjun leyfis fyrir naringíni sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 870/2012 úr gildi.

10) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir naringíni af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir efninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 870/2012 er felld úr gildi.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. ágúst 2023 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. febrúar 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. febrúar 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. febrúar 2023 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. febrúar 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. febrúar 2023 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b16058	Naringín	*Samsetning aukefnis* Naringín *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Naringín Útdráttur úr sítrusávöxtum Hreinleiki: ≥ 90% (2S)-4H-1-bensópýran-4-ón,7-((2-O-(6-deoxý-alfa-L-mannópýranósýl)-beta-D-glúkópýranósýl)oxý)-2,3-díhýdró-5-hýdroxý-2-(4-hýdroxýfenýl) Efnaformúla: $C_{27}H_{32}O_{14}$ CAS-númer: 10236-47-2 FLAVIS-númer: 16.058 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða naringín í fóðuraukefninu: — Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 2.2.29).	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 5 mg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	27. febrúar 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/256 **2023/EES/83/18**

frá 6. febrúar 2023

um leyfi fyrir blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 sem fóðuraukefni fyrir hunda og blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 sem fóðuraukefni fyrir ketti (leyfishafi er NBF Lanes s.r.l.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram tvær umsóknir, ein um leyfi fyrir blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 og ein um leyfi fyrir blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 sem fóðuraukefni fyrir hunda og blöndu með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 sem fóðuraukefni fyrir ketti, í flokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 27. nóvember 2018 ([2]), ([3]) og 29. júní 2022 ([4]), ([5]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blöndur með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 og *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að líta ætti á blöndurnar sem hugsanlegan öndunarfæranæmi og að henni hafi ekki verið unnt að komast að niðurstöðu um ertingarmátt aukefnanna á húð og augu eða um næmingu fyrir húð vegna skorts á gögnum. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blöndurnar með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 og *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 geti verið áhrifaríkar til að bæta þéttleika saurs. Matvælaöryggisstofnunin setti þó fyrirvara varðandi línulega minnkun rakainnihalds í saur sem gæti til langs tíma vakið efasemdir um ávinning af langtímanotkun aukefnanna þar eð hún gæti leitt til hægðatregðu. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndum með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 og *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blandnanna. Rétt þykir að kveða á um vöktun og sértæka merkingu aukefna og forblandna sem innihalda þau að lokinni setningu á markað að því er varðar hugsanleg skaðleg langtímaáhrif af notkun aukefnanna. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 7.2.2023, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019, 17(1), 5524.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019, 17(1), 5526.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(7), 7436.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(8), 7437.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lág-marks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1850	NBF Lanes s.r.l.	*Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 *Greiningaraðferð* (1) Sanngreining: DNA-raðgreining eða rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu og fóðurblöndu: dreifingaraðferð á MSR-agar (EN 15787).	Hundar	-	1×10^{10}	-	1. Krafist er vöktunar, að lokinni setningu á markað, á áhrifum aukefnisins á hægðatregðu við langtímanotkun. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar ákveðið er að gefa hundum *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32203 lengur en í fimm vikur ætti að taka tillit til eiginleika þessarar viðbótar við fóður og fæðu, hundategundar og aðgengi að vatni til að koma í veg fyrir hægðatregðu.“ 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	27. febrúar 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lág-marks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1851	NBF Lanes s.r.l.	*Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{11} CFU/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 *Greiningaraðferð* (1) Sanngreining: DNA-raðgreining eða rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu og fóðurblöndu: dreifingaraðferð á MSR-agar (EN 15787).	Kettir	-	1×10^{10}	-	1. Krafist er vöktunar, að lokinni setningu á markað, á áhrifum aukefnisins á hægðatregðu við langtímanotkun. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar ákveðið er að gefa köttum *Limosilactobacillus reuteri* DSM 32264 lengur en í fimm vikur ætti að taka tillit til eiginleika þessarar viðbótar við fóður og fæðu, kattategundar og aðgengi að vatni til að koma í veg fyrir hægðatregðu.“ 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	27. febrúar 2033

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/257 **2023/EES/83/19**

frá 6. febrúar 2023

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 um leyfi fyrir ilmberkjuilmkjarnaolíu úr *Cananga odorata* (Lam) Hook f. & Thomson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun á ilmberkjuilmkjarnaolíu sem fóðuraukefni var leyfð til 10 ára fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1412 ([2]).

2) Í umbreytingarráðstöfuninni sem sett er fram í 3. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1412 var röng dagsetning tilgreind fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1412 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1412 kemur eftirfarandi:

„3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. september 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. september 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 7.2.2023, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1412 frá 19. ágúst 2022 um leyfi fyrir ilmberkjuilmkjarnaolíu úr *Cananga odorata* (Lam) Hook f. & Thomson sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 217, 22.8.2022, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/263 **2023/EES/83/20**

frá 7. febrúar 2023

um leyfi fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið sepíólítkenndur leir, sem tilheyrir virka hópnum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“, var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefnið fyrir allar dýrategundir. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um endurmat á sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virku hópana „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. maí 2022 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði sé sepíólítkenndur leir öruggur fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, fráfærugrísi, eldissvín og aðrar svínategundir í vexti í styrk sem nemur 20 000 mg/kg heilfóðurs, fyrir laxfiska í styrk sem nemur 17 600 mg/kg heilfóðurs og fyrir eldiskjúklinga í styrk sem nemur 10 000 mg/kg heilfóðurs og hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún gat ekki komist að niðurstöðu um öryggi aukefnisins fyrir aðrar dýrategundir og -flokka. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið valdi áhættu fyrir notendur við innöndun, einkum vegna tilvistar kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels í aukefninu og að það sé ekki ertandi fyrir húð eða augu en ætti að teljast húð- og öndunarfæranæmir. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt sem bindiefni og kekkjavarnarefni. Hún staðfesti einnig skýrslu um greiningaraðferð í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 8.2.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(5), 7344.

5) Mat á sepíólítkenndum leir sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga. Framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum varðandi öryggi aukefnisins fyrir aðrar dýrategundir og -flokka. Framkvæmdastjórnin telur að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu að vera í samræmi við löggjöf Sambandsins um öryggiskröfur fyrir starfsfólk.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið sem er tilgreint í viðaukanum og fóðurblöndur sem innihalda efnið, sem eru ætluð fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga og eru framleidd og merkt fyrir 28. ágúst 2023 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. febrúar 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru ætluð fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga og eru framleidd og merkt fyrir 28. febrúar 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. febrúar 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinni-hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: bindiefni								
1g563	Sepíólítkenndur leir	**Samsetning aukefnis** Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít. Duftform **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40% CAS-númer: 63800-37-3 EINECS-númer: 264-465-3 Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$. Illít (kalíum- og járnalsílíkat): ≥ 25% CAS-númer: 12173-60-3 EINECS-númer: 601-803-4 Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$ Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35% Laust við asbest ([1])	— Jórturdýr til mjólkur-framleiðslu — Dýr af svínaætt sem hafa verið vanin unda og til eldis		-	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og öndunarvörn. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels.	28. febrúar 2033
			Laxfiskar		-	17 600		
			Eldiskjúklingar		-	10 000		

		Greiningaraðferð (2) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS)						

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni								
1g563	Sepíólítkenndur leir	**Samsetning aukefnis** Vatnað magnesíumsílíkat sem er upp-runnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít. Duftform **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40% CAS-númer: 63800-37-3 EINECS-númer: 264-465-3 Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$. Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25% CAS-númer: 12173-60-3 EINECS-númer: 601-803-4 Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$ Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35% Laust við asbest ([1]) **Greiningaraðferð** ([2]) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS)	— Jórturdýr til mjólkur-framleiðslu — Dýr af svínaætt sem hafa verið vanin unda og til eldis		-	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymslu-skilyrði. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og öndunarvörn. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísilt-víoxíðs og nikkels.	28. febrúar 2033
			Laxfiskar		-	17 600		
			Eldiskjúklingar		-	10 000		

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2292 2023/EES/83/21

frá 6. september 2022

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 1. mgr. 126. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, einkum til að tryggja að sendingar af dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, frá þriðju löndum eða svæðum þeirra séu, við komu inn í Sambandið, í samræmi við löggjöf Sambandsins um öryggi matvæla og fóðurs.

2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir til þess að bæta við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð varðandi komu dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, og tiltekinna vara inn í Sambandið. Þessi skilyrði geta falið í sér viðbótarkröfur, þ.e. þann möguleika að leyfa einungis innflutning á dýrum og vörum frá þriðju löndum sem er að finna í skrám sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þeim tilgangi. Þessar viðbótarkröfur innihalda ábyrgðir fyrir því að farið sé að:

— ráðstöfunum til að vakta efni og flokka efnaleifa í dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, í samræmi við tilskipanir ráðsins 96/23/EB ([2]) og 96/22/EB ([3]),

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 254/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

([3]) Tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva og um niðurfellingu á tilskipunum 81/602/EBE, 88/146/EBE og 88/299/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3).

— reglum um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla í lifandi dýrum og afurðum úr dýraríkinu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([4]),

— almennum meginreglum og kröfum sem gilda um matvæli almennt og um öryggi matvæla sérstaklega í Sambandinu og á landsvísu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([5]),

— almennum reglum fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti sem varða matvæli í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ([6]),

— sértækum reglum fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([7]),

— sértækum reglum um opinbert eftirlit sem innt er af hendi og um aðgerðir sem lögbær yfirvöld grípa til varðandi framleiðslu á tilteknum dýrum og afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætluð til manneldis, í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 ([8]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ([9]).

3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ([10]) er mælt fyrir um slíkar viðbótarkröfur og þær hafa verið í gildi frá 14. desember 2019. Hún nær ekki yfir kröfurnar sem þegar er mælt fyrir um í tilskipun 96/23/EB.

4) Eins og sakir standa eru þriðju lönd, sem hafa heimild til að flytja inn dýr og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins að því er varðar reglur Sambandsins um lýðheilsu, færð inn í og haldið á skrám sem eru teknar saman á grundvelli ýmissa krafna, þ.m.t. tilvist eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni þar sem settar eru fram ábyrgðir varðandi vöktun á tilteknum flokkum efna og leifum þeirra og aðskotaefnum í samræmi við kröfurnar í tilskipun 96/23/EB.

5) Með reglugerð (ESB) 2017/625 var tilskipun 96/23/EB felld úr gildi frá og með 14. desember 2019 og kveðið á um umbreytingartímabil fram til 14. desember 2022 vegna beitingar tiltekinna ákvæða í þeirri tilskipun.

6) Sameina ætti innleiðingu viðbótarkrafna til að tryggja að farið sé að ráðstöfunum til að vakta efni og flokka efnaleifa í dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/23/EB, við viðbótarkröfurnar sem þegar er mælt fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/625.

7) Því er rétt að mæla fyrir um allar þessar viðbótarkröfur í einni framseldri reglugerð og einfalda þar með túlkun þeirra og beitingu og auka gagnsæi fyrir þriðju lönd.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (Stjtíð. EB L 147. 31.5.2001 bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 frá 8. febrúar 2019 um sértækar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti og með framleiðslu- og umlagningarsvæðum fyrir lifandi samlokur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 1).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

8) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um kröfur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja sem flytja afurðir úr dýraríkinu inn í Sambandið. Til samræmis við það ættu viðbótarkröfur varðandi opinbert eftirlit, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að vera í samræmi við þær sem þegar er mælt fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

9) Þegar mælt er fyrir um kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið ætti að vísa til númera í sameinuðu nafnaskránni sem sett eru fram í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([11]) til að auðkenna þessar vörur og þessi dýr með skýrum hætti.

10) Sendingar af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, ættu einungis að fá að koma inn í Sambandið á grundvelli áhættugreiningar þegar þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem dýrin og vörurnar eru upprunnin geta tryggt að farið sé að kröfum um öryggi þessara dýra og vara og ef þessi þriðju lönd eða svæði þeirra eru skráð, í samræmi við 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, í skrárnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 ([12]).

11) Til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til að tryggja að þriðju lönd eða svæði þeirra veiti ábyrgðir varðandi skilvirkni opinbers eftirlits með matvælaöryggi að því er varðar þessi dýr og vörur. Einungis ætti að færa þriðju lönd eða svæði þeirra inn í skrárnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 eftir að þau hafa lagt fram sannanir og ábyrgðir fyrir því að dýrin og vörurnar, sem eru upprunnin í þeim, uppfylli kröfur Sambandsins um öryggi matvæla sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004, (ESB) 2017/625, framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 eða kröfur sem viðurkennt er að séu jafngildar þeim.

12) Samkvæmt 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 getur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun um að færa þriðju lönd á skrárnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 með því skilyrði að þessi þriðju lönd leggi fram viðeigandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að farið sé að kröfum Sambandsins um notkun á lyfjafræðilega virkum efnum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og að sendingar af afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum, sem ætlunin er að komi inn í Sambandið, uppfylli kröfur um hámarksgildi leifa lyfjafræðilega virkra efna, hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar og hámarksgildi aðskotaefna sem eru fastsett í löggjöf Sambandsins. Þetta tryggir að þessi dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir hafi upp á að bjóða sömu heilsuvernd og kveðið er á um í löggjöf Sambandsins um matvæli og matvælaöryggi.

13) Til að tryggja sömu heilsuvernd ætti að láta í té sannanir og ábyrgðir með því að leggja fram áætlun um eftirlit með lyfjafræðilegum efnum, varnarefnum og aðskotaefnum sem uppfyllir tilteknar kröfur sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Til að tryggja áframhaldandi fylgni við þessar kröfur ætti að leggja uppfærðar eftirlitsáætlanir fyrir framkvæmdastjórnina árlega.

14) Einnig má færa þriðju lönd á skrána sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 ef þau leggja fram viðeigandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð í samsettar afurðir sem koma inn til Sambandsins, séu upprunnin í aðildarríki eða í þriðja landi sem er á skrá yfir þriðju lönd sem eru með samþykkta eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni fyrir þessi dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð í samsettar afurðir. Til að fá að vera með á þessari skrá ætti að veita upplýsingar um verklag sem er fyrir hendi til að tryggja rekjanleika viðkomandi dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurða úr dýraríkinu og til að tryggja uppruna þessara dýra og afurða.

([11]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118).

15) Í löggjöf Sambandsins er mælt fyrir um reglur um notkun á lyfjafræðilega virkum efnum og fastsett mörk fyrir leifar af þeim, sem leiða af slíkri notkun, í afurðum úr dýraríkinu. Dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð í samsettar afurðir, ættu einungis að koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem tryggja að eftirlit með notkun á lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim í afurðum úr dýraríkinu sé a.m.k. jafngilt eftirlitinu samkvæmt eftirlitsáætlunum Sambandsins sem falla undir landsbundnar eftirlitsáætlanir til margra ára sem um getur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1644 ([13]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646 ([14]). Reglurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 ([15]) ættu að gilda um opinbert eftirlit með þessum efnum og leifum.

16) Notkun betaörva og efna sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis í Sambandinu er bönnuð samkvæmt tilskipun 96/22/EB. Á sama hátt eru lyfjafræðilega virk efni, sem er bannað að nota í Sambandinu, skráð í töflu 2 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([16]). Einungis þriðju löndum sem veita ábyrgðir fyrir því að dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð í samsettar afurðir, uppfylli þessi ákvæði eða kröfur sem viðurkennt er að séu jafngildar þeim ætti að vera heimilt að flytja slík dýr og slíkar afurðir inn í Sambandið.

17) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([17]) er mælt fyrir um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu í því skyni að meta váhrif sem neytendur verða fyrir og beitingu löggjafar í ESB. Þessi eftirlitsáætlun Sambandsins er óaðskiljanlegur hluti landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára vegna varnarefnaleifa sem aðildarríkin eiga að koma á fót. Dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð í samsettar afurðir, ættu einungis að koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem tryggja að eftirlit með varnarefnaleifum sé innt af hendi samkvæmt sömu ströngu viðmiðununum og aðildarríkjunum er gert skylt að fylgja með landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára vegna varnarefnaleifa sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1355 ([18]). Því ætti að tryggja að sannanir séu lagðar fram, með tölfræðilega dæmigerðri sýnatöku, fyrir því að afurðir sem eru ætlaðar til innflutnings inn í Sambandið séu í samræmi við löggjöf Sambandsins um varnarefnaleifar.

([13]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1644 frá 7. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar kröfur um framkvæmd opinbers eftirlits varðandi notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim (Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 3).

([14]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646 frá 23. september 2022 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim, um sértækt innihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára og sértækar ráðstafanir vegna undirbúnings þeirra (Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 32).

([15]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 frá 22. mars 2021 um nothæfi greiningaraðferða fyrir leifar af lyfjafræðilega virkum efnum sem eru notuð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og um túlkun niðurstaðna, sem og um aðferðir sem skal nota við sýnatöku, og um niðurfellingu á ákvörðunum 2002/657/EB og 98/179/EB (Stjtíð. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 84).

([16]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

([18]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1355 frá 12. ágúst 2021 um landsbundnar eftirlitsáætlanir til margra ára sem aðildarríki eiga að koma á fót fyrir varnarefnaleifar (Stjtíð. ESB L 291, 13.8.2021, bls. 120).

18) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/931 ([19]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/932 ([20]) innihalda ákvæði um að koma á fót áhættumiðuðum eftirlitsáætlunum vegna aðskotaefna í matvælum og um innihald þeirra. Afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir ættu einungis að koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem tryggja að eftirlit með aðskotaefnum sé innt af hendi til að sýna fram á að afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir, sem eru ætlaðar til innflutnings inn til Sambandsins, séu í samræmi við löggjöf ESB um aðskotaefni.

19) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB ([21]) er sett fram skrá, í samræmi við tilskipun 96/23/EB, yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn tilteknar dýrategundir eða afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins.

20) Í kjölfar þess að tilskipun 96/23/EB var felld út gildi kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2293 ([22]) í stað ákvörðunar 2011/163/ESB í heild sinni.

21) Sendingar af tilteknum vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, ættu einungis að fá að koma inn í Sambandið þegar þessar vörur eru sendar frá og fengnar frá eða tilreiddar í starfsstöðvum sem er að finna í skránni sem er tekin saman og haldið uppfærðri í samræmi við ii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Til að tryggja að farið sé að reglum Sambandsins um hollustuhætti sem varða matvæli, eða reglum sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim, er rétt að kveða á um að þegar sú skrá er tekin saman og uppfærð ætti þriðja landið að veita ábyrgðir til viðbótar við þær sem kveðið er á um í i. og iv. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

22) Gera ætti skrárnar yfir starfsstöðvarnar sem um getur í i. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 aðgengilegar almenningi til að tryggja gagnsæi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og neytendur. Til að styrkja slíkt gagnsæi ættu aðildarríkin einungis að heimila komu sendinga af dýrum og vörum ef lögbær yfirvöld þriðja landsins gefa út opinberu vottorðin, sem krafist er fyrir slíkar sendingar samkvæmt viðeigandi reglum Sambandsins, eftir að þessar skrár hafa verið birtar.

23) Ekki er nauðsynlegt að mæla fyrir um slíkar kröfur um færslur á skrána að því er varðar vörur sem eru ætlaðar til umflutnings þar eð þessar vörur skapa litla áhættu frá sjónarmiði matvælaöryggis og eru ekki settar á markað innan Sambandsins. Enn fremur ættu slíkar kröfur ekki að gilda fyrir starfsstöðvar sem eingöngu annast frumframleiðslustarfsemi, flutningastarfsemi, geymslu á afurðum úr dýraríkinu sem þurfa ekki geymslu við hitastýrð skilyrði eða framleiðslu á mikið unnum afurðum úr dýraríkinu sem um getur í XVI. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

24) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 ([23]) er þess krafist að starfsstöðvar sem framleiða spírur séu samþykktar af lögbærum yfirvöldum í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004. Til að tryggja að farið sé að reglum Sambandsins um hollustuhætti sem varða matvæli, eða reglum sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim, ættu spírur einungis að fá að koma inn í Sambandið ef þær eru framleiddar í starfsstöðvum sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og uppfærðar í samræmi við þessa reglugerð.

([19]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/931 frá 23. mars 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 með því að mæla fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 162, 17.6.2022, bls. 7).

([20]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/932 frá 9. júní 2022 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar aðskotaefni í matvælum, um sértækt viðbótarinnihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára og sértækar viðbótarráðstafanir vegna undirbúnings þeirra (Stjtíð. ESB L 162, 17.6.2022, bls. 13).

([21]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtíð. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).

([22]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2293 frá 18. nóvember 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrá yfir þriðju lönd með samþykkta eftirlitsáætlun fyrir notkun lyfjafræðilega virkra efna, hámarksgildi leifa lyfjafræðilega virkra efna og varnarefna og hámarksgildi aðskotaefna (Stjtíð. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 31).

([23]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 frá 11. mars 2013 um samþykki fyrir starfsstöðvum, sem framleiða spírur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 (Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 24).

25) Til að tryggja að farið sé að reglum Sambandsins um hollustuhætti sem varða matvæli, eða reglum sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim, ættu vörur frá starfsstöðvum sem framleiða nýtt kjöt, hakkað kjöt, unnar kjötvörur, kjötafurðir, vélúrbeinað kjöt og hráefni sem er ætlað til framleiðslu á gelatíni og kollageni einungis að fá að koma inn í Sambandið ef þessar starfsstöðvar er að finna í skrám sem eru teknar saman og uppfærðar í samræmi við ii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þar að auki ættu hráefnin sem þessar vörur eru framleiddar úr að koma frá starfsstöðvum (sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, stykkjunarstöðvum og starfsstöðvum sem meðhöndla lagarafurðir) sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og uppfærðar í samræmi við ii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

26) Einungis ætti að heimila komu sendinga af lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum inn í Sambandið frá framleiðslusvæðum í þriðju löndum eða svæðum þriðju landa sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og uppfærðar í samræmi við ii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 til að tryggja að farið sé að gildandi sértækum kröfum vegna þessara afurða sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 eða að reglum sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Birting þessara skráa ætti að tryggja gagnsæi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og neytendur að því er varðar frá hvaða framleiðslusvæðum lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsniglar mega koma inn í Sambandið.

27) Einungis ætti að heimila komu sendinga af lagarafurðum inn í Sambandið þegar sendingarnar eru sendar frá, fengnar frá eða tilreiddar í starfsstöðvum á landi, kæliskipum, verksmiðju- eða frystiskipum sem sigla undir fána þriðja lands, sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og uppfærðar í samræmi við ii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 til að tryggja að farið sé að kröfum Sambandsins, einkum að sértækum kröfum vegna lagarafurða sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 eða að reglum sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Birting slíkra skráa ætti að tryggja gagnsæi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og neytendur að því er varðar frá hvaða skipum lagarafurðir mega koma inn í Sambandið.

28) Áhætta sem tengist samsettum afurðum fer eftir tegundum innihaldsefna í þeim og skilyrðum við geymslu þessara innihaldsefna. Því ætti að mæla fyrir um kröfur varðandi sendingar af samsettum afurðum til að tryggja að samsettar afurðir sem skapa áhættu komi inn í Sambandið frá þriðju löndum sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405. Samsettar afurðir sem skapa áhættu eru þær sem innihalda unnar afurðir úr dýraríkinu sem mælt hefur verið fyrir um sértækar kröfur fyrir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eða þar sem krafist er áætlunar um vöktun efnaleifa.

29) Vegna fjölda tilkynninga sem borist hafa í hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002, er aukin hætta á því að sendingar af tilteknum dýrum og vörum, sem ætlunin er að setja á markað til manneldis, séu ekki í samræmi við kröfur Sambandsins um matvælaöryggi. Sendingar af slíkum dýrum og vörum ættu því að falla undir vottun á hverri sendingu fyrir sig að því er varðar hverja sendingu fyrir komu inn í Sambandið. Sú vottun stuðlar einnig að því að minna stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld þriðju landa eða svæða þeirra á viðeigandi kröfur Sambandsins. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ([24]) er mælt fyrir um fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum eða fyrirmyndir að opinberum vottorðum eða hvort tveggja í þeim tilgangi. Sendingum af slíkum dýrum og vörum, sem Sambandið er ekki lokaviðtökustaður fyrir, skulu fylgja dýraheilbrigðisvottorð eða opinber vottorð með dýraheilbrigðisvottun en ekki er þörf á lýðheilsuvottun fyrir þessi dýr og vörur þar eð þau verða ekki sett á markað í Sambandinu. Að því er varðar tilteknar samsettar afurðir sem skapa litla áhættu ætti eigin staðfesting stjórnanda matvælafyrirtækis, sem flytur vörur inn í Sambandið, að koma í stað vottunarinnar til að tryggja hlutfallslega áhættumiðaða nálgun.

([24]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

30) Samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu sem valda óverulegri áhættu, s.s. þær þar sem eina dýraafurðin sem er til staðar í fullunnu samsettu afurðinni er matvælabætandi efni, þ.e. D3-vítamín, matvælaaukefni, matvælaensím eða matvælabragðefni, ættu að vera undanþegnar eftirliti á landamærum og kröfum um eigin staðfestingu.

31) Ákvæðum þessarar reglugerðar er ætlað að koma alfarið í staðinn fyrir ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Því ætti að fella framselda reglugerð (ESB) 2019/625 úr gildi.

32) Þar eð I., II., III. og IV. viðauki við tilskipun 96/23/EB falla úr gildi 14. desember 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær uppfylli gildandi kröfur, sem komið var á með reglunum sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim.

2. Kröfurnar, sem um getur í 1. mgr., ná yfir:

a) sanngreiningu á dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, sem falla undir eftirfarandi kröfur vegna komu inn í Sambandið:

   i. þá kröfu að þessi dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknar vörur, sem eru ætlaðar til manneldis, skuli koma frá þriðja landi eða svæði þriðja lands sem er skráð í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

   ii. þá kröfu að þessi dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknar vörur, sem eru ætlaðar til manneldis, séu send frá og fengin frá eða tilreidd í starfsstöðvum sem eru í samræmi við gildandi kröfur sem um getur í 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eða við kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim, og sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og uppfærðar í samræmi við ii. og iii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

   iii. þá kröfu að hverri sendingu af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, fylgi opinbert vottorð eða opinber staðfesting eða aðrar sannanir fyrir samræmi við reglurnar, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, s.s. eigin staðfesting í samræmi við c-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

b) kröfur vegna komu dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og tiltekinna vara, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið frá þriðja landi eða svæði þriðja lands sem er skráð í samræmi við 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

c) kröfur um að sendingar af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, frá þriðju löndum séu sendar frá og fengnar frá eða tilreiddar í starfsstöðvum sem eru í samræmi við gildandi kröfur sem um getur í 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eða við kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim, og sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og uppfærðar í samræmi við ii. og iii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

d) kröfur vegna komu tiltekinna eftirfarandi vara inn í Sambandið til setningar á markað, til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í samræmi við 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

i. nýtt kjöt, hakkað kjöt, unnar kjötvörur, kjötafurðir, vélúrbeinað kjöt og hráefni sem eru ætluð til framleiðslu á gelatíni og kollageni,

ii. lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsniglar,

iii. lagarafurðir,

iv. samsettar afurðir,

e) viðbótarkröfur vegna opinberra vottorða, opinberra staðfestinga og eigin staðfestinga sem skulu fylgja dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, vegna komu inn í Sambandið,

f) kröfur um notkun á lyfjafræðilega virkum efnum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og leifar af þeim og um innihald aðskotaefna og varnarefnaleifa í afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum ef þessi dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir koma inn í Sambandið frá þriðju löndum og ætlunin er að setja þau á markað í Sambandinu og þessar kröfur eru nauðsynlegar til að tryggja að slík dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir veiti jafngilda vernd fyrir heilbrigði manna og sú sem kveðið er á um í viðeigandi reglum Sambandsins um öryggi matvæla,

g) þá kröfu að dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir skuli einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem veita sannanir og ábyrgðir fyrir því að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð með því að leggja fram eftirlitsáætlun.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) dýr og vörur sem eru ekki ætluð til manneldis; þó gildir þessi reglugerð þegar ákvörðunarstaður dýranna og varanna hefur ekki verið ákveðinn við komuna inn í Sambandið og ekki er enn hægt að útiloka að þau séu ætluð til manneldis,

b) dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, sem eru einungis umflutt gegnum Sambandið án þess að vera sett á markað,

c) vörur sem eru ætlaðar til manneldis þegar ætlunin er að taka sýni til vörugreiningar og gæðaprófana án setningar á markað.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „koma inn til Sambandsins“ eða „koma inn í Sambandið“: koma inn til Sambandsins eða koma inn í Sambandið eins og skilgreint er í 40. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

2) „sending“: sending eins og hún er skilgreind í 37. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

3) „dýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 9. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

4) „vörur“: vörur eins og þær eru skilgreindar í 11. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

5) „jafngildur“: jafngildur eins og það er skilgreint í e-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,

6) „starfsstöð“: starfsstöð eins og hún er skilgreind í c-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,

7) „opinbert vottorð“: opinbert vottorð eins og það er skilgreint í 27. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

8) „opinber staðfesting“: opinber staðfesting eins og hún er skilgreind í 28. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

9) „eigin staðfesting“: staðfesting sem er undirrituð af stjórnanda matvælafyrirtækis sem flytur vörur inn í Sambandið,

10) „setning á markað“: setning á markað eins og það er skilgreint í 8. lið 3. gr. reglugerðar (EB) 178/2002,

11) „nýtt kjöt“: nýtt kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.10 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

12) „hakkað kjöt“: hakkað kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.13 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

13) „unnar kjötvörur“: unnar kjötvörur eins og þær eru skilgreindar í lið 1.15 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

14) „kjötafurðir“: kjötafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

15) „vélúrbeinað kjöt“: vélúrbeinað kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.14 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

16) „gelatín“: gelatín eins og það er skilgreint í lið 7.7 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

17) „kollagen“: kollagen eins og það er skilgreint í lið 7.8 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

18) „mikið unnar afurðir úr dýraríkinu“: mikið unnar afurðir sem um getur í 1. lið XVI. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

19) „samlokur“: samlokur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

20) „lagarafurðir“: lagarafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

21) „samsett afurð“: matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu,

22) „lyfjafræðilega virkt efni“: lyfjafræðilega virkt efni eins og það er skilgreint í a-lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 ([25]),

23) „aðskotaefni“: aðskotaefni eins og það er skilgreint í annarri undirgrein 1. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 315/93 ([26]),

24) „varnarefnaleifar“: varnarefnaleifar eins og þær eru skilgreindar í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005,

25) „afurðir úr dýraríkinu“: afurðir úr dýraríkinu eins og þær eru skilgreindar í lið 8.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

26) „eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni“: eftirlitsáætlun fyrir notkun lyfjafræðilega virkra efna, hámarksgildi leifa lyfjafræðilega virkra efna, hámarksgildi fyrir leifar varnarefna og hámarksgildi aðskotaefna í dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðum úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð í samsettar afurðir,

([25]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 frá 19. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuraukefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 28).

([26]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1).

27) „skordýr“: matvæli sem samanstanda af, eru einangruð úr eða framleidd úr skordýrum eða hlutum þeirra, þ.m.t. sérhvert lífsstig skordýra sem eru ætluð til manneldis sem eru, þegar við á, leyfð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 ([27]) og færð á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem komið var á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([28]) („skrá Sambandsins yfir nýfæði“),

28) „umflutningur“: umflutningur eins og hann er skilgreindur í 44. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625“,

29) „skriðdýrakjöt“: ætir hlutar, annaðhvort óunnir eða unnir, sem koma af öldum skriðdýrum, sem tilheyra tegundunum *Alligator mississippiensis*, *Crocodylus johnstoni*, *Crocodylus niloticus*, *Crocodylus porosus*, *Timon lepidus*, *Python reticulatus*, *Python molurus bivittatus* eða *Pelodiscus sinensis* sem eru, þegar við á, leyfðir í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2283 og færðir á skrá Sambandsins yfir nýfæði,

30) „sniglar“: sniglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 6.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og allar aðrar tegundir snigla af ættinni *Helicidae, Hygromiidae* eða *Sphincterochilidae* sem eru ætlaðir til manneldis,

31) „matvæli“: matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

32) „fóður“: fóður eins og það er skilgreint í 4. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

33) „úttekt“: úttekt eins og hún er skilgreind í 30. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

34) „lögbær yfirvöld“: lögbær yfirvöld eins og þau eru skilgreind í 3. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

35) „spírur“: spírur eins og þær eru skilgreindar í a-lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 ([29]),

36) „frumframleiðsla“: frumframleiðsla eins og hún er skilgreind í 17. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

37) „sláturhús“: sláturhús eins og það er skilgreint í lið 1.16 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

38) „starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr“: starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr eins og hún er skilgreind í lið 1.18 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

39) „stykkjunarstöð“: stykkjunarstöð eins og hún er skilgreind í lið 1.17 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

40) „framleiðslusvæði“: framleiðslusvæði eins og það er skilgreint í lið 2.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

41) „verksmiðjuskip“: verksmiðjuskip eins og það er skilgreint í lið 3.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

42) „frystiskip“: frystiskip eins og það er skilgreint í lið 3.3. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

43) „kæliskip“: skip sem er útbúið til að geyma og flytja farm á vörubrettum eða í lausu (búlka) í hitastýrðum lestum eða klefum,

44) „mjólkurafurðir: mjólkurafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

45) „eggjaafurðir“: eggjaafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 (Stjtíð. ESB L 327,11.12.2015, bls. 1).

([28]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([29]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum (Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16).

46) „stjórnandi matvælafyrirtækis“: stjórnandi matvælafyrirtækis eins og hann er skilgreindur í 3. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

47) „rekstraraðili“: rekstraraðili eins og hann er skilgreindur í 29. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

48) „landamæraeftirlitsstöð“: landamæraeftirlitsstöð eins og hún er skilgreind í 38. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

II. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR KOMU INN Í SAMBANDIÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÞRIÐJU LÖND SEM ERU UPPRUNALÖND EÐA SVÆÐI ÞEIRRA

3. gr.

Dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og vörur sem krafa er gerð um að komi frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru í skránni sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625

Sendingar af eftirtöldum dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og vörum, sem eru ætlaðar til manneldis, skulu einungis koma inn í Sambandið frá þriðja landi eða svæði þriðja lands sem er í skránni yfir þessi dýr og vörur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405:

a) dýr á fæti sem mælt hefur verið fyrir um númer fyrir í sameinuðu nafnaskránni („SN-númer“) í öðrum hluta 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 ef þessi lifandi dýr eru dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis,

b) afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. skriðdýrakjöt og dauð, heil skordýr, hlutar skordýra eða unnin skordýr, sem eru ætluð til manneldis, sem mælt hefur verið fyrir um eftirfarandi númer fyrir í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87:

   i. SN-númer í 2. til 5. kafla, 15., 16. eða 29. kafla eða

   ii. vöruliðir í samræmdri tollskrá 0901, 1702, 2105, 2106, 2301, 3001, 3002, 3302, 3501, 3502, 3503, 3504, 3507, 3913, 3926, 4101, 4102, 4103 eða 9602,

c) lifandi sniglar, aðrir en sæsniglar, sem vísað er til með SN-númeri 0307 60 00 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,

d) frjókornamjöl sem fellur undir SN-númer úr 1212 99 95 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.

4. gr.

Viðbótarkröfur vegna komu dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og vara inn í Sambandið frá þriðja landi eða svæði þriðja lands

Til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal framkvæmdastjórnin einungis taka ákvörðun um að bæta þriðju löndum eða svæðum þeirra við í skrána, sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. þeirrar reglugerðar, ef framkvæmdastjórnin viðurkennir eftirfarandi kröfur sem a.m.k. jafngildar viðeigandi kröfum í Sambandinu að því er varðar dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og vörur sem um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar:

a) löggjöf þriðja landsins um:

   i. framleiðslu á afurðum úr dýraríkinu,

   ii. notkun dýralyfja, þ.m.t. reglur um bann eða leyfi fyrir þeim, dreifingu þeirra, setningu þeirra á markað og reglur um gjöf og skoðun,

   iii. tilreiðslu og notkun fóðurs, þ.m.t. aðferðir varðandi notkun aukefna og tilreiðsla og notkun lyfjablandaðs fóðurs, sem og gæði hráefnanna, sem eru notuð til að tilreiða fóður og lokaafurðina, með tilliti til hollustuhátta þeirra,

b) hollustuhætti við framleiðslu, meðhöndlun, geymslu og afgreiðslu sem gilda sem stendur um afurðir úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til Sambandsins,

c) alla reynslu af setningu afurða úr dýraríkinu frá þriðja landinu á markað og niðurstöður alls opinbers eftirlits við komu inn í Sambandið,

d) ef þær liggja fyrir, niðurstöður úr endurskoðun sem framkvæmdastjórnin innti af hendi í þriðja landinu í tengslum við önnur dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og vörur sem þriðja landið er þegar á skrá fyrir í samræmi við 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, einkum niðurstöður úr mati lögbærra yfirvalda í þriðja landinu sem úttektin var gerð í og aðgerðir sem lögbæru yfirvöldin hafa gripið til í ljósi hvers konar tilmæla sem framkvæmdastjórnin beindi til þeirra í kjölfar slíkra úttekta,

e) tilvist, framkvæmd og miðlun varnaráætlunar vegna sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, þegar við á,

f) kröfur þriðja lands að því er varðar lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, í samræmi við 6. gr.

5. gr.

Dýr og afurðir sem 6. til 12. gr. gilda um

1. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 6. til 12. gr. gilda um eftirfarandi dýr og afurðir:

a) dýr á fæti sem mælt hefur verið fyrir um SN-númer fyrir í 1. kafla 1. þáttar í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 ef þessi dýr eru dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis,

b) afurðir úr dýraríkinu sem mælt hefur verið fyrir um SN-númer fyrir í 2. til 5. kafla, 15. og 16. kafla í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 og sem mælt hefur verið fyrir um undirliði (ST-undirliðir) fyrir í samræmdu tollskránni undir ST-vöruliðum 0901, 2105, 3501, 3502 og 3504,

c) samsettar afurðir sem mælt hefur verið fyrir um SN-númer fyrir í 15. kafla III. þáttar í öðrum hluta og 16. til 22. kafla IV. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.

2. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 6. til 12. gr. gilda ekki um:

— gelatín og hráefni til framleiðslu á gelatíni, sem um getur í 1. lið I. kafla XIV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og

— kollagen og hráefni til framleiðslu á kollageni, sem um getur í 1. lið I. kafla XV. þáttar III. viðauka við þá reglugerð og

— mikið unnar afurðir úr dýraríkinu og

— skordýr, froska, froskalappir, snigla, skriðdýr og skriðdýrakjöt.

6. gr.

Viðbótarkröfur vegna komu dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurða úr dýraríkinu og samsettra afurða inn í Sambandið að því er varðar lyfjafræðilega virk efni og leifar af þeim, aðskotaefni og varnarefnaleifar

1. Til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/625 skulu sendingar af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum einungis koma inn í Sambandið frá þriðja landi sem er með til staðar eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni þar sem settar eru fram ábyrgðir að því er varðar að farið sé að:

a) kröfum Evrópusambandsins um notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, hámarksgildi leifa lyfjafræðilega virkra efna, hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar og hámarksgildi aðskotaefna og

b) viðbótarkröfunum sem eru tilgreindar í 9. til 12. gr. þessarar reglugerðar.

2. Til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal framkvæmdastjórnin einungis taka ákvörðun um að bæta þriðja landi við í skrána, sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. þeirrar reglugerðar, ef viðkomandi þriðja land leggur fram sannanir og ábyrgðir fyrir því að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, ásamt upplýsingunum sem eru tilgreindar í II. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, í beiðninni um að vera fært á skrána yfir þriðju lönd sem viðkomandi þriðja land skal leggja fram skv. 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

3. Eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að færa þriðja landið á skrána yfir þriðju lönd með tilskilið leyfi skal hún tryggja, í samræmi við 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að þriðja landið haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Að því er varðar 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka tillit til uppfærðra sannana og ábyrgða fyrir því að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr., þ.m.t. tilskildar upplýsingar um eftirlitsáætlun þriðja landsins fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni í samræmi við II. hluta I. viðauka, sem þriðja landið skal leggja fram fyrir 31. mars ár hvert.

7. gr.

Færsla þriðja lands á skrá yfir þriðju lönd sem uppfylla kröfur Sambandsins um lyfjafræðilega virk efni og leifar af þeim, aðskotaefni og varnarefnaleifar

Til viðbótar við skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/625 skulu sendingar af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum einungis koma inn í Sambandið frá þriðja landi sem uppfyllir kröfurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. og er í skránni yfir þriðju lönd, sem eru samþykkt vegna komu viðkomandi dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið, sem sett er fram í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.

8. gr.

Undanþága frá kröfum vegna komu dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurða úr dýraríkinu og samsettra afurða inn í Sambandið

1. Þrátt fyrir 7. gr. mega sendingar af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem eru ekki með samþykkta eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni en tryggja að dýrin sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðirnar úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð í samsettar afurðir, séu upprunnin í aðildarríki eða í þriðja landi sem er í skránni sem sett er fram í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar þessi dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu.

2. Til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal framkvæmdastjórnin einungis taka ákvörðun um að bæta þriðja landi við í skrána, sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. þeirrar reglugerðar, ef lögbært yfirvald viðkomandi þriðja lands lætur framkvæmdastjórninni í té sannanir og ábyrgðir fyrir því að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar. Slíkar sannanir og ábyrgðir skulu samanstanda af upplýsingum um verklag sem er fyrir hendi í því þriðja landi til að tryggja rekjanleika og uppruna þessara dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og þessara afurða úr dýraríkinu.

3. Ef þriðja land er fært inn, í samræmi við 1. og 2. mgr., í skrána yfir þriðju lönd með tilskilið leyfi að því er varðar tiltekin dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu, skal eftirfarandi athugasemd fylgja færslunni fyrir viðkomandi þriðja land:

„Þriðja land, sem flytur einungis inn tiltekin dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu – sem slíkar eða sem innihaldsefni í samsettum afurðum – til Sambandsins, sem eru upprunnar a) frá öðrum þriðju löndum sem hafa heimild til að flytja inn slík dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins eða b) frá aðildarríkjum, í samræmi við 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292.“

Að því er varðar þriðju lönd sem er ekki heimilt, vegna krafna um heilbrigði dýra, að flytja inn í Sambandið tiltekin dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu sem slíkar skal eftirfarandi athugasemd fylgja færslunni fyrir viðkomandi þriðja land:

„Þriðja land sem flytur einungis inn samsettar afurðir til Sambandsins sem innihalda unnar afurðir úr dýraríkinu, sem eru upprunnar a) frá öðrum þriðju löndum sem hafa heimild til að flytja inn slíkar afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins eða b) frá aðildarríkjum, í samræmi við 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292.“

4. Að því er varðar framleiðslu á görnum sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins er þriðju löndum heimilt að nota hráefni úr dýraríkinu sem koma frá aðildarríkjum eða frá öðrum þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til að flytja inn nýtt kjöt eða tilteknar kjötafurðir og meðhöndlaða maga, þvagblöðrur og þarma til Sambandsins og sem eru skráð í viðeigandi skrár yfir slíkt nýtt kjöt og kjötafurðir í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ([30]) eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405. Þriðju lönd sem flytja inn garnir til Sambandsins skulu vera skráð í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar garnir. Auk þess skulu starfsstöðvarnar, sem flytja skal garnirnar frá inn í Sambandið, vera skráðar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar.

5. Eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að færa þriðja landið á skrána yfir þriðju lönd með tilskilið leyfi sem um getur í þessari grein skal hún tryggja, í samræmi við 4. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að þriðja landið haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR KOMU INN Í SAMBANDIÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NOTKUN Á LYFJAFRÆÐILEGA VIRKUM EFNUM OG LEIFAR AF ÞEIM, AÐSKOTAEFNI OG VARNAREFNALEIFAR

9. gr.

Kröfur að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og leifar af þeim í afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum

1. Dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir skulu einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem veita ábyrgðir fyrir því að eftirlit með notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644, og með leifum af þeim sé a.m.k. jafngilt því sem krafist er í landsbundnum eftirlitsáætlunum aðildarríkja til margra ára sem um getur í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1646.

2. Ef þriðja land leyfir notkun á lyfjafræðilega virkum efnum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis sem eru ekki leyfð fyrir slík dýr í Sambandinu skulu dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir einungis koma inn í Sambandið ef viðkomandi þriðja land veitir ábyrgðir fyrir því að engar leifar af þeim séu til staðar í þessum dýrum og afurðum. Greiningaraðferðir sem eru notaðar til að sýna fram á að slíkar leifar séu ekki til staðar skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/808 eða kröfur sem eru jafngildar þeim.

([30]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1).

10. gr.

Kröfur að því er varðar bann við tilteknum efnum

1. Dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir skulu einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem veita ábyrgðir fyrir því að bann við notkun beta-örva og hvers konar stilbena, skjaldheftandi efna, efna með estrógenverkan, efna með andrógenverkan og efna með gestagenverkan fyrir húsdýr, sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/22/EB, sé virt svo og bann við notkun efnanna sem eru skráð í töflu 2 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010.

2. Dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir frá þriðju löndum sem leyfa notkun efnanna sem um getur í 1. mgr. fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða sem eru ekki með reglur um notkun þessara efna skulu einungis koma inn í Sambandið ef þessi þriðju lönd veita ábyrgðir fyrir því að:

a) þau hafa komið á aðskildu framleiðslukerfi til að tryggja að dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir, sem eru ætluð til innflutnings inn í Sambandið, séu ekki meðhöndluð með efnunum sem um getur í 1. mgr. og

b) þau hafa komið á viðeigandi kerfi til að auðkenna og rekja dýr, sem og kerfi til að hafa eftirlit með dreifingu efnanna sem um getur í 1. mgr., og til að halda skrár yfir gjöf dýralyfja.

11. gr.

Kröfur að því er varðar varnarefnaleifar í afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum

Afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir skulu einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem veita ábyrgðir fyrir því að dæmigert eftirlit með varnarefnaleifum sé innt af hendi til að sýna fram á að þessar afurðir séu í samræmi við hámarksgildi leifa sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 396/2005. Þessar ábyrgðir skulu a.m.k. vera jafngildar þeim sem kveðið er á um í landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára vegna varnarefnaleifa sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1355.

12. gr.

Kröfur að því er varðar aðskotaefni í afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum

Afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir skulu einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem veita ábyrgðir fyrir því að þessar afurðir séu í samræmi við hámarksvikmörk fyrir aðskotaefni sem eru fastsett á grundvelli reglugerðar (EBE) nr. 315/93. Þessar ábyrgðir skulu a.m.k. vera jafngildar þeim sem kveðið er á um í landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára sem komið var á fót í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2022/931 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932.

IV. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR KOMU INN Í SAMBANDIÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STARFSSTÖÐVAR

13. gr.

Kröfur varðandi starfsstöðvar

1. Sendingar af eftirtöldum vörum skulu einungis koma inn í Sambandið þegar þessar sendingar eru sendar frá og fengnar frá eða tilreiddar í starfsstöðvum sem er að finna í skrám sem eru teknar saman og haldið uppfærðum í samræmi við ii. og iii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

a) afurðir úr dýraríkinu sem mælt er fyrir um kröfur vegna í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og sem mælt hefur verið fyrir um eftirfarandi númer fyrir í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87:

i. SN-númer í 2. til 5. kafla, 15. eða 16. kafla eða

ii. ST-undirliðir undir vöruliðum 1702, 2105, 2106, 2301, 2932, 3001, 3002, 3501, 3502, 3503, 3504, 4101, 4102 eða 4103,

b) spírur sem falla undir eftirfarandi ST-undirliði: 0704 90, 0706 90, 0708 10, 0708 20, 0708 90 eða 1214 90 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.

2. Einungis er heimilt að færa starfsstöðvar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, inn í skrárnar sem um getur í e-lið 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 ef þriðja landið, þar sem starfsstöðvarnar eru staðsettar, veitir eftirfarandi ábyrgðir til viðbótar við ábyrgðirnar sem mælt er fyrir um í ii. og iv. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

a) slíkar starfsstöðvar, ásamt öllum starfsstöðvum sem meðhöndla hráefni úr dýraríkinu sem er notað í framleiðslu á afurðum úr dýraríkinu sem um getur í a-lið 1. mgr., uppfylla gildandi kröfur, sem um getur í 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, einkum þær sem eru í reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim,

b) slíkar starfsstöðvar, eftir því sem við á, meðhöndla einungis hráefni úr dýraríkinu sem koma frá þriðju löndum sem eru með samþykkta áætlun um vöktun á efnaleifum fyrir þann vöruflokk í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1646 eða frá aðildarríkjum,

c) það hefur raunverulegt vald til að koma í veg fyrir að slíkar starfsstöðvar flytji afurðir úr dýraríkinu inn í Sambandið ef til þess kemur að starfsstöðvarnar uppfylla ekki viðeigandi kröfur Sambandsins eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim.

3. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té allar nýjar og uppfærðar skrár sem henni berast frá lögbærum yfirvöldum þriðja lands í samræmi við iii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og skal birta slíkar skrár á vefsetri sínu.

4. Aðildarríkin skulu einungis heimila komu sendinganna, sem um getur í 1. mgr., inn í Sambandið að því tilskildu að lögbær yfirvöld þriðja landsins gefi út opinber vottorð, sem krafist er að fylgi slíkum sendingum samkvæmt gildandi reglum Sambandsins, frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin birtir skrárnar yfir starfsstöðvarnar sem um getur í 1. mgr.

14. gr.

Starfsstöðvar sem falla ekki undir kröfurnar í 1. mgr. 13. gr.

Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr., gilda ekki um starfsstöðvar sem annast einungis eftirfarandi starfsemi:

a) frumframleiðslu,

b) flutningastarfsemi,

c) geymslu afurða úr dýraríkinu sem krefjast ekki hitastýrðra geymsluskilyrða,

d) framleiðslu á mikið unnum afurðum úr dýraríkinu sem um getur í ST-vöruliðum 2930, 2932, 3503, 3507 eða 3913 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,

e) framleiðslu á gelatínhylkjum sem vísað er til með ST-vöruliðum 3913, 3926 eða 9602 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.

V. KAFLI

VIÐBÓTARKRÖFUR VEGNA KOMU TILTEKINNA VARA, SEM ERU ÆTLAÐAR TIL MANNELDIS, INN Í SAMBANDIÐ

15. gr.

Kröfur vegna sendinga af nýju kjöti, hökkuðu kjöti, unnum kjötvörum, vélúrbeinuðu kjöti og kjötafurðum og hráefnum sem eru ætluð til framleiðslu á gelatíni og kollageni

Sendingar af eftirfarandi afurðum úr dýraríkinu skulu einungis koma inn í Sambandið ef þær hafa verið framleiddar úr hráefnum sem voru fengin í sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, stykkjunarstöðvum og starfsstöðvum sem meðhöndla lagarafurðir sem er að finna í skrám yfir starfsstöðvar sem eru teknar saman og haldið uppfærðum í samræmi við e-lið 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

a) nýtt kjöt,

b) hakkað kjöt,

c) unnar kjötvörur,

d) vélúrbeinað kjöt og kjötafurðir, að undanskildum görnum eins og þær eru skilgreindar í 45. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ([31]),

e) hráefni sem eru ætluð til framleiðslu á gelatíni og kollageni sem um getur annars vegar í a-lið 4. liðar I. kafla XIV. þáttar og hins vegar í a-lið 4. liðar I. kafla XV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

16. gr.

Kröfur vegna sendinga af lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum

1. Þrátt fyrir 14. gr. þessarar reglugerðar skulu sendingar af lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum, sem mælt hefur verið fyrir um SN-númer fyrir undir vörulið 0307 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87, einungis koma inn í Sambandið frá framleiðslusvæðum í þriðju löndum sem er að finna í skrám sem lögbær yfirvöld þriðja landsins taka saman í samræmi við e-lið 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og framkvæmdastjórnin birtir.

2. Eftirfarandi afurðir mega koma inn í Sambandið, jafnvel þótt þær séu teknar á svæðum sem lögbær yfirvöld í þriðja framleiðslulandinu hafa ekki flokkað í samræmi við 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

a) *pectinidae* en þó ekki ef gögn úr vöktunaráætlunum, sem komið var á samkvæmt 57. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627, gera lögbærum yfirvöldum kleift að flokka fiskimið eins og kveðið er á um í 2. lið IX. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

b) sæsniglar sem eru ekki síarar og skrápdýr sem eru ekki síarar.

17. gr.

Skráning framleiðslusvæða

1. Áður en lögbær yfirvöld þriðja lands taka saman skrárnar, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar, skal taka sérstakt tillit til ábyrgðanna sem lögbær yfirvöld þriðja landsins geta veitt varðandi það að farið sé að kröfunum í 52. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 um flokkun og eftirlit með framleiðslusvæðum.

([31]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

2. Framkvæmdastjórnin skal inna af hendi eftirlitsheimsókn á vettvangi áður en skrárnar, sem um getur í 1. mgr. 16. gr., eru teknar saman.

3. Þegar búið er að taka saman skrárnar, sem um getur í 1. mgr. 16. gr., og þegar lögbær yfirvöld þriðja landsins bjóða fullnægjandi ábyrgðir fyrir flokkun og eftirliti með framleiðslusvæðum sem eru á þeirra ábyrgð þarf ekki að inna af hendi eftirlitsheimsókn framkvæmdastjórnarinnar á vettvangi áður en nýju framleiðslusvæði er bætt við í skrá sem fyrir er sem komið var á í samræmi við 13. gr.

18. gr.

Sérstakar kröfur vegna lagarafurða

Sendingar af lagarafurðum sem mælt hefur verið fyrir um SN-númer fyrir undir vöruliðunum 0301, 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 0309, 1504, 1516, 1517, 1603, 1604, 1605 eða 2106 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 skulu einungis koma inn í Sambandið til setningar á markað ef þær voru, á einhverju stigi framleiðslunnar, fengnar frá eða tilreiddar í starfsstöð á landi, verksmiðju- eða frystiskipi eða geymdar í kæligeymslu eða í kæliskipi sem er að finna í skrá sem er tekin saman og uppfærð í samræmi við e-lið 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og framkvæmdastjórnin birtir.

19. gr.

Sérstakar kröfur vegna skráningar skipa

1. Bæta má skipi á skrána yfir starfsstöðvar, sem um getur í ii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því tilskildu að lögbær yfirvöld þriðja landsins sem er fánaríki skipsins og lögbær yfirvöld annars þriðja lands, sem lögbær yfirvöld þriðja landsins sem er fánaríki skipsins hafa falið þá ábyrgð að skoða viðkomandi skip, láti framkvæmdastjórninni í té sameiginlega orðsendingu þar sem fram kemur að allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) bæði þriðju löndin eru á skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra, sem er tekin saman í samræmi við 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, þaðan sem er leyft að flytja lagarafurðir inn í Sambandið,

b) öllum lagarafurðum frá viðkomandi skipi, sem eru ætlaðar til setningar á markað í Sambandinu, er landað beint í þriðja landinu sem þriðja landið sem er fánaríki skipsins hefur falið þá ábyrgð að skoða viðkomandi skip,

c) lögbæru yfirvöldin, sem ábyrgðin var falin, hafa skoðað skipið og lýst því yfir að það uppfylli gildandi kröfur Sambandsins,

d) lögbæru yfirvöldin, sem ábyrgðin var falin, hafa lýst því yfir að þau muni skoða skipið reglulega til að tryggja að það haldi áfram að uppfylla gildandi kröfur Sambandsins.

2. Bæta má skipi á skrána yfir starfsstöðvar, sem um getur í ii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, á grundvelli sameiginlegrar orðsendingar frá lögbærum yfirvöldum þriðja landsins sem er fánaríki skipsins og lögbærum yfirvöldum aðildarríkis sem lögbær yfirvöld þriðja landsins sem er fánaríki skipsins hafa falið þá ábyrgð að skoða viðkomandi skip ef allar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) öllum lagarafurðum frá viðkomandi skipi, sem eru ætlaðar til setningar á markað í Sambandinu, er landað beint í aðildarríkinu sem þriðja landið sem er fánaríki skipsins hefur falið þá ábyrgð að skoða viðkomandi skip,

b) lögbæru yfirvöldin, sem ábyrgðin var falin, hafa skoðað skipið og lýst því yfir að það uppfylli gildandi kröfur Sambandsins,

c) lögbæru yfirvöldin, sem ábyrgðin var falin, hafa lýst því yfir að þau muni skoða skipið reglulega til að tryggja að það haldi áfram að uppfylla gildandi kröfur Sambandsins.

20. gr.

Kröfur vegna sendinga af samsettum afurðum

1. Sendingar af samsettum afurðum sem vísað er til með ST-númerum undir vöruliðunum 1517, 1518, 1601 00, 1602, 1603 00, 1604, 1605, 1702, 1704, 1806, 1901, 1902, 1904, 1905, 2001, 2004, 2005, 2008, 2101, 2103, 2104, 2105 00, 2106, 2202 eða 2208 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 skulu einungis koma inn í Sambandið til setningar á markað ef sérhver unnin afurð úr dýraríkinu, sem er að finna í samsettu afurðunum, var annaðhvort framleidd í starfsstöðvum sem eru staðsettar í þriðju löndum eða svæðum þriðju landa og hafa heimild til útflutnings á þessum unnu afurðum úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við 13. gr. þessarar reglugerðar eða í starfsstöðvum sem eru staðsettar í aðildarríkjunum.

2. Meðan þess er beðið að framkvæmdastjórnin komi á fót sérstakri skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja samsettar afurðir inn í Sambandið mega sendingar af samsettum afurðum frá þriðju löndum eða svæðum þeirra koma inn í Sambandið með fyrirvara um að farið sé að eftirfarandi reglum:

a) samsettar afurðir sem um getur í 1. mgr., sem þarf að flytja eða geyma við hitastýrð skilyrði, skulu vera upprunnar í þriðju löndum eða á svæðum þeirra sem hafa heimild, skv. 3. gr., til að flytja hverja unna afurð úr dýraríkinu, sem er að finna í samsettu afurðunum, inn í Sambandið,

b) samsettar afurðir sem um getur í 1. mgr., sem þarf ekki að flytja eða geyma við hitastýrð skilyrði og sem innihalda eitthvað magn af afurðum, að stofni til úr broddi, eða kjötafurðum, skulu vera upprunnar í þriðju löndum eða á svæðum þeirra sem hafa heimild, skv. 3. gr., til að flytja afurðirnar, að stofni til úr broddi, eða kjötafurðirnar, sem er að finna í samsettu afurðunum, inn í Sambandið,

c) samsettar afurðir sem um getur í 1. mgr., sem þarf ekki að flytja eða geyma við hitastýrð skilyrði og sem innihalda unnar afurðir úr dýraríkinu, aðrar en afurðir, að stofni til úr broddi, eða kjötafurðir, sem mælt er fyrir um kröfur fyrir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, skulu vera upprunnar í þriðju löndum eða á svæðum þeirra sem hafa heimild, skv. 3. gr. þessarar reglugerðar, til að flytja kjötafurðir, mjólkurafurðir, lagarafurðir eða eggjaafurðir inn í Sambandið á grundvelli krafna Sambandsins varðandi heilbrigði dýra og manna og eru skráð fyrir a.m.k. einni þessara afurða úr dýraríkinu.

3. Þriðju lönd eða svæði þeirra sem flytja samsettar afurðir inn í Sambandið skulu skráð í I. viðauka við framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2021/405 sem þriðju lönd eða svæði sem eru með samþykkta eftirlitsáætlun, í samræmi við 6. gr. þessarar reglugerðar, fyrir þær tegundir eða vörur sem unnar afurðir úr dýraríkinu sem er að finna í samsettu afurðunum, að undanskildu kollageni, gelatíni og mikið unnum afurðum úr dýraríkinu, eru fengnar úr.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki um samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu sem innihalda einungis unnar afurðir úr dýraríkinu eða samsettar afurðir sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 ([32]), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ([33]) eða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 ([34]) eða sem innihalda einungis D3-vítamín.

([32]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7).

([33]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

([34]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34).

VI. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR KOMU INN Í SAMBANDIÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VOTTUN OG STAÐFESTINGU

21. gr.

Opinber vottorð

1. Hver sending af eftirtöldum afurðum skal því aðeins koma inn í Sambandið að sendingunni fylgi opinbert vottorð, nema um sé að ræða sendingar sem Sambandið er ekki lokaviðtökustaður fyrir:

a) dýr á fæti sem mælt hefur verið fyrir um SN-númer fyrir í 1. kafla 1. þáttar í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 ef þessi lifandi dýr eru dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis,

b) afurðir úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, sem mælt hefur verið fyrir um eftirfarandi númer fyrir í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87:

   i. SN-númer í 2. til 5. kafla, 15., 16. eða 29. kafla eða

   ii. ST-vöruliðir 0901, 1702, 2105, 2106, 2301, 3001, 3002, 3501, 3502, 3503, 3504, 3507, 3913, 3926, 4101, 4102, 4103 eða 9602,

c) spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum og sem vísað er til með eftirfarandi ST-undirliðum: 0704 90, 0706 90, 0708 10, 0708 20, 0708 90, 0712 34, 0712 35, 0712 50, 0712 60, 0713 10, 0713 33, 0713 39, 0713 40, 0713 90, 0910 99, 1201 10, 1201 90, 1207 50, 1207 99, 1209 10, 1209 21, 1209 91 eða 1214 90 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,

d) frjókornamjöl sem vísað er til með SN-númeri 1212 99 95 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,

e) lifandi sniglar, aðrir en sæsniglar, sem vísað er til með SN-númeri 0307 60 00 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,

f) samsettar afurðir sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, að undanskildum samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu sem innihalda ekki afurðir, að stofni til úr broddi, eða unnar kjötvörur, aðrar en gelatín, kollagen eða mikið unnar afurðir úr dýraríkinu.

2. Þegar sendingar af lagarafurðum koma beint inn í Sambandið frá kæliskipi, verksmiðju- eða frystiskipi sem siglir undir fána þriðja lands má skipstjórinn undirrita opinbera vottorðið sem um getur í 3. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2235.

3. Opinbert vottorð er ekki nauðsynlegt fyrir innflutning á gelatínhylkjum inn í Sambandið sem falla undir ST-vöruliði 3913, 3926 eða 9602 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 ef þessi hylki eru ekki unnin úr beinum jórturdýra.

4. Opinberu vottorðin, sem um getur í 1. mgr., skulu votta að afurðirnar séu í samræmi við:

a) kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 eða ákvæði sem viðurkennt er að séu jafngild þessum kröfum,

b) allar sértækar kröfur vegna komu inn í Sambandið sem settar eru fram í þessari reglugerð.

5. Opinberu vottorðin, sem um getur í 1. mgr., mega innihalda nánari upplýsingar sem krafist er í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins um lýðheilsu og heilbrigði dýra.

6. Opinbert vottorð fyrir spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum, sem um getur í c-lið 1. mgr., skal fylgja sendingunni þangað til hún kemur á ákvörðunarstað eins og tilgreint er í opinbera vottorðinu. Ef vörusendingunni er skipt upp skal afrit af opinbera vottorðinu fylgja hverjum hluta sendingarinnar.

7. Lögbærum yfirvöldum þriðja landsins sem sendir er heimilt að votta sendingar af afurðum úr dýraríkinu sem einungis þarf lýðheilsuvottun fyrir, eða sendingar af spírum sem koma frá öðru þriðja landi, ef lögbær yfirvöld þriðja landsins sem sendir geta tryggt að sendingarnar séu í samræmi við þær kröfur vegna komu inn í Sambandið sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

22. gr.

Eigin staðfesting

1. Eigin staðfesting sem staðfestir að sendingarnar séu í samræmi við gildandi kröfur sem um getur í 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem stjórnandi matvælafyrirtækisins sem flytur vörur inn í Sambandið semur og undirritar, skal fylgja:

a) sendingum af samsettum afurðum sem um getur í b-lið 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar ef samsettu afurðirnar innihalda ekki afurðir, að stofni til úr broddi, eða unnið kjöt, annað en gelatín, kollagen eða mikið unnar afurðir úr dýraríkinu, og

b) sendingum af samsettum afurðum sem um getur í c-lið 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., að því er varðar samsettar afurðir sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við h-lið 48. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skal eigin staðfesting fylgja samsettu afurðunum þegar þær eru settar á markað.

3. Eigin staðfesting, sem um getur í 1. mgr., skal tryggja rekjanleika sendinganna og skal innihalda:

a) upplýsingar sem varða sendanda og viðtakanda varanna sem eru fluttar inn í Sambandið,

b) skrá yfir afurðir úr plönturíkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu sem er að finna í samsettu afurðunum, tilgreindar í lækkandi röð eftir þyngd eins og hún er skráð við notkun þeirra í framleiðslu á samsettu afurðunum,

c) samþykkisnúmer sem starfstöðinni eða starfsstöðvunum sem framleiða unnu afurðirnar úr dýraríkinu sem er að finna í samsettu afurðunum var úthlutað þegar hún hlaut samþykki skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og stjórnandi matvælafyrirtækisins, sem flytur vörur inn í Sambandið, tilgreinir.

4. Eigin staðfesting, sem um getur í 1. mgr., skal votta að:

a) þriðja landið eða svæði þriðja landsins sem framleiðir samsettu afurðirnar sé skráð fyrir a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum afurða úr dýraríkinu:

   i. kjötafurðum,

   ii. mjólkurafurðum eða afurðum, að stofni til úr broddi,

   iii. lagarafurðum,

   iv. eggjaafurðum,

b) starfsstöðin sem framleiðir samsettu afurðirnar uppfyllir kröfur um hollustuhætti sem viðurkennt er að séu jafngildar þeim sem krafist er með reglugerð (EB) nr. 852/2004,

c) ekki þarf að geyma eða flytja samsettu afurðirnar við hitastýrð skilyrði,

d) unnu afurðirnar úr dýraríkinu sem er að finna í samsettu afurðunum eru upprunnar í þriðju löndum eða á svæðum þeirra sem hafa heimild til að flytja sérhverja unna afurð úr dýraríkinu inn í Sambandið eða frá aðildarríkjunum og eru fengnar frá skráðum starfsstöðvum,

e) unnu afurðirnar úr dýraríkinu sem eru notaðar í samsettu afurðunum hafa a.m.k. farið í gegnum eina af þeim meðhöndlunum sem um getur í 1. mgr. 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2020/692, ásamt stuttri lýsingu á öllum ferlum sem samsettu afurðirnar hafa farið í gegnum og hitastigi sem notað var.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Tilvísanir

Líta ber á tilvísanir í 29. gr. tilskipunar 96/23/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð.

24. gr.

Niðurfelling

Framseld reglugerð (ESB) 2019/625 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu framseldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

25. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. september 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í þessum viðauka eru settar fram upplýsingar um eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og uppfærða eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni sem þriðja land skal leggja fram í þeim tilgangi að verða fært á og haldið á skránni sem um getur í 7. gr.

I. HLUTI

Almennar kröfur að því er varðar framlagningu eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og uppfærða eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni

1. Eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni sem þriðja land skal leggja fram, ásamt beiðni um að það verði fært á skrána sem um getur í 7. gr. fyrir tiltekin dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu, skal innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í II. hluta þessa viðauka.

2. Eftir að þriðja land hefur verið fært á skrána sem um getur í 1. lið skal það leggja fram, í þeim tilgangi að vera haldið á skránni, árlega uppfærða eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni með upplýsingunum sem eru tilgreindar í III. hluta.

3. Viðbótarupplýsingar til að bæta við eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og uppfærða eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, sem um getur í 1. og 2. lið, má leggja fram hvenær sem er.

4. Taka skal tillit til viðeigandi leiðbeiningarskjala að því er varðar bönnuð efni, leifar dýralyfja, varnarefnaleifar og aðskotaefni, sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg öllum, við framlagningu eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og uppfærðrar eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni.

5. Eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni skal send rafrænt til framkvæmdastjórnarinnar á sniðinu sem lýst er í leiðbeiningarskjölunum, sem um getur í 4. lið, eða á öðru sniði, að því tilskildu að hún innihaldi allar þær upplýsingar sem eru tilgreindar í II. og III. hluta, eftir atvikum.

II. HLUTI

Eftirlitsáætlun þriðja lands fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni – tilskildar upplýsingar

A. **Gildissvið eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni**

1) Skrá yfir flokka dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis, afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. þau sem eru notuð sem innihaldsefni í samsettar afurðir, sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, þ.m.t. upplýsingar um tegundir og undirtegundir dýra.

2) Upplýsingar um uppruna dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurða úr dýraríkinu sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, einkum um hvort þau eru framleidd, í þriðja landinu, eingöngu úr dýrum eða afurðum úr dýraríkinu sem eru upprunnar í því landi eða hvort þau innihalda dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru upprunnar í öðrum þriðju löndum eða aðildarríkjum. Ef dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðir úr dýraríkinu eru ekki framleidd í því þriðja landi sem leggur fram eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni skal veita upplýsingar um upprunalönd og fyrirhugaðan tilgang með þessum dýrum og afurðum úr dýraríkinu, einkum með því að útskýra hvort afurðirnar úr dýraríkinu eru ætlaðar til innflutnings inn í Sambandið sem slíkar eða sem innihaldsefni í samsettar afurðir.

3) Landsframleiðslugögn frá fyrra ári fyrir þær dýrategundir og afurðir úr dýraríkinu sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni.

4) Útskýring á því hvort eftirlitsáætlunin fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, að því er varðar dýr og afurðir úr dýraríkinu sem um er að ræða, tekur til heildarlandsframleiðslu eða hluta af landsframleiðslu (t.d. framleiðsla á tilteknum býlum/hjá tilteknum framleiðendum og afköst hjá tilteknum starfsstöðvum, sem ætlunin er að flytja inn í Sambandið). Ef einungis hluti af landsframleiðslunni fellur þar undir: lýsing á því kerfi sem er fyrir hendi til að tryggja að einungis þau dýr og afurðir úr dýraríkinu, sem eru úr þeim sérstaka stofni sem fellur undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, séu hæf til komu inn í Sambandið.

B. **Ábyrg lögbær yfirvöld og lagaheimildir þeirra**

1) Samskiptaupplýsingar lögbærra yfirvalda: heiti og heimilisfang miðlægs lögbærs stjórnvalds eða stjórnvalda og upplýsingar um tengilið fyrir bréfaskipti um eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni (t.d. tölvupóstföng, símanúmer).

2) Lýsing á uppbyggingu lögbærra yfirvalda, þ.m.t., ef við á, á mismunandi stigum skipulags (t.d. miðlæg, svæðisbundin, staðbundin), viðkomandi deildum og skipuritum.

3) Lýsing á hlutverki lögbærra yfirvalda sem koma að framkvæmd eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, þ.m.t. á þáttum sem varða gerð eftirlitsáætlunarinnar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, samræmingu og umsjón með framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, söfnun sýna, nákvæman samanburð og mat á niðurstöðum, beitingu ráðstafana til úrbóta, ef þörf er á, sem eru árangursríkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi, til að koma í veg fyrir að tilvik þar sem ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum komi upp aftur og framlagningu uppfærðrar eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Lagagrundvöllur eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, þ.m.t. tilvísanir í sértæk ákvæði sem veita lögbærum yfirvöldum rétt til að fara inn á viðkomandi athafnasvæði, til að safna sýnum, til að framkvæma eftirfylgnirannsóknir ef niðurstöður sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði koma í ljós við eftirlit og til að grípa til aðgerða til úrbóta í slíkum tilvikum, t.d. takmarkana á tilflutningi dýra, eyðingu dýra eða álagningu sekta.

C. **Lyfjafræðilega virk efni**

1) Kröfurnar sem eru uppfylltar í eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, einkum þegar slíkar kröfur eru þær sem um getur í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1646 eða jafngildar kröfur. Í síðara tilvikinu skal veita nánari upplýsingar um það hvernig þessar kröfur taka á öllum þeim liðum sem eru skráðir í C- til K-lið II. hluta þessa viðauka.

2) Skrá yfir flokka efna sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni fyrir hverja dýrategund og afurð eins og tilgreint er í:

a) lið A.1 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1646 fyrir efni í A-flokki sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644,

b) lið B.1 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644 fyrir efni í B-flokki sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644. Að því er varðar efni í B-flokki skal, við val á flokkum sem falla undir eftirlitsáætlunina, taka tillit til leyfis fyrir og notkunar á slíkum efnum og áhættu á leifum í dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til innflutnings inn í Sambandið.

3) Innan flokka efna sem falla undir eftirlitsáætlunina: skrá yfir efni og leifamerki þeirra sem skal greina að því er varðar tilteknar dýrategundir og afurðir í tilteknum efniviðum, þ.m.t. rökstuðningur fyrir vali á þeim á grundvelli áhættuviðmiðananna sem eru fastsettar í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644.

4) Fjöldi sýna fyrir hverja dýrategund og afurð fyrir hvern flokk efna sem fellur undir eftirlitsáætlunina, byggt á tíðni eftirlits sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1646 eða jafngildum ábyrgðum. Lýsing á viðmiðunum við val á sýnatökustöðum og dýrum eða afurðum úr dýraríkinu sem taka skal sýni úr, byggt á viðmiðununum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644.

5) Lýsing á sýnatökuáætluninni með útskýringum á því hvernig farið er með ákvæðin í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644.

D. **Varnarefni**

1) Skrá yfir efni sem prófað er fyrir samkvæmt eftirlitsáætluninni fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og samsvarandi fjölda sýna fyrir hvern flokk dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurða úr dýraríkinu sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1355.

2) Rökstuðningur fyrir vali á efnum sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, einkum að svið efna sem prófað er fyrir sé dæmigert fyrir varnarefnin sem eru notuð.

3) Með eftirlitinu skal veita ábyrgðir fyrir því að matvæli úr dýraríkinu, sem eru ætluð til innflutnings inn í Sambandið, séu í samræmi við hámarksgildi leifa sem um getur í reglugerð (EB) nr. 396/2005. Þessar ábyrgðir skulu veittar fyrir öll varnarefni sem eru leyfð í þriðja landinu, einkum fyrir þau varnarefni sem eru leyfð í þriðja landinu en ekki leyfð í Sambandinu.

4) Rökstuðningur fyrir vali á varnarefnum sem falla undir áætlunina, að teknu tilliti til áhætta sem stafa af fóðri og umhverfi og varnarefnum sem hámarksgildi leifa eru fastsett fyrir í Sambandinu, sem og rökstuðningur fyrir fjölda sýna sem eru fyrirhuguð, byggt á því öryggisstigi sem náðst hefur við að greina tiltekið hlutfall tilvika þar sem farið er yfir þau hámarksgildi leifa sem sett eru fram í löggjöf Sambandsins fyrir dýr og afurðir úr dýraríkinu sem eru ætluð til innflutnings inn í Sambandið.

E. **Aðskotaefni**

1) Skrá yfir aðskotaefni sem prófað er fyrir samkvæmt eftirlitsáætluninni fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og samsvarandi fjölda sýna fyrir hvern flokk dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurða úr dýraríkinu sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2022/931 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932.

2) Rökstuðningur fyrir vali á aðskotaefnum sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni að teknu tilliti til áhætta sem stafa af fóðri og umhverfi, sem og aðskotaefnum, sem hámarksgildi hafa verið fastsett fyrir í afurðum úr dýraríkinu í Sambandinu, sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni.

F. **Greiningaraðferðir og rannsóknarstofur**

1) Skrá yfir opinberar rannsóknarstofur eða samningsbundnar rannsóknarstofur, eða hvort tveggja, sem koma að greiningum vegna eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni.

2) Faggildingarstaða, þ.m.t. gildissvið faggildingar, hverrar opinberrar rannsóknarstofu sem sinnir greiningum vegna eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni.

3) Skrá fyrir hverja rannsóknarstofu yfir allar aðferðir sem eru notaðar í eftirlitsáætluninni fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, með upplýsingum um hvort þær falla undir gildissvið faggildingar fyrir þá tilteknu efniviði sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni eða ekki.

4) Skrá fyrir hverja rannsóknarstofu yfir aðferðir sem eru notaðar í eftirlitsáætluninni fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, með upplýsingum um hvort þær eru fullgiltar í samræmi við viðkomandi reglur Sambandsins, eða jafngildar reglur, eða ekki fullgiltar, fyrir þá tilteknu efniviði sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni þar sem staðalinn, sem er notaður til fullgildingar, er tilgreindur.

5) Skrá yfir greiningaraðferðir og eftirlitsstaðla sem eru notuð til að túlka greiningarniðurstöður og nothæfiskröfur vegna greiningaraðferða fyrir hvert efni sem er prófað fyrir í eftirlitsáætluninni fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, þ.m.t. upplýsingar um:

   a) greint efni og leifamerki,

   b) greinda efniviði,

   c) heiti greiningaraðferða (t.d. ELISA-prófun, vökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS), frum-eindagleypnimæling)AAS)),

   d) tegund greiningaraðferðar (skimun eða staðfesting),

   e) skimunar- og staðfestingaraðferðir sem eru notaðar, greiningarmörk og magngreiningarmörk eða, ef við á, ákvörðunarmörk fyrir staðfestingu (CCα) og greiningargeta (Ccß) við skimun eins og þau eru skilgreind í 14. og 15. lið annarrar málsgreinar 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/808,

   f) yfir hvaða styrk niðurstaðan telst ekki vera í samræmi við kröfur að því er varðar eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni. Einkum skal tilgreina frávik frá þeim mörkum sem sett eru fram í löggjöf Sambandsins.

G. **Lyfjafræðilega virk efni sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuraukefni til notkunar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og bann við notkun fyrir slík dýr**

1) Landslöggjöf sem gildir um setningu dýralyfja á markað og skilyrði fyrir notkun þeirra í tengslum við dýrategundir sem gefa af sér afurðir til manneldis sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, þ.m.t. tilvísanir í viðeigandi ákvæði.

2) Skrá yfir leyfð dýralyf fyrir dýrategundir sem gefa af sér afurðir til manneldis sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni þar sem tilgreint er, fyrir hverja afurð, heiti lyfsins, lyfjafræðilega virk(t) efni sem það inniheldur og marktegundirnar. Þau efni sem eru leyfð í þriðja landinu en eru ekki leyfð til slíkrar notkunar í Sambandinu skulu merkt í skránni. Skráin skal einnig innihalda fóðuraukefni sem eru lyfjafræðilega virk, s.s. sýklalyf, hníslalyf og vefsvipungalyf.

3) Lýsing á því kerfi sem er fyrir hendi til að tryggja, að því er varðar hvert efni sem er leyft í þriðja landinu til notkunar fyrir dýrategundina sem fellur undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni en er ekki leyft til slíkrar notkunar í Sambandinu, að engar efnaleifar séu fyrir hendi í styrkleikum sem hægt er að magngreina með áreiðanlegum hætti í slíkum dýrum eða afurðum úr dýraríkinu sem eru ætluð til innflutnings inn í Sambandið. Leggja skal fram sönnun fyrir því að prófað sé fyrir slíkum efnum í viðeigandi efniviðum í eftirlitsáætluninni fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni að því er varðar viðkomandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.

4) Yfirlýsing um hvort einhver af efnunum í töflu 2 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 séu leyfð til notkunar fyrir þær dýrategundir sem gefa af sér afurðir til manneldis sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni. Ef slík efni eru leyfð skal láta í té lýsingu á því kerfi sem tryggir að dýr sem eru meðhöndluð með slíkum efnum og afurðir sem fást úr þeim séu ekki hæf til komu inn í Sambandið. Ef notkun á slíkum efnum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis er bönnuð í þriðja landinu skal láta í té tilvísun í landsbundinn lagagrundvöll fyrir þessu banni.

5) Staðfesting á því að stilbenefni (þ.e. stilben, stilbenafleiður, sölt þeirra og esterar) eða efni með skjaldheftandi virkni séu ekki leyfð til notkunar fyrir dýrategundir sem gefa af sér afurðir til manneldis sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni, án tillits til þess hvort þau eru hæf til komu inn í Sambandið, og tilvísun í landsbundinn lagagrundvöll fyrir þessu banni.

6) Yfirlýsing um hvort efni með efni með estrógen-, andrógen- eða gestagenvirkni og betaörvar séu leyfð til að stuðla að auknum vexti hjá þeim dýrategundum sem gefa af sér afurðir til manneldis sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni. Ef slík efni eru leyfð skal láta í té nákvæma lýsingu á því kerfi sem er fyrir hendi til að tryggja að meðhöndluð dýr séu ekki hæf til komu inn í Sambandið. Ef slík efni eru annaðhvort ekki leyfð eða eru beinlínis bönnuð skal láta í té tilvísun í landsbundinn lagagrundvöll fyrir þessu banni.

H. **Sértækar upplýsingar varðandi nautgripi, geitur og sauðfé og afurðir úr dýraríkinu sem fást úr þeim, þ.m.t. mjólk**

1) Yfirlýsing um hvort 17-beta-estradíól og esterlíkar afleiður þess séu leyfð og notuð í dýralyf, í hvaða tilgangi sem er, fyrir tegundirnar sem um ræðir, þ.m.t. dýraræktar- eða læknismeðferð. Ef slík efni eru leyfð skal láta í té lýsingu á því kerfi sem tryggir að dýr sem eru meðhöndluð með slíkum efnum og afurðir sem fást úr þeim séu ekki hæf til komu inn í Sambandið. Ef slík efni eru bönnuð skal láta í té tilvísun í landsbundinn lagagrundvöll fyrir þessu banni.

2) Nautgripir, geitur og sauðfé og afurðir úr dýraríkinu sem fást úr þeim, þ.m.t. mjólk sem er hæf til komu inn í Sambandið frá þriðja landi sem er í skránni yfir þriðju lönd sem eru með samþykkta eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni sem um getur í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, skulu vera upprunnin í því þriðja landi eða í aðildarríkjum eða í öðrum þriðju löndum sem eru með í framkvæmd eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

I. **Sértækar upplýsingar varðandi hunang**

1) Ef örverueyðandi efni eru leyfð til að meðhöndla eða koma í veg fyrir sjúkdóma í býflugum skal leggja fram lýsingu á því kerfi sem er fyrir hendi til að veita ábyrgðir fyrir því að engar leifar séu til staðar, í styrkleikum sem unnt er að magngreina, í hunangi sem er ætlað til innflutnings inn í Sambandið.

2) Hunang sem er ætlað til innflutnings inn í Sambandið frá þriðja landi sem er í skrá yfir þriðju lönd sem eru með samþykkta eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni eins og um getur í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 skal vera upprunnið í því þriðja landi eða í aðildarríkjum eða í öðrum þriðju löndum sem eru með í framkvæmd eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

J. **Sértækar upplýsingar varðandi lagareldi**

1) Ef leysilitir eru leyfðir til meðhöndla og koma í veg fyrir sjúkdóma á öllum stigum framleiðslu: lýsing á leysilitum sem eru notaðir og lagarafurðum (þ.m.t. krabbadýr) sem meðhöndlunin er leyfð fyrir og á því kerfi sem er fyrir hendi til að veita ábyrgðir fyrir því að engar efnaleifar séu til staðar í styrkleikum sem hægt er að magngreina í lagareldisafurðum sem eru ætlaðar til innflutnings inn í Sambandið.

2) Lagareldisafurðir sem eru ætlaðar til innflutnings inn í Sambandið frá þriðja landi sem er í skrá yfir þriðju lönd sem eru með samþykkta eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni eins og um getur í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 skulu vera upprunnar í því þriðja landi eða í aðildarríkjum eða í öðrum þriðju löndum sem eru með í framkvæmd eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

K. **Sértækar upplýsingar varðandi dýr af hestaætt**

1) Lýsing á því kerfi sem er fyrir hendi til að tryggja að dýr af hestaætt, sem hafa verið meðhöndluð með efnum sem eru bönnuð eða ekki leyfð í Sambandinu til notkunar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og í afurðir til manneldis sem fást úr slíkum dýrum, séu ekki hæf til komu inn í Sambandið. Lýsa skal eftirfarandi þáttum í slíku kerfi:

   a) auðkenningu og rekjanleika dýra af hestaætt,

   b) skráahaldi yfir gjöf dýralyfja,

   c) skrám þar sem allar meðferðir með lyfjafræðilega virkum efnum eru tilgreindar.

2) Ef dýr af hestaætt eru meðhöndluð með efnum sem teljast nauðsynleg samkvæmt reglum Sambandsins: lýsing á því kerfi sem er fyrir hendi til að tryggja að matvæli sem fást úr slíkum dýrum séu ekki hæf til komu inn í Sambandið fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá síðustu meðhöndlun.

3) Dýr af hestaætt sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem eru hæf til komu inn í Sambandið, skulu vera upprunnin í því þriðja landi sem fyrirhugar að flytja dýr af hestaætt inn í Sambandið eða í öðrum þriðju löndum sem eru með í framkvæmd eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

L. **Sértækar upplýsingar sem þriðju lönd, sem um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr., skulu láta í té**

1) Yfirlýsing frá lögbæru yfirvaldi þriðja landsins sem staðfestir að afurðirnar úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til innflutnings inn í Sambandið sem slíkar eða sem innihaldsefni í samsettar afurðir, séu einungis upprunnar í þriðju löndum sem eru í skránni yfir þriðju lönd sem eru með samþykkta eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni að því er varðar þessi dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu og að verklagið sem lögbæra yfirvaldið hefur komið á í þessu skyni sé fullnægjandi til að tryggja rekjanleika og uppruna þessara afurða úr dýraríkinu.

2) Ítarleg lýsing lögbærs yfirvalds í þriðja landinu á því verklagi sem er fyrir hendi í þriðja landinu til að færa sönnur á yfirlýsinguna sem um getur í 1. lið.

M. **Sértækar upplýsingar varðandi garnir**

Lýsing á því kerfi sem er fyrir hendi til að tryggja að engin örverueyðandi efni, sem bannað er í Sambandinu að nota fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis í samræmi við töflu 2 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010, séu notuð við meðhöndlun á görnum.

III. HLUTI

Uppfærð eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni – tilskildar upplýsingar

A. **Breytingar sem eru gerðar á uppfærðu eftirlitsáætluninni fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni**

1) Uppfærð framleiðslugögn um dýr og afurðir úr dýraríkinu sem falla undir eftirlitsáætlunina fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og áhrif á fjölda fyrirhugaðra sýna.

2) Upplýsingar um allar breytingar sem hafa orðið frá framlagningu fyrri árlegrar eftirlitsáætlunar fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni og sem breyta upplýsingunum sem áður voru veittar skv. A- til M-lið II. hluta.

3) Ef engar breytingar eru gerðar skal fella inn í A- til M-lið II. hluta, ef við á, yfirlýsingu þess efnis að engar breytingar hafi orðið.

B. **Niðurstöður úr framkvæmd eftirlitsáætlunar næstliðins árs fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni**

1) Niðurstöður úr framkvæmd eftirlitsáætlunar næstliðins árs fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni ásamt uppfærðri eftirlitsáætlun fyrir lyfjafræðilega virk efni, varnarefni og aðskotaefni.

2) Rökstuðningur fyrir hvers konar misræmi milli fjölda sýna, eða efna sem er fyrirhugað að greina, og fjölda sýna og/eða efna sem eru í raun greind.

3) Upplýsingar um niðurstöður sem voru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði Sambandsins um hámarksgildi leifa lyfjafræðilega virkra efna, hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar eða hámarksgildi aðskotaefna, þ.m.t., fyrir hvert þessara tilvika þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum, dagsetningar sýnatöku, dagsetningar þegar niðurstöður greininga lágu fyrir, greind leifamerki, styrkleikar sem mældust, greiningaraðferðir sem voru notaðar og rannsóknarstofur sem tóku þátt.

4) Fyrir hverja niðurstöðu sem er ekki í samræmi við tilskilin ákvæði: lýsing á niðurstöðu úr eftirfylgnirannsóknum sem lögbær yfirvöld tókust á hendur, hver var ástæðan fyrir því að ekki var farið að tilskildum ákvæðum og til hvaða ráðstafana var gripið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

———

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla sem um getur í annarri málsgrein 24. gr.

Framseld reglugerð (ESB) 2019/625	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	13. gr.
6. gr.	14. gr.
7. gr.	15. gr.
8. gr.	16. gr.
9. gr.	17. gr.
10. gr.	18. gr.
11. gr.	19. gr.
12. gr.	20. gr.
13. gr.	21. gr.
14. gr.	22. gr.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1644 **2023/EES/83/22**

frá 7. júlí 2022

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar kröfur um framkvæmd opinbers eftirlits varðandi notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins á sviði matvæla og fóðuröryggis. Í 9. gr. þeirrar reglugerðar er þess einkum krafist að lögbær yfirvöld sinni opinberu eftirliti reglulega með öllum rekstraraðilum, á grundvelli áhættu og með viðeigandi tíðni. Í 109. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkjanna að tryggja að lögbær yfirvöld inni af hendi opinbert eftirlit á grundvelli landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára. Í reglugerð (ESB) 2017/625 er enn fremur tilgreint almennt innihald landsbundnu eftirlitsáætlunarinnar til margra ára, þ.m.t. krafan um að aðildarríkin mæli fyrir um, í landsbundinni eftirlitsáætlun sinni til margra ára, opinbert eftirlit með notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni og með lyfjafræðilega virkum efnum sem eru bönnuð eða óleyfileg og leifum af þeim. Með reglugerð (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni falið vald til að mæla fyrir um sértækar kröfur um framkvæmd þessa opinbera eftirlits, þ.m.t., eftir því sem við á, umfang sýna og stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar ef taka þarf sýni, með hliðsjón af hættum og áhættum sem tengjast efnunum sem um getur í 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 var tilskipun ráðsins 96/23/EB ([2]) felld úr gildi frá og með 14. desember 2019 og mælt fyrir um viðeigandi umbreytingarráðstafanir. Í þessum umbreytingarráðstöfunum er kveðið á um að fram til 14. desember 2022 skuli lögbær yfirvöld halda áfram að sinna opinberu eftirliti sem er nauðsynlegt, í samræmi við tilskipun 96/23/EB, til að greina hvort tiltekin efni og flokkar efnaleifa eru fyrir hendi. Í umbreytingarráðstöfununum eru einkum fastsettar kröfur um vöktunaráætlanir aðildarríkja um greiningu á efnaleifum eða efnum sem falla undir gildissvið hennar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

3) Með þessari reglugerð er tryggð samfella í reglunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/23/EB varðandi opinbert eftirlit með leifum efna sem hafa lyfjafræðilega virkni, umbrotsefnum þeirra og öðrum efnum, sem geta borist í dýraafurðir, sem líklegt er að séu skaðleg fyrir heilbrigði manna.

4) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um umfang sýna og stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar þar sem taka skal sýnin að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim.

5) Til að tryggja að eftirlit sé framkvæmt með skilvirkum hætti í öllum aðildarríkjum er rétt að setja fram reglur um samsetningar efnaflokka og véruflokka sem aðildarríki skulu taka sýni úr og um sýnatökuáætlunina, þ.m.t. viðmiðanir sem skal nota til að skilgreina innihald landsbundinna áhættumiðaðra áætlana og áætlana um eftirlit af handahófi og framkvæmd á tengdu opinberu eftirliti.

6) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646 ([3]) er mælt fyrir um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim og einnig tilgreint innihald í og ráðstafanir vegna landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára að því er varðar þessi efni og efnaleifar.

7) Í 4., 5. og 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1646 er tilgreint innihald landsbundinna áhættumiðaðra áætlana og áætlana um eftirlit af handahófi með áherslu á opinbert eftirlit með notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni og með bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim. Þessar áætlanir ættu m.a. að innihalda skrá yfir samsetningar efna og dýrategunda, afurða og efniviða sem falla undir eftirlitsáætlanirnar en reglur um þetta val eru skilgreindar í þessari framseldu reglugerð. Aðildarríkin ættu einnig að fella sýnatökuáætlun inn í landsáætlanir sínar þar sem taka ætti tillit til viðmiðananna sem getið er í þessari framseldu reglugerð.

8) Þar eð reglunum, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við tilskipun 96/23/EB um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum, skal beitt til 14. desember 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]), framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 ([5]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 ([6]).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646 frá 7. júlí 2022 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim, um sértækt innihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára og sértækar ráðstafanir vegna undirbúnings þeirra (Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 32).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 frá 19. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuraukefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 28).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 frá 22. mars 2021 um nothæfi greiningaraðferða fyrir leifar af lyfjafræðilega virkum efnum sem eru notuð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og um túlkun niðurstaðna, sem og um aðferðir sem skal nota við sýnatöku, og um niðurfellingu á ákvörðunum 2002/657/EB og 98/179/EB (Stjtíð ESB L 180, 21.5.2021, bls. 84).

Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „opinbert sýni“: sýni sem lögbært yfirvald tekur til að greina efnaleifar eða efni sem eru skráð í I. viðauka og er með tilvísun í dýrategund, tegund, magn sem um ræðir, aðferð við söfnun og upplýsingar til að auðkenna kyn dýrsins og uppruna dýrsins eða afurðarinnar úr dýraríkinu, eftir því sem við á,

2) „markviss sýnataka“: taka opinbers sýnis eða sýna með það að markmiði að hámarka möguleikann á að greina tilvik þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum um hámarksgildi leifa eða hámarksgildi sem eru fastsett samkvæmt löggjöf Sambandsins fyrir lyfjafræðilega virk efni,

3) „slembisýnataka“: taka opinbers sýnis eða sýna samkvæmt tölfræðilegum forsendum til að fá dæmigerð gögn,

4) „sýnataka vegna gruns“: taka opinberra sýna til að fylgja eftir niðurstöðum úr eftirliti þar sem kom í ljós að ekki var farið að tilskildum ákvæðum eða til að fylgja eftir tilviki þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki var farið að reglum Sambandsins um lyfjafræðilega virk efni eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/2090,

5) „efniviður“: efni sem sýni er tekið úr, þ.m.t. skrokkhlutar dýra, vessar, skítur, vefir, afurðir úr dýraríkinu, aukaafurðir úr dýrum, dýrafóður og vatn,

6) „dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis“: dýr sem eru ræktuð, alin, haldin, er slátrað eða eru tekin í þeim tilgangi að framleiða matvæli,

7) „efnaleif“: leif efna sem hafa lyfjafræðilega virkni, umbrotsefna slíkra efna, niðurbrotsefna slíkra efna og annarra skyldra efna sem eru fyrir hendi í dýrum eða afurðum úr dýraríkinu.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni og með tilvist bannaðra eða óleyfilegra lyfjafræðilega virkra efna og leifum af þeim sem eru skráð í I. viðauka.

2. Að því er varðar landsbundnar, áhættumiðaðar eftirlitsáætlanir vegna framleiðslu í aðildarríkjunum, eins og tilgreint er í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1646, skulu aðildarríkin hafa eftirlit með samsetningum efnaflokka og völuflokka í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð og þau skulu samþykkja sýnatökuáætlun í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Að því er varðar landsbundnar áætlanir um eftirlit af handahófi með framleiðslu í aðildarríkjunum eins og tilgreint er í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1646 skulu aðildarríkin hafa eftirlit með samsetningum efnaflokka og völuflokka í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð og þau skulu samþykkja sýnatökuáætlun í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í V. viðauka við þessa reglugerð.

4. Að því er varðar landsbundnar, áhættumiðaðar eftirlitsáætlanir vegna innflutnings frá þriðju löndum eins og tilgreint er í 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1646 skulu aðildarríkin hafa eftirlit með samsetningum efnaflokka og völuflokka í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð og þau skulu samþykkja sýnatökuáætlun í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í VII. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Líta ber á tilvísanir í II. og III. viðauka við tilskipun 96/23/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

A-flokkur – Bönnuð eða óleyfileg lyfjafræðilega virk efni í dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis

1. Efni með hormónavirkni og skjaldheftandi virkni og betaörvar sem notkun á er bönnuð samkvæmt tilskipun ráðsins 96/22/EB ([1]):

   a) stilben,

   b) skjaldhamlandi efni,

   c) sterar,

   d) resorsýlsýrulaktónar, þ.m.t. seranól,

   e) betaörvar.

2. Bönnuð efni sem eru skráð í töflu 2 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

   a) klóramfeníkól,

   b) nítrófúrön,

   c) dímetrídasól, metrónídasól, rónídasól og önnur nítróimídasól,

   d) önnur efni.

3. Lyfjafræðilega virk efni sem eru ekki skráð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eða efni sem ekki er leyft til notkunar í fóður fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis í Sambandinu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1831/2003 ([3]):

   a) litarefni,

   b) plöntuverndarvörur, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1107/2009 ([4]), og sæfiefni, eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([5]), sem heimilt er að nota í búfjárrækt með dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis,

   c) sýkingalyfjaefni,

   d) hníslalyf, vefsvipungalyf og önnur sníklalyf,

   e) prótín- og peptíðhormón,

   f) bólgueyðandi efni, róandi lyf og önnur lyfjafræðilega virk efni,

   g) veirueyðandi efni.

([1]) Tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva og um niðurfellingu á tilskipunum 81/602/EBE, 88/146/EBE og 88/299/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

B-flokkur – Lyfjafræðilega virk efni sem eru leyfð til notkunar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 27. janúar 2025 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0500010 Bygg

0500090 Hveiti“

3) Í A-hluta III. viðauka falla dálkarnir fyrir sýkloxýdím, sýflúmetófen og penþíópýrað brott.

4) Í B-hluta III. viðauka fellur dálkurinn fyrir sýflútrín brott.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2049 **2023/EES/83/29**

frá 24. október 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([3]).

2) Indland upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi tekið eftirlitsaðilann „TQ Cert Services Private Limited“ af skrá og því ætti að fjarlægja þann eftirlitsaðila úr skránni yfir eftirlitsaðila sem Indland viðurkennir.

3) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er sett fram skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum. Í ljósi nýrra upplýsinga og beiðna sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 var samþykkt ætti þó að gera tilteknar breytingar á þeirri skrá.

4) Tilkynningar um tilvik þar sem ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum hafa borist í upplýsingakerfið fyrir lífrænan búskap (OFIS) varðandi „Control Union Certifications“ (BIO-149), „Ecocert SA“ (BIO-154), „Lacon GmbH“ (BIO-134) og „OneCert International PVT Ltd” (BIO-152). Þessar tilkynningar varða mengun í miklum fjölda sendinga af afurðum sem voru framleiddar á Indlandi og sem þessir eftirlitsaðilar vottuðu sem lífrænar. Mengunin var af völdum vara og efna sem ekki eru leyfð í lífrænni framleiðslu og/eða hefðbundinni framleiðslu í Sambandinu, í magni sem var yfir og oft langt yfir hámarksgildum leifa sem eru fastsett í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([4]). Þessi mengun felur í sér, en takmarkast þó ekki við, mengun af völdum etýlenoxíðs sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og hefur eiturhrif á æxlun.

5) Ennfremur hafa þessir eftirlitsaðilar ekki getað sýnt fram á að lífrænt ræktaðar vörur, sem fluttar eru inn undir eftirliti þeirra, hafi verið framleiddar í samræmi við framleiðslureglur og falli undir fyrirkomulag eftirlits sem er jafngilt því sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([5]) og (EB) nr. 1235/2008 ([6]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

6) Auk þess hafa þessir eftirlitsaðilar ekki gert ráðstafanir til úrbóta til að bregðast við frávikum og brotum sem hafa komið í ljós.

7) Af þessum ástæðum og í samræmi við iv., v. og vii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 ([7]) ætti að fella eftirlitsaðilana „Control Union Certifications“, „Ecocert SA“, „Lacon GmbH“ og „OneCert International PVT Ltd” brott af skránni yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd fyrir Indland að því er varðar jafngildi skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

8) „A CERT European Organization for Certification S.A.“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.

9) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „BioGro New Zealand Limited“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.

10) „Bureau Veritas Certification France SAS” tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á veffangi sínu.

11) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta heiti þess. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að skipta heiti þessa eftirlitsaðila út fyrir „Ecocert SAS“.

12) Faggildingaraðilinn IOAS upplýsti framkvæmdastjórnina um afturköllun faggildingar sinnar að því er varðar eftirlitsaðilann „FairCert Certification Services Pvt Ltd“. Framkvæmdastjórnin bauð eftirlitsaðilanum einnig að leggja fram gilt faggildingarvottorð og grípa til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta. „FairCert Certification Services Pvt Ltd“ svaraði þó ekki á fullnægjandi hátt innan tilskilins frests. Að endingu lagði „FairCert Certification Services Pvt Ltd“ ekki allar upplýsingar sem tengjast tæknilegum málsskjölum þess fyrir framkvæmdastjórnina. Af þessum þremur ástæðum og í samræmi við iii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1342 ætti að fella „FairCert Certification Services Pvt Ltd“ brott af skránni yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila, sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 fyrir öll þriðju lönd,.

13) „Kiwa Sativa“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á veffangi sínu.

14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Lacon GmbH“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.

15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „LETIS S.A.“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Afganistan, Aserbaísjan, Belarús (Hvíta-Rússland), Fílabeinsströndina, Egyptaland, Eþíópíu, Íran, Kasakstan, Kirgistan, Moldóvu, Marokkó, Pakistan, Rússland, Tadsíkistan, Túrkmenistan, Úkraínu, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Úsbekistan.

16) Faggildingaraðilinn IOAS upplýsti framkvæmdastjórnina um afturköllun faggildingar sinnar að því er varðar „LETIS S.A.“ í Tyrklandi. Framkvæmdastjórnin bauð eftirlitsaðilanum einnig að leggja fram gilt faggildingarvottorð varðandi Tyrkland og grípa til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta. „LETIS S.A.“ svaraði þó ekki á fullnægjandi hátt innan tilskilins frests. Af þessum tveimur ástæðum og í samræmi við iii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1342 er réttlætanlegt að afturkalla viðurkenninguna á „LETIS S.A.“ fyrir Tyrkland.

17) „OneCert International PVT Ltd” tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu og veffangi.

18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Oregon Tilth“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Panama.

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Organic Standard“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Rússland.

20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Soil Association Certification Limited“ um að hætta, að eigin frumkvæði, starfsemi sinni að því er varðar öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.

21) „Tse-Xin Organic Certification Corporation“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.

22) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í 5. lið í færslunni fyrir Indland í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 fellur línan fyrir kenninúmerið IN-ORG-006 brott.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. liðar í færslunni fyrir „**A CERT European Organization for Certification S.A.**“ kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: 52, 19is Maiou Street, 57001 Thessaloniki, Grikkland“.

2) Færslan fyrir „**BioGro New Zealand Limited**“ fellur brott.

3) Í stað 2. liðar í færslunni fyrir „**Bureau Veritas Certification France SAS**“ kemur eftirfarandi:

„2. Veffang: https://www.bureauveritas.fr/besoin/agriculture-biologique-certification-bio“.

4) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Control Union Certifications**“ fellur línan fyrir Indland brott.

5) Færslunni fyrir „Letis SA“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað heitisins „**Ecocert SA**“ kemur „**Ecocert SAS**“.

b) Í töflunni í 3. lið fellur línan fyrir Indland brott.

6) Færslan fyrir „**FairCert Certification Services Pvt Ltd**“ fellur brott.

7) Í stað 2. liðar í færslunni fyrir „**Kiwa Sativa**“ kemur eftirfarandi:

„2. Veffang: www.kiwa.com/pt“.

8) Færslan fyrir „**LaCON GmbH**“ fellur brott.

9) Í stað 3. liðar í færslunni fyrir „**LETIS S.A.**“ kemur eftirfarandi:

„3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AR-BIO-135	Argentína	—	—	x	x	—	—
BO-BIO-135	Bólivía	x	—	—	x	—	—
BR-BIO-135	Brasilía	x	—	x	x	—	—
BZ-BIO-135	Belís	x	—	x	x	—	—
CO-BIO-135	Kólumbía	x	—	x	x	—	—
CR-BIO-135	Costa Rica	—	—	x	—	—	—
DO-BIO-135	Dóminíska lýðveldið	x	—	x	x	—	—
EC-BIO-135	Ekvador	x	—	—	x	—	—
GT-BIO-135	Gvatemala	x	—	x	x	—	—
HN-BIO-135	Hondúras	x	—	x	x	—	—
KY-BIO-135	Cayman-eyjar	x	—	—	x	—	—
MX-BIO-135	Mexíkó	x	—	—	—	—	—
PA-BIO-135	Panama	x	—	x	x	—	—
PE-BIO-135	Perú	x	—	x	—	—	—
PY-BIO-135	Paragvæ	x	—	—	x	—	—
SV-BIO-135	El Salvador	x	—	x	x	—	—
UY-BIO-135	Úrúgvæ	x	—	—	—	—	—“

10) Færslunni fyrir „**OneCert International Pvt Ltd**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: KA-23B, Near Greenphield Public School, Shri Ram Colony, Ramnagar Ext., Sodala, Jaipur, 302019, Rajasthan, Indland

2. Veffang: www.onecertinternational.com“.

b) Í töflunni í 3. lið fellur línan fyrir Indland brott.

11) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Oregon Tilth**“ fellur línan fyrir Panama brott.

12) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Organic Standard**“ fellur línan fyrir Rússland brott.

13) Færslan sem varðar „**Soil Association Certification Limited**“ fellur brott.

14) Í stað 1. liðar í færslunni fyrir „Tse-Xin Organic Certification Corporation“ kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Xizhi District, City: 221416 New Taipei City, 26 F, No 95, Sec. 1, Xintai 5th Rd.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2468 **2023/EES/83/30**

frá 15. desember 2022

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á eftirlitsaðilanum „IMOCERT Latinoamérica Ltda“ að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 2. mgr. 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 ([2]) er sett fram skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum.

2) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er „IMOCERT Latinoamérica Ltda“ ranglega skráður sem viðurkenndur aðili fyrir Costa Rica. Nauðsynlegt er að leiðrétta viðkomandi færslu.

3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325

Í 3. lið í færslunni fyrir „IMOCERT Latinoamérica Ltda.“ í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 fellur línan fyrir Costa Rica brott.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 322, 16.12.2022, bls. 89. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/186 **2023/EES/83/31**

frá 27. janúar 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 2. mgr. 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 ([2]) er sett fram skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum. Í ljósi nýrra upplýsinga og beiðna sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 var samþykkt ætti þó að gera tilteknar breytingar á þeirri skrá.

2) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Certificadora Mexicana de productos y procesos ecológicos S.C.“ um að afturkalla viðurkenningu þess að því er varðar vöruflokk A fyrir Dóminíska lýðveldið, Gvatemala og El Salvador vegna skorts á rekstraraðilum.

3) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „EKO-CONTROL SK s.r.o.“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir.

4) „LETIS S.A.“ lagði hvorki fram uppfærðar upplýsingar um matsskýrsluna, sem faggildingarstofa þess gaf út skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([3]) varðandi óunnar lagareldisafurðir og þörunga sem LETIS S.A. er viðurkennt fyrir, í ársskýrslu sinni né í kjölfar síðari beiðna.

5) Ennfremur lagði „LETIS S.A.“ ekki allar upplýsingar sem tengjast tæknilegum málsskjölum þess fyrir framkvæmdastjórnina.

6) „LETIS S.A.“ hefur ekki heldur gert fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta til að bregðast við tilvikum þar sem ekki var farið að, og brotum á, reglum um lífræna framleiðslu sem framkvæmdastjórnin varð vör við. Meðal tilvika þar sem ekki var farið að tilskildum reglum og brota sem vart var við eru: i. fyrir hendi eru nokkrar tilkynningar í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap sem varða þennan eftirlitsaðila og ii. ófullnægjandi eftirfylgnirannsóknir af hálfu „LETIS S.A.“ á þessum tilkynningum í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap.

7) Að lokum, í kjölfar úttektar á „LETIS S.A.“ sem framkvæmdastjórnin framkvæmdi árið 2021, gat „LETIS S.A.“ ekki sýnt fram á að það hefði hrint í framkvæmd skilvirkum og hertum eftirlitsráðstöfunum og gripið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á þeim ágöllum sem framkvæmdastjórnin benti á. Þetta skapar hættu á að neytendur séu blekktir að því er varðar raunverulegt eðli varanna sem „LETIS S.A.“ vottar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 30.1.2023, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

8) Af þessum fjórum ástæðum sem settar eru fram í 4.-7. forsendu hér að framan og í samræmi við ii., iii., v. og vii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 ([4]) ætti að fella „LETIS S.A.“ brott af skránni yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar „**Certificadora Mexicana de productos y procesos ecológicos S.C.**“ kemur eftirfarandi:

„3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
CO-BIO-104	Kólumbía	x	—	—	x	—	—
DO-BIO-104	Dóminíska lýðveldið	—	—	—	—	—	—
GT-BIO-104	Gvatemala	—	—	—	—	—	—
MX-BIO-104	Mexíkó	x	x	—	x	—	—
SV-BIO-104	El Salvador	—	—	—	—	—	—“

2) Færslan fyrir „**EKO-CONTROL SK s.r.o.**“ fellur brott,

3) Færslan fyrir „**LETIS S.A.**“ fellur brott.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1101 2023/EES/83/32

frá 6. júní 2023

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra landsyfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingin skuli leyfð, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Cyprus International Institute for Environmental and Public Health, Cyprus University of Technology, sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á vísindalegum sönnunum fyrir heilsufullyrðingu sem varðar lífrænt framleidd matvæli og að þau stuðli að því að vernda líkamsfrumur og sameindir (lípíð og DNA) fyrir skaða af völdum oxunar, með markhópinn heilbrigð börn á aldrinum 3 til 15 ára (spurning nr. EFSA-Q-2021-00055). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Lífrænt framleidd matvæli (minna magn varnarefnaleifa en í hefðbundnum matvælum) stuðla að því að vernda líkamsfrumur og sameindir (lípíð og DNA) fyrir skaða af völdum oxunar“.

6) Hinn 20. október 2021 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar ([2]) um þá fullyrðingu. Í því áliti tók Matvælaöryggisstofnunin fram að það magn varnarefnaleifa sem þarf til að lýsa matvælum sem „lífrænt framleiddum“ hafi ekki verið tilgreint, hvorki í umsókninni né í rannsóknum á mönnum sem voru lagðar fram til sönnunar fyrir heilsufullyrðingunni, og komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að matvælunum/efnisþáttunum „lífrænt framleidd matvæli“, sem heilsufullyrðingin fjallar um, hafi ekki verið lýst á fullnægjandi hátt og því sé ekki hægt að sýna fram á orsakatengsl milli neyslu á lífrænt framleiddum matvælum og vernd líkamsfrumna og sameinda (lípíða og DNA) fyrir skaða af völdum oxunar. Þar eð heilsufullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 um skráningu á lista Sambandsins yfir leyfilegar heilsufullyrðingar ætti ekki að leyfa hana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 7.6.2023, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 260/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(10), 6847.

7) Eftir birtingu þessa álits fékk framkvæmdastjórnin engar athugasemdir skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðauka við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar heilsufullyrðingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðing sem hefur verið hafnað

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Lífrænt framleidd matvæli	Lífrænt framleidd matvæli (minna magn varnarefnaleifa en í hefðbundnum matvælum) stuðla að því að vernda líkamsfrumur og sameindir (lípíð og DNA) fyrir skaða af völdum oxunar	Q-2021-00055

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1520 **2023/EES/83/33**

frá 17. júní 2022

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum, með tilliti til verðbólgu, sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014 frá 15. maí 2014 um gjöld sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf ([1]), einkum 6. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]) innihalda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu gjöld sem fyrirtæki greiða fyrir að fá og halda markaðsleyfum í Sambandinu og fyrir aðra þjónustu sem Lyfjastofnun Evrópu veitir og fyrir þjónustu sem samræmingarhópurinn veitir að því er varðar úrlausn verkefna hans í samræmi við 107. gr. c, 107. gr. e, 107. gr. g, 107. gr. k og 107. gr. q í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([3]).

2) Síðasta leiðrétting á gjöldum og fjárhæðum þóknana, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 658/2014, var gerð á árinu 2020 á grundvelli uppsafnaðs verðbólgustigs fyrir árin 2018 og 2019. Verðbólgustigið í Sambandinu fyrir árin 2020 og 2021, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birti það, var annars vegar 0,3% og hins vegar 5,3% ([4]). Að teknu tilliti til verðbólgustigsins þessi ár er talið réttlætanlegt að leiðrétta, í samræmi við 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 658/2014, fjárhæðir gjalda og fjárhæðir þóknana til skýrslugjafa og meðskýrslugjafa sem um getur í I. til IV. hluta viðaukans við þá reglugerð. Því ætti að beita uppsafnaðri leiðréttingu þar sem tekið er tillit til verðbólgustigs fyrir bæði árin 2020 og 2021.

3) Til einföldunar ætti að námunda leiðréttar fjárhæðir að næstu 10 evrum, að undanskildu árgjaldi fyrir upplýsingatæknikerfi og eftirlit með fræðiritum en þar ætti að námunda leiðréttinguna að næstu 1 evru.

4) Gjöld, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 658/2014, eiga annaðhvort að greiðast þann dag sem viðkomandi málsmeðferð hefst eða, ef um er að ræða árgjald fyrir upplýsingatæknikerfi og eftirlit með fræðiritum, 1. júlí ár hvert. Af þessum sökum verður viðeigandi fjárhæð ákvörðuð miðað við þann dag sem ber að greiða gjaldið og það er engin þörf á að fastsetja sértæk umbreytingarákvæði fyrir mál sem eru til meðferðar.

5) Í samræmi við 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 658/2014, ef gerð, þar sem upphæðir gjaldanna sem mælt er fyrir um í I. til IV. hluta viðaukans við þá reglugerð eru leiðréttar, tekur gildi fyrir 1. júlí eiga leiðréttingarnar að taka gildi frá og með 1. júlí en ef hún tekur gildi eftir 30. júní eiga leiðréttingarnar að taka gildi frá og með gildistökudegi gerðarinnar. Mæla ætti fyrir um daginn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við þetta ákvæði.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 658/2014 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 236, 13.9.2022, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 112.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Sambandsins við veitingu leyfa fyrir mannalyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

([4]) Hagstofa Evrópusambandsins, vísar í evrum 11/2022, birt 20. janúar 2022

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 658/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í I. hluta er lið 1 breytt sem hér segir:
   a) Í stað „20 780 evrur“ kemur „21 940 evrur“.
   b) Í stað „13 970 evrur“ kemur „14 750 evrur“.
2) Í II. hluta er 1. lið breytt sem hér segir:
   a) Í stað „45 810 evrur“ í inngangsmálslið kemur „48 370 evrur“.
   b) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „18 330 evrur“ kemur „19 350 evrur“.
      ii. Í stað „7 760 evrur“ kemur „8 190 evrur“.
   c) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „27 480 evrur“ kemur „29 020 evrur“.
      ii. Í stað „11 630 evrur“ kemur „12 280 evrur“.
3) Í III. hluta er 1. lið breytt sem hér segir:
   a) Fyrsta undirlið er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „190 740 evrur“ kemur „201 450 evrur“.
      ii. Í stað „41 350 evrur“ kemur „43 670 evrur“.
      iii. Í stað „314 790 evrur“ kemur „332 460 evrur“.
   b) Öðrum undirlið er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „127 150 evrur“ í a-lið kemur „134 290 evrur“.
      ii. Í stað „154 730 evrur“ í b-lið kemur „163 420 evrur“.
      iii. Í stað „182 290 evrur“ í c-lið kemur „192 530 evrur“.
      iv. Í stað „209 840 evrur“ í d-lið kemur „221 620 evrur“.
   c) Í fjórða undirlið er b-lið breytt sem hér segir:
      i. Í stað „1 070 evrur“ kemur „1 130 evrur“.
      ii. Í stað „2 110 evrur“ kemur „2 230 evrur“.
      iii. Í stað „3 200 evrur“ kemur „3 380 evrur“.
4) Í stað „71 evra“ í 1. lið IV. hluta kemur „75 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. október 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/2400 2023/EES/83/34

frá 23. nóvember 2022

um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 um þrávirk, lífræn mengunarefni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 ([3]) um þrávirk, lífræn mengunarefni er í löggjöf Sambandsins staðið við skuldbindingarnar sem settar eru fram í Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmssamningurinn“), sem var samþykktur fyrir hönd Evrópubandalagsins með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB ([4]), og í bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni sem var samþykkt fyrir hönd Evrópubandalagsins með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB ([5]).

2) Á sjöundu ráðstefnu samningsaðilanna sem var haldin frá 4. til 15. maí 2015 var samþykkt að bæta við pentaklórófenóli, söltum þess og estrum (hér á eftir nefnt pentaklórófenól) í viðauka A við Stokkhólmssamninginn. Á níundu ráðstefnu samningsaðilanna sem var haldin frá 29. apríl til 10. maí 2019 var samþykkt að bæta við díkófóli, sem og perflúoróoktansýru (PFOA), söltum hennar og skyldum efnasamböndum, í viðauka A við Stokkhólmssamninginn. Á tíundu ráðstefnu samningsaðilanna sem var haldin frá 6. til 17. júní 2022 var samþykkt að bæta við perflúóróhexansúlfónsýru (PFHxS), söltum hennar og skyldum efnasamböndum í viðauka A við Stokkhólmssamninginn. Í ljósi þessara breytinga á Stokkhólmssamningnum og til að tryggja að farið sé með úrgang, sem inniheldur þessi efni, í samræmi við ákvæði Stokkhólmssamningsins er nauðsynlegt að breyta einnig IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 með því að bæta pentaklórófenóli, díkófóli og perflúoróoktansýru (PFOA), söltum hennar og skyldum efnasamböndum, sem og perflúóróhexansúlfónsýru, söltum hennar og skyldum efnasamböndum, við í viðaukana og gefa upp tilsvarandi styrkleikamörk.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 197.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 4. október 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 24. október 2022 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45).

([4]) Ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins (Stjtíð. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1).

([5]) Ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Stjtíð. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35).

3) Pentaklórófenól var áður skráð í IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 ([6]), með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/636 ([7]), með gildi sem nemur 100 mg/kg í IV. viðauka og gildi sem nemur 1000 mg/kg í V. viðauka. Í reglugerð (ESB) 2019/1021 sem felldi reglugerð (EB) nr. 850/2004 úr gildi var pentaklórófenóli óvart sleppt. Því er nauðsynlegt að breyta IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 til að bæta við pentaklórófenóli.

4) Ákvæði IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 innihalda nú þegar styrkleikamörk fyrir eftirfarandi efni eða efnahópa: a) summuna af styrk tetrabrómódífenýletra, pentabrómódífenýletra, hexabrómódífenýletra, heptabrómódífenýletra og dekabrómódífenýletra (að undanskildum þeim síðastnefnda sem er ekki skráður í V. viðauka við þá reglugerð); b) hexabrómósýklódódekan; c) alkön, C_{10}–C_{13}, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP) og d) fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD/PCDF-efni). Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1021 þykir rétt að breyta styrkleikamörkunum fyrir þessi efni í IV. viðauka til að aðlaga viðmiðunarmörk þeirra að framförum á sviði vísinda og tækni. Til að halda samræmi við skrána yfir fjölbrómaða dífenýletra (PBDE) sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 ætti að færa efnið dekabrómódífenýleter inn á meðal þeirra fjölbrómuðu dífenýletra sem eru skráðir í þriðja dálki V. viðauka við þá reglugerð.

5) Til að gera aðildarríkjum kleift að safna gögnum um raunverulegt magn PCDD/PCDF-efna og díoxínlíkra fjölklóraðra bífenýla (díoxínlík PCB-efni) í ösku og sóti frá einkaheimilum, sem og í svifösku frá lífmassaeiningum til varma- og raforkuframleiðslu, og til að veita aðildarríkjum nægan tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma reglugerð (ESB) 2019/1021 í framkvæmd ættu breyttu styrkleikamörkin fyrir summu PCDD/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna, að því er varðar ösku og sót frá einkaheimilum og svifösku frá lífmassaeiningum, að taka gildi á seinna stigi eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Til að gera það kleift að móta hentugar stefnur fyrir söfnun og meðhöndlun á þessari ösku og sóti og til að styðja við endurskoðunina sem um getur í IV. viðauka og vöktun framkvæmdar skv. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1021 ættu aðildarríki að safna upplýsingum um tilvist PCDD/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna í ösku og sóti frá einkaheimilum og svifösku frá lífmassaeiningum til varma- og raforkuframleiðslu. Gera ætti þessar upplýsingar aðgengilegar eigi síðar en 1. júlí 2026.

6) Að því er varðar fjölbrómaða dífenýletra sem eru skráðir í reglugerð (ESB) 2019/1021 ætti að fastsetja styrkleikamörkin fyrir summu þessara efna í úrgangi við 500 mg/kg. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til minnkandi styrkleika fjölbrómaða dífenýletra í tilteknum úrgangi, sem stafar af gildandi takmörkunum á setningu fjölbrómaðra dífenýletra á markað og notkun þeirra, og í ljósi mögulegrar þróunar á viðeigandi flokkunar- og greiningaraðferðum ætti að lækka viðmiðunarmörkin niður í 350 mg/kg þremur árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar og 200 mg/kg 5 árum eftir gildistöku hennar.

7) Að teknu tilliti til þess að undirhópur 12 efnamynda PCB-efna, nánar tiltekið PCB-77, PCB-81, PCB-105, PCB-114, PCB-118, PCB-123, PCB-126, PCB-156, PCB-157, PCB-167, PCB-169 og PCB 189, sem kallast díoxínlík PCB-efni, eru með eiturefnafræðilega eiginleika sem eru mjög líkir og hjá PCDD/PCDF-efnum og til að taka tillit til samanlagðra áhrifa allra díoxínlíkra efnasambanda sem eru skráð í reglugerð (ESB) 2019/1021 þykir rétt að færa díoxínlík PCB-efni inn í fyrirliggjandi hópfærslu fyrir PCDD/PCDF-efni í IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021. Einnig ætti að breyta skránni yfir gildi eiturjafngildisstuðla í 2. hluta V. viðauka við þá reglugerð til að setja inn samsvarandi gildi fyrir stakar efnamyndir díoxínlíkra PCB-efna.

8) Fyrirhuguð styrkleikamörk í IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 voru fastsett með því að nota sömu aðferðafræði og var notuð til að fastsetja styrkleikamörkin í fyrri breytingum á IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Fyrirhuguð styrkleikamörk ættu að vera studd varúðarreglunni, eins og mælt er fyrir um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), og ættu að miða að því að útrýma, ef mögulegt er, losun þrávirkra lífrænna mengunarefna út í umhverfið til þess að ná markmiðinu um öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem tengist eyðingu eða óafturkræfri umbreytingu efnanna sem um er að ræða. Að því er varðar þessi mörk ætti einnig að taka tillit til víðtækari stefnumarkmiða um metnað til að ná fram núllmengun fyrir eiturefnalaust umhverfi, auka endurvinnslu, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þróa óeitraðar efniviðarhringrásir og óeitrað hringrásarhagkerfi sem sett eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 sem ber heitið „Grænt samkomulag í Evrópu“.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/636 frá 23. apríl 2019 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 6).

9) Styrkleikamörkin sem eru tilgreind í IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 ættu að vera samhangandi og stuðla að því að koma orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. október 2020 sem ber heitið „Sjálfbærnistefna í íðefnamálum í áttina að eiturefnalausu umhverfi“ til framkvæmda.

10) Til að tryggja betri rekjanleika og skilvirka meðhöndlun úrgangs sem inniheldur þrávirk lífræn mengunarefni og til að komast hjá ósamræmi í lögum Sambandsins er nauðsynlegt að tryggja samfellu milli ákvæða sem tengjast úrgangi sem inniheldur þrávirk lífræn mengunarefni, sem voru upphaflega fastsett í reglugerð (EB) nr. 850/2004 sem nú hefur verið felld úr gildi með reglugerð (ESB) 2019/1021, og ákvæða sem voru fastsett eftir það. Framkvæmdastjórnin ætti því að meta hvort rétt sé að flokka úrgang, sem inniheldur einhver þrávirk lífræn mengunarefni sem fara yfir styrkleikamörkin sem eru tilgreind í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021, sem hættulegan og leggja fram, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf til að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([8]) eða tillögu til að breyta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/ESB ([9]), eða hvort tveggja, til samræmis við það.

11) Samkvæmt markmiðunum í stefnunni um textílefni sem eru sett fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 2022 sem ber heitið „EU Strategy for Sustainable and Circular Textiles“ (stefna ESB um sjálfbær og hringrásarhæf textílefni) ættu textílvörur, sem eru settar á markað Sambandsins, að vera að miklu leyti úr endurunnum trefjum sem eru lausar við hættuleg efni. Til að tryggja að endurunnin textílefni séu laus við hættuleg íðefni, s.s. perflúoróoktansýru, alveg frá upphafi er nauðsynlegt að herða viðmiðunarmörkin fyrir perflúoróoktansýru, sölt hennar og skyld efnasambönd í úrgangi þar eð tilvist þeirra getur haft áhrif á söfnun og meðhöndlun textílefnaúrgangs. Því ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða styrkleikamörkin með það fyrir augum að lækka gildið ef slík lækkun er möguleg í samræmi við framfarir á sviði vísinda og tækni.

12) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1021 til samræmis við það.

13) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest til að gera fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum kleift að aðlagast nýju kröfunum.

14) Þar eð einstök aðildarríki geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að vernda umhverfið og heilbrigði manna gegn þrávirkum, lífrænum mengunarefnum, vegna þess að mengunarefnin hafa áhrif yfir landamæri og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1021 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi grein er bætt við:

„21. gr. a

Umbreytingarákvæði

1. Gildi sem nemur 10 µg/kg skal gilda um svifösku frá lífmassaeiningum til varma- og raforkuframleiðslu sem inniheldur eða er menguð af fjölklóruðum díbensó-p-díoxínum og díbensófúrönum (PCDD/PCDF-efnum) og díoxínlíkum fjölklóruðum bífenýlum (díoxínlíkum PCB-efnum), eins og tilgreint er í IV. viðauka, til og með 30. desember 2023. Gildi sem nemur 5 µg/kg, sem kveðið er á um í IV. viðauka, skal gilda um svifösku frá lífmassaeiningum til varma- og raforkuframleiðslu frá og með 31. desember 2023.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).

2. Gildi sem nemur 15 µg/kg skal gilda áfram um ösku og sót frá einkaheimilum sem innihalda eða eru menguð af fjölklóruðum díbensó-p-díoxínum og díbensófúrönum (PCDD/PCDF-efnum), eins og tilgreint er í IV. viðauka, til og með 31. desember 2024. Að því er varðar ösku og sót frá einkaheimilum sem innihalda eða eru menguð af fjölklóruðum díbensó-p-díoxínum og díbensófúrönum (PCDD/PCDF-efnum) og díoxínlíkum fjölklóruðum bífenýlum (díoxínlíkum PCB-efnum) skal gildi sem nemur 5 µg/kg, sem kveðið er á um í IV. viðauka, gilda frá og með 1. janúar 2025.“

2) Ákvæðum IV. og V. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta hvort rétt er að breyta tilskipun 2008/98/EB eða ákvörðun 2000/532/ESB, eða báðum, til að viðurkenna að flokka skuli úrgang, sem inniheldur einhver þrávirk lífræn mengunarefni sem fara yfir styrkleikamörkin sem eru tilgreind í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021, sem hættulegan og skal, ef við á, byggt á þessu mati og eigi síðar en 36 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, setja fram tillögu að nýrri löggjöf til að breyta tilskipun 2008/98/EB eða tillögu til að breyta ákvörðun 2000/532/ESB, eða hvort tveggja, til samræmis við það.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 10. júní 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. nóvember 2022.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	M. BEK
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. og V. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við töfluna:

„Pentaklórófenól, sölt þess og estrar	87-86-5 og önnur	201-778-6 og önnur	100 mg/kg
Díkóföl	115-32-2	204-082-0	50 mg/kg
Perflúoróoktansýra (PFOA), sölt hennar og skyld efna-sambönd eins og sett er fram í I. viðauka	335-67-1 og önnur	206-397-9 og önnur	1 mg/kg (Perflúoróoktansýra og sölt hennar), 40 mg/kg (summa skyldra efnasambanda perflúoróoktansýru) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessi styrkleikamörk og skal, eftir því sem við á, samþykkja tillögu að nýrri löggjöf til að lækka þetta gildi, ef slík lækkun er möguleg í samræmi við framfarir á sviði vísinda og tækni, eigi síðar en 30. desember 2027.
Perflúoróhexansúlfónsýra, sölt hennar og skyld efna-sambönd.	355-46-4 og önnur	355-46-4 og önnur	1 mg/kg (Perflúoróhexansúlfónsýra og sölt hennar), 40 mg/kg (summa skyldra efnasambanda perflúoróhexansúlfónsýru) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessi styrkleikamörk og skal, eftir því sem við á, samþykkja tillögu að nýrri löggjöf til að lækka þetta gildi, ef slík lækkun er möguleg í samræmi við framfarir á sviði vísinda og tækni, eigi síðar en 30. desember 2027.“

b) Í stað línunnar fyrir efnið alkön, C_{10}–C_{13}, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP) kemur eftirfarandi:

„Alkön, C_{10}–C_{13}, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP)	85535-84-8	287-476-5	1 500 mg/kg Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessi styrkleikamörk og skal, eftir því sem við á, samþykkja tillögu að nýrri löggjöf til að lækka þetta gildi eigi síðar en 30. desember 2027.“

c) Í stað línanna fyrir efnin tetrabrómódífenýletra $C_{12}H_6Br_4O$, pentabrómódífenýletra $C_{12}H_5Br_5O$, hexabrómódífenýletra $C_{12}H_4Br_6O$, heptabrómódífenýletra $C_{12}H_3Br_7O$ og dekabrómódífenýletra $C_{12}Br_{10}O$ kemur eftirfarandi:

„Tetrabrómódífenýletri $C_{12}H_6Br_4O$	40088-47-9 og önnur	254-787-2 og önnur	Summan af styrk tetrabrómódífenýletra $C_{12}H_6Br_4O$, pentabrómódífenýletra $C_{12}H_5Br_5O$, hexabrómódífenýletra $C_{12}H_4Br_6O$, heptabrómódífenýletra $C_{12}H_3Br_7O$ og dekabrómódífenýletra $C_{12}Br_{10}O$: a) til og með 29. desember 2027, 500 mg/kg, b) frá og með 30. desember 2025 til og með 28. desember 2027, 350 mg/kg eða, ef hún er hærri, summan af styrk þessara efna þegar þau eru til staðar í blöndum eða hlutum, eins og sett er fram í 2. lið 4. dálks I. viðauka fyrir efnin tetrabrómódífenýletra, pentabrómódífenýletra, hexabrómódífenýletra, heptabrómódífenýletra og dekabrómódífenýletra, c) frá og með 30. desember 2027, 200 mg/kg eða, ef hún er hærri, summan af styrk þessara efna þegar þau eru til staðar í blöndum eða hlutum, eins og sett er fram í 2. lið 4. dálks I. viðauka fyrir efnin tetrabrómódífenýletra, pentabrómódífenýletra, hexabrómódífenýletra, heptabrómódífenýletra og dekabrómódífenýletra.“
Pentabrómódífenýletri $C_{12}H_5Br_5O$	32534-81-9 og önnur	251-084-2 og önnur	
Hexabrómódífenýletri $C_{12}H_4Br_6O$	36483-60-0 og önnur	253-058-6 og önnur	
Heptabrómódífenýletri $C_{12}H_3Br_7O$	68928-80-3 og önnur	273-031-2 og önnur	
Bis(pentabrómófenýl) etri (dekabrómódífenýletri; dekaBDE) $C_{12}Br_{10}O$	1163-19-5 og önnur	214-604-9 og önnur	

d) Í stað línunnar fyrir efnin fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD/PCDF-efni) kemur eftirfarandi:

„Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD/PCDF-efni) og díoxínlík fjölklóruð bífenýl (díoxínlík PCB-efni)			5 µg/kg (1) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessi styrkleikamörk og skal, eftir því sem við á, samþykkja tillögu að nýrri löggjöf til að lækka þetta gildi, ef slík lækkun er möguleg í samræmi við framfarir á sviði vísinda og tækni, eigi síðar en 30. desember 2027.

(1) Mörkin eru reiknuð sem summan af PCDD-efnum, PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum samkvæmt eiturjafngildisstuðlunum sem settir eru fram í þriðju málsgrein töflunnar í 2. hluta V. viðauka.“

e) Í stað línunnar fyrir efnið hexabrómósýklódódekan kemur eftirfarandi:

„Hexabrómósýklódódekan (1)	25637-99-4, 3194-55-6, 134237-50-6, 134237-51-7, 134237-52-8	247-148-4 221-695-9	500 mg/kg Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessi styrkleikamörk og skal, eftir því sem við á, samþykkja tillögu að löggjöf til að lækka þetta gildi í 200 mg/kg hið mesta eigi síðar en 30. desember 2027.

(1) Hexabrómósýklódódekan: hexabrómósýklódódekan, 1,2,5,6,9,10-hexabrómósýklódódekan og helstu fjölhverfur þess: alfahexabrómósýklódódekan, betahexabrómósýklódódekan og gammahexabrómósýklódódekan.“

2) Ákvæðum 2. hluta V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Annarri málsgrein í fyrsta dálki töflunnar með fyrirsögninni „Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun 2000/532/EB“ er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi texti er settur inn á eftir „10.01 Úrgangur frá orkuverum og öðrum brennsluverum (nema 19)“:

„10 01 03: Svifaska frá móbrennslu og brennslu á ómeðhöndluðum viði“.

ii. Eftirfarandi texti er settur inn á eftir „17 05 03* Jarðvegur og grjót sem í eru hættuleg efni“:

„17 05 04: Jarðvegur og grjót, annað en tilgreint er í 17 05 03“.

iii. Eftirfarandi texti er settur inn á eftir „19 04 03* Fastur fasi, annar en ummyndaður í gler“:

„20 HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANGUR (ÚRGANGUR FRÁ HEIMILUM OG SVIPAÐUR ÚRGANGUR FRÁ VERSLUNUM, IÐNFYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM), FLOKKAÐUR ÚRGANGUR

20 01: Flokkaður úrgangur (nema 15 01)

20 01 41: Úrgangur frá hreinsun skorsteina“.

b) Annarri málsgrein í öðrum dálki töflunnar með fyrirsögninni „Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka“ er breytt sem hér segir:

i. Í stað textans „Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön: 5 mg/kg.“ kemur eftirfarandi:

„Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön og díoxínlík fjölklóruð bífenýl (díoxínlík PCB-efni): 5 mg/kg“.

ii. Í stað textans „Summan af styrk tetrabrómódífenýletra ($C_{12}H_6Br_4O$), pentabrómódífenýletra ($C_{12}H_5Br_5O$), hexabrómódífenýletra ($C_{12}H_4Br_6O$) og heptabrómódífenýletra ($C_{12}H_3Br_7O$): 10 000 mg/kg“ kemur eftirfarandi:

Summan af styrk tetrabrómódífenýletra ($C_{12}H_6Br_4O$), pentabrómódífenýletra ($C_{12}H_5Br_5O$), hexabrómódífenýletra ($C_{12}H_4Br_6O$), heptabrómódífenýletra ($C_{12}H_3Br_7O$) og dekabrómódífenýletra ($C_{12}Br_{10}O$): 10 000 mg/kg“.

iii. Eftirfarandi texta er bætt við á eftir „Toxafen: 5 000 mg/kg“:

„Pentaklórófenól, sölt þess og estrar: 1 000 mg/kg,

Díkóföl: 5 000 mg/kg,

Perflúoróoktansýra (PFOA), sölt hennar og skyld efnasambönd: 50 mg/kg (perflúoróoktansýra og sölt hennar), 2 000 mg/kg (skyld efnasambönd perflúoróoktansýru).

Perflúoróhexansúlfónsýra, sölt hennar og skyld efnasambönd:

50 mg/kg (perflúoróhexansúlfónsýra og sölt hennar), 2 000 mg/kg (skyld efnasambönd perflúoró-hexansúlfónsýru).“

c) Í stað þriðja liðar kemur eftirfarandi:

„Hámarksstyrkleikamörk fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana (PCDD- og PCDF-efni) og díoxínlíkra fjölklóraðra bífenýla (díoxínlík PCB-efni) skulu reiknuð samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

Eiturjafngildisstuðlar fyrir PCDD-efni, PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni

PCDD	TEF
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01

OCDD	0,0003
PCDF	TEF
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0003
Díoxínlík PCB-efni	TEF
PCB 77	0,0001
PCB 81	0,0003
PCB 105	0,00003
PCB 114	0,00003
PCB 118	0,00003
PCB 123	0,00003
PCB 126	0,1
PCB 169	0,03
PCB 156	0,00003
PCB 157	0,00003
PCB 167	0,00003
PCB 189	0,00003“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1437 **2023/EES/83/35**

frá 4. maí 2023

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennslismæla við tiltekin skilyrði, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efnin sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um tilteknu undanþegnu notkunina sem um getur í IV. viðauka við þá tilskipun.

2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Kvikasilfur er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

4) Hinn 26. apríl 2021 barst framkvæmdastjórninni umsókn í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB um undanþágu, sem skal skrá í IV. viðauka við þá tilskipun, vegna notkunar kvikasilfurs í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennslismæla við hitastig yfir 300 °C og þrýsting yfir 1000 börum (hér á eftir nefnd undanþágan sem óskað er eftir).

5) Þrýstiskynjarinn sem er notaður og er í hárpípuvökvarennslismælum samanstendur af rafmagnsíhlutum og er raftæki til mælinga innan gildissviðs tilskipunar 2011/65/ESB. Hárpípuvökvarennslimælar sem lýst er í undanþágunni sem óskað er eftir falla undir 9. flokk, „vöktunar- og eftirlitstæki“, í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

6) Við mat á umsókninni um undanþágu, sem fól í sér tæknilega og vísindalega matsrannsókn ([2]), var komist að þeirri niðurstöðu að sem stendur er vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út kvikasilfri í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennslismæla við hitastig yfir 300 °C og þrýsting yfir 1000 börum. Matið fól í sér samráð við hagsmunaaðila eins og krafist er í 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

7) Eitt af viðkomandi skilyrðum sem tilgreind eru í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB er uppfyllt, þ.e. það er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að taka kvikasilfur út eða skipta því út.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) „Study to assess requests for two (-2-) exemptions, for mercury in pressure transducer and DEHP in a PVC base material“, í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB (pakki 25).

8) Því er viðeigandi að veita undanþáguna sem óskað er eftir með því að færa notkunina sem fellur undir hana á skrá í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB að því er varðar raf- og rafeindabúnað í 9. flokki.

9) Til að uppfylla tilkomandi takmarkanir á vörum með viðbættu kvikasilfri samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 ([3]) er nauðsynlegt að gildistími undanþágunnar takmarkist við 31. desember 2025. Tímabilið er fastsett í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 5 gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

10) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2024. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2024.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 (Stjtíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1).

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslu 49 er bætt við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„49	Kvikasilfur í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennslismæla við hitastig yfir 300 °C og þrýsting yfir 1000 börum	Gildir um 9. flokk og fellur úr gildi 31. desember 2025.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1434 **2023/EES/83/36**

frá 25. apríl 2023

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, að því er varðar að bæta athugasemdum við lið 1.1.3 í 1. hluta VI. viðauka, í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([1]), einkum 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í lið 1.1.3 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er skrá yfir athugasemdir sem hægt er að tengja við eina eða fleiri færslur um samræmda flokkun og merkingu og varða auðkenningu, flokkun og merkingu efna sem og flokkun og merkingu blandna.

2) Áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu mælti með því í áliti sínu frá 11. júní 2020 um 2-etýlhexansýru og sölt hennar ([2]) að bæta nýrri athugasemd við lið 1.1.3.1 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til að skýra nánar að flokkunin sem nær yfir flokk efna í sömu færslunni byggist einungis á hættulegum eiginleikum þess hluta efnisins sem er sameiginlegur hjá öllum efnunum í þeirri færslu. Samkvæmt áhættumatsnefndinni, að því er varðar þá hluta efnis sem eru ekki sameiginlegir, er nauðsynlegt að meta hvort hættulegir eiginleikar þeirra geti gefið tilefni til strangari flokkunar (hærri flokks) eða breiðari flokkunar (þ.m.t. viðbótaraðgreining, marklíffæri og/eða hættusetningar) fyrir sama hættuflokkinn. Því ætti að bæta við nýrri athugasemd X í lið 1.1.3.1 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) 1272/2008. Þar eð líklegt er að þessi athugasemd verði tengd við fleiri efni með sömu eiginleikana í framtíðinni ætti að orða hana á þann hátt að hún takmarkist ekki við þá tilteknu færslu.

3) Í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 20. september 2019 sem varðar bórsýru, díbórtríoxíð, tetrabórdínatríum-heptaoxíðhýdrat, dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, ortóbórsýru, natríumsalt, dínatríumtetrabóratdekahýdrat og dínatríum-tetrabóratpentahýdrat ([3]), sem og í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 11. júní 2020 sem varðar 2-etýlhexansýru og sölt hennar, er lýst vísindaþekkingu um að eiturhrif á æxlun af völdum hvers þessara efnaflokka stafi af sameindaeiningu sem er sameiginleg hjá öllum efnunum í viðkomandi flokki. Við að vega og meta tillögur að samræmdri flokkun tiltekinna bórefnasambanda og 2-etýlhexansýru og salta hennar fóru sérfræðingar aðildarríkjanna, sem haft var samráð við í CARACAL-sérfræðingahópnum (lögbær yfirvöld fyrir skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/documents/10162/8740de5b-368d-55a7-7955-094ef602d760

([3]) https://echa.europa.eu/documents/10162/584263da-199c-f86f-9b73-422a4f22f1c3

varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og flokkun, merkingu og pökkun (reglugerðin um flokkun, merkingu og pökkun), þess á leit að nýjum athugasemdum yrði bætt við í lið 1.1.3.2 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Samkvæmt umfjöllun í CARACAL-sérfræðingahópnum eru þessar athugasemdir nauðsynlegar til að gera það kleift að sanngreina á nákvæmari hátt hættu af blöndum sem innihalda nokkur efni sem tilheyra sömu færslunni fyrir efnaflokkinn. Meginreglan um samlegð ætti að gilda um efni þegar hættan af þeim stafar af tilvist eða myndun sameiginlegrar sameindaeiningar Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að taka til greina framlag þessara efna til hættulegra heildareiginleika blöndu í hlutfalli við styrk þeirra með því að bera saman gildandi almenn eða sértæk styrkleikamörk og summuna af styrk efnanna sem eru fyrir hendi. Þess vegna ætti að bæta við tveimur nýjum athugasemdum, 11. og 12. athugasemd, í lið 1.1.3.2 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) 1272/2008. Þar eð tengja ætti 11. athugasemd við bórsýru og sölt hennar og önnur efnasambönd bórs sem losa bórsýru/bórat ætti, í ljósi sérstakra eiginleika viðkomandi færslna, að orða hana á þann hátt að hún sé sértæk fyrir þessar færslur. Þar eð líklegt er að 12. athugasemd verði tengd við önnur efni en 2-etýlhexansýru og sölt hennar í framtíðinni ætti að orða hana á þann hátt að hún takmarkist ekki við þá tilteknu færslu.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi athugasemd X er bætt við í lið 1.1.3.1:

„Athugasemd X:

Flokkunin fyrir hættuflokkinn eða -flokkana í þessari færslu byggist einungis á hættulegum eiginleikum þess hluta efnisins sem er sameiginlegur hjá öllum efnunum í færslunni. Hættulegir eiginleikar hvers efnis í færslunni eru einnig háðir eiginleikum þess hluta efnisins sem er ekki sameiginlegur hjá öllum efnunum í flokknum. Framkvæma verður mat á því síðarnefnda til að meta hvort strangari flokkun (þ.e. hærri flokkur) eða breiðara gildissvið sömu flokkunar (viðbótaraðgreining, marklíffæri og/eða hættusetningar) gætu átt við fyrir hættuflokkinn eða -flokkana í færslunni.“

2) Eftirfarandi 11. og 12. athugasemd er bætt við í lið 1.1.3.2:

„11. athugasemd:

Flokkun blandna sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun er nauðsynleg ef summan af styrk einstakra bórefnasambanda, sem eru flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í blöndunni eins og hún er sett á markað, er $\geq$ 0,3%.

12. athugasemd:

Flokkun blandna sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun er nauðsynleg ef summan af styrk einstakra efna, sem falla undir þessa færslu, í blöndunni eins og hún er sett á markað er jafn mikil eða hærri en viðeigandi almenn styrkleikamörk fyrir úthlutaðan flokk eða sértæk styrkleikamörk sem eru tilgreind í þessari færslu.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1435 **2023/EES/83/37**

frá 2. maí 2023

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna að því er varðar að breyta færslum í 3. hluta VI. viðauka um 2-etýlhexansýru og sölt hennar, bórsýru, díbórtríoxíð, tetrabórdínatríumheptaoxíðhýdrat, dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, ortóbórsýru, natríumsalt, dínatríumtetrabóratdekahýdrat og dínatríumtetrabóratpentahýdrat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([1]), einkum 5. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er skrá yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2.–5. hluta I. viðauka við þá reglugerð.

2) Tillögur um að innleiða samræmda flokkun og merkingar á tilteknum efnum og að uppfæra eða fella brott samræmdar flokkanir og merkingar á tilteknum öðrum efnum hafa verið lagðar fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skv. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar samþykkti álit varðandi þessar tillögur eftir að hafa tekið til greina athugasemdir sem bárust frá hlutaðeigandi aðilum.

3) Í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 20. september 2019 sem varðar bórsýru, díbórtríoxíð, tetrabórdínatríumheptaoxíðhýdrat, dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, ortóbórsýru, natríumsalt, dínatríumtetrabóratdekahýdrat og dínatríumtetrabóratpentahýdrat ([2]), sem og í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 11. júní 2020 sem varðar 2-etýlhexansýru og sölt hennar ([3]), er lýst vísindaþekkingu sem bendir til að eiturhrif á æxlun af völdum hvers þessara efnaflokka stafi af sameindaeiningu sem er sameiginleg hjá öllum efnum í efnaflokki. Af þeim sökum fóru sérfræðingar aðildarríkjanna, sem haft var samráð við í CARACAL-sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar (lögbær yfirvöld fyrir skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og flokkun, merkingu og pökkun (reglugerðin um flokkun, merkingu og pökkun), þess á leit að athugasemdum við færslurnar sem tengjast efnaflokkunum sem um getur í þessum álitum áhættumatsnefndarinnar frá 2019 og 2020 yrði bætt við til að taka á aðstæðum þar sem nokkur efni sem tilheyra einum af þessum flokkum eru til staðar saman í blöndu og til að fastsetja að gildandi styrkleikamörk fyrir flokkun blöndunnar skuli borin saman við summuna af styrk þessara efna. Þessum athugasemdum var bætt við lið 1.1.3.2 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1434 frá 25. apríl 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, að því er varðar að bæta athugasemdum við lið 1.1.3 í 1. hluta VI. viðauka, í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum ([4]), sem 11. og 12. athugasemd. Því er viðeigandi að bæta tilvísun í 11. athugasemd við færslurnar um bórsýru, díbórtríoxíð, tetrabórdínatríumheptaoxíðhýdrat, dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, ortóbórsýru, natríumsalt, dínatríumtetrabóratdekahýdrat og dínatríumtetrabóratpentahýdrat og tilvísun í 12. athugasemd við færsluna um 2-etýlhexansýru og sölt hennar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/documents/10162/584263da-199c-f86f-9b73-422a4f22f1c3

([3]) https://echa.europa.eu/documents/10162/8740de5b-368d-55a7-7955-094ef602d760

([4]) Stjtíð. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 3.

4) Í áliti sínu frá 11. júní 2020 sem varðar 2-etýlhexansýru og sölt hennar mælti áhættumatsnefndin með því að bæta athugasemd við þessa færslu til að taka á þeim möguleika að þó að færslan fyrir þennan flokk efna byggist á eitureiginleikum sameiginlegs hluta af þessum efnum getur annar efnasértækur hluti efnanna gefið tilefni til flokkunar í hærri flokk eða flokkun með breiðara gildissviði, t.d. með viðbótaraðgreiningu, marklíffærum og/eða hættusetningum, fyrir tiltekin efni í færslunni. Slíkri athugasemd var bætt við sem athugasemd X í lið 1.1.3.1 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 með framseldri reglugerð (ESB) 2023/1434. Því er viðeigandi að bæta við tilvísun til athugasemdar X í færsluna sem varðar 2-etýlhexansýru og sölt hennar.

5) Sérfræðingar aðildarríkjanna, sem haft var samráð við í CARACAL-sérfræðingahópnum, lögðu til að núverandi athugasemd A ætti að gilda um 2-etýlhexansýru og sölt hennar. Í athugasemd A er mælt fyrir um að, að því er varðar efni sem falla undir færslu með almennri lýsingu, s.s. „... efnasambönd“ eða „... sölt“, verði birgirinn að tilgreina rétt heiti á merkimiðanum. Þar eð færslan fyrir 2-etýlhexansýru og sölt hennar er með slíka almenna lýsingu ætti að bæta við færsluna tilvísun í athugasemd A.

6) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2023/1434 var samþykkt 25. apríl 2023 var ekki unnt að setja athugasemdirnar í þeirri reglugerð inn í töflu 3 í VI. viðauka þegar framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/849 ([5]) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/692 ([6]) voru samþykktar en með þeim var viðkomandi færslum bætt við í töflu 3 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Því er nauðsynlegt að uppfæra færslurnar sem varða bórsýru, díbórtríoxíð, tetrabórdínatríumheptaoxíðhýdrat, dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, ortóbórsýru, natríumsalt, dínatríumtetrabóratdekahýdrat og dínatríumtetrabóratpentahýdrat með því að bæta tilvísun í 11. athugasemd við hverja þeirra. Einnig er nauðsynlegt að uppfæra færsluna sem varðar 2-etýlhexansýru og sölt hennar með því að bæta tilvísun í 12. athugasemd og athugasemd X við þá færslu.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.

8) Ekki ætti að gera þá kröfu að farið sé að endurskoðuðu samræmdu flokkuninni þegar í stað þar eð birgjar þurfa tíma til að laga merkingar og pökkun efna og blandna að endurskoðuðu flokkuninni og selja fyrirliggjandi birgðir af efnum og blöndum. Þessi frestur gerir birgjum einnig kleift að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja samræmi við aðrar kröfur sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð. Þó ætti að gefa birgjum kost á því að beita endurskoðaðri samræmdri flokkun og að aðlaga merkingar og pökkun til samræmis við það að eigin frumkvæði frá og með gildistöku þessarar reglugerðar til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið og til að veita birgjum nægan sveigjanleika.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2025.

([5]) Stjtíð. ESB L 188, 28.5.2021, bls. 27.
([6]) Stjtíð. ESB L 129, 3.5.2022, bls. 1.

Birgjum er heimilt að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, frá og með 31. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslnanna, í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka, sem svara til skrárnúmeranna 005-007-00-2, 005-008-00-8, 005-011-00-4 og 607-230-00-6 koma eftirfarandi færslur, eftir því sem við á:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetn-ingar		
„005-007-00-2	bórsýra, [1] bórsýra [2]	233-139-2 [1] 234-343-4 [2]	10043-35-3 [1] 11113-50-1 [2]	Eit. á æxl. 1B	H360FD	HSK08 Hætta	H360FD			11“
„005-008-00-8	díbórtríoxíð	215-125-8	1303-86-2	Eit. á æxl. 1B	H360FD	HSK08 Hætta	H360FD			11“
„005-011-00-4	tetrabórdínatríumheptaoxíð, hýdrat, [1] dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, [2] ortóbórsýra, natríumsalt, [3] dínatríumtetrabóratdekahýdrat, [4] dínatríumtetrabóratpentahýdrat [5]	235-541-3 [1] 215-540-4 [2] 237-560-2 [3] 215-540-4 [4] 215-540-4 [5]	12267-73-1 [1] 1330-43-4 [2] 13840-56-7 [3] 1303-96-4 [4] 12179-04-3 [5]	Eit. á æxl. 1B	H360FD	HSK08 Hætta	H360FD			11“
„607-230-00-6	2-etýlhexansýra og sölt hennar, þó ekki þau sem eru tilgreind annars staðar í þessum viðauka	-	-	Eit. á æxl. 1B	H360D	HSK08 Hætta	H360D			A, X, 12“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/114 **2023/EES/83/38**

frá 16. janúar 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekópróp-P, mepíkvat, metíram, metsúlfúrónmetýl, fosfan og pýraklóstróbín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 en í B-hluta viðaukans eru skráð virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og í E-hluta eru skráð virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 sem efni sem ráðgert er að skipta út.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 ([3]) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin mekópróp-P, metíram og pýraklóstróbín framlengt til 31. janúar 2023 og fyrir virku efnin flúasínam, flútólaníl og mepíkvat til 28. febrúar 2023. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/670 ([4]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið búprófesín framlengt til 31. janúar 2023. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 ([5]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið sýflúfenamíð framlengt til 31. mars 2023.

3) Samþykkið fyrir virka efninu bensóvindíflúpýri á að renna út 2. mars 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/177 ([6]).

4) Samþykkið fyrir virka efninu lambda-sýhalótríni á að renna út 31. mars 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/146 ([7]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 frá 25. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mekópróp-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín (Stjtíð ESB L 421, 26.11.2021, bls. 25).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/670 frá 30. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin brómúkónasól, búprófesín, haloxýfóp-P og naprópamíð (Stjtíð. ESB L 113, 3.5.2018, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 frá 6. september 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin sýflúfenamíð, flúópíkólíð, heptamaloxýlóglúkan og malaþíón (Stjtíð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 3).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/177 frá 10. febrúar 2016 um samþykki fyrir virka efninu bensóvindíflúpýri sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2016, bls. 1).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/146 frá 4. febrúar 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu lambda-sýhalótríni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 30, 5.2.2016, bls. 7).

5) Samþykkið fyrir virka efninu metsúlfúrónmetýli á að renna út 31. mars 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/139 ([8]).

6) Samþykkið fyrir virka efninu fosfani á að renna út 31. mars 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1043/2012 ([9]).

7) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([10]).

8) Líklegt er að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin þar eð tilhögun ákvarðanatöku að því er varðar endurnýjunina hefur tafist. Af þessum sökum og þar eð umsækjendurnir fá ekki ráðið við þessa töf er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabilin til að gera það kleift að ljúka við matið sem krafist er til að taka ákvörðun um umsóknir um endurnýjun á samþykki.

9) Einkum er gerð krafa um framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virku efnin flúasínam, flútólaníl, mekópróp-P, mepíkvat, metíram og pýraklóstróbín í því skyni að veita þann tíma sem er nauðsynlegur til að vinna mat í tengslum við innkirtlatruflandi eiginleika þessara virku efna í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

10) Ef framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir virku efni sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

11) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

12) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir búprófesíni, mekóprópi-P, metírami og pýraklóstróbíni rennur út 31. janúar 2023.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/139 frá 2. febrúar 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metsúlfúrónmetýli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 27, 3.2.2016, bls. 7).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1043/2012 frá 8. nóvember 2012 um samþykki fyrir virka efninu fosfani, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 24).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).
Þó að framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 hafi verið felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1740 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2010, bls. 20) gilda ákvæðin um endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, áfram í samræmi við 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 57, mekópróp-P, kemur „31. janúar 2024“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 81, pýraklóstróbín, kemur „31. janúar 2024“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 115, metíram, kemur „31. janúar 2024“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 187, flútólaníl, kemur „29. febrúar 2024“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 189, flúasínam, kemur „29. febrúar 2024“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 191, mepíkvat, kemur „29. febrúar 2024“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 296, sýflúfenamíð, kemur „31. mars 2024“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 320, búprófesín, kemur „31. janúar 2024“.

b) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir: Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 28, fosfan, kemur „31. mars 2024“.

c) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 3, metsúlfúrónmetýl, kemur „31. mars 2024“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 4, bensóvindíflúpýr, kemur „2. mars 2024“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 5, lambda-sýhalótrín, kemur „31. mars 2024“.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/115 **2023/EES/83/39**

frá 16. janúar 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið dímoxýstróbín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 ([3]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið dímoxýstróbín framlengt til 31. janúar 2023.

3) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu dímoxýstróbíni var lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([4]).

4) Þrátt fyrir að yfirlýsing frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu ([5]) um mat á virka efninu dímoxýstróbíni liggi fyrir og framkvæmdastjórnin hafi þegar komið á umræðum hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður virðist enn líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun. Af þessum sökum og þar eð umsækjandinn fær ekki ráðið við þessa töf er nauðsynlegt að framlengja samþykkið í takmarkaðan tíma til að gera það kleift að ljúka við matið sem krafist er til að taka ákvörðun um umsóknina um endurnýjun á samþykkinu.

5) Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir dímoxýstróbíni sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir dímoxýstróbíni mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 frá 25. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mekóprop-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín (Stjtíð ESB L 421, 26.11.2021, bls. 25).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).
Þó að framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 hafi verið felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2010, bls. 20) gilda ákvæðin um endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, áfram í samræmi við 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740.

([5]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Statement concerning the assessment of environmental fate and behaviour and ecotoxicology in the context of the pesticides peer review of the active substance dimoxystrobin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(11), 7634. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7634.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

7) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir dímoxýstróbíni rennur út 31. janúar 2023.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, „Samþykki rennur út“, í færslu 128, dímoxýstróbín, kemur „31. janúar 2024“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/116 **2023/EES/83/40**

frá 16. janúar 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið oxamýl (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 ([3]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið oxamýl framlengt til 31. janúar 2023.

3) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu oxamýli var lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([4]).

4) Þrátt fyrir að niðurstaða frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu ([5]) um mat á virka efninu oxamýli liggi fyrir og framkvæmdastjórnin hafi komið á umræðum hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður virðist enn líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun. Af þessum sökum og þar eð umsækjandinn fær ekki ráðið við þessa töf er nauðsynlegt að framlengja samþykkið í takmarkaðan tíma til að gera það kleift að ljúka við matið sem krafist er til að taka ákvörðun um umsóknina um endurnýjun á samþykkinu.

5) Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir oxamýli sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir oxamýli mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 frá 25. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mekóprópp-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín (Stjtíð ESB L 421, 26.11.2021, bls. 25).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).
Þó að framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 hafi verið felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1740 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2010, bls. 20) gilda ákvæðin um endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, áfram í samræmi við 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740.

([5]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance oxamyl.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(5), 7296. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7296.

7) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir oxamýli rennur út 31. janúar 2023.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, „Samþykki rennur út“, í færslu 116, oxamýl, kemur „31. október 2023“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/149 **2023/EES/83/41**

frá 20. janúar 2023

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu benflúralíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Benflúralíni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/108/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu benflúralíni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 28. febrúar 2023.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu benflúralíni var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Noreg og meðskýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 28. ágúst 2017. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti Noregur með því að endurnýja ekki samþykkið fyrir benflúralíni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 20, 23.1.2023, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/108/EB frá 26. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum flútólaníli, benflúralíni, flúasínami, fúberídasóli og mepíkvati (Stjtíð ESB L 317, 27.11.2008, bls. 6).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Reglugerð (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en hún gildir þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að benflúralín uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 27. september 2019.

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi nokkur áhyggjuefni í niðurstöðu sinni. Einkum tilgreindi hún langvarandi áhættu fyrir fugla og spendýr, þ.m.t. áhætta vegna fylgieitrunar hjá fuglum og spendýrum sem éta ánamaðka, sem verulegt áhyggjuefni. Enn fremur tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin langvarandi áhættu fyrir lagarlífverur vegna benflúralíns, þrátt fyrir beitingu mótvægisráðstafana, og langvarandi áhættu fyrir lagarlífverur af völdum umbrotsefna 371R og 372R sem verulegt áhyggjuefni. Loks tók hún fram að ekki sé unnt að útiloka hugsanleg erfðaeiturhrif óhreininda þar eð tækniforskrift, þ.m.t. gildi óhreinindanna, var ekki studd af eiturefnafræðilegu mati.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjendunum að leggja fram athugasemdir varðandi endurnýjunarskýrsluna. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem voru athugaðar vandlega.

11) Framkvæmdastjórnin veitti Matvælaöryggisstofnuninni umboð 16. júlí 2021 og óskaði eftir endurskoðun á váhrifa- og áhættumötum að því er varðar fugla, spendýr og lagarlífverur. Matvælaöryggisstofnunin sendi framkvæmdastjórninni uppfærðar niðurstöður 25. ágúst 2022 ([7]) sem staðfestu áhyggjuefnin sem greindust í fyrri niðurstöðum. Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir varðandi endurskoðuðu endurnýjunarskýrsluna. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

12) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjendurnir settu fram var ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið og eitt af umbrotsefnunum.

13) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykkið fyrir virka efninu benflúralíni.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda benflúralín.

16) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda benflúralín ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 12. maí 2024.

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir benflúralín framlengt til 28. febrúar 2023 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að taka gildi fyrir þá dagsetningu.

([6]) EFSA. 2019. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance benfluralin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019, 17(10), 5842. 34 bls. doi:10.2903/j.efsa.2019.5842.

([7]) EFSA. 2022. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance benfluralin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(9), 7556, 36 bls., doi:10.2903/j.efsa.2022.7556.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 frá 25. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mekóprópp-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín (Stjtíð ESB L 421, 26.11.2021, bls. 27).

18) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu annarrar umsóknar um samþykki fyrir benflúralíni skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu benflúralíni er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 188. lína, benflúralín, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda benflúralín sem virkt efni eigi síðar en 12. ágúst 2023.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 12. maí 2024.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/223 **2023/EES/83/42**

frá 27. janúar 2023

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. apríl 2023.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Holland (Niðurland) tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið Danmörku og lagði þau fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 11. janúar 2016. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun lagði Holland (Niðurland) til að endurnýja samþykki fyrir *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 32, 3.2.2023, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB frá 28. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta *Pseudomonas chlororaphis* við sem virku efni (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 104).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26). Reglugerð (ESB) 2020/1740 kom í stað þessarar reglugerðar en hún gildir þó áfram um málsmeðferð við endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum: 1) þar sem samþykkistímabilið rennur út fyrir 27. mars 2024, 2) þar sem reglugerð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 27. mars 2021 eða síðar, framlengir samþykkistímabilið til 27. mars 2024 eða lengur.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), sem benda til þess að búist megi við að *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 9. desember 2016.

9) Á grundvelli umræðna hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður óskaði framkvæmdastjórnin eftir því 3. febrúar 2020 að Matvælaöryggisstofnunin veitti vísindalega ráðgjöf um tilfærslugetu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 í plöntum eftir fræmeðhöndlun á korni og ertum og, ef við á, um endurskoðun á mati á áhættu fyrir menn vegna umbrotsefnisins 2,3-deepoxý-2,3-dídehýdró-rísoxíns (DDR). Til að bregðast við því birti Matvælaöryggisstofnunin 23. september 2020 yfirlýsingu um tilfærslugetu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 í plöntum eftir fræmeðhöndlun á korni og ertum og mat á áhættu fyrir menn ([7]).

10) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrsluna og drög að þessari reglugerð um *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 15. október 2022 og 8. desember 2022, eftir því sem við á.

11) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu og yfirlýsingu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra, eftir því sem við á.

12) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342. Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, með hliðsjón af 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar ([8]) og niðurstaðna úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði. Einkum er nauðsynlegt að viðhalda þeirri gildandi takmörkun að notkun *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 sé eingöngu sem sveppaeyðir við fræmeðhöndlun í lokuðum vélbúnaði til fræmeðhöndlunar og að fastsetja hámarksinnihald umbrotsefnisins DDR í plöntuverndarvörum sem innihalda *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342.

14) Til að auka traust á niðurstöðunum um að áhætta fyrir menn og umhverfi í kjölfar váhrifa af völdum *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 sé óveruleg eða mjög lítil ætti umsækjandinn auk þess að leggja fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar sanngreiningu og lýsingu á eiginleikum *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, umbrotsefnisins DDR ásamt hugsanlegri getu til flutnings gena sem hafa þol gegn sýklalyfjum frá *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 í aðrar örverur.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017, 15(1), 4668. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu.

([7]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2020. „Statement on the translocation potential by *Pseudomonas chlororaphis* MA342 in plants after seed treatment of cereals and peas and assessment of the risk to humans.“ https://doi.org/10.2903/j.efsa.2020.6276.

([8]) „Guidance on the risk assessment of metabolites produced by microorganisms used as plant protection active substances (SANCO/2020/12258)“: https://food.ec.europa.eu/system/files/2020-11/pesticides_ppp_app-proc_guide_180653_microorganism-metabolites-concern_202011.pdf.
„Guidance on the approval and low-risk criteria linked to ‘antimicrobial resistance’ applicable to microorganisms used for plant protection (SANTE/2020/12260)“: https://food.ec.europa.eu/system/files/2020-11/pesticides_ppp_app-proc_guide_180652_microorganism-amr_202011.pdf.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 ([9]) var samþykkistímabilið fyrir *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 framlengt til 30. apríl 2023 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 frá 4. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 72, 7.3.2022, bls. 2).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pseudomonas chlororaphis af stofni MA 342 Stofnasafn: NCIMB, UK: NCIMB 40616	Á ekki við	Magn fylgiumbrotsefnisins 2,3-deepoxý-2,3-dídehýdró-rísoxíns (DDR) í örveru-fræðilegum orsakavaldi varna gegn skaðvöldum (MPCA) má ekki fara yfir magngreiningar-mörk (2,0 µg/ml).	1. mars 2023	28. febrúar 2038	Eingöngu er heimilt að leyfa notkun sem sveppaeyðir við fræmeðhöndlun í lokuðum vélbúnaði til fræmeðhöndlunar. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — magni fylgiumbrotsefnisins 2,3-deepoxý-2,3-dídehýdró-rísoxíns (DDR) í örveru-fræðilegum orsakavaldi varna gegn skaðvöldum (MPCA) sem má ekki fara yfir 2 µg/ml, — vernd notenda og starfsfólks, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi og gefa sérstakan gaum að váhrifum við innöndun. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. þróunarsögulega og flokkunarfræðilega auðkenningu örverunnar í samræmi við lið 1.3 (auðkenni, flokkunarfræði og þróunarferill) í B-hluta II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1439 ([2]), 2. fylgiumbrotsefnið DDR í samræmi við SANCO/2020/12258 ([3]), einkum um niðurbrotshraða þess, 3. getu til flutnings gena sem hafa þol gegn sýklalyfjum frá *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 í aðrar örverur í samræmi við SANTE/2020/12260 ([4]). Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem krafist er og um getur í 1., 2. og 3. lið eigi síðar en 23. febrúar 2025.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1439 frá 31. ágúst 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 283/2013 að því er varðar upplýsingar sem á að leggja fram varðandi virk efni og sértækar kröfur um gögn varðandi örverur (Stjtíð. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 8).

([3]) „Guidance on the risk assessment of metabolites produced by microorganisms used as plant protection active substances (SANCO/2020/12258)“: https://food.ec.europa.eu/system/files/2020-11/pesticides_ppp_app-proc_guide_180653_microorganism-metabolites-concern_202011.pdf.

([4]) „Guidance on the approval and low-risk criteria linked to ‘antimicrobial resistance’ applicable to microorganisms used for plant protection (SANTE/2020/12260)“: https://food.ec.europa.eu/system/files/2020-11/pesticides_ppp_app-proc_guide_180652_microorganism-amr_202011.pdf.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 89 um *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

„156	*Pseudomonas chlororaphis af stofni MA 342* Stofnasafn: NCIMB, UK: NCIMB 40616	Á ekki við	Magn fylgiumbrotsefnisins 2,3-deepoxý-2,3-dídehýdró-rísoxíns (DDR) í örverufræðilegum orsakavaldi varna gegn skaðvöldum (MPCA) má ekki fara yfir magngreiningarmörk (2,0 µg/ml).	1. mars 2023	28. febrúar 2038	Eingöngu er heimilt að leyfa notkun sem sveppaeyðir við fræmeðhöndlun í lokuðum vélbúnaði til fræmeðhöndlunar. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — magni fylgiumbrotsefnisins 2,3-deepoxý-2,3-dídehýdró-rísoxíns (DDR) í örverufræðilegum orsakavaldi varna gegn skaðvöldum (MPCA) sem má ekki fara yfir 2 µg/ml, — vernd notenda og starfsfólks, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi og gefa sérstakan gaum að váhrifum við innöndun. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. þróunarsögulega og flokkunarfræðilega auðkenningu örverunnar í samræmi við lið 1.3 (auðkenning, flokkunarfræði og þróunarferill) í B-hluta II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1439 (*), 2. fylgiumbrotsefnið DDR í samræmi við SANCO/2020/12258 (**), einkum um niðurbrotshraða þess,

						3. getu til flutnings gena sem hafa þol gegn sýklalyfjum frá *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342 í aðrar örverur í samræmi við SANTE/2020/12260 (***). Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem krafist er og um getur í 1., 2. og 3. lið eigi síðar en 23. febrúar 2025.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1439 frá 31. ágúst 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 283/2013 að því er varðar upplýsingar sem á að leggja fram varðandi virk efni og sértækar kröfur um gögn varðandi örverur (Stjtíð. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 8).

(**) „Guidance on the risk assessment of metabolites produced by microorganisms used as plant protection active substances (SANCO/2020/12258)“: https://food.ec.europa.eu/system/files/2020-11/pesticides_ppp_app-proc_guide_180653_microorganism-metabolites-concern_202011.pdf.

(***) „Guidance on the approval and low-risk criteria linked to ‘antimicrobial resistance’ applicable to microorganisms used for plant protection (SANTE/2020/12260)“: https://food.ec.europa.eu/system/files/2020-11/pesticides_ppp_app-proc_guide_180652_microorganism-amr_202011.pdf.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/199 **2023/EES/83/43**

frá 30. janúar 2023

um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AT10, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 30. október 2018 barst Frakklandi umsókn skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 frá Agrotecnologías Naturales S.L. um samþykki fyrir virka efninu *Trichoderma atroviride* AT10.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 tilkynnti Frakkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 15. febrúar 2019.

3) Eftir að hafa metið hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti til Matvælaöryggisstofnunarinnar 18. september 2020.

4) Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 dreifði Matvælaöryggisstofnunin drögum að matsskýrslunni til umsækjandans og annarra aðildarríkja.

5) Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótar-upplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar.

6) Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu.

7) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Trichoderma atroviride* AT10 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 20. janúar 2022. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

8) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu um *Trichoderma atroviride* AT10 og drögin að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 14. júlí 2022.

9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma atroviride* strain AT10.“ https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.2903/j.efsa.2022.7200. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 7200. DOI: 10.2903/j.efsa.2022.7200.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Trichoderma atroviride* AT10 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Trichoderma atroviride* AT10 er ekki örvera sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í lið 5.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

12) Því er rétt að samþykkja *Trichoderma atroviride* AT10 sem áhættulítið virkt efni.

13) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.

14) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 2. mgr. 22. gr. sömu reglugerðar, ætti því að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Trichoderma atroviride* AT10 er samþykkt að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Trichoderma atroviride AT10	á ekki við	Nafninnihald *Trichoderma atroviride* AT10 í tæknilegu vörunni ætti að vera Að lágmarki: 1 x 10^{11} CFU/kg Nafninnihald: 5 x 10^{11}CFU/kg Að hámarki: 1 x 10^{12} CFU/kg Engin óhreinindi sem skipta máli	20. febrúar 2023	20. febrúar 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Trichoderma atroviride* AT10, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem er framleitt sem verslunarvara í plöntuverndarvörur, þ.m.t. nákvæm lýsing á fylgiumbrotsefnum sem skipta máli, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi. Íhuga má notkun persónuhlífa/öndunarhlífa til að draga úr váhrifum gegnum húð og við innöndun.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„43	*Trichoderma atroviride* AT10	á ekki við	Nafninnihald *Trichoderma atroviride* AT10 í tæknilegu vörunni og samsetning er Að lágmarki: 1 x 10^{11} CFU/kg Nafninnihald: 5 x 10^{11}CFU/kg Að hámarki: 1 x 10^{12} CFU/kg Engin óhreinindi sem skipta máli	20. febrúar 2023	20. febrúar 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Trichoderma atroviride* AT10, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem er framleitt sem verslunarvara í plöntuverndarvörur, þ.m.t. nákvæm lýsing á fylgiumbrotsefnum sem skipta máli, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi. Íhuga má notkun persónuhlífa/öndunarhlífa til að draga úr váhrifum gegnum húð og við innöndun.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/200 **2023/EES/83/44**

frá 30. janúar 2023

um að samþykkja ekki sítrónuilmkjarnaolíu (ilmkjarnaolíu úr *Citrus limon*) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 5. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórninni barst umsókn 6. júní 2020 frá Cugargestion Management S.L. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) um samþykki fyrir sítrónuilmkjarnaolíu sem grunnefni til notkunar við plöntuvernd sem mítlaeyðir, skordýraeyðir og sveppaeyðir á sítrusávaxtatré. Framkvæmdastjórninni barst endurskoðuð umsókn í nóvember 2020 ásamt upplýsingunum sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2) Mötin sem skipta máli og fóru fram í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lágu fyrir. Að því er varðar sítrónuilmkjarnaolíu lá fyrir mat frá sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður ([2]). Að því er varðar helsta efnisþátt sítrónuilmkjarnaolíu, þ.e. d-límónen, innihéldu fyrirliggjandi möt sem skipta máli niðurstöður um ritrýni á áhættumati á varnarefni, sem Matvælaöryggisstofnunin gaf út ([3]), sem og álit frá áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu ([4]). Matvælaöryggisstofnunin sem og framkvæmdastjórnin hafa tekið tillit til niðurstöðu þessara mata.

3) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir vísindalegri aðstoð frá Matvælaöryggisstofnuninni. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu um sítrónuilmkjarnaolíu fyrir framkvæmdastjórnina 20. september 2021 ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA FEEDAP Panel (Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður), Bampidis V, Azimonti G, Bastos ML, Christensen H, Kouba M, Fašmon Durjava M, López-Alonso M, López Puente S, Marcon F, Mayo B, Pechová A, Petkova M, Ramos F, Sanz Y, Villa RE, Woutersen R, Brantom P, Chesson A, Westendorf J, Galobart J, Manini P, Pizzo F og Dusemund B, 2021. „Scientific Opinion on the safety and efficacy of feed additives consisting of expressed lemon oil and its fractions from *Citrus limon* (L.) Osbeck and of lime oil from *Citrus aurantiifolia* (Christm.) Swingle for use in all animal species (FEFANA asbl).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(4), 6548, 55 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6548.

([3]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2013. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance orange oil.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3090, 55 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2013.3090.

([4]) Álit áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu „Opinion proposing harmonised classification and labelling at EU level of (R)-p-mentha-1,8-diene; d-limonene.“ Samþykkt 15. mars 2019. Aðgengilegt á: https://echa.europa.eu/documents/10162/10c233b2-019e-4e59-e0c1-550133aed912.

([5]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2021. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for approval of lemon essential oil to be used in plant protection as an acaricide, insecticide and fungicide in fruit trees (citrus).“ EFSA supporting publication 2021: EN-6873. 147 bls. doi:10.2903/sp.efsa.2021.EN-6873.

4) Að því er varðar heilbrigði manna komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, þó svo að engin samræmd flokkun Sambandsins hafi verið fastsett fyrir sítrónuilmkjarnaolíu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([6]) um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, að helsta hættan í tengslum við sítrónuilmkjarnaolíu sé eiturhrif hennar við innöndun og húðnæmingareiginleikar. Helsti efnisþáttur sítrónuilmkjarnaolíu, d-límónen, er flokkaður ([7]) sem efni sem getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg (eit. v. ásvelg. 1), sem húðertingarefni (húðert. 2) og sem efni sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð (húðnæm. 1B). Vegna skorts á gögnum gat Matvælaöryggisstofnunin að auki ekki lokið mati sínu á áhættu, sem ekki er fæðutengd, fyrir notendur, starfsfólk, vegfarendur og íbúa.

5) Að því er varðar áhrif sítrónuilmkjarnaolíu á umhverfið tók Matvælaöryggisstofnunin fram að sítrónuilmkjarnaolía sé eitruð fyrir lagarlífverur. D-límónen er flokkað ([8]) sem mjög eitrað lífi í vatni (bráð eit. á vatn. 1) og sem mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif (langv. eit. á vatn. 3). Auk þess voru fyrirliggjandi gögn ekki fullnægjandi til að sýna fram á ásættanlega áhættu fyrir lífverur utan markhóps.

6) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að viðmiðanir fyrir samþykki fyrir grunnefnum séu ekki uppfylltar að því er varðar sítrónuilmkjarnaolíu og að því skuli ekki samþykkja hana sem grunnefni, sem og drög að þessari framkvæmdarreglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 12. apríl 2022 og 14. október 2022, eftir því sem við á.

7) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem voru athugaðar vandlega.

8) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnum í tengslum við öryggi við notkun efnisins að því er varðar heilsuvernd manna og umhverfisvernd.

9) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfyllt. Því er rétt að fastsetja að sítrónuilmkjarnaolía er ekki samþykkt sem grunnefni.

10) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir sítrónuilmkjarnaolíu sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið sítrónuilmkjarnaolía (ilmkjarnaolía úr *Citrus limon*) er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/849 frá 11. mars 2021 um breytingu á 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtíð. ESB L 188, 28.5.2021, bls. 27).

([8]) Framseld reglugerð (ESB) 2021/849.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/216 **2023/EES/83/45**

frá 1. febrúar 2023

um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AGR2, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 24. apríl 2018 barst Frakklandi umsókn skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 frá Agrolor um samþykki fyrir virka efninu *Trichoderma atroviride* AGR2.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Frakkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjendunum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 5. júní 2018.

3) Eftir að hafa metið hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti til Matvælaöryggisstofnunarinnar 23. júní 2020.

4) Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 dreifði Matvælaöryggisstofnunin drögum að matsskýrslunni til umsækjandans og annarra aðildarríkja.

5) Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar.

6) Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu.

7) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Trichoderma atroviride* AGR2 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 20. janúar 2022. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

8) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu um *Trichoderma atroviride* AGR2 og drögin að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 14. júlí 2022.

9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 30, 2.2.2023, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma atroviride* strain AGR2:“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(3), 7199. DOI: 10.2903/j.efsa.2022.7199. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Trichoderma atroviride* AGR2 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Trichoderma atroviride* AGR2 er ekki örvera sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í lið 5.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

12) Því er rétt að samþykkja *Trichoderma atroviride* AGR2 sem áhættulítið virkt efni.

13) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.

14) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 2. mgr. 22. gr. sömu reglugerðar, ætti því að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Trichoderma atroviride* AGR2, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Trichoderma atroviride AGR2	á ekki við	Nafninnihald *Trichoderma atroviride* AGR2 í tæknilegu vörunni og samsetning er Að lágmarki: 5 x 10^{11} CFU/kg Nafninnihald: 1 x 10^{12} CFU/kg Að hámarki: 1 x 10^{13} CFU/kg Engin óhreinindi sem skipta máli	22. febrúar 2023	21. febrúar 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Trichoderma atroviride* AGR2, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem er framleitt sem verslunarvara í plöntuverndarvörur, þ.m.t. nákvæm lýsing á fylgiumbrotsefnum sem skipta máli, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi. Mælt gæti verið með notkun persónuhlífa/öndunarhlífa til að draga úr váhrifum gegnum húð og við innöndun.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„42	*Trichoderma atroviride* AGR2	á ekki við	Nafninnihald *Trichoderma atroviride* AGR2 í tæknilegu vörunni og samsetning er Að lágmarki: 5×10^{11} CFU/kg Nafninnihald: 1×10^{12} CFU/kg Að hámarki: 1×10^{13} CFU/kg Engin óhreinindi sem skipta máli	22. febrúar 2023	21. febrúar 2038	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Trichoderma atroviride* AGR2, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem er framleitt sem verslunarvara í plöntuverndarvörur, þ.m.t. nákvæm lýsing á fylgiumbrotsefnum sem skipta máli, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur sem slíkar kunni að vera næmandi. Mælt gæti verið með notkun persónuhlífa/öndunarhlífa til að draga úr váhrifum gegnum húð og við innöndun.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1490 **2023/EES/83/46**

frá 19. júlí 2023

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á tilteknum efnum, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, í snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr. og fjórðu undirgrein 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) er kveðið á um samræmda flokkun efna sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni) á grundvelli vísindalegs mats áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu. Efnin eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B eða efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki með hliðsjón af umfangi vísbendinga um eiginleika þeirra sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-eiginleikar).

2) Í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er kveðið á um að bannað sé að nota í snyrtivörur efni sem hafa verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A, 1B eða 2. undirflokki skv. 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CMR-efni). Þó má nota efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturhrif á æxlun í snyrtivörur ef skilyrðin, sem mælt er fyrir í öðrum málslið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 eða í annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar, eru uppfyllt.

3) Til að koma í framkvæmd á samræmdan hátt á innri markaðnum banni við efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, til að tryggja réttarvissu, einkum fyrir rekstraraðila og lögbær landsyfirvöld og til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna ætti að færa öll efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun á skrána yfir bönnuð efni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og, þar sem við á, fella þau brott úr skránum yfir efni sem sæta takmörkunum eða yfir leyfð efni í III. til VI. viðauka við þá reglugerð. Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 eða annarri undirgrein 2. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar, eru uppfyllt ætti að breyta skránum yfir efni sem sæta takmörkunum eða leyfð efni í III. til VI. viðauka við þá reglugerð til samræmis við það.

4) Þessi reglugerð nær yfir efni sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/692 ([3]) (hér á eftir nefnd viðkomandi efni). Framseld reglugerð (ESB) 2022/692 kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2023.

5) Engin beiðni hefur verið lögð fram um undanþágu fyrir notkun viðkomandi efna í snyrtivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 20.7.2023, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/692 frá 16. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtíð. ESB L 129, 3.5.2022, bls. 1).

6) Viðkomandi efni sæta sem stendur hvorki takmörkunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 né eru þau leyfð í IV., V. eða VI. viðauka við þá reglugerð.

7) Efnið 2-etýlhexansýra (CAS-nr. 149-57-5) er sem stendur skráð í færslu 1024 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Þó eru sölt af þessu efni, sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun [í undirflokki 1B] í framseldri reglugerð (ESB) 2022/692, ekki tekin með í þá færslu. Engin af hinum viðkomandi efnunum eru sem stendur skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Þess vegna ætti að bæta þessum efnum á skrána yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og bæta ætti söltum af efninu 2-etýlhexansýru við í færslu 1024 í þeim viðauka.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

9) Breytingarnar á reglugerð (EB) nr. 1223/2009 byggjast á flokkun viðkomandi efna sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun og ættu því að koma til framkvæmda á sama degi og fyrrgreind flokkun.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 1024 kemur eftirfarandi:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
„1024	2-etýlhexansýra og sölt hennar, þó ekki þau sem eru tilgreind annars staðar í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008	149-57-5/-	205-743-6/-“

2) Eftirfarandi færslum er bætt við:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	b	c	d
„1695	Ammóníumbrómíð	12124-97-9	235-183-8
1696	Díbútýltinbis(2-etýlhexanóat)	2781-10-4	220-481-2
1697	Díbútýltindí(asetat)	1067-33-0	213-928-8
1698	Tellúrdíoxið	7446-07-3	231-193-1
1699	Baríumdíbórtetraoxíð	13701-59-2	237-222-4
1700	2,2-dímetýlprópan-1-ól,tríbrómóafleiða, 3-brómó-2,2-bis(brómómetýl)própan-1-ól	36483-57-5/1522-92-5	253-057-0/-
1701	2,4,6-trí-tert-bútýlfenól	732-26-3	211-989-5
1702	4,4‘-súlfónýldífenól, bisfenól S	80-09-1	201-250-5
1703	Bensófenón	119-61-9	204-337-6
1704	Kínóklamín (ISO), 2-amínó-3-klóró-1,4-naftókínón	2797-51-5	220-529-2
1705	Perflúóróheptansýra, trídekaflúóróheptansýra	375-85-9	206-798-9
1706	Metýl N-(ísóprópoxýkarbónýl)-L-valýl-3(3RS)-3-(4-klóró-fenýl)-β-alanínat, valífenalat	283159-90-0	608-192-3
1707	6-[C12-18-alkýl-(greinótt, ómettuð)-2,5-díoxópýrrólídín-1-ýl]hexansýru, natríum- og tris(2-hýdroxýetýl)ammóníumsölt	-	701-271-4
1708	6-[(C10-C13)-alkýl-(greinótt, ómettuð)-2,5-díoxópýrrólídín-1-ýl]hexansýra	2156592-54-8	701-118-1
1709	6-[C12-18-alkýl-(greinótt, ómettuð)-2,5-díoxópýrrólídín-1-ýl]hexansýra	-	701-162-1

a	b	c	d
1710	Þeofýllín, 1,3-dímetýl-3,7-díhýdró-1*H*-púrín-2,6-díón	58-55-9	200-385-7
1711	1,3,5-tríasín-2,4,6-tríamín, melamín	108-78-1	203-615-4
1712	Flúópíkólíð (ISO), 2,6-díklóró-N-[3-klóró-5-(tríflúórómetýl)-2-pýridýlmetýl]bensamíð	607-285-6	239110-15-7
1713	N-(2-nítrófenýl)fosfórtríamíð	874819-71-3	477-690-9
1714	*N*-(5-klóró-2-ísóprópýlbensýl)-*N*-sýklóprópýl-3-(díflúórómetýl)-5-flúoró-1-metýl-1*H*-pýrasól-4-karboxamíð, ísóflúsýpram	1255734-28-1	811-438-4
1715	Hvarfmassi 3-(díflúórómetýl)-1-metýl-N-[(1*RS*,4*SR*,9*RS*)-1,2,3,4-tetrahýdró-9-ísóprópýl-1,4-metanónaftalen-5-ýl]pýrasól-4-karboxamíðs og 3-(díflúórómetýl)-1-metýl-N-[(1*RS*,4*SR*,9*SR*)-1,2,3,4-tetrahýdró-9-ísóprópýl-1,4-metanónaftalen-5-ýl]pýrasól-4-karboxamíðs [meðhverfur ≥ 78%, gagnhverfur ≤ 15% hlutfallslegt innihald], ísópýrasam	881685-58-1	632-619-2
1716	Dísartréskjarni [úr kjörnum *Azadirachta indica* sem dregnir eru út með vatni og unnir frekar með lífrænum leysum]	84696-25-3	283-644-7
1717	Kúmól	98-82-8	202-704-5
1718	2-etýl-2-[[(1-oxóallýl)oxý]metýl]-1,3-própandíýldíakrýlat, 2,2-bis(akrýlóýloxýmetýl)bútýlakrýlat, trímetýlólprópantríakrýlat	15625-89-5	239-701-3
1719	Pentakalíum-2,2',2'',2''',2''''-(etan-1,2-díýlnítríl)pentaasetat	7216-95-7	404-290-3
1720	N-karboxýmetýlimínóbis(etýlennítríl)tetra(ediksýra), pentiksýra (Alþjóðlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara)	67-43-6	200-652-8
1721	Pentanatríum(karboxýlatmetýl)imínóbis(etýlennítríl)tetraasetat, pentanatríumpentetat (Alþjóðlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara)	140-01-2	205-391-3
1722	Asetamípríð (ISO), (1*E*)-*N*-[(6-klórópýridín-3-ýl)metýl]-N'-sýanó-N-metýletanimídamíð, (E)-*N*1-[6-klóró-3-pýridýl)metýl]-*N*2-sýanó-*N*1-metýlasetamídín	135410-20-7/ 160430-64-8	603-921-1/ 682-791-8
1723	Pendímetalín (ISO), N-(1-etýlprópýl)-2,6-dínítró-3,4-xýliden	40487-42-1	254-938-2
1724	Bentasón (ISO), 3-ísóprópýl-2,1,3-bensóþíadíasín-4-ón-2,2-díoxíð	25057-89-0	246-585-8“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/452 **2023/EES/83/47**

frá 24. febrúar 2023

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Grappa della Valle d'Aosta/ Grappa de la Vallée d'Aoste“) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([2]) hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Ítalíu frá 30. ágúst 2018 um skráningu heitisins „Grappa della Valle d'Aosta/Grappa de la Vallée d'Aoste“ sem landfræðilegrar merkingar.

2) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, öðlaðist gildi 25. maí 2019. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019.

3) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([3]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

4) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

5) Því ætti að skrá heitið „Grappa della Valle d'Aosta/Grappa de la Vallée d'Aoste“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Grappa della Valle d'Aosta/Grappa de la Vallée d'Aoste“ er hér með færð inn í skrána. Reglugerð þessi veitir heitinu „Grappa della Valle d'Aosta/Grappa de la Vallée d'Aoste“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 3.3.2023, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([3]) Stjtíð. ESB C 429, 11.11.2022, bls. 29.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/607 **2023/EES/83/48**

frá 15. mars 2023

um breytingu á reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 að því er varðar umbreytingarákvæði um tiltekin lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([3]) og (ESB) 2017/746 ([4]) er komið á nýjum regluramma til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins að því er varðar lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi þar sem tekið er mið af öflugri heilsuvernd sjúklinga og notenda. Um leið eru í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 settar fram strangar kröfur um gæði og öryggi lækningatækja og lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi til að takast á við sameiginleg viðfangsefni á sviði öryggismála að því er varðar slík tæki. Enn fremur eru mikilvægir lykilþættir fyrri reglurammans sem settur er fram í tilskipunum ráðsins 90/385/EBE ([5]) og 93/42/EBE ([6]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([7]), s.s. eftirlit með tilkynntum aðilum, áhættuflokkun, samræmismatsferli, kröfur varðandi klíníska vísbendingar, gát og markaðseftirlit, styrktir umtalsvert með báðum reglugerðunum og innleidd ákvæði sem tryggja gagnsæi og rekjanleika að því er varðar lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

2) Vegna áhrifanna af COVID-19-heimsfaraldrinum var deginum þegar reglugerð (ESB) 2017/745 átti að koma til framkvæmda frestað um eitt ár, til 26. maí 2021, með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/561 ([8]) en 26. maí 2024 var viðhaldið sem lokadagsetningu umbreytingartímabilsins þar sem hægt er að setja á markað á lögmætan hátt eða taka í notkun tiltekin tæki sem halda áfram að vera í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. Viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Álit frá 24. janúar 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. febrúar 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 7. mars 2023.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

([5]) Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([6]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/561 frá 23. apríl 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/745 um lækningatæki að því er varðar dagsetningar þegar tiltekin ákvæði hennar koma til framkvæmda (Stjtíð. ESB L 130, 24.4.2020, bls. 18).

3) Vegna áhrifanna af COVID-19-heimsfaraldrinum hafði umbreytingartímabilið, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/746, þegar verið framlengt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/112 ([9]).

4) Þrátt fyrir stöðuga aukningu á fjölda tilkynntra aðila sem eru tilnefndir í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/745 er heildargeta tilkynntra aðila enn ekki nægileg til að tryggja samræmismat á þeim mikla fjölda tækja sem falla undir vottorð sem eru gefin út í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE fyrir 26. maí 2024. Svo virðist sem mikill fjöldi framleiðenda, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, sé ekki nægilega undir það búinn að sýna fram á að farið sé að kröfunum í reglugerð (ESB) 2017/745, einkum þegar tekið er tillit til þess hversu flóknar þessar nýju kröfur eru. Því er afar líklegt að mörg tæki, sem hægt er að setja á markað á lögmætan hátt í samræmi við umbreytingar-ákvæðin sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/745, verði ekki vottuð í samræmi við þá reglugerð fyrir lok umbreytingartímabilsins sem leiðir til áhættu á skorti á lækningatækjum í Sambandinu.

5) Í ljósi skýrslna frá faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum um yfirvofandi áhættu á skorti á tækjum er nauðsynlegt að framlengja sem fyrst gildistíma vottorða, sem gefin eru út í samræmi við tilskipanir 90/385/EBE og 93/42/EBE, og að framlengja umbreytingartímabilið þar sem hægt er að setja tæki sem eru í samræmi við þessar tilskipanir á markað á lögmætan hátt. Framlengingin ætti að vera nægilega löng til að veita tilkynntum aðilum þann tíma sem þeir þurfa til að inna af hendi samræmismöt sem krafist er af þeim. Með framlengingunni er miðað að því að tryggja öfluga lýðheilsuvernd, þ.m.t. öryggi sjúklinga, og koma í veg fyrir skort á lækningatækjum sem eru nauðsynleg fyrir snurðulausa starfsemi heilbrigðisþjónustu án þess að dregið sé úr núgildandi gæða- eða öryggiskröfum.

6) Framlengingin ætti að vera með fyrirvara um tiltekin skilyrði til að tryggja að einungis tæki sem eru örugg og þar sem framleiðendurnir hafa gert tilteknar ráðstafanir til umbreytingar yfir í fylgni við reglugerð (ESB) 2017/745 muni njóta góðs af viðbótartímanum.

7) Til að tryggja stigvaxandi umbreytingu yfir í reglugerð (ESB) 2017/745 ætti viðeigandi eftirlit, að því er varðar tæki sem njóta góðs af umbreytingartímabilinu, að lokum að færast frá tilkynnta aðilanum sem gaf út vottorðið í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE til tilkynnts aðila sem er tilnefndur samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/745. Með skírskotun til réttarvissu ætti tilkynnti aðilinn, sem er tilnefndur samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/745, ekki að bera ábyrgð á samræmismati og eftirliti sem tilkynnti aðilinn, sem gaf út vottorðið, innir af hendi.

8) Að því er varðar tímann sem þarf til að gera framleiðendum og tilkynntum aðilum kleift að inna af hendi samræmismat, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/745, á lækningatækjum sem falla undir vottorð eða samræmisyfirlýsingu sem var gefin út í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE ætti að skapa jafnvægi milli takmarkaðrar fyrirliggjandi getu tilkynntra aðila og þess að tryggja öfluga vernd fyrir öryggi sjúklinga og lýðheilsu. Lengd umbreytingartímabilsins ætti því að miðast við áhættuflokk hlutaðeigandi lækningatækis þannig að tímabilið sé styttra fyrir tæki sem tilheyra hærri áhættuflokki og lengra fyrir tæki sem tilheyra lægri áhættuflokki.

9) Andstætt við tilskipanir 90/385/EBE og 93/42/EBE er þess krafist í reglugerð (ESB) 2017/745 að tilkynntur aðili taki þátt í samræmismati á sérsmíðuðum, ígræðanlegum tækjum í III. flokki. Vegna ófullnægjandi getu tilkynntra aðila og þeirrar staðreyndar að framleiðendur sérsmíðaðra tækja eru oft lítil eða meðalstór fyrirtæki sem hafa ekki aðgang að tilkynntum aðila samkvæmt tilskipunum 90/385/EBE og 93/42/EBE ætti að kveða á um umbreytingartímabil þar sem hægt að setja sérsmíðuð ígræðanleg tæki í III. flokki á markað á lögmætan hátt eða taka þau í notkun án vottorðs sem tilkynntur aðili gefur út.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/112 frá 25. janúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/746 að því er varðar umbreytingarákvæði um tiltekin lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um að fresta beitingu skilyrða vegna tækja innanhúss (Stjtíð. ESB L 19, 28.1.2022, bls. 3).

10) Með 4. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 og 4. mgr. 110. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746 er lagt bann við því að bjóða áfram fram á markaði eða taka í notkun tæki sem eru sett á markað fyrir lok viðkomandi umbreytingartímabils og sem eru enn í aðfangakeðjunni einu ári eftir að þessu umbreytingartímabili lýkur. Til að koma í veg fyrir óþarfa förgun á öruggum lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru enn í aðfangakeðjunni og auka þannig á yfirvofandi áhættu á skorti á slíkum tækjum ætti það ekki að vera háð tímatakmörkunum að bjóða slík tæki áfram fram á markaði eða taka þau í notkun.

11) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 til samræmis við það.

12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að takast á við áhættu á skorti á lækningatækjum og á lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

13) Þessi reglugerð er samþykkt með tilliti til sérstakra aðstæðna sem skapast af yfirvofandi áhættu á skorti á lækningatækjum og tengdri áhættu á hættuástandi á sviði lýðheilsu. Til að ná ætluðum áhrifum af því að breyta reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 og til að tryggja tiltækileika tækja með vottorð sem eru þegar fallin úr gildi eða eiga að falla úr gildi fyrir 26. maí 2024, til að skapa réttarvissu fyrir rekstraraðila og veitendur heilbrigðisþjónustu og í þágu samræmis að því er varðar breytingar á báðum reglugerðunum er áríðandi að þessi reglugerð öðlist gildi sama dag og hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Af sömu ástæðum er einnig talið viðeigandi að skírskota til undanþágunnar frá átta vikna frestinum sem kveðið er á um í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/745

Reglugerð (ESB) 2017/745 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 120. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Vottorð sem tilkynntir aðilar gefa út í samræmi við tilskipanir 90/385/EBE og 93/42/EBE eftir 25. maí 2017, sem voru enn í gildi 26. maí 2021 og hafa ekki verið dregin til baka eftir það, skulu gilda áfram eftir þann tíma sem er tilgreindur á vottorðinu fram að dagsetningunni sem er tilgreind í 3. mgr. a í þessari grein sem gildir um viðkomandi áhættuflokk tækjanna. Vottorð sem tilkynntir aðilar gefa út í samræmi við þessar tilskipanir eftir 25. maí 2017, sem voru enn í gildi 26. maí 2021 og sem féllu úr gildi fyrir 20. mars 2023, skulu því aðeins teljast gild fram að þeim dagsetningum sem eru tilgreindar í 3. mgr. a í þessari grein ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) fyrir síðasta gildisdag vottorðsins undirrituðu framleiðandinn og tilkynntur aðili skriflegan samning, í samræmi við annan undirlið í lið 4.3 í VII. viðauka við þessa reglugerð, um samræmismat að því er varðar tækið sem fellur undir útrunna vottorðið eða að því er varðar tæki sem ætlað er að koma í staðinn fyrir það tæki,

b) lögbært yfirvald aðildarríkis hefur veitt undanþágu frá gildandi samræmismatsferli í samræmi við 1. mgr. 59. gr. þessarar reglugerðar eða hefur krafist þess að framleiðandinn, í samræmi við 1. mgr. 97. gr. þessarar reglugerðar, inni af hendi viðeigandi samræmismatsferli.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 5. gr. og að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. c í þessari grein séu uppfyllt er heimilt að setja tækin, sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein, á markað eða taka þau í notkun fram að dagsetningunum sem eru tilgreindar í þessum málsgreinum.

3. mgr. a Einungis má setja tæki með vottorð, sem var gefið út í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE og sem er gilt skv. 2. mgr. þessarar greinar, á markað eða taka þau í notkun fram til:

a) 31. desember 2027, að því er varðar öll tæki í III. flokki og að því er varðar ígræðanleg tæki í flokki IIb fyrir utan seymi, hefti, tannfyllingar, tannspangir, tannkrónur, skrúfur, fleyga, plötur, víra, pinna, klemmur og tengi,

b) 31. desember 2028, að því er varðar tæki í flokki IIb önnur en þau sem falla undir a-lið þessarar málsgreinar, að því er varðar tæki í flokki IIa og að því er varðar tæki í I. flokki sem eru sett á markað í dauðhreinsuðu ástandi eða sem hafa mælihlutverk.

3. mgr. b Setja má tæki sem samræmismatsferli fyrir samkvæmt tilskipun 93/42/EBE útheimti ekki þátttöku tilkynnts aðila, sem samræmisyfirlýsing var útbúin fyrir fyrir 26. maí 2021, og sem samræmismatsferli fyrir samkvæmt þessari reglugerð útheimtir þátttöku tilkynnts aðila á markað eða taka þau í notkun fram til 31. desember 2028.

3. mgr. c Tæki sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein má því aðeins setja á markað eða taka í notkun fram að dagsetningunum sem um getur í þeim málsgreinum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þessi tæki halda áfram að vera í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE, eftir því sem við á,

b) engar verulegar breytingar hafa orðið á hönnun og ætluðum tilgangi,

c) tækin skapa ekki óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi sjúklinga, notenda eða annarra einstaklinga eða fyrir aðra þætti lýðheilsuverndar,

d) framleiðandinn hefur komið á, eigi síðar en 26. maí 2024, gæðastjórnunarkerfi í samræmi við 9. mgr. 10. gr.,

e) framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans hefur lagt fram, eigi síðar en 26. maí 2024, formlega umsókn hjá tilkynntum aðila, í samræmi við fyrsta undirlið í lið 4.3 í VII. viðauka, um samræmismat að því er varðar tæki sem um getur í 3. mgr. a eða 3. mgr. b í þessari grein eða tæki sem ætlað er að koma í staðinn fyrir það tæki og tilkynnti aðilinn og framleiðandinn hafa, eigi síðar en 26. september 2024, undirritað skriflegan samning í samræmi við annan undirlið í lið 4.3 í VII. viðauka.

3. mgr. d Þrátt fyrir 3. málsgrein þessarar greinar skulu kröfurnar í þessari reglugerð sem varða eftirlit eftir markaðssetningu, markaðseftirlit, gát, skráningu rekstraraðila og tækja gilda um tækin sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein í stað samsvarandi krafna í tilskipunum 90/385/EBE og 93/42/EBE.

3. mgr. e Með fyrirvara um IV. kafla og 1. mgr. þessarar greinar skal tilkynnti aðilinn, sem gaf út vottorðið sem um getur í 3. mgr. a í þessari grein, áfram bera ábyrgð á viðeigandi eftirliti að því er varðar gildandi kröfur varðandi tækin sem hann hefur vottað nema framleiðandinn hafi samið um það við tilkynntan aðila, sem er tilnefndur í samræmi við 42. gr., að sá síðarnefndi inni af hendi slíkt eftirlit.

Eigi síðar en 26. september 2024 skal tilkynnti aðilinn sem hefur undirritað skriflega samninginn sem um getur í e-lið 3. mgr. c í þessari grein bera ábyrgð á eftirliti að því er varðar tækin sem falla undir skriflega samninginn. Ef skriflegi samningurinn nær yfir tæki sem ætlað er að koma í staðinn fyrir tæki sem er með vottorð sem var gefið út í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE skal eftirlitið innt af hendi að því er varðar tækið sem skipt er út.

Fyrirkomulag við yfirfærslu eftirlits frá tilkynnta aðilanum sem gaf út vottorðið til tilkynnta aðilans sem er tilnefndur í samræmi við 42. gr. skal skilgreint með skýrum hætti í samningi milli framleiðandans og tilkynnta aðilans sem er tilnefndur í samræmi við 42. gr. og, þar sem því verður við komið, tilkynnta aðilans sem gaf út vottorðið. Tilkynnti aðilinn sem er tilnefndur í samræmi við 42. gr. skal ekki bera ábyrgð á starfsemi á sviði samræmismats sem tilkynnti aðilinn, sem gaf vottorðið út, innir af hendi.

3f. Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að setja sérsmíðuð ígræðanleg tæki í III. flokki á markað eða taka þau í notkun til 26. maí 2026 án vottorðs sem tilkynntur aðili gefur út í samræmi við samræmismatsferlið sem um getur í annarri undirgrein 8. mgr. 52. gr. að því tilskildu að framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans hafi, eigi síðar en 26. september 2024, lagt fram formlega umsókn um samræmismat hjá tilkynntum aðila í samræmi við fyrstu undirgrein í lið 4.3 í VII. viðauka og að tilkynnti aðilinn og framleiðandinn hafi, eigi síðar en 26. september 2024, undirritað skriflegan samning í samræmi við aðra undirgrein í lið 4.3 í VII. viðauka.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Heimilt er að halda áfram að bjóða tæki, sem hafa verið sett á markað á lögmætan hátt samkvæmt tilskipunum 90/385/EBE og 93/42/EBE fyrir 26. maí 2021 og tæki sem eru sett á markað á lögmætan hátt frá og með 26. maí 2021 skv. 3. mgr., 3. mgr. a, 3. mgr. b og 3. mgr. f í þessari grein, fram á markaði eða taka þau í notkun.“

2) Ákvæðum 122. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í fyrstu málsgrein kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 3. mgr. til 3. mgr. e og 4. mgr. 120. gr. þessarar reglugerðar og með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna og framleiðenda að því er varðar gát og skyldur framleiðanda að því er varðar að gera gögn aðgengileg samkvæmt tilskipunum 90/385/EBE og 93/42/EBE falla þessar tilskipanir úr gildi frá og með 26. maí 2021, að undanskildum:“

b) Í stað annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar tækin sem um getur í 3. mgr. til 3. mgr. e og 4. mgr. 120. gr. þessarar reglugerðar skulu tilskipanirnar, sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar, gilda áfram að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessara málsgreina.“

3) Í stað 24. undirliðar d-liðar 3. mgr. 123. gr. kemur eftirfarandi:

„— 3. mgr. d í 120. gr.“

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/746

Reglugerð (ESB) 2017/746 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. mgr. 110. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Heimilt er að halda áfram að bjóða tæki, sem hafa verið sett á markað á lögmætan hátt samkvæmt tilskipun 98/79/EB fyrir 26. maí 2022 og tæki sem eru sett á markað á lögmætan hátt frá og með 26. maí 2022 skv. 3. mgr. þessarar greinar, fram á markaði eða taka þau í notkun.“

2) Í stað annarrar málsgreinar 112. gr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar tækin sem um getur í 3. og 4. mgr. 110. gr. þessarar reglugerðar skal tilskipun 98/79/EB gilda áfram að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessara málsgreina.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. mars 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	J. ROSWALL
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/3 **2023/EES/83/49**

frá 3. janúar 2023

um leiðréttingu á þýsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) 2019/1781 um kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum og snúningshraðastýringum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án ásþéttis og hringrásardælum án ásþéttis sem eru felldar inn í vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þýsku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781 ([2]) eru villur í öðrum málslið 7. forsendu og í 7. lið 3. gr., þegar vísað er til dreifikerfisins, og í v. lið a-liðar 1. mgr. 2. gr. að því er varðar beina tengingu við veitukerfi tiltekinna vara.

2) Því ætti að leiðrétta þýsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) 2019/1781 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 4.1.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. Viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum og snúningshraðastýringum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án ásþéttis og hringrásardælum án ásþéttis sem eru felldar inn í vörur og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 (Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 74).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/865 **2023/EES/83/50**

frá 23. febrúar 2023

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 að því er varðar starfsréttindaskírteini og staðfestingar á faglegri menntun og hæfi í tilteknum aðildarríkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([1]), einkum 4. mgr. 49. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ([2]) sem rafrænu tóli sem framkvæmdastjórnin lætur í té til að auðvelda samvinnu á sviði stjórnsýslu milli aðila að IM-upplýsingakerfinu.

2) Á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi er þess krafist í 56. gr. tilskipunar 2005/36/EB að lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki og heimaaðildarríki noti IM-upplýsingakerfið að því er varðar samvinnu á sviði stjórnsýslu.

3) IM-upplýsingakerfið hefur verið þróað áfram til að gera landsbundnum yfirvöldum kleift að gefa út starfsréttindaskírteini fyrir skíðakennara sem voru innleidd með 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907 ([3]). Af þessum sökum er krafan í 3. mgr. 8. gr. framseldu reglugerðarinnar um að starfsréttindaskírteini fylgi sjálflímandi miði sem festur er á landsskírteini skíðakennara orðin úrelt. Því ætti að breyta 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/907 þannig að krafist sé notkunar IM-upplýsingakerfisins við útgáfu starfsréttindaskírteina fyrir skíðakennara og fella brott tilvísunina í sjálflímandi miða.

4) Vegna útgöngu Bretlands úr Sambandinu og loka umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu ([4]) er ekki hægt að gefa út neina vitnisburði um formlega menntun og hæfi, eins og þeir eru skilgreindir í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/ESB í Bretlandi. Hins vegar eru vitnisburðir um formlega menntun og hæfi sem gefnir voru út fyrir 1. janúar 2021 enn í gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 28.4.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 278/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (reglugerðin um „IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907 frá 14. mars 2019 um að koma á fót sameiginlegu námsprófi fyrir skíðakennara skv. 49. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2019, bls. 7).

([4]) Stjtíð. ESB C 384 I, 12.11.2019, bls. 1.

5) Borgarar Evrópusambandsins sem hafa staðfestingu á menntun og hæfi sem gefin var út fyrir 1. janúar 2021 í Bretlandi eiga þess kost að taka sameiginlega námsprófið (e. CTT).

6) Í þágu aukins sveigjanleika ætti lögbærri stofnun í aðildarríki, sem er á skrá í I. viðauka, að vera unnt að skrá upplýsingar í IM-upplýsingakerfið. Almennt ætti þetta að vera sú lögbæra stofnun sem ber ábyrgð á sameiginlega námsprófinu, þ.m.t. samkvæmt beiðni frá borgara Sambandsins sem hefur staðfestingu á menntun og hæfi sem gefin var út í Bretlandi fyrir 1. janúar 2021, en getur verið önnur lögbær stofnun, t.d. ef um er að ræða áunnin réttindi, þ.m.t. samkvæmt beiðni frá borgara Sambandsins sem hefur staðfestingu á menntun og hæfi sem gefin var út í Bretlandi fyrir 1. janúar 2021.

7) Finnland hefur farið fram á að fjarlægja „Vuokatti Sports Institute“ úr I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907, þar sem sú stofnun veitir ekki þá staðfestingu á menntun og hæfi fyrir Finnland sem skráð er í þeim viðauka.

8) Svæðin og sjálfstjórnarsýslurnar Trento og Bolzano hafa einkavaldheimildir til að veita staðfestinguna „Maestro di Sci“ á menntun og hæfi og mega framselja hana til annarra ítalskra stofnana sem skráðar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907.

9) Litáísk samtök vetraríþróttakennara voru stofnuð árið 2018. Þau veita staðfestinguna „4. stigs skíðakennari“ á menntun og hæfi. Breyta ætti I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907 til að endurspegla þessa staðfestingu á menntun og hæfi og tryggja þannig að skíðakennarar sem hafa lokið samsvarandi þjálfun geti notið góðs af sameiginlega námsprófinu. Hins vegar hefur Litáen farið fram á að National Russian League of Instructors (NRLI) verði fjarlægt úr viðaukanum.

10) Það að BASI – British Association of Snowsport Instructors (samtök breskra vetraríþróttakennara), sem skráð er sem lögbær stofnun fyrir Bretland, eru ekki lengur lögbær til að skipuleggja sameiginlega námsprófið ætti að koma fram í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907.

11) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Skíðakennarar, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og hafa annaðhvort staðist sameiginlega námsprófið með fullnægjandi árangri eða njóta áunninna réttinda skv. 7. gr. þessarar reglugerðar, skulu fá útgefið starfsréttindaskírteini í gegnum IM-upplýsingakerfið sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012. Skírteinið skal vera sönnun á sameiginlega námsprófinu og gefið út af lögbærri stofnun í aðildarríki.“

b) Ákvæði 3. liðar falla brott.

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907 er töflunni breytt sem hér segir:

1) Í færslunni fyrir Finnland er annar undirliður í þriðja dálki felldur brott.

2) Í færslunni fyrir Ítalíu er eftirfarandi undirlið í þriðja dálki bætt við:

„— Regioni e le Province autonome di Trento e Bolzano“.

3) Í stað færslunnar fyrir Litáen (Lietuva) kemur eftirfarandi:

„Litáen (Lietuva)	Ski instructor Level 4 (4. stigs skíða-kennari)	Lithuanian Snowsports Instructors Association (LSIA)“.

4) Í stað færslunnar fyrir Bretland kemur eftirfarandi:

„Bretland	Alpine level 4 – International Ski Teacher Diploma * (alþjóðlegt skíða-kennaraskírteini)	BASI – British Association of Snowsport Instructors ** (samtök breskra vetraríþróttakennara)“.

5) Eftirfarandi athugasemdum er bætt við:

„Athugasemdir:

* Gefið út fyrir 1. janúar 2021.

** Frá og með 1. janúar 2021 er BASI ekki lengur til þess bært að skipuleggja sameiginlega námsprófið.“

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 569/2008 **2023/EES/83/51**

frá 12. júní 2008

um breytingu á reglugerð nr. 11 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og -skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

Í reglugerð nr. 11 er mælt fyrir um reglur Bandalagsins, sem krafist er að verði settar skv. 75. gr. sáttmálans, til að afnema tilteknar tegundir mismununar að því er varðar flutninga á landi og skipgengum vatnaleiðum innan Bandalagsins ([2]). Til að draga úr stjórnsýsluálagi á fyrirtæki ætti að einfalda þá reglugerð með því að fella brott úreltar og ónauðsynlegar kröfur, einkum kröfuna um að tilteknar upplýsingar verði varðveittar á pappír sem, sökum tækniframfara, eru núna aðgengilegar í bókhaldskerfum flutningsaðila.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð nr. 11 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 5. gr. falla brott.

2. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

   a) fimmti og sjötti undirliður 1. mgr. falla brott,

   b) þriðji málsliður 2. mgr. fellur brott,

   c) í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

   „3. Ef fyrirliggjandi skjöl, s.s. farmbréf eða önnur flutningsskjöl, veita allar upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 1. mgr., og gera mögulegt, í tengslum við skráningar- og bókhaldskerfi flutningsaðila, að hafa fullt eftirlit með flutningsgjöldum og -skilmálum þannig að afnema megi eða komast hjá þeim tegundum mismununar sem um getur í 1. mgr. 75. gr. sáttmálans, skal þess ekki krafist að flutningsaðilar leggi fram ný skjöl.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 12. júní 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

A. VIZJAK

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 161, 20.6.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 175, 27.7. 2007, bls. 37.

([2]) Stjtíð. EB 52, 16.8.1960, bls. 1121/60 (sérstök ensk útgáfa; ritröð I, kafli 1959–1962, bls. 60). Reglugerðin eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 3626/84 (Stjtíð. EB L 335, 22.12.1984, bls. 4).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/566 **2023/EES/83/52**

frá 10. mars 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reynslan af framkvæmd framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ([2]) hefur sýnt að gera þarf minni háttar breytingar á fyrirkomulagi á framkvæmd tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd.

2) Í því skyni að auka skýrleika laganna, staðla sameiginlega túlkun á viðeigandi ákvæðum og til að tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd ætti að útlista, samræma eða einfalda tilteknar ítarlegar flugverndarráðstafanir. Enn fremur reynist nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar í samræmi við þróun ógnana og áhættu, sem og vegna nýlegrar þróunar með tilliti til tækniþekkingar. Þær breytingar varða hugbúnað til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum (e. *automated prohibited items detection software* (APID)), greiningarkerfi fyrir sprengiefni (EDS) í handfarangri, snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD), líkamsskanna sem og greiningartæki fyrir sprengifimar gufur (EVD).

3) Reynslan af framkvæmd framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1998 hefur sýnt að gera þarf nokkrar breytingar á fyrirkomulagi á framkvæmd tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna að því er varðar vottun leiðbeinanda sem veita þjálfun, brottfall úreltra tilvísana í fylgiskjali 6-E og nánari útlistanir á tilteknum þáttum varðandi framkvæmd aðgerða í tengslum við fyrirframupplýsingar um farm sem eru veittar áður en hleðsla fer fram (PLACI) í viðaukanum við þá reglugerð. Í því skyni að auka skýrleika laganna, staðla sameiginlega túlkun á löggjöfinni og tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd er nauðsynlegt að breyta tengdum ákvæðum í viðaukanum.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 13.3.2023, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 289/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liða 1.3.1.4 og 1.3.1.5 kemur eftirfarandi:

„1.3.1.4. Skimun hluta, sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis, skal fara fram með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit (PHS),

b) röntgenbúnaði (XRY) ,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis (EDS),

d) hugbúnaði til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum (APID) ásamt aðferðinni í c-lið,

e) sprengjuleitarhundum,

f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD).

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort munir sem hafðir eru meðferðis innihaldi bannaða hluti eða ekki skal þeim ekki hleypt í gegn eða þeir endurskimaðir þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

1.3.1.5. Liðir 4.1.2.4–4.1.2.7 og 4.1.2.11–4.1.2.12 gilda um skimun hluta sem einstaklingar aðrir en farþegar hafa meðferðis.“

2) Í stað liðar 4.1.1.1 kemur eftirfarandi:

„4.1.1.1. Áður en skimun fer fram skal farið úr yfirhöfn og skal hún skimuð eins og handfarangur nema notkunarleiðbeiningar búnaðar heimili að farþegi sé íkæddur yfirhöfninni. Vopnaleitarmaður getur óskað eftir því að farþegi klæði sig úr fleiri flíkum, eins og við á.“

3) Í stað liðar 4.1.2.3 kemur eftirfarandi:

„4.1.2.3. Handfarangur skal skimaður með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) röntgenbúnaði,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis,

d) hugbúnaði til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum ásamt aðferðinni í c-lið,

e) sprengjuleitarhundum ásamt aðferðinni í a-lið,

f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort handfarangur innihaldi bannaða hluti eða ekki er handfarangri ekki hleypt í gegn eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.“

4) Í stað liða 4.1.2.5 og 4.1.2.6 kemur eftirfarandi:

„4.1.2.5. Þegar notaður er röntgenbúnaður skal vopnaleitarmaður skoða hverja mynd fyrir sig.

Þegar notaður er búnaður til greiningar sprengiefnis skal vopnaleitarmaður skoða hverja mynd eða greina hverja mynd með hugbúnaði til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum.

4.1.2.6. Þegar notaður er hugbúnaður til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum skal finna orsök allra viðvarananna, sem um getur í lið 12.13.1.1, þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar.

Þegar búnaður til greiningar sprengiefnis er notaður skal finna orsök allra viðvarananna, sem um getur í lið 12.4.1.3, með því að skima farangurinn aftur með annarri skimunaraðferð.

Þegar búnaður til greiningar sprengiefnis, sem settur er upp fyrir 1. júlí 2023, er notaður án hugbúnaðar til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum skal finna orsök allra viðvarananna, eins og um getur í lið 12.4.1.3, þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar. Ef óljós er um hvers konar hlut er að ræða skal finna orsök allra viðvarana með því að skima farangurinn aftur með annarri skimunaraðferð.“

5) Í stað liðar 4.1.2.12 kemur eftirfarandi:

„4.1.2.12. Þegar hugbúnaður til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlut er notaður ásamt búnaði til greiningar sprengiefnis, sem uppfyllir annaðhvort viðmiðanir C1, C1+, C2 eða viðmiðun C2+, skal flugrekandinn eða aðilinn, sem notar búnaðinn, tryggja að verklagsreglurnar séu í samræmi við rekstrarskilyrði þessara viðmiðana að því er varðar skimun stórra rafrænna hluta og skimun vökva, úðaefna og gels.“

6) Eftirfarandi lið 4.1.2.13 er bætt við:

„4.1.2.13. Skimun handfarangurs skal einnig falla undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.“

7) Lið 6.2.1.5 er breytt sem hér segir:

a) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) málmleitartæki (MDE),“.

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„h) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur (EVD).“

8) Í stað iv. liðar e-liðar í lið 6.3.2.6 kemur eftirfarandi:

„iv. gefið er upp hvaða úrræði eða aðferð er notuð við skimun, þ.e.:

— handleit,

— röntgenbúnaður,

— búnaður til greiningar sprengiefnis,

— sprengjuleitarhundar,

— snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni,

— sjónræn skoðun (VCK),

— málmleitartæki,

— greiningartæki fyrir sprengifimar gufur,

— einhver önnur aðferð (AOM) í samræmi við lið 6.2.1.6 þar sem tilgreina skal aðferðina sem er notuð eða“.

9) Eftirfarandi málslið er bætt við í lið 6.8.7.2:

„Flugrekandi skal ekki hlaða slíkri sendingu til flutnings inn í Sambandið nema gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir, eins og sett er fram í liðum 6.8.7.3 og 6.8.7.4, eftir því sem við á.“

10) Annarri málsgrein í fylgiskjali 6-E er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„staðfesti ég hér með að eftirfarandi verklagsreglum um flugvernd verði fylgt þegar flugfarmur eða -póstur, sem sætt hefur flugverndarráðstöfunum, er sóttur, fluttur, geymdur og afhentur [fyrir hönd *nafn viðurkennds umboðsaðila/ flugrekanda sem viðhefur flugverndarráðstafanir vegna farms eða pósts/þekkts sendanda]*:“.

b) Sjöunda undirlið er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) hafi flutningssamning við viðurkenndan umboðsaðila eða þekktan sendanda sem ber ábyrgð á flutningnum [sama nafn og hér að framan] eða“.

2) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) hafi flutningssamning við undirritað flutningafyrirtæki, sem krefst þess að þriðji aðilinn semji ekki við annan undirverktaka, og framkvæmi þær verklagsreglur um flugvernd sem settar eru fram í þessari yfirlýsingu. Undirritað flutningafyrirtæki ber fulla ábyrgð á öllum flutningum fyrir hönd viðurkennda umboðsaðilans eða þekkta sendandans og“.

11) Lið 8.1.2.3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) sprengjuleitarhundar ásamt aðferðinni í a-lið,“.

b) Eftirfarandi g-lið er bætt við:

„g) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur sem notað er í samræmi við viðeigandi ákvæði í fylgiskjali 6-J ásamt aðferðinni í a-lið.“

12) Lið 9.1.2.3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) sprengjuleitarhundar ásamt aðferðinni í a-lið,“.

b) Eftirfarandi g-lið er bætt við:

„g) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur sem notað er í samræmi við viðeigandi ákvæði í fylgiskjali 6-J ásamt aðferðinni í a-lið.“

13) Í stað annars málsliðar í lið 11.5.1 kemur:

„Vottun skal a.m.k. gilda um þá leiðbeinendur sem hafa heimild til að sjá um þjálfunina sem skilgreind er í liðum 11.2.3.1–11.2.3.5 og í liðum 11.2.4 (nema það varði þjálfun umsjónarmanna sem hafa eingöngu umsjón með einstaklingunum sem um getur í liðum 11.2.3.6–11.2.3.11) og 11.2.5.“

14) Í stað liðar 12.0.2.1 kemur eftirfarandi:

„12.0.2.1. Með fyrirvara um lið 12.0.5 er einungis heimilt að setja upp eftirfarandi verndarbúnað og hugbúnað eftir 1. október 2020 ef hann hefur fengið „ESB-stimpil“ eða „ESB-stimpil til bráðabirgða“, eins og um getur í lið 12.0.2.5:

a) málmleitarhlið (WTMD),

b) búnað til greiningar sprengiefnis,

c) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni,

d) búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi (LEDS),

e) málmleitartæki (MDE),

f) líkamsskanna,

g) búnað til skóskönnunar,

h) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur,

i) hugbúnað til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum.“

15) Í stað liðar 12.4.1.1 kemur eftirfarandi:

„12.4.1.1. Búnaður til greiningar sprengiefnis skal geta fundið tilgreint magn ásamt meira magni af sprengiefnum eða íðefnum í farangri eða öðrum sendingum og gefið það til kynna með viðvörun.“

16) Í stað liðar 12.4.1.2 kemur eftirfarandi:

„12.4.1.2. Greiningin skal vera óháð lögun sprengiefnisins eða íðefnisins, hvar það er staðsett í farangrinum eða hvernig það snýr.“

17) Í stað fyrsta og annars undirliðar í lið 12.4.1.3 kemur eftirfarandi:

„— þegar það finnur sprengiefni eða íðefni og

— þegar það finnur hlut sem kemur í veg fyrir að sprengiefni eða íðefni finnist og“.

18) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 12.6.1:

a) Í stað fyrsta málsliðar kemur eftirfarandi:

„Snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni skal geta safnað og greint snefilmagn af ögnum á menguðu yfirborði eða úr innihaldi farangurs eða sendinga og gefið tilvist sprengiefnis eða íðefnis til kynna með viðvörun.“

b) Í stað málsliðarins í kjölfar b-liðar kemur eftirfarandi:

„Viðmiðanir skulu gilda um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni að því er varðar töku agnasýna. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur fyrir þessar viðmiðanir.“

19) Í stað liðar 12.6.2 kemur eftirfarandi:

„12.6.2. Viðmiðun fyrir snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni, sem nota agnasýni til að greina sprengiefni, skal gilda um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem eru tekin í notkun frá og með 1. september 2014.

Viðmiðun fyrir snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni, sem nota agnasýni til að greina íðefni, skal gilda frá og með 1. júlí 2024 um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem eru tekin í notkun frá og með 1. september 2014.“

20) Í stað kafla 12.13. og 12.14. kemur eftirfarandi:

„12.13. HUGBÚNAÐUR TIL SJÁLFVIRKRAR GREININGAR Á BÖNNUÐUM HLUTUM (APID)

12.13.1. **Almennar meginreglur**

12.13.1.1. Hugbúnaður til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum skal geta fundið og gefið til kynna með viðvörun að bannaðir hlutir séu í farangri eða öðrum sendingum.

12.13.2. **Viðmiðanir fyrir hugbúnað til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum**

12.13.2.1. Þrjár viðmiðanir skulu gilda um hugbúnað til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur fyrir þessar viðmiðanir.

12.14. GREININGARTÆKI FYRIR SPRENGIFIMAR GUFUR (EVD)

12.14.1. **Almennar meginreglur**

12.14.1.1. Greiningartæki fyrir sprengifimar gufur skal geta safnað loftsýnum og greint viðkomandi sýni með tilliti til gufu, úða og/eða agna sem berast í lofti sem benda til þess að sprengiefni og skyld efni séu til staðar.

Ef snefilmagn af sprengiefnum eða skyldum efnum finnast í sýninu skal greiningartækið fyrir sprengifimar gufur gefa frá sér viðvörun.

12.14.1.2. Að því er varðar skimun með greiningartæki fyrir sprengifimar gufur skulu eftirfarandi kröfur gilda:

a) Greiningartæki fyrir sprengifimar gufur skal aðeins notað í því umhverfi og í þeim tilgangi sem það hefur verið samþykkt fyrir, þ.e. skimun:

— farþega og annarra einstaklinga en farþega (EVD-PX),

— handfarangurs (EVD-CB),

— lestarfarangurs (EVD-HB),

— flugfarms og -pósts, pósts flugrekanda og rekstrarvara flugrekanda, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða (EVD-CS).

b) Ekki skal nota rekstrarvörur lengur en framleiðandi rekstrarvörunnar mælir með eða ef virkni vörunnar virðist hafa rýrnað við notkun.

12.14.2. **VIÐMIÐANIR FYRIR GREININGARTÆKI FYRIR SPRENGIFIMAR GUFUR**

12.14.2.1. Öll greiningartæki fyrir sprengifimar gufur, sem notuð eru við skimun lestarfarangurs, flugfarms og -pósts, pósts flugrekanda og rekstrarvara flugrekanda sem hlaðið er í lest loftfars, birgða til notkunar um borð sem og flugvallarbirgða, skulu uppfylla að lágmarki viðmiðun 1.

12.14.2.2. Öll greiningartæki fyrir sprengifimar gufur, sem eru notuð við skimun farþega og annarra einstaklinga en farþega sem og handfarangurs, skulu a.m.k. uppfylla viðmiðun 3.

12.14.2.3. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur fyrir þessar viðmiðanir.“

21) Í stað fylgiskjals 12-M kemur eftirfarandi:

„FYLGISKJAL 12-M

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir hugbúnað til sjálfvirkrar greiningar á bönnuðum hlutum.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1111 **2023/EES/83/53**

frá 6. júní 2023

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu tiltekin aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) framkvæmdastjórninni upplýsingar sem skipta máli við uppfærslu þeirrar skrár. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir veittu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem veittar voru ætti að uppfæra þá skrá.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er að finna í skránni sem sett er fram í viðauka A eða B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér öll viðkomandi gögn, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 („flugöryggisnefnd ESB“).

5) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir flugöryggisnefnd ESB upplýsingar um yfirstandandi samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/660 ([3]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur í Armeníu, Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, Írak og í Kirgistan. Framkvæmdastjórnin upplýsti einnig flugöryggisnefnd ESB um stöðu flugöryggis í Argentínu, Kongó (Brazzaville), Egyptalandi, Kasakstan, Kenya, Madagaskar, Moldóvu, Nepal, Pakistan og Suður-Súdan.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 7.6.2023, bls. 142. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/660 frá 2. desember 2022 um nákvæmar reglur um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 473/2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2023, bls. 47).

6) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um tæknimat, sem var framkvæmt í tengslum við upphaflega matið, og sívöktun heimilda flugrekenda frá þriðja landi (TCO-heimildir) sem gefnar eru út samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 ([4]).

7) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB einnig um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]).

8) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB enn fremur um verkefni á sviði tækniaðstoðar í þriðju löndum sem verða fyrir áhrifum flugrekstrarbanns samkvæmt reglugerð (EB) nr. 474/2006. Þar að auki lagði Flugöryggisstofnunin fram upplýsingar um áætlanir og beiðnir um frekari tækniaðstoð og samstarf til að auka stjórnsýslulega og tæknilega getu flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs í þriðju löndum með það fyrir augum að aðstoða þau við að tryggja að farið sé að gildandi, alþjóðlegum öryggiskröfum um almenningsflug. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við slíkum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samráði við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnunina. Í þessu samhengi ítrekaði framkvæmdastjórnin nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan samstarfsúrræða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til aðstoðar við framkvæmd flugöryggismála, varðandi tækniaðstoð við þriðju lönd sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins og viðvörunarkerfis flugrekenda í þriðju löndum (TCO-viðvörunarkerfisins), þ.m.t. tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

Flugrekendur í Sambandinu

10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunarinnar á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu og úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunarinnar, sem og á upplýsingum úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa aðildarríki og Flugöryggisstofnunin, í hlutverki lögbærra yfirvalda, gert tilteknar ráðstafanir til úrbóta og til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um þær aðgerðir.

11) Aðildarríki og Flugöryggisstofnunin, í hlutverki lögbærra yfirvalda, ítrekuðu að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu sem hlýst af því að flugrekendur í Sambandinu fara ekki að viðeigandi öryggiskröfum.

Flugrekendur frá Armeníu

12) Í júní 2020 voru flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Armeníu, færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/736 ([6]).

13) Sem hluta af sívöktunarstarfsemi sinni tilgreindi framkvæmdastjórnin að nýi flugrekandinn *Armenian Airlines* hefði fengið vottun hjá Flugmálastjórn Armeníu (CAC) í desember 2022. Þar eð Flugmálastjórn Armeníu hefur ekki látið framkvæmdastjórninni í té gögn til að sýna fram á fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteinis fyrir þennan nýja flugrekanda ekki að farið sé að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/736 frá 2. júní 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 172, 3.6.2020, bls. 7).

14) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo, að því er varðar flugrekendur frá Armeníu, að breyta ætti skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að færa flugrekandann *Armenian Airlines* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

15) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Armeníu, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

16) Í mars 2006 voru flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, færðir í reglugerð (EB) nr. 474/2006.

17) Að beiðni Flugmálastjórnar Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó (AAC/RDC) var haldinn tæknifundur 19. apríl 2023. Á þeim tæknifundi fjallaði Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó ítarlega um skipulag sitt og starfsemi sem og ráðstafanirnar, sem gripið hefur verið til, í því skyni að bæta öryggiseftirlit í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó upplýsti einnig framkvæmdastjórnina um bráðabirgðaniðurstöður heimsóknar fulltrúa Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan ramma úttektaráætlunar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, sem fór fram í september 2022 og febrúar 2023.

18) Á fundinum kom fram að enn er þörf á því að Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó veiti framkvæmdastjórninni nánari útlistanir og gögn að því er varðar tilteknar aðgerðir og ráðstafanir sem gripið hefur verið til, einkum að því er varðar vottun flugrekenda sem annast flutningaflug og endurnýjun gildistíma flugrekandaskírteina.

19) Á þeim tæknifundi upplýsti Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó framkvæmdastjórnina um að flugrekendurnir *AB BUSINESS*, *AIR KASAI*, *GOMA EXPRESS* og *TRACEP CONGO AVIATION* hafi fengið vottun frá því að framkvæmdastjórnin fékk síðast sendar uppfærðar upplýsingar hinn 6. og 13. maí 2020.

20) Í rafrænni fréttatilkynningu sinni nr. 2023/18 frá 1. maí 2023 tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin samningsríkjum sínum um að í úttekt sinni í febrúar 2023 hafi hún greint tvö alvarleg öryggisvandamál á sviði flugleiðsöguþjónustu í tengslum við blindflugsverklag og fyrirflugsskoðanir á leiðsöguvirkjum.

21) Á grundvelli upplýsinganna, sem Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó veitti, og tilkynningar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um tvö alvarleg öryggisvandamál hefur framkvæmdastjórnin sett rökstuddan fyrirvara um getu Flugmálastjórnar Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó til að tryggja að rekstur flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fari fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur. Þar af leiðandi verða haldnir fleiri tæknifundir til að vakta árangur Flugmálastjórnar Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó til að tryggja að kerfi hennar um eftirlit með flugöryggi uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

22) Þar eð Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteinis fyrir flugrekendurna *AB BUSINESS*, *AIR KASAI*, *GOMA EXPRESS* og *TRACEP CONGO AVIATION* ekki að farið sé að slíkum kröfum og því ætti að bæta þessum flugrekendum í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

23) Hinn 8. maí 2023 lét Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó framkvæmdastjórninni í té gögn um að flugrekandinn *MWANT JET* hefði ekki lengur gilt flugrekandaskírteini undir höndum. Því ætti að fella þennan flugrekanda brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

24) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekandann *MWANT JET* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og bæta flugrekendunum *AB BUSINESS*, *AIR KASAI*, *GOMA EXPRESS* og *TRACEP CONGO AVIATION* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

25) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Írak

26) Í desember 2015 var flugrekandinn *Iraqi Airways* færður í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2322 ([7]).

27) Framkvæmdastjórnin hefur, í tengslum við yfirstandandi samráð um ESB-flugbannlista (e. *EU Air Safety List*) og í samstarfi við Flugöryggisstofnunina og aðildarríki, skipulagt marga tæknifundi með Flugmálastjórn Íraks (ICAA) og flugrekandanum *Iraqi Airways*. Í þeim viðræðum beindist athyglin að viðleitni Flugmálastjórnar Íraks til að bregðast við öryggisvandamálunum sem framkvæmdastjórnin og sérfræðingar Flugöryggisstofnunarinnar höfðu áður greint, sem og að eftirliti með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Írak.

28) Innan ramma sívöktunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar var hinn 20. apríl 2023 haldinn tæknifundur með þátttöku framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar, aðildarríkja og Flugmálastjórnar Íraks. Á þeim fundi lagði Flugmálastjórn Íraks fram upplýsingar um nokkra lykilþætti sem tengjast öryggiseftirliti þeirra með áherslu á ákvörðun írösku ríkisstjórnarinnar um að veita ýmis haldgóð úrræði til að styðja við viðleitni Flugmálastjórnar Íraks til að tryggja skilvirkt öryggiseftirlit í landinu, einkum að því er varðar þjálfun eftirlitsmanna, og viðeigandi aðstöðu.

29) Í tengslum við öryggiseftirlitið upplýsti Flugmálastjórn Íraks að hún bæri ábyrgð á sex aðilum sem eru handhafar flugrekandaskírteinis, fjórum samþykktum viðhaldsfyrirtækjum og einni flugumferðarstofnun sem eru staðsett í Írak.

30) Flugmálastjórn Íraks tilkynnti að ný lög um loftferðir hefðu verið samin sem væru í samráðsferli og að við samþykkt þeirra yrðu umtalsverðar breytingar á innri reglum og verklagi Flugmálastjórnar Íraks. Enn fremur vinnur Flugmálastjórn Íraks sem stendur við að uppfæra ramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á netinu (e. *ICAO On-Line Framework*) meðan beðið er endurskoðunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á áætluninni um aðgerðir til úrbóta sem Flugmálastjórn Íraks lagði til.

31) Á þeim tæknifundi upplýsti Flugmálastjórn Íraks framkvæmdastjórnina einnig um að stöður eftirlitsmanna með flugrekstri væru að hluta til mannaðar með því að tilnefna flugmenn flugrekenda í hlutastarf. Enn fremur kynnti hún áætlanir sínar um að ráða sérstaka eftirlitsmenn með flugrekstri í fullt starf. Samkvæmt nýlegri ákvörðun innan aðalskrifstofu ráðherraráðsins er Flugmálastjórn Íraks leyfilegt að semja við og ráða sérfræðinga á sviði starfrækslu loftfara, útgáfu skírteina, heilbrigðismats, lofthæfis, flugleiðsöguþjónustu og vottun flugvalla.

32) Á tæknifundinum föru þar að auki fram stutt skoðanaskipti um nýlega neikvæða ákvörðun sem tekin var, að því er varðar flugrekandann *Fly Baghdad* frá þriðja landi, af ástæðum er varða öryggi.

33) Framkvæmdastjórnin viðurkennir viðleitni Flugmálastjórnar Íraks og þá staðreynd að hún sé staðráðin í að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar í tengslum við flugöryggi. Þrátt fyrir þessa þróun er þörf á frekari sannprófunum, að því er varðar upplýsingarnar sem veittar hafa verið hingað til, sem fela í sér fleiri tæknifundi.

34) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að á þessum tímapunkti séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur sem hafa fengið vottun í Írak.

35) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Írak, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

36) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu, sem hlýst af því að ekki sé farið að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2322 frá 10. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 67).

Flugrekendur frá Kirgistan

37) Í október 2006 voru flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2006 ([8]).

38) Innan ramma sívöktunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar var hinn 12. maí 2023 haldinn tæknifundur með þátttöku framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúa Flugmálastjórnar Kirgistans sem heyrir undir ríkisstjórn Kirgistans (CAA KG).

39) Á þeim fundi var Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans staðráðin í að taka þátt í viðræðum við framkvæmdastjórnina um öryggismál í þeim tilgangi að landið yrði fyrr eða síðar fellt brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og lagði Flugmálastjórnin áherslu á vilja sinn til að halda fleiri fundi ef framkvæmdastjórnin teldi þörf á því. Enn fremur lofaði Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans að veita framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, sem hluta af opinberu samráði við eftirlitsyfirvöld sem bera ábyrgð á öryggiseftirliti með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Kirgistan, þ.m.t. niðurstöður heimsóknar innan ramma úttektaráætlunar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, sem er fyrirhuguð í september 2023.

40) Þar að auki lagði Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans fram ítarlegt yfirlit yfir stjórnskipulag sitt og lýsti í grófum dráttum áætlunum sínum um stofnun nýrrar einingar sem mun bera ábyrgð á öryggiseftirliti og heyra beint undir Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans.

41) Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans greindi frá stöðu innleiðingar flugöryggisáætlunar ríkisins og lagði áherslu á breytingarnar sem hafa verið gerðar á lögum Kirgistans um loftferðir. Enn fremur greindi Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans frá því að hún kappkostaði við að verða fjárhagslega sjálfstæð stofnun sem myndi gera henni kleift að fjölga eigin úrræðum og ráðstafa meira fjármagni til þjálfunar eftirlitsmanna sinna.

42) Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun eru sem stendur ekki nægilega rökstuddar sannanir fyrir því að Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans hafi í reynd ráðið bót á þeim öryggisvandamálum sem leiddu til ákvörðunar um að leggja bann við flugrekstri samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2006.

43) Hinn 16. maí 2023 upplýsti Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans framkvæmdastjórnina enn fremur um að flugrekandaskírteini flugrekendanna *Air Manas* og *Valor Air* hefðu verið afturkölluð. Því ætti að fella þessa flugrekendur brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

44) Jafnframt upplýsti Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans framkvæmdastjórnina um að nýju flugrekendurnir *Aero Nomad Airlines*, *CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES*, *Global 8 Airlines, Mac.KG Airlines*, *Aircompany Moalem Aviation*, *SAPSAN Airline*, *Sky Jet* og *TRANS CARAVAN KG* hefðu hlotið vottun. Þar eð Flugmálastjórn ríkisstjórnar Kirgistans hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteinis fyrir þessa nýju flugrekendur ekki að farið sé að slíkum kröfum og því ætti að bæta þessum flugrekendum í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

45) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo, að því er varðar flugrekendur frá Kirgistan, að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að færa flugrekendurna *Aero Nomad Airlines*, *CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES*, *Global 8 Airlines*, *Mac.KG Airlines*, *Aircompany Moalem Aviation*, *SAPSAN Airline*, *Sky Jet* og *TRANS CARAVAN KG* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og fella flugrekendurna *Air Manas* og *Valor Air* brott út þeim viðauka.

46) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

47) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2006 frá 12. október 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 910/2006 (Stjtíð. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 27).

48) Í 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 er viðurkennt að nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir með skjótum hætti og, eftir því sem við á, eins fljótt og unnt er, miðað við afleiðingarnar sem það getur haft fyrir öryggi. Því er nauðsynlegt, til að vernda viðkvæmar upplýsingar og farþega, að ákvarðanir, sem teknar eru í tengslum við uppfærslu á skránni yfir flugrekendur sem sæta flugrekstrarbanni eða takmörkunum á flugrekstri innan Sambandsins, séu birtar og að þær öðlist gildi um leið og þær hafa verið samþykktar.

49) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndar ESB sem komið var á fót skv. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Adina VĂLEAN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
AVIOR AIRLINES	ROI-RNR-011	ROI	Venesúela
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
IRAN ASEMAN AIRLINES	FS-102	IRC	Íran
IRAQI AIRWAYS	001	IAW	Írak
AIR ZIMBABWE (PVT)	177/04	AZW	Zimbabwe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekendunum *TAAG Angola Airlines* og *Heli Malongo*, þ.m.t.			**Angóla**
AEROJET	AO-008/11-07/17 TEJ	TEJ	Angóla
GUICANGO	AO-009/11-06/17 YYY	Óskráður	Angóla
AIR JET	AO-006/11-08/18 MBC	MBC	Angóla
BESTFLYA AIRCRAFT MANAGEMENT	AO-015/15-06/17YYY	Óskráður	Angóla
HELIANG	AO 007/11-08/18 YYY	Óskráður	Angóla
SJL	AO-014/13-08/18YYY	Óskráður	Angóla
SONAIR	AO-002/11-08/17 SOR	SOR	Angóla

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Armeníu, þ.m.t.			**Armenía**
AIRCOMPANY ARMENIA	AM AOC 065	NGT	Armenía
ARMENIAN AIRLINES	AM AOC 076	AAG	Armenía
ARMENIA AIRWAYS	AM AOC 063	AMW	Armenía
ARMENIAN HELICOPTERS	AM AOC 067	KAV	Armenía
FLY ARNA	AM AOC 075	ACY	Armenía
FLYONE ARMENIA	AM AOC 074	FIE	Armenía
NOVAIR	AM AOC 071	NAI	Armenía
SHIRAK AVIA	AM AOC 072	SHS	Armenía
SKYBALL	AM AOC 073	Á ekki við	Armenía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kongó (Brazzaville), þ.m.t.			**Kongó (Brazzaville)**
CANADIAN AIRWAYS CONGO	CG-CTA 006	TWC	Kongó (Brazzaville)
EQUAFLIGHT SERVICES	CG-CTA 002	EKA	Kongó (Brazzaville)
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Kongó (Brazzaville)
TRANS AIR CONGO	CG-CTA 001	TSG	Kongó (Brazzaville)
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	CG-CTA 004	Óskráður	Kongó (Brazzaville)
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AB BUSINESS	AAC/DG/OPS-09/14	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR FAST CONGO	AAC/DG/OPS-09/03	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	AAC/DG/OPS-09/11	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
AIR KATANGA	AAC/DG/OPS-09/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	AAC/DG/OPS-09/04	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	AAC/DG/OPS-09/02	DBP	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO AIRWAYS	AAC/DG/OPS-09/01	COG	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMA EXPRESS	AAC/DG/OPS-09/13	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	AAC/DG/OPS-09/10	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	AAC/DG/OPS-09/05	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVE AIR CARGO	AAC/DG/OPS-09/07	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	AAC/DG/OPS-09/06	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRACEP CONGO AVIATION	AAC/DG/OPS-09/15	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.			**Djibútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djibútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/ DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			**Eritrea**

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
ERITREAN AIRLINES	AOC No 004	ERT	Eritrea
NASAIR ERITREA	AOC No 005	NAS	Eritrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgistan, þ.m.t.			**Kirgistan**
AERO NOMAD AIRLINES	57	ANK	Kirgistan
AEROSTAN	08	BSC	Kirgistan
AIR COMPANY AIR KG	50	KGC	Kirgistan
AIRCOMPANY MOALEM AVIATION	56	Þróaða mæliaðferðin	Kirgistan
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgistan
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES	58	KAS	Kirgistan
FLYSKY AIRLINES	53	FSQ	Kirgistan
GLOBAL 8 AIRLINES	59	Óskráður	Kirgistan
HELI SKY	47	HAC	Kirgistan
KAP.KG AIRCOMPANY	52	KGS	Kirgistan
MAC.KG AIRLINES	61	MSK	Kirgistan
SAPSAN AIRLINE	54	KGB	Kirgistan
SKY JET	60	SJL	Kirgistan
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgistan
TRANS CARAVAN KG	55	TCK	Kirgistan
TEZ JET	46	TEZ	Kirgistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			**Líbía**
AFRIQIYAH AIRWAYS	007/01	AAW	Líbía
AIR LIBYA	004/01	TLR	Líbía
AL MAHA AVIATION	030/18	Óskráður	Líbía
BERNIQ AIRWAYS	032/21	BNL	Líbía
BURAQ AIR	002/01	BRQ	Líbía
GLOBAL AIR TRANSPORT	008/05	GAK	Líbía
HALA AIRLINES	033/21	HTP	Líbía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
LIBYAN AIRLINES	001/01	LAA	Líbía
LIBYAN WINGS AIRLINES	029/15	LWA	Líbía
PETRO AIR	025/08	PEO	Líbía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035/2001	Óskráður	Nepal
ALTITUDE AIR	085/2016	Óskráður	Nepal
BUDDHA AIR	014/1996	BHA	Nepal
FISHTAIL AIR	017/2001	Óskráður	Nepal
SUMMIT AIR	064/2010	Óskráður	Nepal
HELI EVEREST	086/2016	Óskráður	Nepal
HIMALAYA AIRLINES	084/2015	HIM	Nepal
KAILASH HELICOPTER SERVICES	087/2018	Óskráður	Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Nepal
MANANG AIR PVT	082/2014	Óskráður	Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Nepal
PRABHU HELICOPTERS	081/2013	Óskráður	Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Nepal
SAURYA AIRLINES	083/2014	Óskráður	Nepal
SHREE AIRLINES	030/2002	SHA	Nepal
SIMRIK AIR	034/2000	Óskráður	Nepal
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Nepal
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Nepal
YETI AIRLINES	037/2004	NYT	Nepal
Eftirfarandi flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Rússlandi			**Rússland**
AURORA AIRLINES	486	SHU	Rússland
AVIACOMPANY "AVIASTAR-TU" CO. LTD	458	TUP	Rússland
IZHAVIA	479	IZA	Rússland
JOINT STOCK COMPANY "AIR COMPANY "YAKUTIA"	464	SYL	Rússland

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
JOINT STOCK COMPANY "RUSJET"	498	RSJ	Rússland
JOINT STOCK COMPANY "UVT AERO"	567	UVT	Rússland
JOINT STOCK COMPANY SIBERIA AIRLINES	31	SBI	Rússland
JOINT STOCK COMPANY SMARTAVIA AIRLINES	466	AUL	Rússland
JOINT-STOCK COMPANY "IRAERO" AIRLINES	480	IAE	Rússland
JOINT-STOCK COMPANY "URAL AIRLINES"	18	SVR	Rússland
JOINT–STOCK COMPANY ALROSA AIR COMPANY	230	DRU	Rússland
JOINT-STOCK COMPANY NORDSTAR AIRLINES	452	TYA	Rússland
JS AVIATION COMPANY "RUSLINE"	225	RLU	Rússland
JSC YAMAL AIRLINES	142	LLM	Rússland
LLC "NORD WIND"	516	NWS	Rússland
LLC "AIRCOMPANY IKAR"	36	KAR	Rússland
LTD. I FLY	533	RSY	Rússland
POBEDA AIRLINES LIMITED LIABILITY COMPANY	562	PBD	Rússland
PUBLIC JOINT STOCK COMPANY "AEROFLOT - RUSSIAN AIRLINES"	1	AFL	Rússland
ROSSIYA AIRLINES, JOINT STOCK COMPANY	2	SDM	Rússland
SKOL AIRLINE LLC	228	CDV	Rússland
UTAIR AVIATION, JOINT-STOCK COMPANY	6	UTA	Rússland
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA'S CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne			**Síerra Leóne**

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Súdan**
ALFA AIRLINES SD	54	AAJ	Súdan
BADR AIRLINES	35	BDR	Súdan
BLUE BIRD AVIATION	11	BLB	Súdan
ELDINDER AVIATION	8	DND	Súdan
GREEN FLAG AVIATION	17	GNF	Súdan
HELEJETIC AIR	57	HJT	Súdan
KATA AIR TRANSPORT	9	KTV	Súdan
KUSH AVIATION CO.	60	KUH	Súdan
NOVA AIRWAYS	46	NOV	Súdan
SUDAN AIRWAYS CO.	1	SUD	Súdan
SUN AIR	51	SNR	Súdan
TARCO AIR	56	TRQ	Súdan“.

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS (1)

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningar-merki og, ef það er fyrir hendi, framleiðslurað-númer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningarríki
IRAN AIR	IR.AOC.100	IRA	Íran	Öll loftför af tegundinni Fokker F100 og af tegundinni Boeing B747.	Loftför af tegundinni Fokker F100, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteininu; loftför af tegundinni Boeing B747, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu.	Íran
AIR KORYO	GAC-AOC/KOR-01	KOR	Norður-Kórea	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni TU-204.	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633.	Norður-Kórea“.

(1) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/822 **2023/EES/83/54**

frá 17. apríl 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 461/2010 að því er varðar gildistíma hennar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ([1]), einkum 1. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fram til 31. maí 2023 veitir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2010 ([2]) flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja hópundanþágu frá banninu í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, með fyrirvara um tiltekin skilyrði.

2) Fylgst var með beitingu reglugerðar (ESB) nr. 461/2010 og hún metin skv. 7. gr. þeirrar reglugerðar. Það mat leiddi í ljós að beiting reglugerðar (ESB) nr. 461/2010 hefur í heildina verið talin jákvæð.

3) Ávinningur af hópundanþágunni, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) nr. 461/2010, takmarkast við lóðrétta samninga og samstilltar aðgerðir á sviði vélknúinna ökutækja sem gera má ráð fyrir með nægjanlegri vissu að séu í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Hvað það varðar hefur ekki orðið nein umtalsverð breyting á þeim markaðsaðstæðum sem liggja til grundvallar reglugerð (ESB) nr. 461/2010 og því er enn hægt að gera ráð fyrir því með nægjanlegri vissu að lóðréttir samningar og samstilltar aðgerðir á sviði vélknúinna ökutækja sem reglugerðin gildir um uppfylli áfram skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Því ætti að framlengja beitingu reglugerðar (ESB) nr. 461/2010.

4) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka tillit til hugsanlegra breytinga á markaðsaðstæðum ætti að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 461/2010 um fimm ár.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 461/2010 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102I, 17.4.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 292/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB 36, 6.3.1965, bls. 533/65.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2010 frá 27. maí 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja (Stjtíð. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 52).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 461/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með beitingu þessarar reglugerðar og framkvæma mat á henni fyrir 31. maí 2028.“

2) Í stað annarrar málsgreinar 8. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún fellur úr gildi 31. maí 2028.“

2. gr.

